

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 1308/2013

2016/EES/19/16

frá 17. desember 2013

um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 (*)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum fyrstu undirgrein 42. gr. og 2. mgr. 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum Endurskoðunarréttarins ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽³⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar sem ber titilinn „Sameiginlega landbúnaðarstefnan fram til 2020: Brugðist við áskorunum framtíðarinnar á sviði matvæla, náttúruauðlinda og yfirráðasvæða“ eru settar fram mögulegar áskoranir, markmið og stefnumið fyrir sameiginlegu landbúnaðarstefnunna eftir árið 2013. Í ljósi umræðunnar um orðsendinguna ætti að gera umbætur á sameiginlegu landbúnaðarstefnunni sem gilda frá og með 1. janúar 2014. Umbæturnar ættu að ná yfir alla helstu gerninga sameiginlegu landbúnaðarstefunnar, þ.m.t. reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 ⁽⁵⁾. Með tilliti til gildissviðs umbótanna þykir rétt að fella þá reglugerð úr gildi og í hennar stað komi ný reglugerð um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir. Umbæturnar ættu, eftir því sem kostur er, einnig að samræma, hagræða og einfalda ákvæðin, einkum þau sem taka til fleiri en

eins landbúnaðargeira, þ.m.t. með því að sjá til þess að framkvæmdastjórnin geti samþykkt, með framseldum gerðum, atriði sem ekki teljast grundvallaratriði í ráðstöfununum.

- 2) Þessi reglugerð ætti að innihalda alla grunnþætti sameiginlega markaðskerfisins fyrir landbúnaðarafurðir.
- 3) Þessi reglugerð ætti að gilda um allar landbúnaðarafurðir sem eru tilgreindar í I. viðauka við sáttmálann um Evrópusambandið og við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins („sáttmálarnir“) til að tryggja að til sé sameiginlegt markaðskerfi fyrir allar slíkar vörur eins og krafist er í 1. mgr. 40. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.
- 4) Koma ætti skýrt fram að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 ⁽⁶⁾ og ákvæðin sem eru samþykkt samkvæmt henni ættu að jafnaði að gilda um ráðstafanirnar sem eru settar fram í þessari reglugerð. Einkum er í reglugerð (ESB) nr. 1306/2013 mælt fyrir um ákvæði þar sem ábyrgst er að farið sé að skuldbindingum sem mælt er fyrir um í ákvæðum sem varða sameiginlegu landbúnaðarstefnuna, þ.m.t. eftirlit og beiting stjórnsýsluráðstafana og stjórnsýsluviðurlaga í tilvikum þar sem ekki er farið að ákvæðum, og reglur sem lúta að framlagningu og endurgreiðslu trygginga og endurheimt ótilhlýðilegra greiðslna.
- 5) Samkvæmt 3. mgr. 43. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal ráðið samþykkja ráðstafanir sem lúta að ákvörðun verðs, álagningar, styrkja og magn-takmarkana. Þegar ákvæði 3. mgr. 43. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gilda ætti til glöggvunar að koma ótvírætt fram í þessari reglugerð að ráðið mun samþykkja ráðstafanir á þeim lagagrundvelli.
- 6) Til að auka við eða breyta vissum atriðum sem ekki teljast grundvallaratriði í þessari reglugerð ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, biður birtingar.

⁽¹⁾ Álit frá 8. mars 2012 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 191, 29.6.2012, bls. 116 og Stjtið. ESB C 44, 15.2.2013, bls. 158.

⁽³⁾ Stjtið. ESB C 225, 27.7.2012, bls. 174.

⁽⁴⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 20. nóvember 2013 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

⁽⁵⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) (Stjtið. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1).

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 frá 17. desember 2013 um fjármögnun, stjórnun og eftirlit með sameiginlegu landbúnaðarstefnunni og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 352/78, (EB) nr. 165/94, (EB) nr. 2799/98, (EB) nr. 814/2000, (EB) nr. 1290/2005 og (EB) nr. 485/2008 (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 549).

- 7) Í þessari reglugerð ætti að setja fram tilteknar skilgreiningar varðandi tiltekna geira. Til að taka tillit til séreinkenna hrísgrjónageirans ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar breytingu á skilgreiningunum varðandi hrísgrjónageirann eftir því sem þurfa þykir til að uppfæra þær í ljósi markaðspróunar.
- 8) Í þessari reglugerð er vísað í lýsingar á afurðum og hún inniheldur tilvísanir í vöruliði eða undirliði sameinuðu nafnaskrárinnar. Breytingar á sameiginlegu tollnafnaskránni geta haft í för með sér nauðsynlega tæknilega aðlögun á þessari reglugerð. Til að taka tillit til slíkra breytinga ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar framkvæmd nauðsynlegrar tæknilegrar aðlögunar. Til glöggvunar og einföldunar ætti að fella úr gildi reglugerð ráðsins (EBE) nr. 234/79 ⁽⁷⁾, sem nú inniheldur ákvæði um slíkt vald, og fella valdið inn í þessa reglugerð.
- 9) Ákveða ætti markaðsár fyrir kornvörur, hrísgrjón, sykur, þurrkað fóður, fræ, vín, ólífufolíu og ólífur til átu, hör og hamp, aldin og grænmeti, unnin aldin og grænmeti, banana, mjólk og mjólkurvörur, og silkiorma, og aðlagða þau eftir því sem framast er unnt að líffræðilegu framleiðsluferli hvernar þessara afurða.
- 10) Til að koma á stöðugleika á mörkuðum og tryggja viðunandi lífskjör í landbúnaðarsamfélaginu hefur verið þróað sundurgreint markaðsstuðningskerfi fyrir mismunandi geira og innleidd hafa verið bein stuðningskerfi, að teknu tilliti til mismunandi þarfa í einstökum geirum annars vegar og vixiltengsla mismunandi geira hins vegar. Þessar ráðstafanir eru í formi opinberrar íhlutunar eða greiðslu aðstoðar vegna einkageymslu. Áframhaldandi þörf er á að viðhalda markaðsstuðningsráðstöfunum en jafnframt er þörf á hagræðingu á þeim og að einfalda þær.
- 11) Ákveða ætti matskerfi Sambandsins fyrir flokkun, auðkenningu og söluumbúnað skrokka í nauta- og kálfa-, svína- og kind- og geitakjötsgeiranum fyrir verðskráningu og beitingu íhlutunarfyrikomulags í þessum geirum. Enn fremur fylgja slík matskerfi Sambandsins því markmiði að auka gagnsæi á markaði.
- 12) Í þágu skýrleika og gagnsæis ætti uppbygging ákvæðanna um opinbera íhlutun að vera sameiginleg en um leið skal viðhaldið þeirri stefnu sem er framfylgt í einstökum geirum. Í því skyni þykir rétt að greina á milli viðmiðunarmarkna og íhlutunarverðs og skilgreina hið síðarnefnda. Þegar það er gert er einkar mikilvægt að skýra að einungis íhlutunarverð vegna opinberrar íhlutunar samsvarar því gildandi fyrirfram ákveðna verði sem um getur í fyrstu setningu 8. liðar 3. viðauka við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað (þ.e. markaðsverðstuðningur). Í þessu samhengi ætti það að skiljast þannig að markaðsíhlutun getur verið í formi opinberrar íhlutunar sem og í öðrum formum íhlutunar þar sem ekki er notast við fyrirfram ákveðnar verðtilgreiningar.
- 13) Kerfi opinberrar íhlutunar ætti að vera aðgengilegt á tilteknum tímabilum á ári og ætti, á þeim tímabilum, annað hvort að vera varanlega aðgengilegt eða verða aðgengilegt háð markaðsverðum, eftir því sem við á í hverjum hlutaðeigandi geira í ljósi venju og reynslu af fyrri sameiginlegum markaðskerfum.
- 14) Opinbert íhlutunarverð ætti að samanstanda af föstu verði fyrir tiltekið magn af sumum afurðum og í öðrum tilvikum ætti það að ákvarðast af útboðum og endurspegla venjur og reynslu af fyrri sameiginlegum markaðskerfum.
- 15) Í þessari reglugerð ætti að kveða á um að ráðstafa megi afurðum sem eru keyptar inn innan ramma opinberrar íhlutunar. Slíkar ráðstafanir ætti að gera þannig að komið sé í veg fyrir röskun á markaði og tryggður sé jafn aðgangur að vörum og jöfn meðferð innkaupsaðila.
- 16) Fjalla ætti um fyrirliggjandi áætlun um dreifingu matvæla til þeirra sem eru verst staddir í Sambandinu, sem var samþykkt samkvæmt sameiginlegu landbúnaðarstefnunni, í sérreglugerð til að endurspegla markmið áætlunarinnar um félagslega samheldni. Þó ætti að setja ákvæði í þessari reglugerð til að heimila ráðstöfun afurða í opinberum íhlutunargeymslum með því að gera þær aðgengilegar til notkunar innan þeirrar áætlunar.
- 17) Til að ná því markmiði að stuðla að jafnvægi á markaði og halda markaðsverði stöðugu getur reynst nauðsynlegt að veita aðstoð vegna einkageymslu á tilteknum landbúnaðarafurðum. Til að stuðla að gagnsæi á markaði ætti að framselja til framkvæmdastjórnarinnar vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar að mæla fyrir um skilyrðin fyrir því að veita megi aðstoð vegna einkageymslu, með tilliti til markaðsaðstæðna.
- 18) Til að tryggja að afurðir, sem eru keyptar inn innan ramma opinberrar íhlutunar eða falla undir aðstoð vegna einkageymslu, henti til langtímageymslu og séu af fullum og eðlilegum markaðsgæðum, og til að taka tillit til séreinkenna hinna mismunandi geira til að tryggja kostnaðarhagkvæmar aðgerðir vegna opinberrar íhlutunar og einkageymslu, ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar

⁽⁷⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 234/79 frá 5. febrúar 1979 um málsmeðferð fyrir aðlögun á sameiginlegu tollnafnaskránni fyrir landbúnaðarafurðir (Stjútíð. EB L 34, 9.2.1979, bls. 2).

- að mæla fyrir um kröfurnar og skilyrðin sem þessum afurðum ber að uppfylla varðandi gæði og aðstoðarhæfi, til viðbótar kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 19) Til að taka til greina séreinkenni kornvöru- og hýðis-hrísgrjónageirans ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar að mæla fyrir um gæðaviðmiðanir að því er varðar innkaup og sölu á þessum afurðum.
- 20) Til að tryggja viðeigandi geymslurými og skilvirkni opinbera íhlutunarkerfisins með tilliti til kostnaðar-hagkvæmni, dreifingar og aðgangs rekstraraðila og til að viðhalda gæðum afurða, sem eru keyptar inn innan ramma opinberrar íhlutunar, fram að ráðstöfun þeirra við lok geymslutímabilsins, ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar þær kröfur sem geymslustaðir fyrir allar afurðir sem falla undir opinbera íhlutun þurfa að uppfylla, reglur um geymslu afurða innan og utan þess aðildarríkis sem ber ábyrgð á þeim og um meðhöndlun þeirra að því er varðar tolla og aðrar fjárhæðir sem eru veittar eða lagðar á innan ramma sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar.
- 21) Til að tryggja að einkageymsla hafi tilætluð áhrif á markaðinn ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar reglur og skilyrði sem gilda þegar magnið sem er geymt er minna en umsamið magn; skilyrði fyrir veitingu fyrirframgreiðslu; og skilyrðin sem gilda um endursetningu á markað og ráðstöfun á afurðum sem falla undir samninga um einkageymslu.
- 22) Til að tryggja eðlilega starfsemi opinbera íhlutunarkerfisins og einkageymslukerfisins ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar að kveða á um notkun á útboðsferlum, og til að mæla fyrir um viðbótaraskilyrði sem rekstraraðilar skulu uppfylla og kröfu um að þeir leggi fram tryggingu.
- 23) Til að taka til greina tækniþróun og þarfir nauta- og kálfa-, svína- og kind- og geitakjötsgeiranna, sem og þörfina fyrir að staðla söluumbúnað hinna mismunandi afurða til að bæta gagnsæi á markaði, verðskráningu og beitingu markaðsihlutunarráðstafana, ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar aðlögun og uppfærslur á matskerfum Sambandsins fyrir flokkun skrokka í þessum geirum, sem og að því er varðar að mæla fyrir um tiltekin tengd viðbótarákvæði og undanþágur.
- 24) Hvetja ætti skólabörn til neyslu á aldinum og grænmeti, sem og á mjólk og mjólkurafurðum, með það fyrir augum að auka varanlega hlutfall þessara afurða í fæðu barna á því stigi þegar matarvenjur þeirra eru í mótun og stuðla þannig að því að ná fram markmiðum sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar, einkum varðandi stöðugleika á mörkuðum og að tryggja núverandi og seinni tíma vöruframboð. Því ætti að efla aðstoð Sambandsins til að fjármagna eða taka þátt í fjármögnun á dreifingu slíkra afurða til barna í menntastofnunum.
- 25) Til að tryggja trausta fjárhagslega stjórnun áætlunar Sambandsins um aldin og grænmeti í skólum og áætlunar um mjólk í skólum ætti að fastsetja viðeigandi ákvæði fyrir hverja áætlun. Aðstoð Sambandsins ætti ekki að nota í stað fjármögnunar á fyrirliggjandi landsbundnum áætlunum um aldin og grænmeti í skólum og áætlunum um mjólk í skólum. Í ljósi fjárhagslegra takmarkana ætti aðildarríkjum eigi að síður að vera fært að skipta eigin fjárframlögum til þessara áætlana út fyrir framlög frá einkageiranum. Til að áætlanir aðildarríkjanna um aldin og grænmeti í skólum verði skilvirkar kann að vera nauðsynlegt að beita hliðarráðstöfunum, sem þeim ætti að vera heimilt að veita landsbundna aðstoð. Aðildarríki sem taka þátt í áætlunum ættu að kynna hlutverk aðstoðar Sambandsins í niðurgreiðslunum.
- 26) Í því skyni að stuðla að heilbrigðum matarvenjum barna og að tryggja að aðstoðin beinist að börnum sem stunda reglulega skólagöngu við menntastofnanir sem eru starfræktar eða viðurkenndar af aðildarríkjum, ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar áætlunina um aldin og grænmeti í skólum, að því er varðar viðbótarviðmiðanir í tengslum við hvert aðstoð er beint, samþykki og val á umsækjendum um aðstoð og gerð landsbundinna eða svæðisbundinna stefnuáætlana og um hliðarráðstafanir.
- 27) Til að tryggja markvissa og hnitmiðaða notkun á fjármagni Sambandsins ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar áætlunina um aldin og grænmeti í skólum varðandi aðferð við endurúthlutun aðstoðar milli aðildarríkja á grundvelli móttækinnna umsókna um aðstoð, þann kostnað sem er hæfur til aðstoðar frá Sambandinu þ.m.t. möguleikann á að ákveða efri mörk fyrir slíkan kostnað, og skyldu aðildarríkjanna að vakta og meta skilvirkni áætlana sinna um aldin og grænmeti í skólum.
- 28) Til að auka vitund um áætlunina um aldin og grænmeti í skólum ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar að þess verði krafist að þátttökuaðildarríki, sem eru með áætlun um aldin og grænmeti í skólum, kynni hlutverk aðstoðar Sambandsins í niðurgreiðslunum.

- 29) Til að taka tillit til þróunar á neyslumynstri fyrir mjólkurafurðir, til nýsköpunar og þróunar á markaðnum með mjólkurafurðir, framboðs á afurðum á hinum ýmsu mörkuðum Sambandsins og til næringarsjónarmiða, ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar áætlunina um mjólk í skólum, varðandi þær afurðir sem eru hæfar til að vera með í áætluninni, landsbundnar eða svæðisbundnar stefnuáætlanir aðildarríkjanna, þ.m.t. gildandi hliðarráðstafanir ef þær eru til staðar, og vöktun og þróun áætlunarinnar.
- 30) Til að tryggja að viðeigandi aðstoðarþegar og umsækjendur eigi rétt á aðstoð frá Sambandinu og að hún sé notuð á markvissan og skilvirkan hátt ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar reglur um aðstoðarþegana og umsækjendurna sem eru hæfir til aðstoðar, kröfur sem umsækjendum ber að uppfylla til að fá samþykki aðildarríkja, og notkun á mjólkurafurðum við tilreiðslu á máltíðum í menntastofnunum.
- 31) Til að tryggja að umsækjendur um aðstoð virði skuldbindingar sínar ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar kröfuna um að leggja fram tryggingu þegar aðstoð er greidd út fyrirfram.
- 32) Til að auka vitund um áætlunina um mjólk í skólum ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar þau skilyrði sem aðildarríkjum ber að fylgja þegar þau kynna þátttöku sína í áætluninni og þá staðreynd að Sambandið niðurgreiðir hana.
- 33) Til að endurspeglar að aðstoðin komi fram í verði afurðanna ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar að koma upp verðlagsvöktun innan áætlunarinnar um mjólk í skólum.
- 34) Þörf er á fjármögnun frá Sambandinu til að hvetja viðurkennd samtök framleiðenda, félög samtaka framleiðenda eða fjölgreinasamtök til að gera vinnuáætlanir í þeim tilgangi að bæta framleiðslu og setningu á ólífuoilíu og ólífum til átu á markað. Að því er þetta varðar ætti í þessari reglugerð að kveða á um að stuðningi Sambandsins sé ráðstafað í samræmi við forgangsröð aðgerða í viðeigandi vinnuáætlunum. Aftur á móti ætti að draga úr sameiginlegri fjármögnun til að bæta skilvirkni slíkra áætlana.
- 35) Til að tryggja markvissa og skilvirka notkun á aðstoð frá Sambandinu sem er veitt til samtaka framleiðenda, félaga samtaka framleiðenda eða fjölgreinasamtaka í geirum ólífuoilíu og ólífa til átu og til að bæta framleiðslugæði ólífuoilíu og ólífa til átu, ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar sértækar ráðstafanir sem hægt er að fjármagna með aðstoð frá Sambandinu og þá starfsemi og þann kostnað sem ekki er hægt að fjármagna þannig; lágmarksúthlutun fjármögnunar Sambandsins á tilteknum vettvangi; kröfuna um að leggja fram tryggingu; og viðmiðanirnar sem aðildarríkin skulu taka tillit til við val á og samþykki fyrir vinnuáætlunum.
- 36) Í þessari reglugerð ætti að gera greinarmun annars vegar á aldinum og grænmeti sem eru ætluð til beinnar neyslu og aldinum og grænmeti sem eru ætluð til vinnslu og hins vegar á unnum aldinum og grænmeti. Reglur um aðgerðasjóði, aðgerðaáætlanir og fjárhagsaðstoð Sambandsins ættu einungis að gilda um fyrri flokkinn og meðhöndla ætti báðar gerðir aldina og grænmetis innan þess flokks með svipuðum hætti.
- 37) Framleiðsla á aldinum og grænmeti er ófyrirsjáanleg og afurðirnar eru viðkvæmar fyrir skemmdum. Jafnvel takmörkuð offramleiðsla getur valdið umtalsverðri röskun á markaðsaðstæðum. Því ætti að koma á krisustjórnunarráðstöfunum og þær ráðstafanir ættu áfram að vera felldar inn í aðgerðaáætlanir.
- 38) Við framleiðslu aldina og grænmetis og setningu þess á markað ætti að taka fullt tillit til umhverfissjónarmiða, þ.m.t. í ræktunaraðferðum, stjórnun úrgangsefna og ráðstöfun afurða sem eru teknar af markaði, einkum að því er varðar vernd vatnsgæða, viðhald liffræðilegrar fjölbreytni og viðhald sveita.
- 39) Veita ætti öllum geirum í öllum aðildarríkjum stuðning til að koma á fót hópum framleiðenda samkvæmt stefnu um dreifbýlisþróun. Því ætti að hætta sértækum stuðningi í aldin- og grænmetisgeiranum.
- 40) Til að veita samtökum framleiðenda og félögum þeirra í aldin- og grænmetisgeiranum meiri ábyrgð á fjárhagslegum ákvörðunum sínum og til að beina því opinbera fjármagni sem þeim er úthlutað í átt að framtíðarkröfum ætti að setja skilyrði fyrir notkun þessa fjármagns. Sameiginleg fjármögnun aðgerðasjóða sem samtök framleiðenda og félög þeirra koma á fót er viðeigandi lausn. Heimila ætti viðbótarmöguleika á fjármögnun í sérstökum tilvikum. Aðgerðasjóði ætti einungis að nota til að fjármagna aðgerðaáætlanir innan aldin- og grænmetisgeirans. Til að stjórna útgjöldum Sambandsins ætti að vera þak á aðstoð sem er veitt til samtaka framleiðenda og félaga þeirra sem koma á fót aðgerðasjóðum.

- 41) Á svæðum þar sem skipulag á framleiðslu í aldin- og grænmetisgeiranum er lítið ætti að heimila veitingu landsbundinna viðbótarfjárframlaga. Ef um er að ræða aðildarríki sem standa einkar illa að vígi að því er varðar uppbyggingu ætti Sambandið að endurgreiða slík fjárframlög.
- 42) Til að tryggja markvissan, hnitmiðaðan og sjálfbæran stuðning við samtök framleiðenda og félög þeirra innan aldin- og grænmetisgeirans ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar aðgerðasjóði og aðgerðaáætlanir, landsbundna ramma og landsbundnar stefnuáætlanir um aðgerðaáætlanir varðandi skuldbindinguna um að vakta og meta skilvirkni landsbundnu rammanna og landsbundnu stefnuáætlananna; fjárhagsaðstoð Sambandsins; ráðstafanir vegna forvarna gegn krísuástandi og krístuðjórnumarráðstafanir; og landsbundna fjárhagsaðstoð.
- 43) Mikilvægt er að kveða á um stuðningsráðstafanir innan vingeirans sem styrkja samkeppnisskipulag. Þó að Sambandið ætti að skilgreina og fjármagna þær ráðstafanir ætti það að vera undir aðildarríkjunum komið að velja víðeigandi ráðstafanir til að uppfylla þarfir svæðisbundinna stofnana sinna, ef nauðsyn krefur með tilliti til sérþarfa þeirra, sem og að fella þær inn í landsbundnar stuðningsáætlanir. Aðildarríkin ættu að bera ábyrgð á að koma slíkum áætlunum í framkvæmd.
- 44) Ein lykirládstöfun sem ætti að vera styrkhæf innan landsbundinna stuðningsáætlana er kynningarstarf og markaðssetning á vínnum frá Sambandinu. Stuðningur við nýsköpun getur aukið markaðshæfi og samkeppnishæfni vínrektarafurða frá Sambandinu. Halda ætti áfram að styrkja endurskipulagningar- og umbreytingarstarfsemi vegna jákvæðra áhrifa þeirra á skipulag innan vingeirans. Einnig ætti stuðningur að vera í boði til fjárfestinga innan vingeirans sem miða að því að bæta efnahagslegan árangur fyrirtækjanna. Stuðningur vegna eimingar á aukaafurðum ætti að vera ráðstöfun sem er í boði fyrir aðildarríki sem vilja nota slíkt stjórnæki til að tryggja gæði víns samhliða því að vernda umhverfið.
- 45) Til að hvetja til ábyrgra viðbragða við krísuástandi ættu forvarnarstjórnæki, s.s. uppskerutryggingar, gagnkvæmir tryggingasjóðir og grænuppskera, að uppfylla skilyrði fyrir stuðningi innan stuðningsáætlana fyrir vín.
- 46) Ákvæðin um stuðning við vínrektendur með úthlutun greiðsluréttinda samkvæmt ákvörðun aðildarríkja voru gerð endanleg frá fjárhagsárinu 2015 skv. 103. gr. n í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 með fyrirvara um skilyrðin sem eru sett fram í því ákvæði.
- 47) Til að tryggja að stuðningsáætlanir aðildarríkjanna fyrir vín uppfylli markmið þeirra og að notkun á fjármagni Sambandsins sé markviss og skilvirk ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar: reglur um ábyrgð fyrir útgjöldum frá þeim degi er framkvæmdastjórnin tekur við stuðningsáætlunum og breytingum á stuðningsáætlunum og fram að gildistökudegi þeirra; reglur um innihald stuðningsáætlana og útgjöld, umsýslu- og starfsmannakostnað og aðgerðir sem kunna að vera hluti af stuðningsáætlunum aðildarríkjanna og skilyrði fyrir greiðslum gegnum milliliði ef um er að ræða stuðning vegna uppskerutrygginga og möguleikinn á að inna þær af hendi; reglur um kröfuna um að leggja fram tryggingu þegar fyrirframgreiðsla er innt af hendi; reglur um notkun tiltekinna hugtaka; reglur um að ákveða efri mörk fyrir útgjöld vegna endurplöntunar á vínekrum af heilbrigðisástæðum eða vegna plöntuheilbrigðis; reglur um að forðast tvíþjármögnun verkefna; reglur sem gilda þegar framleiðendur taka af markaði aukaafurðir sem myndast við vínframleiðslu og um undanþágur frá þeirri skuldbindingu til að forðast aukið rekstrarlegt álag, og reglur um valkvæða vottun eimingarstöðva; og reglur til að heimila aðildarríkjunum að setja skilyrði um tilhlýðilega verkun stuðningsráðstafana.
- 48) Býrækt einkennist af margvíslegum framleiðsluskilyrðum og afrakstri og dreifðum og ólíkum rekstraraðilum, bæði á framleiðslu- og sölustigi. Enn fremur, í ljósi aukinnar tíðni tiltekinna tegunda innrása í býkúpur sem ógna heilbrigði býflugnanna, og einkum útbreiðslu varróaveiki í nokkrum aðildarríkjunum á undanförmum árum og þeirra vandamála sem þessi sjúkdómur skapar fyrir hunangsframleiðslu, er áfram nauðsyn fyrir aðgerðir af hálfu Sambandsins, þar eð ekki er hægt að útrýma varróaveiki að fullu og hana þarf að meðhöndla með viðurkenndum vörum. Vegna þessara aðstæðna og til að bæta framleiðslu býræktarafurða innan Sambandsins og setningu þeirra á markað ætti að gera landsáætlanir fyrir þennan geira þriðja hvert ár með það fyrir augum að bæta almenn skilyrði fyrir framleiðslu og setningu býræktarafurða á markað. Sambandið ætti að fjármagna þessar landsáætlanir að hluta til.
- 49) Tilgreina ætti þær ráðstafanir sem taka má inn í áætlunir um býrækt. Til að tryggja að áætlunin um aðstoð Sambandsins sé aðlöguð að nýjustu þróun og að ráðstafanirnar sem hún nær til séu skilvirkar til að bæta almenn skilyrði í framleiðslu og setningu býræktarafurða á markað ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar að uppfæra skrána yfir ráðstafanir með því að aðlaga gildandi ráðstafanir eða bæta við nýjum ráðstöfunum.

- 50) Til að tryggja skilvirka og markvissa notkun á fjármagni Sambandsins fyrir býrækt ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar að forðast tvíþjármögnun milli býræktaráætlana aðildarríkja og áætlana þeirra um dreifbýlisþróun, og um grundvöllinn fyrir úthlutun fjárframlags Sambandsins til hvers þátttökuaðildarríkis.
- 51) Í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 73/2009 ⁽⁸⁾ voru greiðslur vegna humlasvæða aftengdar frá 1. janúar 2010. Til að gera samtökum humlaframleiðenda kleift að halda áfram starfsemi sinni sem áður ætti að setja sértæk ákvæði um að nota skuli samsvarandi fjárhæðir í hlutaðeigandi aðildarríki til sömu starfsemi. Til að tryggja að aðstoðin fjármagni markmið samtaka framleiðenda, eins og sett er fram í þessari reglugerð, ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar umsóknir um aðstoð, reglur um aðstoðarhæf humlasvæði og útreikning aðstoðar.
- 52) Aftengja ætti aðstoð frá Sambandinu vegna silkiormældis og fella hana inn í beingreiðslukerfið í samræmi við nálgunina sem er beitt við aðstoð í öðrum geirum.
- 53) Aðstoð vegna undanrennu og undanrennudufts, sem eru framleidd í Sambandinu og ætluð til notkunar sem fôður og til vinnslu í kasein og kaseinöt, hefur ekki reynst skilvirk til stuðnings við markaðinn og ætti því að leggja hana niður ásamt reglunum um notkun kaseins og kaseinata við framleiðslu á osti.
- 54) Ákvörðunin um að aflétta banni við plöntun víniðar á umbreytingartímabili á vettvangi Sambandsins er rökstudd með því að helstu markmið um umbætur á markaðskerfi Sambandsins með vín frá árinu 2008 hafa náðst, einkum með því að endir var bundinn á langvarandi kerfislega offramleiðslu á víni og með áframhaldandi úrbótum með tilliti til samkeppnishæfni og markaðsmiðunar vingeirans í Sambandinu. Þessi jákvæða þróun er afleiðing af áberandi fækkun á víniðarræktarsvæðum í Sambandinu öllu og af því að minna samkeppnishæfir framleiðendur hafa yfirgefið geirann og af stigminnkun á tilteknum markaðsstuðningsráðstöfunum sem felast í því að fjarlægja hvata til að fjárfesta án þess að efnahagslegur lífvænleiki sé fyrir hendi. Skerðing á afhendingargetu og stuðningur við skipulagsráðstafanir og hvatning til útflutnings á víni hafa auðveldað betri aðlögun að minnkandi eftirspurn á vettvangi Sambandsins sem stafar af áframhaldandi minnkun á neyslu í þeim aðildarríkjum þar sem hefð er fyrir vínframleiðslu.
- 55) Hins vegar eru horfur á áframhaldandi aukningu á eftirspurn á vettvangi heimsmarkaðsins hvati til að auka afhendingargetu og þannig til að planta nýjum vínið á næsta áratug. Þó að stefna ætti að því lykilmarkmiði að auka samkeppnishæfni vingeira Sambandsins til að tapa ekki markaðshlutdeild á heimsmarkaði þá getur of hröð aukning á plöntunum nýs víniðar, sem svar við spám um þróun á alþjóðlegri eftirspurn, aftur leitt til ástands með umframafhendingargetu til meðallangs tíma, með hugsanlegum félagslegum og umhverfislegum áhrifum á tilteknum vínframleiðslusvæðum. Til að tryggja skipulega aukningu á plöntun víniðar á tímabilinu milli 2016 og 2030 ætti að koma á nýju kerfi fyrir stjórnun á plöntun víniðar á vettvangi Sambandsins, í formi fyrirkomulags við veitingu leyfa til plöntunar á vínið.
- 56) Innan þessa nýja kerfis má veita leyfi til plöntunar á vínið án þess að kostnaður leggist á framleiðendur, og ættu þau að renna út að þremur árum liðnum ef þau eru ekki nýtt. Þetta myndi stuðla að skjótri og beinni notkun framleiðenda á leyfunum sem þeim eru veitt og koma þannig í veg fyrir brask.
- 57) Aukning nýrra plantana á vínið ætti að ramma inn með verndarráðstöfun á vettvangi Sambandsins sem byggist á skyldu aðildarríkjanna að bjóða upp á leyfi, á ársgrundvelli, fyrir nýplöntun á 1% af grónum víniðarræktarsvæðum, jafnhliða því að gert sé ráð fyrir tilteknum sveigjanleika til að bregðast við sérstökum aðstæðum í hverju aðildarríki. Aðildarríkin ættu að geta ákveðið hvort þau bjóða fram smærri svæði, landsbundið eða svæðisbundið, þ.m.t. á sviði svæða sem eru hæf til að fá aðstoð vegna tiltekinna verndaðra upprunatáknana og verndaðra, landfræðilegra merkinga, á grundvelli ástæðna sem eru hlutlægar og án mismununar, jafnframt því að tryggja að takmarkanirnar sem eru settar séu yfir 0% og séu ekki of takmarkandi miðað við þau markmið sem stefnt er að.
- 58) Til að tryggja að leyfi séu veitt á jafnréttisgrundvelli ætti að mæla fyrir um tilteknar viðmiðanir, einkum þegar heildarfjöldi hektara sem óskað er eftir í umsóknum framleiðenda er umfram þann heildarfjölda hektara sem er í boði með leyfunum frá aðildarríkjunum.

⁽⁸⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 73/2009 frá 19. janúar 2009 um sameiginlegar reglur um bein stuðningskerfi fyrir bændur samkvæmt sameiginlegu landbúnaðarstefnunni og um innleiðingu tiltekinna stuðningskerfa fyrir bændur og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1290/2005, (EB) nr. 247/2006, (EB) nr. 378/2007 og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1782/2003 (Stjtið. ESB L 30, 31.1.2009, bls. 16).

- 59) Veiting leyfa til framleiðenda sem ryðja vínvíðarræktarsvæði sem eru þegar í ræktun ætti að gerast sjálfkrafa við framlagningu umsóknar og vera óháð verndarráðstöfuninni vegna nýplöntunar, þar sem hún bætir ekki við heildaraukningu vínvíðarræktarsvæðanna. Á tilteknum svæðum þar sem framleiða má vín með verndaða upprunataknum eða verndaða, landfræðilega merkingu ættu aðildarríki að eiga kost á að takmarka veitingu slíkra leyfa til endurplöntunar á grundvelli tilmæla frá fagfélögum sem eru viðurkennd og koma fram fyrir hönd geirans.
- 60) Þetta nýja fyrirkomulag við veitingu leyfa til plöntunar á vínvíð ætti ekki að gilda í aðildarríkjum sem ekki beita umbreytingarfyrirkomulagi Sambandsins varðandi réttindi til plöntunar og ætti að vera valkvætt fyrir þau aðildarríki þar sem plöntunarsvæði vínvíðar er undir tilteknum stærðarmörkum, þó að réttindi til plöntunar gildi.
- 61) Mæla ætti fyrir um umbreytingarákvæði til að tryggja snurðalaus umskipti frá eldra fyrirkomulagi réttinda til plöntunar yfir í nýja fyrirkomulagið, einkum til að forðast of mikla plöntun áður en nýja fyrirkomulagið tekur gildi. Aðildarríki ættu að hafa tiltekið svigrúm til að ákveða frest til að leggja inn beiðnir um umbreytingu réttinda til plöntunar í leyfi, frá 31. desember 2015 til 31. desember 2020.
- 62) Til að tryggja samræmda og skilvirka framkvæmd nýja fyrirkomulagsins við veitingu leyfa til plöntunar á vínvíð ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar skilyrðin fyrir undanþágu frá fyrirkomulaginu fyrir tilteknar plantanir vínvíðar, reglurnar sem varða hæfis- og forgangsviðmiðanir, viðbótina við hæfis- og forgangsviðmiðanirnar, samhlíða tilvist vínvíðar sem á að ryðja og nýplantaðs vínvíðar, og forsendur þess að aðildarríki geti takmarkað veitingu leyfa fyrir endurplöntun.
- 63) Eftirlit með plöntun sem ekki var veitt leyfi fyrir ætti að framkvæma á skilvirkan hátt til að tryggja að farið sé að reglunum í nýja fyrirkomulaginu.
- 64) Beiting staðla við setningu landbúnaðarafurða á markað getur stuðlað að því að bæta efnahagsleg skilyrði fyrir framleiðslu og setningu á markað og gæði slíkra afurða. Beiting slíkra staðla er því í hag framleiðenda, kaupenda og neytenda.
- 65) Í kjölfar orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar um gæðastefnu fyrir landbúnaðarafurðir og umræður í kjölfar hennar þykir rétt að viðhalda markaðsstöðlum eftir geirum eða afurðum, til að taka tillit til væntinga neytenda og stuðla að úrbótum með tilliti til efnahagslegra skilyrða fyrir framleiðslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða og gæðum þeirra.
- 66) Setja ætti lárétt ákvæði um markaðsstaðla.
- 67) Markaðsstaðlar ættu að skiptast á milli skyldubundinna reglna fyrir tiltekna geira eða afurðir og valkvæðra frátekinna hugtaka sem skal ákveða eftir geirum eða afurðum.
- 68) Markaðsstaðlar ættu að jafnaði að gilda um allar viðkomandi landbúnaðarafurðir sem eru settar á markað innan Sambandsins.
- 69) Tilgreina ætti þá geira og þær afurðir, sem markaðsstaðlar geta gilt um, í þessari reglugerð. Hins vegar ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar að breyta þeirri skrá, að uppfylltum ströngum skilyrðum, til að taka til greina væntingar neytenda og þörfina fyrir að bæta gæði landbúnaðarafurða og efnahagsleg skilyrði fyrir framleiðslu þeirra og setningu á markað.
- 70) Til að taka til greina væntingar neytenda og bæta efnahagsleg skilyrði fyrir framleiðslu tiltekinna landbúnaðarafurða og setningu þeirra á markað sem og gæði þeirra og til að aðlagast síbreytilegum markaðs- aðstæðum, breytingum á kröfum neytenda og þróun á viðeigandi alþjóðlegum stöðlum og til að forðast að skapa hindranir gagnvart nýsköpun afurða ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir, að því er varðar að samþykkja markaðsstaðla eftir geirum eða afurðum á öllum stigum setningar á markað, sem og undanþágur og frávik frá slíkum stöðlum. Í markaðsstöðlunum ætti m.a. að taka tillit til náttúrulegra og mikilvægra einkenna viðkomandi afurða og forðast þannig að valda umtalsverðum breytingum á venjulegri samsetningu viðkomandi afurðar. Enn fremur ætti í markaðsstöðlunum að taka tillit til hugsanlegrar hættu á að villt sé um fyrir neytendum vegna væntinga þeirra og skynjunar. Undanþágur eða frávik frá stöðlunum ættu ekki að hafa í för með sér viðbótarkostnað sem bændur einir bera.
- 71) Nota ætti markaðsstaðla til að auðvelda að sjá markaðnum fyrir afurðum af stöðluðum og viðunandi gæðum og einkum skulu þeir varða tæknilegar skilgreiningar, flokkun, söluumbúnað, merkingar og merkimiða, pakkningar, framleiðsluaðferð, varðveislu, geymslu, flutning, tengd stjórnsýsluskjöl, vottanir og tímamörk, takmarkanir á notkun og ráðstöfun.

- 72) Með tilliti til hagsmuna framleiðenda við að miðla eiginleikum afurðarinnar og framleiðsluaðferðanna, og hagsmuna neytenda um að fá viðunandi og gagnsæjar upplýsingar um afurðir, ætti að vera hægt að ákvarða staðsetningu framleiðslunnar og/eða upprunastaðinn í hverju tilviki fyrir sig, á viðeigandi landfræðilegu þrepi, jafnhliða því að tekið sé tillit til séreinkenna sumra geira, einkum að því er varðar unnar landbúnaðarafurðir.
- 73) Setja ætti sérreglur um afurðir sem eru fluttar inn frá þriðju löndum, að því tilskildu að gildandi landsákvæði í þriðju löndum réttlæti undanþágur frá markaðsstöðlunum og að tryggt sé að þau séu jafngild löggjöf Sambandsins. Einnig þykir rétt að mæla fyrir um reglur um beitingu markaðsstaðlanna sem gilda um þær vörur sem eru fluttar út frá Sambandinu.
- 74) Afurðir úr aldin- og grænmetisgeiranum sem selja á nýjar til neytenda ætti einungis að setja á markað ef þær eru af fullum og eðlilegum markaðsgæðum og ef upprunandið er tilgreint. Til að tryggja tilhlýðilega beitingu þeirrar kröfu og til að taka tillit til tiltekinna sérstakra aðstæðna ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar sértækar undanþágur frá þeirri kröfu.
- 75) Fylgja ætti gæðastefnu í gervöllu Sambandinu með beitingu vottunarmeðferðar fyrir afurðir úr humla-geiranum og með því að banna setningu þeirra afurða, sem ekki hefur verið gefið út vottorð fyrir, á markað. Til að tryggja tilhlýðilega beitingu þeirrar kröfu og til að taka tillit til tiltekinna sérstakra aðstæðna ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar ráðstafanir til að víkja frá þeirri kröfu til að uppfylla viðskiptakröfur tiltekinna þriðju landa eða fyrir afurðir sem eru ætlaðar til sérstakrar notkunar.
- 76) Skilgreiningar, táknanir og afurðalýsingar eru mikilvægir þættir til að ákvarða samkeppnisskilyrði í tilteknum geirum og fyrir tilteknar afurðir. Því þykir rétt að mæla fyrir um skilgreiningar, táknanir og afurðalýsingar fyrir þá geira og/eða þær afurðir, sem einungis ætti að nota innan Sambandsins til að setja á markað afurðir sem uppfylla samsvarandi kröfur.
- 77) Til að aðlaga skilgreiningarnar og afurðalýsingarnar fyrir tilteknar afurðir að þörfum sem skapast vegna breytinga á kröfum neytenda, tækniframfara eða þarfur fyrir nýsköpun afurða ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar breytingar, undanþágur eða frávik frá skilgreiningum og afurðalýsingum.
- 78) Til að tryggja að rekstraraðilar og aðildarríki hafi skýran og tilhlýðilegan skilning á skilgreiningunum og afurðalýsingunum, sem mælt er fyrir um fyrir tiltekna geira, ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar reglur um tilgreiningu og beitingu þeirra.
- 79) Til að taka tillit til séreinkenna hverrar afurðar eða hvers geira, mismunandi sölustiga, tæknilegra skilyrða, hugsanlegra umtalsverðra hagnýtra erfiðleika og einnig til nákvæmni og endurtekningarnákvæmni greiningaraðferða ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir varðandi vikmörk, fyrir einn eða fleiri tiltekna staðla, sem hefur það í för með sér að ef farið er yfir þau þá teljist öll framleiðslulotan ekki fara að fyrrnefndum staðli.
- 80) Taka ætti ákvarðanir um tilteknar vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir vegna framleiðslu á víni, einkum að því er varðar blöndun og notkun á tilteknum tegundum þrúgumusts, þrúgusafa og ferskra þrúgna sem eru upprunnin í þriðju löndum. Til að uppfylla alþjóðlega staðla vegna annarra vínfræðilegra vinnsluaðferða ætti framkvæmdastjórnin að taka tillit til þeirra vínfræðilegu vinnsluaðferða sem Alþjóðavinstofnunin mælir með.
- 81) Mæla ætti fyrir um reglur um flokkun vínþrúguyrkja, en samkvæmt þeim ættu aðildarríki sem framleiða meira en 50 000 hektólítra á ári að bera áfram ábyrgð á að flokka þau vínþrúguyrki sem nota má til vingerðar á yfirráðasvæðum þeirra. Undanskilja ætti tiltekin vínþrúguyrki.
- 82) Aðildarríki ættu að geta viðhaldið eða samþykkt tilteknar landsreglur um gæðastig að því er varðar smyrjanlega fitu.
- 83) Að því er vingeirann varðar þá ætti að heimila aðildarríkjum að takmarka eða útiloka notkun tiltekinna vínfræðilegra vinnsluaðferða, heimila þeim að viðhalda strangari takmörkunum fyrir vín sem eru framleidd á yfirráðasvæði þeirra og leyfa notkun á vínfræðilegum vinnsluaðferðum, sem ekki hafa verið leyfðar, í tilraunaskyni.
- 84) Til að tryggja rétta og gagnsæja beitingu landsreglna fyrir tilteknar afurðir og geira að því er varðar markaðsstaðla ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar setningu skilyrða fyrir beitingu slíkra markaðsstaðla, sem og skilyrða fyrir geymslu, dreifingu og notkun á afurðum sem eru fengnar með tilraunastarfsemi.

- 85) Auk markaðsstaðla ætti að ákveða valkvæð gæðahugtök til að tryggja að hugtök, sem eru notuð til að lýsa tilteknum einkennum afurða eða búskapar- eða vinnslueigindum, séu ekki misnotuð á markaðnum og neytendur geti reitt sig á þau til að bera kennsl á mismunandi eiginleika afurða. Í ljósi markmiðanna með þessari reglugerð og til glöggvunar ætti að tilgreina fyrirbyggjandi valkvæð gæðahugtök í þessari reglugerð.
- 86) Aðildarríkjum ætti að vera heimilt að mæla fyrir um reglur varðandi ráðstöfun vínaafurða sem uppfylla ekki kröfurmar í þessari reglugerð. Til að tryggja rétta og gagnsæja beitingu landsreglna um vínaafurðir ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar setningu skilyrða fyrir notkun vínaafurða sem uppfylla ekki kröfurmar í þessari reglugerð.
- 87) Til að taka tillit til aðstæðna á markaðnum og þróunar á markaðsstöðlum og alþjóðlegum stöðlum ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar að taka frá valkvætt, frátekið viðbótarhugtak og mæla fyrir um skilyrði fyrir notkun þess, að breyta notkunarskilyrðum fyrir valkvætt frátekið hugtak og fella niður valkvætt frátekið hugtak.
- 88) Til að taka tillit til einkenna tiltekinna geira og væntinga neytenda ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar að mæla fyrir um frekari upplýsingar um kröfur vegna upptöku nýs frátekings hugtaks.
- 89) Til að tryggja að afurðir sem er lýst með valkvæðum, fráteknum hugtökum uppfylli gildandi notkunarskilyrði ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar að mæla fyrir um viðbótarreglur um notkun á valkvæðum, fráteknum hugtökum.
- 90) Til að taka til greina séreinkenni viðskipta milli Sambandsins og tiltekinna þriðju ríkja og sérstaks eðlis tiltekinna landbúnaðarafurða ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar hvaða skilyrði innfluttar afurðir þurfa að uppfylla til að teljast hafa jafngilda samsvörun við kröfur Sambandsins um markaðsstaðla og þar sem gert er ráð fyrir ráðstöfunum um undanþágur frá þeim reglum að einungis megi setja afurðir innan Sambandsins á markað í samræmi við slíka staðla og reglur sem varða beitingu markaðsstaðlanna gagnvart afurðum sem eru fluttar út frá Sambandinu.
- 91) Beita ætti ákvæðum um vín með tilliti til alþjóðasamninga sem eru gerðir í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins.
- 92) Í Sambandinu byggist hugtakið gæðavín m.a. á séreinkennum sem er hægt að rekja til landfræðilegs uppruna vínsins. Slík vín eru auðkennd fyrir neytendur með vernduðum upprunatáknunum og landfræðilegum merkingum. Til að gera ráð fyrir gagnsæri og ítarlegri ramma sem undirstöðu fyrir fullyrðingu um að viðkomandi afurðir séu af tilteknum gæðum ætti að koma upp kerfi þar sem umsóknir um verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu eru rannsakaðar í samræmi við aðferðina sem er notuð í tengslum við hina lárétta gæðastefnu Sambandsins fyrir önnur matvæli en vín og brennda drykki, sem sett er fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1151/2010⁽⁹⁾.
- 93) Heimila ætti aðildarríkjunum að beita strangari reglum til að varðveita tiltekin gæðaeinkenni víns með verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu.
- 94) Til að eiga rétt á vernd innan Sambandsins ætti að viðurkenna og skrá upprunatáknar og landfræðilegar merkingar fyrir vín á vettvangi Sambandsins í samræmi við málsmeðferðarreglur sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um.
- 95) Vernd ætti að standa til boða fyrir upprunatáknar og landfræðilegar merkingar þriðju landa þegar þær njóta verndar í upprunalandinu.
- 96) Málsmeðferðin við skráninguna ætti að gera öllum einstaklingum eða lögaðilum frá aðildarríki eða þriðja landi, sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta, kleift að neyta réttar síns með því að leggja fram andmæli.
- 97) Skráðar upprunatáknar og landfræðilegar merkingar ættu að njóta verndar gegn misnotkun á orðstír þeirra afurða sem uppfylla kröfurmar. Til að stuðla að sanngjarnri samkeppni og til að villa ekki um fyrir neytendum ætti sú vernd einnig að ná til afurða og þjónustu sem falla ekki undir þessa reglugerð, þ.m.t. þeirra sem ekki er að finna í I. viðauka við sáttmálana.
- 98) Til að taka tillit til þeirra aðferða við merkingar sem nú eru í notkun ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar að heimila notkun á heiti á vínþrúguyrki sem inniheldur eða samanstendur af verndaðri upprunatáknun eða verndaðri landfræðilegri merkingu.

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1151/2012 frá 21. nóvember 2012 um gæðakerfi fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli (Stjtið. ESB L 343, 14.12.2012, bls. 1).

- 99) Til að taka tillit til séreinkenna framleiðslunnar á hinu afmarkaða landsvæði ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar að mæla fyrir um viðbótarviðmiðanir sem varða afmörkun landfræðilega svæðisins og þær takmarkanir og undanþágur sem varða framleiðslu innan afmarkaða landfræðilega svæðisins.
- 100) Til að tryggja gæði afurða og rekjanleika þeirra ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar skilyrðin fyrir því að forskriftir fyrir afurðir geti innihaldið viðbótarkröfur.
- 101) Til að tryggja vernd lögmæts réttar eða hagsmuna framleiðenda og rekstraraðila ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar hvers konar umsækjendur geta sótt um verndun upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar; skilyrði sem skal uppfylla að því er varðar umsókn um verndun upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar, grannskoðun framkvæmdastjórnarinnar, andmælameðferð og málsmeðferðarreglur varðandi breytingar, niðurfellingar og umbreytingar á verndaðri upprunatáknun eða verndaðri, landfræðilegri merkingu. Sú valdefling ætti einnig ná til: skilyrða sem gilda um umsóknir yfir landamæri; skilyrða vegna umsókna sem tengjast landsvæðum í þriðja landi; frá hvaða degi verndin eða breyting á vernd tekur gildi; og skilyrða sem varða breytingar á forskriftum fyrir afurðir.
- 102) Til að tryggja nægjanlega vernd ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar takmarkanir varðandi verndaða heitið.
- 103) Til að tryggja að rekstraraðilar og lögbær yfirvöld verði ekki fyrir óþarfa raski vegna beitingar þessarar reglugerðar að því er varðar vínheiti sem veitt var vernd fyrir 1. ágúst 2009 eða ef umsókn um vernd var lögð fram fyrir þann tíma, ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar að mæla fyrir um umbreytingarreglur varðandi slík vínheiti, vín sem sett voru á markað eða merkt fyrir tiltekna dagsetningu, og um breytingar á forskriftum fyrir afurðir.
- 104) Hefð er fyrir notkun tiltekinna hugtaka innan Sambandsins til að miðla upplýsingum til neytenda um séreinkenni og gæði víns, til viðbótar við þær upplýsingar sem er miðlað með vernduðum upprunatáknunum og landfræðilegum merkingum. Til að tryggja starfsemi innri markaðarins og sanngjarna samkeppni og til að forðast að villa um fyrir neytendum ættu þessi hefðbundnu heiti að teljast uppfylla skilyrði um vernd innan Sambandsins.
- 105) Til að tryggja fullnægjandi vernd ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar tungumál og stafsetningu hefðbundins heitis sem á að veita vernd.
- 106) Til að tryggja vernd lögmæts réttar framleiðenda og rekstraraðila ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar hvers konar umsækjendur geta sótt um verndun hefðbundins heitis; skilyrði fyrir því að umsókn um viðurkenningu hefðbundins heitis geti talist gild; ástæður fyrir andmælum gegn fyrirhugaðri verndun hefðbundins heitis; gildissvið verndarinnar, þ.m.t. tengsl við vörumerki, vernduð hefðbundin heiti, verndaðar upprunatáknanir eða landfræðilegar merkingar, einsheiti eða heiti tiltekinna vínþrúgna; ástæður fyrir niðurfellingu hefðbundins heitis; framlagningardagsetningu umsókna eða beiðni; og þær málsmeðferðarreglur sem skal fylgja að því er varðar umsókn um verndun hefðbundins heitis, þ.m.t. grannskoðun framkvæmdastjórnarinnar, andmælameðferð og málsmeðferðarreglur varðandi niðurfellingar og breytingar.
- 107) Til að taka tillit til séreinkenna viðskipta milli Sambandsins og tiltekinna þriðju landa ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar skilyrði fyrir því hvenær megi nota hefðbundin heiti fyrir afurðir frá þriðju löndum og til að mæla fyrir um tengdar undanþágur.
- 108) Lýsing, táknun og söluumbúnaður afurða úr víngeiranum sem falla undir þessa reglugerð geta haft umtalsverð áhrif á markaðshæfi þeirra. Munur á lögum aðildarríkjanna um merkingar afurða úr víngeiranum getur hindrað snurðulausa starfsemi innri markaðarins. Því ætti að mæla fyrir um reglur þar sem tekið er tillit til lögmætra hagsmuna neytenda og framleiðenda. Af þessum sökum þykir rétt að kveða á um reglur Sambandsins um merkingar og framsetningu.
- 109) Til að tryggja að þeim aðferðum við merkingar sem nú eru í notkun sé fylgt ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar að mæla fyrir um þær sérstöku aðstæður þegar réttlætjanlegt er að vísa ekki til hugtakanna „vernduð upprunatáknun“ eða „vernduð, landfræðileg merking“.
- 110) Til að taka tillit til séreinkenna víngeirans ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar annan söluumbúnað og notkun á atriðum sem felast í merkingum, öðrum en þeim sem kveðið er á um í þessari reglugerð; um tiltekin skyldubundin og valkvæð atriði; og um söluumbúnað.

- 111) Til að tryggja vernd lögmætra hagsmuna rekstraraðila ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar tímabundnar merkingar og kynningar á vini með upprunatáknun eða landfræðilega merkingu þegar sú táknun eða merking uppfyllir nauðsynlegar kröfur.
- 112) Til að tryggja að rekstraraðilum sé ekki mismunað ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar umbreytingarákvæði varðandi vin sem er sett á markað og merkt í samræmi við viðeigandi reglur sem giltu fyrir 1. ágúst 2009.
- 113) Til að taka tillit til séreinkenna viðskipta með afurðir úr vingeiranum milli Sambandsins og tiltekinnna þriðju landa ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar undanþágur frá reglunum um merkingar og söluumbúnað afurða sem ætlaðar eru til útflutnings, sé þess krafist í lögum hlutaðeigandi þriðja lands.
- 114) Enn verður þörf fyrir sérstök stjórnæki eftir lok kvótakerfisins, til að tryggja sanngjarnt jafnvægi á milli réttinda og skyldna sykurfyrirtækja og sykkurrófuræktenda. Því ætti að koma á staðalákvæðum sem gilda um skriflega fjölgreinasamninga þeirra á milli.
- 115) Með umbótum á sykurerfinu árið 2006 voru innleiddar viðtækar breytingar á sykurgeiranum í Sambandinu. Til að gera sykkurrófuræktendum kleift að ljúka aðlögun sinni að hinum nýju markaðsaðstæðum og að aukinni markaðsmiðun innan geirans ætti að framlengja núgildandi sykurrófuræktarferfi þar til það verður lagt niður við lok markaðsársins 2016/2017.
- 116) Til að taka tillit til séreinkenna sykurgeirans ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar að uppfæra tæknilegar skilgreiningar sem varða sykurgeirann; uppfærslur á kaupskilmálum fyrir sykkurrófur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð; og frekari reglur um ákvörðun á heildarþyngd, töru og sykurrinnihaldi sykurs sem er afhentur fyrirtæki, og um sykkurrófnamauk.
- 117) Með nýlegri reynslu hefur verið sýnt fram á þörf fyrir sértækar ráðstafanir til að tryggja nægilegar birgðir af sykri fyrir markaðinn í Sambandinu þar til sykurrófurarnir taka enda.
- 118) Til að taka tillit til séreinkenna sykurgeirans og til að tryggja að tekið sé tilhlýðilegt tillit til hagsmuna allra aðila, og með hliðsjón af þörfinni fyrir að koma í veg fyrir röskun á markaðinum, ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar: kaupskilmála og afhendingarsamninga; uppfærslur á kaupskilmálum fyrir sykkurrófur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð; og viðmiðanirnar sem sykkurfyrirtækin skulu beita þegar því magni af sykkurrófum sem fellur undir afhendingarsamninga, sem eru gerðir fyrir sáningu, er úthlutað sykkurrófnasölum.
- 119) Til að taka tæknipróun til greina ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar að koma á fót skrá yfir afurðir þar sem nota má iðnaðarsykur, iðnaðarisóglúkósa eða iðnaðarinúlinsiróp til framleiðslu.
- 120) Til að tryggja að viðurkennd fyrirtæki sem framleiða eða vinna sykur, ísóglúkósa eða inúlinsiróp uppfylli skuldbindingar sínar ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar veitingu og afturköllun samþykkis fyrir slík fyrirtæki, sem og um viðmiðanir fyrir stjórnsýsluviðurlög.
- 121) Til að taka tillit til séreinkenna sykurgeirans og til að tryggja að tekið sé tilhlýðilegt tillit til hagsmuna allra aðila ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar skilgreiningu á skilmálunum vegna rekstrar kvótakerfisins og skilyrði sem gilda um sölu til ystu svæða.
- 122) Til að tryggja að ræktendur séu nátengdir ákvörðun um að yfirfæra tiltekið framleiðslumagn ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar yfirfærslu sykurs.
- 123) Til að bæta stýringu á vinnargetu ættu aðildarríkin að senda framkvæmdastjórninni skrá yfir framleiðslugetu sína á grundvelli skrárinnar yfir vinnkrur. Til að hvetja aðildarríki til að senda skrána ætti stuðningur vegna endurskipulagningar og umbreytingar að takmarkast við þau aðildarríki sem hafa sent skrána.
- 124) Til að auðvelda vöktun og sannprófun aðildarríkja á framleiðslugetu ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar innihald skrárinnar yfir vinnkrur og undanþágur frá henni.
- 125) Til að skapa fullnægjandi rekjanleikastig umræddra afurða, einkum vegna hagsmuna sem varða neytenda-vernd, ætti að gera þá kröfu að því er varðar allar afurðir úr vingeiranum sem falla undir þessa reglugerð að þeim fylgi fylgiskjal þegar þau eru í dreifingu innan Sambandsins.

- 126) Til að auðvelda flutninga á vínafurðum og sannprófun aðildarríkjanna á þeim ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tiltekna gerðir að því er varðar reglur um: fylgiskjalið og notkun þess; þau skilyrði sem gilda um það hvenær fylgiskjal skal teljast votta verndaðar upprunatáknar eða landfræðilegar merkingar; skuldbindingu um að halda skrá og um notkun hennar; að tilgreina hverjum ber skylda til að halda skrá og um undanþágur frá skuldbindingunni um að halda skrá; sem og hvaða starfsemi skal taka með í skrána.
- 127) Ef ekki er fyrir hendi löggjöf Sambandsins um formlega, skriflega samninga geta aðildarríki, samkvæmt innlendum samningarétti, ákveðið að gera notkun slíkra samninga skyldubundna, að því tilskildu að löggjöf Sambandsins sé virt þegar það er gert og einkum að eðlileg starfsemi innri markaðarins og skipulag sameiginlega markaðarins séu virt. Með tilliti til margbreytilegra aðstæðna innan Sambandsins og vegna hagsmuna sem varða nálægð við borgarana ætti ákvarðanatákn um slíkt að vera áfram í höndum aðildarríkjanna. Hins vegar ætti, til að tryggja viðeigandi lágmarksstaðla vegna slíkra samninga innan mjólkur- og mjólkurafurðageirans og vegna eðlilegrar starfsemi innri markaðarins og skipulags sameiginlega markaðarins, að mæla fyrir um tiltekin grundvallarskilyrði um notkun slíkra samninga á vettvangi Sambandsins. Það ætti að vera frjálst að semja um öll slík grundvallarskilyrði. Það eð svipaðar reglur kunna að vera í samþykktum sumra mjólkurafurðasamvinnufélaga ættu þau, til einföldunar, að vera undanþegin frá kröfunni um að gera samninga. Til að styrkja skilvirkni slíks samningakerfis ættu aðildarríkin að ákveða hvort þeir ættu einnig að gilda þegar milliaðilar safna saman mjólk frá bændum til að afhenda hana vinnsluáðilum.
- 128) Til að tryggja lífvænlega þróun í framleiðslu og viðunandi lífskjör mjólkurbænda sem af henni leiðir ætti að styrkja samningsaðstöðu þeirra gagnvart vinnsluáðilum, sem ætti að leiða til sanngjarnari dreifingar á virðisauka eftir birgðakeðjunni. Til að ná fram þessum markmiðum sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar ætti að samþykkja ákvæði skv. 42. gr. og 2. mgr. 43. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til að heimila samtökum framleiðenda sem mjólkurbændur stofna, eða félögum þeirra, að semja saman um samningsskilmála við mjólkurbú, þ.m.t. um verð, fyrir suma eða alla hrámjólkurframleiðslu aðila sinna. Til að viðhalda virkri samkeppni á markaðinum með mjólkurafurðir ættu viðeigandi magntakmarkanir að gilda um þennan möguleika. Til að grafa ekki undan skilvirkni í starfsemi samvinnufélaga og fyrir skýrleika sakir ætti að taka fram að þegar aðild bónda að samvinnufélagi felur í sér skuldbindingu, sem varðar alla mjólkurframleiðslu umrædds bónda eða hluta hennar, um að afhenda hrámjólk og skilyrðin eru sett fram í samþykktum samvinnufélagsins eða í reglum og ákvörðunum sem byggjast á þeim ættu umrædd skilyrði ekki að vera umsemanleg með milligöngu samtaka framleiðenda.
- 129) Með tilliti til mikilvægis verndaðra upprunatáknana og verndaðra, landfræðilegra merkinga, einkum fyrir viðkvæm dreifbýlissvæði, og til að tryggja virðisauka og viðhalda gæðum, einkum á ostum sem njóta verndaðra upprunatáknana og verndaðra, landfræðilegra merkinga, og með tilliti til yfirvofandi loka mjólkurkvótakerfisins, ætti að heimila aðildarríkjunum að beita reglum til að stýra framboði á öllum slíkum osti sem er framleiddur á hinu afmarkaða landsvæði, að beiðni fjölgreinasamtaka, samtaka framleiðenda eða hóps, eins og er skilgreint í reglugerð (ESB) nr. 1151/2012. Slík beiðni ætti að njóta stuðnings frá miklum meirihluta mjólkurframleiðenda sem framleiða mikinn meirihluta þeirrar mjólkur sem er notuð í þann ost og, ef um er að ræða fjölgreinasamtök og hópa, skal hún studd af miklum meirihluta ostaframleiðenda sem framleiða mikinn meirihluta af þeim osti.
- 130) Til að geta fylgst með þróun á markaðnum þarf framkvæmdastjórnin að fá tímanlegar upplýsingar um það magn hrámjólkur sem er afhent. Því ætti að gera ráðstafanir til að tryggja að fyrsti kaupandinn sendi aðildarríkjunum reglubundið slíkar upplýsingar og að aðildarríkin tilkynni framkvæmdastjórninni um þær.
- 131) Samtök framleiðenda og félög þeirra geta gegnt gagnlegu hlutverki til að efla framboð, bæta setningu á markað, áætlanagerð og aðlögun afurðanna að eftirspurn, hagræða framleiðslukostnaði og halda verði framleiðenda stöðugu, framkvæma rannsóknir, stuðla að bestu starfsvenjum og veita tækniástoð, halda utan um aukaafurðir og áhættustjórnunartæki sem standa aðilum þeirra til boða og stuðla þannig að því að styrkja stöðu framleiðenda í matvælaferlinu.
- 132) Fjölgreinasamtök geta gegnt mikilvægu hlutverki í því að koma á samræðum milli aðila að birgðakeðjunni og í að stuðla að bestu starfsvenjum og gagnsæi á markaðinum.
- 133) Því ætti að samræma, hagræða og rýmka gildandi reglur um skilgreiningu á og viðurkenningu fyrir samtök framleiðenda, félög þeirra og fjölgreinasamtök til að gera ráð fyrir hugsanlegri viðurkenningu samkvæmt beiðni, sem samræmist samþykktum sem eru settar fram í samræmi við þessa reglugerð, fyrir tiltekna geira. Einkum ættu viðmiðanir fyrir viðurkenningu og samþykktir samtaka framleiðenda að tryggja að slík samtök séu stofnuð að frumkvæði framleiðenda og að þeim sé

- stjórnað í samræmi við reglur sem gera aðilum sem eru framleiðendur kleift að hafa eftirlit, með lýðræðislegum hætti, með samtökum sínum og ákvörðunum þeirra.
- 134) Gildandi ákvæði í ýmsum geirum sem auka áhrif samtaka framleiðenda, félaga þeirra og fjölgreinasamtaka með því að heimila aðildarríkjunum, við tiltekin skilyrði, að rýmka gildissvið tiltekinnna reglna um slík samtök til að ná til rekstraraðila sem ekki eiga aðild að þeim, hafa reynst skilvirk og það ætti að samræma þau, hagræða þeim og rýmka þau til að ná til allra geira.
- 135) Gera ætti ráð fyrir þeim möguleika að samþykkja tilteknar ráðstafanir til að auðvelda aðlögun framboðs að kröfum markaðarins, sem gæti stuðlað að því að gera markaðina stöðugri og tryggja viðunandi lífskjör hlutaðeigandi landbúnaðarsamfélaga.
- 136) Til að hvetja til aðgerða af hálfu samtaka framleiðenda, félaga þeirra og fjölgreinasamtaka til að auðvelda aðlögun framboðs að kröfum markaðsins, að undanskildum aðgerðum sem tengjast því að afurðir eru teknar af markaði, ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar: ráðstafanir til að bæta gæði; til að stuðla að betra skipulagi framleiðslu, vinnslu og setningar á markað; auðvelda skráningu á þróun markaðsverðs; og að heimila gerð skammtíma- og langtímaspáa á grundvelli þeirra framleiðslutækja sem eru notuð.
- 137) Til að bæta rekstur vínmarkaðarins ættu aðildarríkin að geta framkvæmt ákvarðanir fjölgreinasamtaka. Gildissvið slíkra ákvarðana ætti þó að útiloka starfsemi sem getur raskað samkeppni.
- 138) Þar eð notkun á formlegum, skriflegum samningum innan mjólkurgeirans fellur undir aðskilin ákvæði getur notkun slíkra samninga einnig stuðlað að því að styrkja ábyrgð framleiðenda í öðrum geirum og auka meðvitund þeirra um þörfina fyrir að taka meira tillit til visbendinga frá markaðnum, bæta miðlun verðs og aðlaga framboð að eftirspurn, sem og til að aðstoða við að forðast tiltekna óréttmæta viðskiptahætti. Ef ekki er fyrir hendi löggjöf Sambandsins um slíka samninga geta aðildarríki, samkvæmt innlendum samningarétti, ákveðið að gera notkun slíkra samninga skyldubundna, að því tilskildu að farið sé að löggjöf Sambandsins þegar það er gert og einkum að eðlileg starfsemi innri markaðarins og skipulag sameiginlega markaðarins séu virt.
- 139) Til að tryggja lífvænlega þróun framleiðslu og þannig viðunandi lífskjör framleiðenda í nauta- og kálfakjötsgeiranum og ólífuolíugeiranum, sem og framleiðenda tiltekinnna akurplanta, ætti að styrkja samningsaðstöðu þeirra gagnvart rekstraraðilum á síðari stigum, sem mun leiða til sanngjarnari dreifingar á virðisauka eftir birgðakeðjunni. Til að ná fram þessum markmiðum sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar ættu viðurkennd samtök framleiðenda að geta samið, með fyrirvara um magntakmarkanir, um skilmála í afhendingarsamningum, þ.m.t. verð, fyrir framleiðslu sumra eða allra aðila sinna, að því tilskildu að þessi samtök stefni að einu eða fleiri af markmiðunum um að efla framboð, setningu afurðanna, sem aðilar að samtökunum framleiða, á markað og hagræða framleiðslukostnaði, og að því tilskildu að stefnan að þessum markmiðum leiði til samþættingar aðgerða og að slík samþætting sé líkleg til að skapa umtalsverða hagræðingu þannig að aðgerðir samtaka framleiðenda verði í heild framlag til þess að uppfylla markmiðin í 39. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Þessu mætti koma til leiðar að því tilskildu að umrædd samtök framleiðenda framkvæmi tilteknar sértækar aðgerðir og að þær aðgerðir séu mikilvægar að því er varðar viðkomandi framleiðslumagn og með tilliti til framleiðslukostnaðar og setningar afurðarinnar á markað.
- 140) Til að tryggja virðisauka og til að viðhalda gæðum, einkum á verkaðri skinku sem nýtur verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar, landfræðilegrar merkingar, ætti að heimila aðildarríkjunum, að uppfylltum ströngum skilyrðum, að beita reglum til að stýra framboði á slíkri verkaðri skinku, að því tilskildu að þær reglur hafi stuðning mikils meirihluta framleiðenda hennar og, eftir því sem við á, svínakjötsframleiðenda á því landsvæði sem tengist umræddri skinku.
- 141) Skyldan að skrá alla vörusamninga um humla sem eru framleiddir innan Sambandsins er íþyngjandi og hana ætti að leggja niður.
- 142) Til að tryggja að markmið og ábyrgðir samtaka framleiðenda, félaga samtaka framleiðenda og fjölgreinasamtaka séu skýrt skilgreind og til að stuðla að skilvirkni aðgerða þeirra án þess að skapa óhóflegt rekstrarlegt álag og án þess að grafa undan meginreglunni um félagafrælsi, einkum með tilliti til þeirra sem ekki eru aðilar að slíkum samtökum, ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar:
- reglur um þau tilteknu takmörk sem slík samtök og félög geta, mega eða mega ekki stefna að og, eftir atvikum, sem ætti að bæta við þau sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð; reglur slíkra samtaka og félaga, samþykktir samtaka annarra en samtaka framleiðenda, þau sértæku

skilyrði sem gilda um samþykktir samtaka framleiðenda í tilteknum geirum, þ.m.t. undanþágur, uppbygging, aðildartímabil, stærð, lýðræðisleg ábyrgðarskylda og starfsemi slíkra samtaka og félaga, sem og áhrif samruna; skilyrði fyrir viðurkenningu, afturköllun og tímabundin afturköllun viðurkenningar, áhrif sem leiða af þessu sem og kröfur um að gera ráðstafanir til úrbóta ef ekki er farið að viðmiðununum fyrir viðurkenningu;

fjölpjóðleg samtök og félög og reglur um stjórnsýsluadstoð þegar um er að ræða samstarf milli landa; þá geira sem þurfa leyfi aðildarríkja sem útvistun gildir um og skilyrði fyrir og eðli þeirrar starfsemi sem má útvista og framlag samtaka eða félaga á tæknilegum úrræðum; grunn fyrir útreikning á lágmarksmagni eða -verðmæti markaðshæfra afurða samtaka og félaga; reglur um útreikning á magni hrámjólkur sem samningaviðræður samtaka framleiðenda snúast um, samþykki fyrir aðilum sem eru ekki framleiðendur ef um er að ræða samtök framleiðenda, eða sem eru ekki samtök framleiðenda ef um er að ræða félag samtaka framleiðenda;

rýmkuð gildissviðs tiltekinna reglna samtakanna til að ná til þeirra sem eiga ekki aðild að þeim og skyldubundinna greiðslna þeirra, sem eiga ekki aðild, á félagsgjöldum, þ.m.t. notkun og úthlutun þessara samtaka á slíkum greiðslum og skrá yfir strangari framleiðslureglur sem má útvíkka, frekari kröfur að því er varðar fyrirvar, hlutaðeigandi efnahagssvæði, þ.m.t. grannskoðun framkvæmdastjórnarinnar á skilgreiningu þeirra, lágmarksgildistíma sem reglur ættu að vera í gildi áður en þær eru framlengdar, þá einstaklinga eða samtök sem reglur eða framlög gilda um og við hvaða kringumstæður framkvæmdastjórnin getur krafist neitunar á útvíkkun reglna eða skyldubundinna greiðslna eða þess að þær séu afturkallaðar.

143) Vöktun viðskiptaflæðis er aðallega stjórnunatriði sem ætti að meðhöndla með sveigjanlegum hætti. Taka ætti ákvörðun um að innleiða kröfur um leyfi með tilliti til þarfar fyrir leyfi, þarfar fyrir stjórnun á viðkomandi mörkuðum og einkum þarfar fyrir að vakta innflutning eða útflutning á viðkomandi afurðum.

144) Til að taka tillit til alþjóðlegra skuldbindinga Sambandsins og gildandi staðla Sambandsins á sviði félagsmála, umhverfis og velferðar dýra, þarfarinnar fyrir að vakta þróun á sviði viðskipta- og markaðsþróunar og innflutnings og útflutnings, þarfarinnar fyrir trausta markaðsstjórnun og þarfarinnar fyrir að draga úr rekstrarlegu álagi, ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar skrána yfir þær afurðir

sem framvísa þarf innflutnings- eða útflutningsleyfi fyrir, og þau tilvik og þær aðstæður þegar ekki er krafist framvísunar á innflutnings- eða útflutningsleyfi.

145) Til að kveða á um frekari þætti leyfiskerfisins ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar reglur um: réttindi og skyldur sem fylgja leyfinu, réttaráhrif þess og tilvik þegar vikmörk gilda að því er varðar að farið sé að þeirri skyldu að flytja inn eða út það magn sem um getur í leyfinu eða, þegar tilgreina skal uppruna, þegar útgáfa innflutningsleyfis eða setning í frjálsa dreifingu er háð framvísun skjals sem er útgefið af þriðja landi eða af stofnun sem vottar m.a. uppruna, áreiðanleika og gæðaeinkenni afurðanna; framsal leyfisins eða takmarkanir á framsalshæfi þess; viðbótarskilyrði vegna innflutningsleyfa fyrir hamp og meginregluna um stjórnsýsluadstoð milli aðildarríkja til að koma í veg fyrir eða takast á við svik og misfellur; og tilvik og aðstæður þegar krafist er eða ekki krafist að lögð sé fram trygging til að ábyrgjast að afurðirnar séu fluttar út eða inn innan gildistíma leyfisins.

146) Í sameiginlegu tollskránni er mælt fyrir um mikilvæga þætti tolla sem gilda um landbúnaðarafurðir og endurspeglar samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og tvíhliða samninga. Veita ætti framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja ráðstafanir er varða nákvæman útreikning innflutningsgjalda samkvæmt þessum mikilvægu þáttum.

147) Viðhalda ætti innflutningsverðskerfinu fyrir tilteknar afurðir. Til að tryggja skilvirgni þess kerfis ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar eftirlit, út frá föstu innflutningsverðmæti, á því hvort uppgefið verð sendingar sé rétt, og til að kveða á um við hvaða skilyrði skuli krefjast framlagningar á tryggingu.

148) Til að koma í veg fyrir eða vega upp á móti skaðlegum áhrifum á markað Sambandsins, sem gætu komið til vegna innflutnings á tilteknum landbúnaðarafurðum, ætti innflutningur á slíkum afurðum að vera háður greiðslu á viðbótargjaldi ef tiltekin skilyrði eru uppfyllt.

149) Rétt þykir, við tiltekin skilyrði, að koma á og stjórna tollkvóta á innflutning sem leiðir af alþjóðasamningum, sem gerðir hafa verið í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins, eða öðrum réttargerðum Sambandsins. Að því er varðar tollkvóta á innflutning ætti stjórnunaraðferðin sem er samþykkt að gefa þörfinni fyrir birgðir á framleiðslu-, vinnslu- og neyslumörkuðum í Sambandinu í nútíð og framtíð, að því er varðar samkeppnishæfni, vissu og stöðugt framboð, og þörfinni á að varðveita jafnvægi á þeim markaði tilhlýðilegt vægi.

- 150) Til að fara að þeim skuldbindingum sem felast í samningunum, sem eru gerðir sem hluti af Úrúgvælotu marghliða viðskiptaviðræðnanna um tollkvóta vegna innflutnings til Spánnar á 2 000 000 tonnum af maís og 300 000 tonnum of dúrru og tollkvóta vegna innflutnings til Portúgal á 500 000 tonnum af maís, ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykka tilteknar gerðir að því er varðar að fastsetja ákvæði sem eru nauðsynleg fyrir framkvæmd á innflutningi samkvæmt tollkvótum og, eftir því sem við á, fyrir opinbera geyslu á því magni sem greiðslustofnanir hlutaðeigandi aðildarríkja flytja inn.
- 151) Til að tryggja sanngjarnan aðgang að því magni sem er í boði og jafna meðferð rekstraraðila innan tollkvótans ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykka tilteknar gerðir að því er varðar: að ákveða skilyrði og hæfnikröfur sem rekstraraðili verður að uppfylla til að leggja fram umsókn innan tollkvótans; að setja reglur um framsal réttinda milli rekstraraðila og, þegar þörf krefur, takmarkanir sem gilda um framsöl í tengslum við stjórnun tollkvótans; að gera þátttöku í tollkvótanum háða framlagningu tryggingar; og að kveða á um, ef nauðsyn krefur, öll séreinkenni, kröfur eða takmarkanir sem gilda um tollkvótann eins og sett er fram í alþjóðasamningnum eða annarri gerð.
- 152) Landbúnaðarafurðir geta í vissum tilvikum notið sérstakrar innflutningsmeðferðar í þriðju löndum ef afurðirnar uppfylla tilteknar nákvæmar skilgreiningar og/eða verðskilyrði. Samvinna á sviði stjórnsýslu milli yfirvalda í þriðja landi, sem er innflutningsland, og Sambandsins er nauðsynleg til að tryggja rétta beitingu slíks kerfis. Því ætti vottorð að fylgja afurðunum sem er gefið út innan Sambandsins.
- 153) Til að tryggja að afurðir sem eru fluttar út geti, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, notið sérstakrar meðferðar við innflutning til þriðja lands, samkvæmt alþjóðasamningum sem Sambandið hefur gert í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins, ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykka tilteknar gerðir að því er varðar að krefjast þess að lögbær yfirvöld aðildarríkja gefi út, samkvæmt beiðni og að loknu viðeigandi eftirliti, skjal til vottunar á því að skilyrðin séu uppfyllt.
- 154) Til að koma í veg fyrir að óleyfileg uppskera raski markaðnum með hamp til trejframleiðslu ætti í þessari reglugerð að kveða á um eftirlit með innflutningi á hampi og hampfræi til að tryggja að slíkum afurðum fylgi tilteknar ábyrgðir að því er varðar tetrahydrókannabinólinnihald þeirra. Því til viðbótar ætti innflutningur á hampfræi sem er ætlað til annars en sáningar að vera áfram háður eftirlitskerfi þar sem séð er til þess að hlutaðeigandi innflytjendur hafi leyfi.
- 155) Unnið er að gæðastefnu að því er varðar afurðir úr humlageiranum á vettvangi Sambandsins. Að því er varðar innfluttar afurðir ætti að fella ákvæðin, sem tryggja að einungis séu fluttar inn afurðir með jafngild lágmarksgæðaeinkenni, inn í þessa reglugerð. Til að lágmarka rekstrarlegt álag ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykka tilteknar gerðir að því er varðar tilvik þegar skuldbindingar sem tengjast staðfestingu á jafngildi og merkingum umbúða ættu ekki að gilda.
- 156) Sambandið hefur gert nokkra samninga við þriðju lönd um fríðindaaðgang að mörkuðum sem heimila þessum löndum að flytja út reyskykur til Sambandsins með góðum kjörum. Halda ætti inni í tiltekinn tíma tengdum ákvæðum um mat á þörf hreinsunarstöðva fyrir sykur til hreinsunar og, með fyrirvara um tiltekin skilyrði, um að taka frá innflutningsleyfi fyrir sérhæfða notendur sem nota umtalsvert magn af innfluttum hráum reysykri og teljast vera hreinsunarstöðvar í fullum rekstri innan Sambandsins. Til að tryggja að innfluttur sykur til hreinsunar sé hreinsaður í samræmi við umræddar kröfur ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykka tilteknar gerðir að því er varðar notkun á skilmálum vegna stjórnunar innflutningsfyrirkomulags; skilyrði og hæfnikröfur sem rekstraraðili þarf að uppfylla til að leggja fram umsókn um innflutningsleyfi, þ.m.t. um framlagningu á tryggingu, og reglur um stjórnsýsluviðurlög sem beita skal.
- 157) Tollkerfið gerir kleift að falla frá öllum öðrum verndarráðstöfunum við ytri landamæri Sambandsins. Innri markaðurinn og tollafyrirkomulagið gætu, í undantekningartilvikum, reynst ófullnægjandi. Í slíkum tilvikum ætti Sambandið að geta án tafar gripið til allra nauðsynlegra ráðstafana til að markaður þess sé ekki varnarlaus gegn röskunum sem af þessu geta leitt. Slíkar ráðstafanir ættu að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Sambandsins.
- 158) Rétt þykir að gera kleift að hætta tímabundið notkun á innra og ytra aðvinnslufyrirkomulagi þegar markaður Sambandsins verður fyrir röskun eða líklegt er að slíkt fyrirkomulag geti valdið röskunum.
- 159) Halda ætti áfram endurgreiðslum til þriðju landa sem byggjast á mismuninum á verði í Sambandinu og á heimsmarkaði og sem eru innan marka samkvæmt skuldbindingum Sambandsins við Alþjóðaviðskiptastofnunina, sem ráðstöfun sem getur náð til tiltekinna

afurða sem þessi reglugerð gildir um þegar skilyrði á innri markaðinum eru eins og þau sem er lýst vegna sérlegra ráðstafana. Setja ætti mörk fyrir verðmæti og magn niðurgreidds útflutnings og, með fyrirvara um beitingu sérlegra ráðstafana, engar endurgreiðslur ættu að vera í boði.

- 160) Þegar útflutningsendurgreiðslur eru ákvarðaðar ætti að tryggja að verðmætamörkunum sé fylgt, með vöktun á greiðslum samkvæmt reglunum um Ábyrgðarsjóð evrópsks landbúnaðar. Auðvelda ætti vöktun með því að skyldubinda fyrirframákvörðun útflutningsendurgreiðslna en gefa kost á því um leið, þegar um er að ræða sundurgreindar endurgreiðslur, að breyta tilgreindum ákvörðunarstað innan landsvæðis þar sem einn fastur endurgreiðslutaxti gildir. Ef breytt er um ákvörðunarstað ætti að greiða útflutningsendurgreiðsluna sem gildir fyrir hinn raunverulega ákvörðunarstað en þó má fjárhæðin ekki fara upp fyrir mörkin sem gilda fyrir ákvörðunarstaðinn sem var tilgreindur fyrir fram.
- 161) Tryggja ætti, með áreiðanlegu og skilvirkri vöktunarkerfi, að magnmörkin séu virt. Til að svo megi verða ætti veiting útflutningsendurgreiðslna að vera háð útflutningsleyfi. Útflutningsendurgreiðslur ætti að veita innan settra marka, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna varðandi hverja afurð sem um er að ræða. Einungis ætti að leyfa undantekningar frá þeirri reglu fyrir unnar afurðir sem ekki eru tilgreindar í I. viðauka við sáttmálana og falla ekki undir magntakmarkanir. Kveða ætti á um að víkja megi frá kröfunni um að farið sé nákvæmlega eftir stjórnunarreglu ef um er að ræða útflutning sem útflutningsendurgreiðslur eru veittar fyrir og ólíklegt er að útflutningurinn fari yfir magnið sem mælt er fyrir um.
- 162) Ef um er að ræða útflutning á lifandi nautgripum ætti einungis að veita og greiða útflutningsendurgreiðslur ef ákvæði í löggjöf Sambandsins um velferð dýra, einkum þau sem snúa að vernd dýra í flutningi, eru virt.
- 163) Til að tryggja að útflutningsendurgreiðslukerfið virki eðlilega ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar kröfuna um að leggja fram tryggingu til að ábyrgjast að rekstraraðilinn sinni skuldbindingum sínum.
- 164) Til að lágmarka rekstrarlegt álag rekstraraðila og yfirvalda ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar að setja þannig viðmiðunarmörk að ef ekki er farið yfir þau sé ekki krafist að staðið sé við skuldbindinguna um útgáfu eða framvísun á útflutningsleyfi, um að tilnefna ákvörðunarstaði eða rekstur þar sem hægt er að réttlæta veitingu á undanþágu frá skuldbindingunni um að framvísa útflutningsleyfi og til að leyfa, í rökstuddum tilvikum, útgáfu útflutningsleyfa eftir á.
- 165) Til að bregðast við hagkvæmum aðstæðum sem réttlæta hæfi til útflutningsendurgreiðslna, að öllu leyti eða hluta til og til að aðstoða rekstraraðila við að komast af á tímabilinu frá umsókn og fram að endanlegri útflutningsendurgreiðslu, ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar reglur um: aðra dagsetningu endurgreiðslunnar; fyrirframgreiðslu útflutningsendurgreiðslna, þ.m.t. skilyrðin fyrir framlagningu og endurgreiðslu tryggingar; viðbótar-sannanir þegar vafi leikur á um endanlegan ákvörðunarstað afurða og um tækifæri til endurinnflutnings inn á tollsvæði Sambandsins; ákvörðunarstaði sem farið er með sem útflutning frá Sambandinu og inntöku ákvörðunarstaða innan tollsvæðis Sambandsins sem veita má útflutningsendurgreiðslur fyrir.
- 166) Til að tryggja jafnan aðgang að útflutningsendurgreiðslum fyrir útflytjendur afurða sem eru tilgreindar í I. viðauka við sáttmálana og afurða sem eru unnar úr þeim ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar beitingu tiltekinna reglna um landbúnaðarafurðir að því er varðar afurðir sem eru fluttar út sem unnar vörur.
- 167) Til að tryggja að afurðir sem útflutningsendurgreiðslur eru veittar fyrir séu fluttar út frá tollsvæði Sambandsins og til að fyrirbyggja að þær komi aftur inn á það yfirráðasvæði, sem og til að lágmarka rekstrarlegt álag rekstraraðila við að afla og leggja fram sannanir fyrir því að afurðir sem endurgreiðslur fást fyrir hafi borist til viðtökulands, sem skapar rétt til sundurgreindra endurgreiðslna, ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar reglur um: tímamörk til að ljúka för út af tollsvæði Sambandsins, þ.m.t. tímabil fyrir tímabundna endurkomu; vinnsluna sem afurðir, sem útflutningsendurgreiðslur eru veittar fyrir, mega fara í gegnum á því tímabili; sannanir fyrir því að ákvörðunarstað hafi verið náð til að réttur skapist á sundurgreindum endurgreiðslum; viðmiðunarmörk fyrir endurgreiðslur og skilyrði fyrir undanþágum frá slíkri sönnunarbyrði fyrir útflytjendur; og skilyrði fyrir viðurkenningu sannana sem óháðir þriðju aðilar leggja fram fyrir því að ákvörðunarstað hafi verið náð sem veitir rétt til sundurgreindra endurgreiðslna.
- 168) Til að hvetja útflytjendur til að virða skilyrði um velferð dýra og til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að sannprófa rétt útgjöld vegna útflutningsendurgreiðslna þegar þær eru bundnar skilyrðum um að kröfur um velferð dýra séu virtar, ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar kröfur um velferð dýra utan tollsvæðis Sambandsins, þ.m.t. notkun á óháðum þriðju aðilum.

- 169) Til að taka til greina séreinkenni hinna mismunandi geira ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar sértækar kröfur og skilyrði fyrir rekstraraðila og afurðir sem eru hæfar til útflutningsendurgreiðslna, og um að koma á reiknistuðlum til að reikna út útflutningsendurgreiðslur með tilliti til þroskunarferlis tiltekinna brenndra drykkja sem eru fengnir úr kornvörum.
- 170) Lágmarksútflutningsverð fyrir blómlauka á ekki lengur við og ætti að fella það niður.
- 171) Í samræmi við 42. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gilda ákvæði sáttmálans varðandi samkeppni að því er varðar framleiðslu á landbúnaðarafurðum og viðskipti með þær einungis að því marki sem ákvarðað er í löggið Sambandsins innan ramma 2. mgr. 43. gr. sáttmálans og í samræmi við málsmeðferðina sem þar er kveðið á um.
- 172) Í ljósi séreinkenna landbúnaðargeirans og hversu háður hann er því að öll birgðakeðjan fyrir matvæli virki sem skyldi, þ.m.t. skilvirk beiting samkeppnisreglna í öllum tengdum geirum í gegnum allt matvælaferlið, sem getur verið mjög samþjappað, ætti að veita beitingu samkeppnisreglnanna, sem mælt er fyrir um í 42. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sérstaka athygli. Í því skyni er þörf fyrir nána samvinnu á milli framkvæmdastjórnarinnar og samkeppnisyfirvalda aðildarríkjanna. Enn fremur eru viðmiðunarreglur, sem framkvæmdastjórnin samþykkir eftir því sem við á, hentugt stjórnæki til að leiðbeina fyrirtækjum og öðrum viðkomandi hagsmunaaðilum.
- 173) Kveða ætti á um að samkeppnisreglur sem varða samninga, ákvarðanir og aðgerðir sem um getur í 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, og misnotkun markaðsráðandi stöðu, gildi um framleiðslu á landbúnaðarvörum og viðskiptum með þær, að því tilskildu að beiting þeirra stofni ekki markmiðum sameiginlegu landbúnaðarstefunnar í hættu.
- 174) Rétt er að heimila sérstaka nálgun þegar um er að ræða samtök bænda eða framleiðenda eða félaga þeirra sem hafa að markmiði sameiginlega framleiðslu landbúnaðarvара eða setningu þeirra á markað eða notkun á sameiginlegri aðstöðu, nema þegar þessar sameiginlegu aðgerðir hindra samkeppni eða stofna markmiðunum, sem um getur í 39. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, í hættu.
- 175) Með fyrirvara um stjórnun á framboði tiltekinna afurða, s.s. osts og skinku sem njóta verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar landfræðilegrar merkingar, eða víns, sem um gilda sérstakar reglur, ætti að beita sérstakri nálgun að því er varðar tiltekna starfsemi fjölgreinasamtaka með því skilyrði að hún leiði ekki til skiptingar á mörkuðum, hafi ekki áhrif á trausta starfsemi sameiginlega markaðskerfisins, raski ekki eða dragi úr samkeppni, feli ekki í sér verðsamráð eða samráð um kvóta eða skapi mismunun.
- 176) Hætt er við því að eðlilegri starfsemi innri markaðarins yrði teft í tvísýnu ef veitt yrði landsbundin aðstoð. Því ættu ákvæði sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins varðandi ríkisaðstoð almennt að gilda um landbúnaðarafurðir. Þrátt fyrir þetta ætti að leyfa undanþágur við ákveðnar aðstæður. Þegar slíkar undanþágur eru fyrir hendi ætti framkvæmdastjórnin að vera í aðstöðu til að gera skrá yfir gildandi, nýja eða fyrirhugaða landsbundna aðstoð, leggja viðeigandi athugasemdir fyrir aðildarríkin og gera tillögur að viðeigandi ráðstöfunum.
- 177) Ákvæðin um framlag vegna ruðningar og um tilteknar ráðstafanir samkvæmt stuðningsáætlunum fyrir vín ættu ekki ein og sér að útiloka greiðslur innanlands í sama tilgangi.
- 178) Vegna sérstakra efnahagslegra aðstæðna í framleiðslu og setningu hreindýra og hreindýraafurða á markað ættu Finnland og Svíþjóð að halda áfram að veita greiðslu innanlands að því er það varðar.
- 179) Í Finnlandi er ræktun sykkurófna háð sérstökum landfræðilegum og veðurfarslegum skilyrðum sem hafa óhagstæð áhrif á geirann, auk almennra áhrifa af umbótunum í sykurgeiranum. Því ætti að veita því aðildarríki varanlega heimild til að inna af hendi greiðslur innanlands til sykkurófuræktenda þar.
- 180) Aðildarríki ættu að geta innt af hendi greiðslur innanlands til sameiginlegrar fjármögnunar á ráðstöfununum vegna býræktar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, sem og til að vernda býgarða sem standa illa að vígi vegna uppbyggingar eða náttúrulegra aðstæðna eða sem falla undir hagþróunaráætlanir, að undanteknum greiðslum innanlands sem er úthlutað vegna framleiðslu eða viðskipta.
- 181) Aðildarríki sem taka þátt í áætlunum um að bæta aðgang barna að matvælum ættu að geta veitt landsbundna aðstoð til viðbótar við aðstoð frá Sambandinu varðandi afhendingu afurðanna og tiltekinn tengdan kostnað.

- 182) Til að takast á við rökstutt krísuástand, jafnvel eftir lok umbreytingartímabilsins, ættu aðildarríki að geta innt af hendi greiðslur innanlands vegna neyðareimingar innan heildartakmarkana fjárlaga sem nemur 15% af verðgildi viðeigandi árlegra fjárlaga viðkomandi aðildarríkis fyrir innlenda stuðningsáætlun sína. Tilkynna ætti framkvæmdastjórninni um slíkar greiðslur innanlands og þær samþykktar áður en þær eru veittar.
- 183) Leyfa ætti aðildarríkjum að halda áfram að inna af hendi greiðslur innanlands fyrir hnetur, eins og nú er kveðið á um skv. 120. gr. reglugerðar (EB) nr. 73/2009, til að milda áhrifin af aftengingu hins gamla aðstoðarkerfis Sambandsins fyrir hnetur. Þar eð fella á þá reglugerð úr gildi ætti, til glöggvunar, að kveða á um þessar greiðslur innanlands í þessari reglugerð.
- 184) Gera ætti sérstakar íhlutunarráðstafanir til að bregðast á skilvirkan og markvissan hátt við ógnum um markaðsröskun. Skilgreina ætti gildissvið þessara ráðstafana.
- 185) Til að bregðast á skilvirkan og markvissan hátt við ógnum um markaðsröskun vegna umtalsverðra verðhækkana eða verðfalls á innri eða ytri mörkuðum eða öðrum atburðum og aðstæðum sem á umtalsverðan hátt raska eða skapa hættu á slíkri röskun á markaðinum, þegar þær aðstæður, eða áhrif þeirra á markaðinn, eru líklegar til að halda áfram eða versna, ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykka tilteknar gerðir að því er varðar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að takast á við þessar markaðsaðstæður, jafnhliða því að virða allar skuldbindingar sem leiða af alþjóðasamningum, og að því tilskildu að aðrar ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð virðist ófullnægjandi, þ.m.t. ráðstafanir til að vikka gildissviðið eða breyta því, gildistíma eða öðrum þáttum annarra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eða til að kveða á um útflutningsendurgreiðslur, eða fella innflutningsgjöld niður tímabundið, í heild sinni eða að hluta, þ.m.t. fyrir tiltekið magn eða tiltekin tímabil, eftir því sem þörf er á.
- 186) Takmarkanir á frjálstri dreifingu vegna ráðstafana til að hamla útbreiðslu dýrasjúkdóma gætu valdið erfiðleikum á markaðinum í einu eða fleiri aðildarríkjum. Reynslan sýnir að rekja má alvarlegar markaðsraskanir, s.s. umtalsverðan samdrátt í neyslu eða lækkun verðs, til þess að tiltrú neytenda hefur glatast vegna áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna. Í ljósi reynslunnar ætti að rýmka gildissvið ráðstafana, sem má rekja til missis á tiltrú neytenda, þannig að það nái til plöntuafurða.
- 187) Sérlegar markaðsstuðningsráðstafanir fyrir nauta- og kálfakjöt, mjólk og mjólkurafurðir, svínakjöt, kind- og geitakjöt, egg og alifuglakjöt ættu að tengjast, með beinum hætti, ráðstöfunum sem varða heilbrigði manna og heilbrigði dýra og dýraafurða sem eru samþykktar til að hamla útbreiðslu sjúkdóma. Grípa ætti til þeirra að beiðni aðildarríkja til að koma í veg fyrir alvarlega röskun á mörkuðum.
- 188) Til að bregðast rétt við sérstökum aðstæðum ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykka tilteknar gerðir til að bæta við skrána yfir afurðir, sem sett er fram í þessari reglugerð, að því er varðar hvaða sérlegu stuðningsráðstafanir megi samþykka.
- 189) Veita ætti framkvæmdastjórninni heimild til að samþykka nauðsynlegar ráðstafanir til að leysa sérstök vandamál í neyðartilvikum.
- 190) Skilvirk og markviss viðbrögð við ógnum um markaðsröskun geta verið sérlega mikilvæg í mjólkurgeiranum. Einnig geta komið upp sérstök vandamál í neyðartilvikum. Því er nauðsynlegt að leggja áherslu á að samþykkt framkvæmdastjórnarinnar á framangreindum ráðstöfunum þegar um markaðsröskun er að ræða, þ.m.t. ójafnvægi á markaði, eða á ráðstöfunum sem þarf til að leysa sérstök vandamál í neyðartilvikum, nái sérstaklega til mjólkurgeirans.
- 191) Til að bregðast við tímabilum þegar mikið ójafnvægi er á mörkuðum geta tilteknir flokkar sameiginlegra aðgerða rekstraraðila í einkageiranum verið viðeigandi sem sérlegar ráðstafanir til að koma jafnvægi á hlutaðeigandi geira, með fyrirvara um nákvæmar verndarráðstafanir, takmarkanir og skilyrði. Þegar slíkar aðgerðir gætu fallið undir gildissvið 1. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins ætti framkvæmdastjórnin að geta veitt undanþágu til takmarkaðs tíma. Hins vegar ættu þessar ráðstafanir að vera viðbót við aðgerðir Sambandsins innan ramma opinberrar íhlutunar og einkageymslu eða sérlegar ráðstafanir sem fyrirhugaðar eru í þessari reglugerð og ættu ekki að hamla starfsemi innri markaðarins.
- 192) Mögulegt ætti að vera að krefjast þess að fyrirtæki, aðildarríki eða þriðju lönd leggi fram tilkynningar við beitingu þessarar reglugerðar, vöktunar, greiningar og stjórnunar á markaðnum með landbúnaðarafurðir, til að tryggja gagnsæi á markaði og eðlilega virkni ráðstafana sem varða sameiginlegu landbúnaðarstefnuna, athuganir, eftirlit, vöktun, mat og endurskoðun á ráðstöfunum sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar, sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í alþjóðasamningum, þ.m.t. um tilkynningarskyldu samkvæmt þessum samningum. Til að tryggja samræmingu, hagræðingu og einföldun í nálgun ætti að veita framkvæmdastjórninni vald til að samþykka nauðsynlegar ráðstafanir varðandi tilkynningar. Þegar það er gert ætti að taka tillit til þarfa fyrir gögn og samlegðaráhrif hugsanlegra gagnagjafa.

- 193) Til að tryggja heildstæði upplýsingakerfa og áreiðanleika og læsileika skjala og tengdra gagna sem eru send ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar tegund og gerð þeirra upplýsinga sem skal tilkynna um; flokka gagna sem skal vinna úr og hámarksgeymslutíma þeirra; tilgang vinnslunnar, einkum ef kemur til birtingar slíkra gagna og sendingar þeirra til þriðju landa; aðgangsréttinn að upplýsingunum eða upplýsingakerfum sem eru gerð aðgengileg; og skilyrðin fyrir birtingu upplýsinganna.
- 194) Lög Sambandsins um vernd einstaklinga með tilliti til vinnslu á persónugögnum og um frjálst flæði slíkra gagna, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB⁽¹⁰⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001⁽¹¹⁾, gilda.
- 195) Evrópska persónuverndarstofnunin var höfð með í ráðum og skilaði álit 14. desember 2011⁽¹²⁾.
- 196) Millifæra ætti fjármuni úr varasjóðnum vegna krísu-ástands í landbúnaðargeiranum samkvæmt þeim skilyrðum og málsmeðferðarreglum sem um getur í 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013 og í 22. lið samstarfssamningsins milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um aga í stjórn fjármála, samstarf við fjárlagagerð og trausta fjármála-stjórnun frá 17. desember 2013⁽¹³⁾, og skýra ætti að þessi reglugerð er sú grundvallargerð sem gildir.
- 197) Til að tryggja snurðlaus umskipti frá því fyrirkomulagi sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 yfir í það sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tilteknar gerðir að því er varðar að koma á nauðsynlegum ráðstöfunum, einkum þeim sem nauðsynlegar eru til að vernda áunninn réttindi og lögmæt væntingar fyrirtækja.
- 198) Notkun flýtimeðferðar þegar framseldar gerðir eru samþykktar samkvæmt þessari reglugerð ætti að vera bundin við undantekningartilvik þegar brýna nauðsyn ber til að bregðast á skilvirk og markvissan hátt við ógnum um markaðsröskun eða þegar markaðsraskanir eiga sér stað. Val á flýtimeðferð ætti að rökstyðja og tilgreina ætti þau tilvik þegar nota ætti flýtimeðferð.
- 199) Til að tryggja samræmd skilyrði vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011⁽¹⁴⁾.
- 200) Nota ætti rannsóknarmálsmeðferðina við samþykkt þeirra gerða sem eru til framkvæmdar þessarar reglugerðar þar eð þær gerðir tengjast sameiginlegu landbúnaðarstefnunni eins og um getur í ii. lið b-liðar 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011. Hins vegar ætti að nota ráðgjafarnefndarmeðferðina við samþykkt þeirra gerða sem eru til framkvæmdar þessarar reglugerðar að því er varðar samkeppnismál, þar eð ráðgjafarnefndarmeðferðin er almennt notuð við samþykkt framkvæmdargerða á sviði samkeppnislaga.
- 201) Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja framkvæmdar-gerðir, sem öðlist strax gildi, að því er varðar samþykki, breytingar eða afturköllun verndarráðstafana Sambandsins, tímabundna niðurfellingu á aðvinnslu undir eftirliti tollýfirvalda eða á innra eða ytra aðvinnslu-fyrirkomulagi, ef slíkt er nauðsynlegt til að bregðast tafarlaust við markaðsaðstæðum, og til að leysa sérstök vandamál, í neyðartilvikum, sem þarf að takast á við án tafar þegar, í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, brýna nauðsyn ber til.
- 202) Að því er varðar tilteknar ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð sem útheimta skjótar aðgerðir eða sem felast einungis í beitingu almennra ákvæða í tengslum við tilteknar aðstæður án þess að til komi mat, ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framkvæmdargerðir án þess að beita ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
- 203) Enn fremur ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að framkvæma tiltekin stjórnsýslu- eða stjórnunarverkefni sem ekki fela í sér samþykkt framseldra gerða eða framkvæmdargerða.
- 204) Í þessari reglugerð ætti að kveða á um tilteknar sértækar reglur sem varða Króatíu, í samræmi við lögum um aðild Króatíu⁽¹⁵⁾.
- 205) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1234/2007 munu nokkrar ráðstafanir sem eru bundnar við geira falla úr gildi innan hæfilegs tíma frá gildistöku þessarar reglugerðar. Eftir niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1234/2007 ættu viðeigandi ákvæði að gilda áfram til loka viðkomandi áætlana.
- 206) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 922/72⁽¹⁶⁾ um aðstoð vegna silkiorma á eldisárinu 1972/1973 er nú úrelt;

⁽¹⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

⁽¹¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB C 35, 9.2.2010, bls. 1.

⁽¹³⁾ Stjtið. ESB C 373, 20.12.2013, bls. 1.

⁽¹⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

⁽¹⁵⁾ Stjtið. ESB L 112, 24.4.2012, bls. 21.

⁽¹⁶⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 922/72 um almennar reglur um veitingu aðstoðar að því er varðar silkiorma á eldisárinu 1972/73 (Stjtið. EB L 106, 5.5.1972, bls. 1).

Þessi reglugerð kemur í stað reglugerðar (EBE) nr. 234/79 um málsmeðferð fyrir aðlögun á sameiginlegu tollnafnaskránni; reglugerð ráðsins (EB) nr. 1601/96 ⁽¹⁷⁾ um aðstoð til humlaframleiðenda vegna uppskeruársins 1995 er tímabundin ráðstöfun sem er, eðlis síns vegna, nú orðin úrelt. Í staðinn fyrir reglugerð ráðsins (EB) nr. 1037/2001 ⁽¹⁸⁾ um að heimila að bjóða megi til sölu og afhenda tiltekin innflutt vín eru komin ákvæði í samningnum milli Evrópubandalagsins og Bandaríkjanna Norður-Ameríku um viðskipti með vín sem var samþykktur með ákvörðun ráðsins 2006/232/EB ⁽¹⁹⁾ og er hún því úrelt. Til glöggvunar og vegna réttaröryggis ætti að fella þessar reglugerðir úr gildi.

207) Tilteknar reglur sem gilda innan mjólkur- og mjólkurafurðageirans, einkum þær sem varða samningsbundin tengsl og samningaviðræður; stjórnun á framboði á ostum með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu; og yfirlýsingar fyrstu kaupenda, samtaka framleiðenda, félaga samtaka framleiðenda og fjölgreinasamtaka, tóku gildi nýlega og eru enn studdar af núverandi efnahagsaðstæðum á markaðinum með mjólkurafurðir og af uppbyggingu birgðakeðjunnar. Þeim ætti því að beita innan þess geira í nægilega langan tíma (bæði fyrir og eftir afnám mjólkurkvóta) til að þær geti haft full áhrif. Þessar reglur ætti hins vegar að vera tímabundnar í eðli sínu og ættu að vera háðar endurskoðun. Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja skýrslur um þróun mjólkurmarkaðarins sem ná einkum til hugsanlegra ívilnana til að hvetja bændur til að gera samninga um sameiginlega framleiðslu og skal fyrsta skýrslan lögð fram eigi síðar en 30. júní 2014 og önnur skýrslan eigi síðar en 31. desember 2018.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. HLUTI

INNGANGSÁKVÆÐI

1. gr.

Gildissvið

1. Með þessari reglugerð er komið á sameiginlegu markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir, en það hugtak nær til allra afurðanna sem eru tilgreindar í I. viðauka við sáttmálana, að undanskildum fisk- og lagareldisafurðum eins og þær eru skilgreindar í lögjöf Sambandsins um sameiginlegt markaðskerfi fyrir fisk- og lagareldisafurðir.

⁽¹⁷⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1061/96 frá 30. júlí 1996 um umfang aðstoðar, að því er varðar humla, til framleiðenda vegna uppskeruársins 1995 (Stjtið. EB L 206, 16.8.1996, bls. 46).

⁽¹⁸⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1037/2001 frá 22. maí 2001 um að heimila að bjóða megi til sölu og afhenda til beinnar neyslu tiltekin innflutt vín sem kunna að hafa fengið vínfræðilega vinnslu sem ekki er kveðið á um í reglugerð (EB) nr. 1493/1999 (Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 12).

⁽¹⁹⁾ Ákvörðun ráðsins 2006/232/EB frá 20. desember 2005 um gerð samnings milli Evrópubandalagsins og Bandaríkjanna um viðskipti með vín (Stjtið. ESB L 87, 24.3.2006, bls. 1).

2. Landbúnaðarafurðum, eins og þær eru skilgreindar í 1. mgr., skal skipt niður í eftirfarandi geira eins og tilgreint er í viðeigandi hlutum I. viðauka:

- a) kornvörur, I. hluti,
- b) hrísgrjón, II. hluti,
- c) sykur, III. hluti,
- d) þurrkað fóður, IV. hluti,
- e) fræ, V. hluti,
- f) humlar, VI. hluti,
- g) ólífuoía og ólífur til átu, VII. hluti,
- h) hör og hampur, VIII. hluti,
- i) aldin og grænmeti, IX. hluti,
- j) unnar afurðir úr aldinum og grænmeti, X. hluti,
- k) bananar, XI. hluti,
- l) vín, XII. hluti,
- m) lifandi tré og aðrar plöntur, blómlaukar, rætur og þess háttar, afskorin blóm og lauf til skrauts, XIII. hluti,
- n) tóbak, XIV. hluti,
- o) nauta- og kálfakjöt, XV. hluti,
- p) mjólk og mjólkurafurðir, XVI. hluti,
- q) svínakjöt, XVII. hluti,
- r) kinda- og geitakjöt, XVIII. hluti,
- s) egg, XIX. hluti,
- t) alifuglakjöt, XX. hluti,
- u) etanol úr landbúnaði, XXI. hluti,
- v) býræktarafurðir, XXII. hluti,
- w) silkiormar, XXIII. hluti,
- x. aðrar afurðir, XXIV. hluti.

2. gr.

Almenn ákvæði sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar (CAP)

Reglugerð (EB) nr. 1306/2013 og ákvæði sem eru samþykkt samkvæmt henni gilda í tengslum við þær ráðstafanir sem settar eru fram í þessari reglugerð.

3. gr.

Skilgreiningar

1. Að því er varðar þessa reglugerð gilda skilgreiningarnar varðandi tiltekna geira sem settar eru fram í II. viðauka.

2. Skilgreiningarnar sem eru settar fram í B-þætti II. hluta II. viðauka gilda einungis til loka markaðsársins 2016/2017 fyrir sykur.

3. Skilgreiningarnar sem eru settar fram í reglugerð (ESB) nr. 1306/2013, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1307/2013 ⁽²⁰⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1305/2013 ⁽²¹⁾ gilda að því er varðar þessa reglugerð ef ekki er kveðið á um annað í þessari reglugerð.

4. Til að taka tillit til séreinkenna hrísgrjónageirans skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að breyta skilgreiningunum varðandi hrísgrjónageirann sem eru settar fram í I. hluta II. viðauka eftir því sem þurfa þykir til að uppfæra skilgreiningarnar í ljósi markaðsþróunar.

5. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „landsvæði sem eru á eftir í þróun“: þau svæði sem eru skilgreind sem slík í a-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 90. gr. í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1303/2013 ⁽²²⁾
- b) „óhagstæður veðuratburður sem má telja til náttúruhamfara“: veðurskilyrði s.s. frost, haglé, ísing, regn eða þurrkar sem eyðileggja meira en 30% af árlegri meðalframleiðslu tiltekens bónda á næstliðnu þriggja ára tímabili eða þriggja ára meðaltali sem byggist á næstliðnu fimm ára tímabili, að hæsta og lægsta gildinu frátöldu.

⁽²⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1307/2013 frá 17. desember 2013 um að koma á reglum um beingreiðslur til bænda samkvæmt stuðningskerfum innan ramma sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 637/2008 og reglugerðar ráðsins (EB) nr. 73/2009 (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 608).

⁽²¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1305/2013 frá 17. desember 2013 um stuðning Dreifbýlisþróunarsjóðs evrópsks landbúnaðar (EAFRD) við dreifbýlisþróun og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1698/2005 (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 487).

⁽²²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1303/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginleg ákvæði um Bygðþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu og Samheldnisjóðinn, Dreifbýlisþróunarsjóð evrópsks landbúnaðar, Sjávarútvegssjóð Evrópu og um almenn ákvæði um Bygðþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu, Samheldnisjóðinn og Sjávarútvegssjóð Evrópu og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1083/2006 (Stjtið ESB L 347, 20.12.2013, bls. 85).

4. gr.

Aðlögun á sameiginlegu tollnafnaskránni fyrir landbúnaðarafurðir

Ef nauðsyn krefur til að taka tillit til breytinga á sameinuðu nafnaskránni skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að aðlaga lýsingar á afurðum og tilvísanirnar í þessari reglugerð að vöruliðum eða undirliðum í sameinuðu nafnaskránni.

5. gr.

Umreikningsgengi fyrir hrísgrjón

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir:

- a) til að fastsetja umreikningsgengi fyrir hrísgrjón á ýmsum vinnslustigum, fyrir vinnslukostnað og fyrir verðmæti aukaafurða,
- b) til að samþykkja allar nauðsynlegar ráðstafanir varðandi notkun á umreikningsgengi fyrir hrísgrjón.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

6. gr.

Markaðsár

Eftirfarandi markaðsár skulu fastsett:

- a) frá 1. janúar til 31. desember tiltekið ár fyrir aldin- og grænmetisgeirann og geira unninna aldina og grænmetis og bananageira,
- b) frá 1. apríl til 31. mars árið eftir fyrir geira þurrkaðs fódurs og silkiorma,
- c) frá 1. júlí til 30. júní árið eftir fyrir:
 - i. kornvörugeirann,
 - ii. frægeirann,
 - iii. geira ólífuolíu og ólífa til átu,
 - iv. hör- og hampgeirann og
 - v. mjólkur- og mjólkurafurðageirann,
- d) frá 1. ágúst til 31. júlí árið eftir fyrir vingeirann,
- e) frá 1. september til 31. ágúst árið eftir fyrir hrísgrjónageirann,
- f) frá 1. október til 30. september árið eftir fyrir sykurgeirann.

7. gr.

Viðmiðunarmörk

1. Eftirfarandi viðmiðunarmörk eru fastsett:
 - a) að því er varðar kornvörugæirann, við 101,31 evru á tonnið, í tengslum við heildsölustigið fyrir vörur sem eru afhentar til vörugæymslu, fyrir affermingu,
 - b) að því er varðar hýðishrisgrjón, við 150 evru á tonnið fyrir staðalgæðin eins og þau eru skilgreind í A-lið III. viðauka, í tengslum við heildsölustigið fyrir vörur sem eru afhentar í vörugæymslu fyrir affermingu,
 - c) að því er varðar sykur af staðalgæðum eins og þau eru skilgreind í B-lið III. viðauka, í tengslum við óinnpakkaðan sykur frá verksmiðju:
 - i. fyrir hvítan sykur: 404,4 evru á tonnið,
 - ii. fyrir hrásykur: 335,2 evru á tonnið,
 - d) að því er varðar nauta- og kálfakjötsgeirann: 2224 evru á tonnið af nautsskrokkum í holdfyllingar-/fituhuluflokki R3 eins og mælt er fyrir um í matskerfi Sambandsins fyrir flokkun skrokka af fullvöxnum nautgripum, 8 mánaða eða eldri, sem um getur í A-lið IV. viðauka,
 - e) að því er varðar mjólkur- og mjólkurafurðageirann:
 - i. 246,39 evru á hver 100 kg af smjöri,
 - ii. 169,80 evru á hver 100 kg af undanrennudufti,
 - f) að því er varðar svínakjöt: 1509,39 evru á tonnið af svínaskrokkum af staðalgæðum sem eru skilgreind með tilliti til þyngdar og hlutfalls magurs kjöts eins og mælt er fyrir um í matskerfi Sambandsins fyrir flokkun svínaskrokka, sem um getur B-lið IV. viðauka, eins og hér segir:
 - i. skrokkar sem vega frá 60–120 kg: E-flokkur,
 - ii. skrokkar sem vega frá 120–180 kg: R-flokkur,
 - g) að því er varðar ólífuoilugeirann:
 - i. 1779 evru á tonnið af hágæðajómfrúarólífuoilu,
 - ii. 1710 evru á tonnið af jómfrúarólífuoilu,

iii. 1524 evru á tonnið af bómolíu sem inniheldur 2% óbundnar fitusýrur, en þessi fjárhæð skal lækkuð um 36,70 evru á hvert tonn fyrir hvern hundraðshluta sem sýrustigið hækkar um.

2. Viðmiðunarmörkin sem kveðið er á um í 1. mgr. skulu vera í stöðugri endurskoðun hjá framkvæmdastjórninni með tilliti til hlutlægra viðmiðana, einkum þróunar í framleiðslu, framleiðslukostnaðar (einkum aðfanga), og markaðsþróunar. Ef þörf krefur skal uppfæra viðmiðunarmörkin í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð í ljósi þróunar í framleiðslu og á mörkuðum.

II. HLUTI

INNRI MARKAÐUR

I. BÁLKUR

MARKAÐSIHLUTUN

I. KAFLI

Opinber íhlutun og aðstoð vegna einkageymslu

1. þáttur

Almenn ákvæði um opinbera íhlutun og aðstoð vegna einkageymslu

8. gr.

Gildissvið

Í þessum kafla er mælt fyrir um reglur um markaðsihlutun að því er varðar:

- a) opinbera íhlutun þegar lögbær yfirvöld aðildarríkanna kaupa inn afurðir og geyma þær þar til þeim er ráðstafað og
- b) veitingu aðstoðar vegna geymslu rekstraraðila í einka-geiranum á afurðum.

9. gr.

Uppruni afurða sem uppfylla viðeigandi skilyrði

Afurðir, sem eru hæfar til innkaupa innan ramma opinberrar íhlutunar eða til veitingar aðstoðar vegna einkageymslu, skulu vera upprunnar í Sambandinu. Ef þær eru unnar úr nytjaplöntum, skal uppskera þeirra nytjaplantna að auki hafa farið fram í Sambandinu og ef þær eru unnar úr mjólk skal sú mjólk hafa verið framleidd í Sambandinu.

10. gr.

Matskerfi Sambandsins fyrir flokkun skrokka

Matskerfi Sambandsins fyrir flokkun skrokka skal gilda í samræmi við A-lið og B-lið IV. viðauka, fyrir nauta- og kálfakjötsgeirann að því er varðar skrokka af nautgripum sem eru 8 mánaða eða eldri og fyrir svínakjötsgeirann að því er varðar önnur svín en þau sem hafa verið notuð til undaneldis, í þeirri röð.

Í kind- og geitakjötsgeiranum geta aðildarríki beitt matskerfi Sambandsins fyrir flokkun kindaskrokka í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í C-lið IV. viðauka.

2. þáttur

Opinber íhlutun*11. gr.***Afurðir sem eru hæfar fyrir opinbera íhlutun**

Opinber íhlutun skal gilda að því er varðar eftirfarandi afurðir í samræmi við skilyrði sem mælt er fyrir um í þessum þætti og allar viðbótarkröfur og skilyrði sem framkvæmdastjórnin kann að ákveða, með framseldum gerðum skv. 19. gr. og framkvæmdargerðum skv. 20. gr.:

- a) venjulegt hveiti, harðhveiti, bygg og maís,
- b) hýðishrisgrjón,
- c) nýtt eða kælt kjöt úr nauta- og kálfakjötsgeiranum sem fellur undir SN-númerin 02011000 og 02012020 til 02012050,
- d) smjör sem er framleitt beint og eingöngu úr gerilsneyddum rjóma sem er fenginn beint og eingöngu úr kúamjólk hjá viðurkenndu fyrirtæki í Sambandinu og inniheldur að lágmarki 82% smjörfítu, miðað við þyngd, og að hámarki 16% vatn miðað við þyngd,
- e) úðapurkað undanrennuduft í hesta gæðaflokki framleitt úr kúamjólk hjá viðurkenndu fyrirtæki í Sambandinu og inniheldur að lágmarki 34,0% prótín, miðað við þyngd fitulausra þurrefna.

*12. gr.***Tímabil opinberrar íhlutunar**

Opinber íhlutun skal standa til boða fyrir:

- a) venjulegt hveiti, harðhveiti, bygg og maís frá 1. nóvember til 31. maí,
- b) hýðishrisgrjón frá 1. apríl til 31. júlí,
- c) nautakjöt og kálfakjöt allt árið um kring,
- d) smjör og undanrennuduft frá 1. mars til 30. september.

*13. gr.***Upphaf og lok opinberrar íhlutunar**

1. Á þeim tímabilum sem um getur í 11. gr. gildir eftirfarandi um opinbera íhlutun:

- a) hún skal fara fram fyrir venjulegt hveiti, smjör og undanrennuduft,
- b) framkvæmdastjórnin getur hafið hana með framkvæmdargerðum fyrir harðhveiti, bygg, maís og hýðishrisgrjón (þ.m.t. tiltekin yrki eða gerðir hýðishrisgrjóna), efmarkaðsaðstæður

krefjast þess. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

- c) framkvæmdastjórnin getur hafið hana fyrir nauta- og kálfakjötsgeirann með framkvæmdargerðum sem eru samþykktar án þess að málsmeðferðinni, sem um getur í 2. eða 3. mgr. 229. gr., sé beitt ef, á dæmigerðu tímabili sem er ákveðið skv. c-lið fyrstu málsgreinar 20. gr., meðalmarkaðsverð í aðildarríki eða á landsvæði innan aðildarríkis, sem er skráð á grundvelli matskerfis Sambandsins fyrir flokkun á skrokkum af nautgripum sem um getur í A-lið IV. viðauka, er undir 85% af viðmiðunarmörkunum sem mælt er fyrir um í d-lið 1. mgr. 7. gr.

2. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að ljúka opinberri íhlutun í nauta- og kálfakjötsgeiranum ef skilyrðin, sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. þessarar greinar, eru ekki lengur uppfyllt á dæmigerðu tímabili sem er ákveðið skv. c-lið fyrstu málsgreinar 20. gr. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir án þess að málsmeðferðinni, sem um getur í 2. eða 3. mgr. 229. gr., sé beitt.

*14. gr.***Innkaup á föstu verði eða með útboði**

Þegar opinber íhlutun er hafin skv. 13. gr. (1. mgr.) skal ráðið, í samræmi við 43. gr. (3. mgr.) sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, gera ráðstafanir sem lúta að ákvörðun innkaupsverðs fyrir afurðirnar sem um getur í 11. gr. ásamt, ef við á, ráðstöfunum um magntakmarkanir þegar innkaup fara fram á föstu verði.

*15. gr.***Opinbert íhlutunarverð**

1. Opinbert íhlutunarverð er:

- a) það verð á afurðum sem keyptar eru inn innan ramma opinberrar íhlutunar á föstu verði eða
- b) það hámarksverð á afurðum, sem teljast hæfar fyrir opinbera íhlutun, sem kaupa má inn á þegar um útboð er að ræða.

2. Ráðið skal, í samræmi við 3. mgr. 43. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, gera ráðstafanir sem lúta að ákvörðun marka opinbera íhlutunarverðsins, þ.m.t. hækkanir og lækkanir.

*16. gr.***Almennar meginreglur um ráðstöfun í tengslum við opinbera íhlutun**

1. Ráðstöfun afurða sem keyptar eru inn innan ramma opinberrar íhlutunar skal fara fram þannig að:

- a) komist sé hjá röskun á markaðnum,

b) tryggja megi jafnan aðgang að vörum og jafna meðferð kaupenda og

c) hún sé í samræmi við skuldbindingarnar sem leiða af alþjóðasamningum sem gerðir eru í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins.

2. Ráðstafa má afurðum sem eru keyptar inn innan ramma opinberrar íhlutunar með því að gera þær aðgengilegar fyrir áætlunina um dreifingu matvæla til þeirra sem eru verst staddir í Sambandinu, eins og er sett fram í viðeigandi lagagerðum Sambandsins. Í slíkum tilvikum skal bókfært virði slíkra afurða vera við mörk viðeigandi fasts opinbers íhlutunarverðs sem um getur í 2. mgr. 14. gr. þessarar reglugerðar.

3. Framkvæmdastjórnin skal á hverju ári birta upplýsingar um þau skilyrði sem giltu um sölu þeirra afurða sem voru keyptar inn innan ramma opinberrar íhlutunar árið áður.

3. þáttur

Aðstoð vegna einkageymslu

17. gr.

Afurðir sem uppfylla viðeigandi skilyrði

Veita má aðstoð vegna einkageymslu að því er varðar eftirfarandi afurðir í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í þessum þætti og allar frekari kröfur og skilyrði sem framkvæmdastjórnin samþykkir með framseldum gerðum skv. 18. gr. (1. mgr.) eða 19. gr. og framkvæmdargerðum skv. 18. gr. (2. mgr.) eða 20. gr.:

- a) hvítur sykur,
- b) ólífuoía,
- c) hörtrefjar,
- d) nýtt eða kælt kjöt af nautgripum sem eru 8 mánaða eða eldri,
- e) smjör framleitt úr rjóma sem er fenginn beint og eingöngu úr kúamjólk,
- f) ostur,
- g) undanrennuduft framleitt úr kúamjólk,
- h) svínakjöt,
- i) kindakjöt og geitakjöt.

Ákvæði f-liðar fyrstu málsgreinar takmarkast við osta sem njóta verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar, landfræðilegrar merkingar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1151/2012 og eru geymdir umfram það þroskunartímabil sem mælt er fyrir um í forskriftinni fyrir afurðina sem um getur í 7. gr. þeirrar reglugerðar og/eða þroskunartímabil sem stuðlar að því að auka verðmæti ostsins.

18. gr.

Skilyrði fyrir veitingu aðstoðar

1. Til að stuðla að gagnsæi á markaði skal fela framkvæmdastjórninni, ef nauðsyn krefur, vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr., til að mæla fyrir um skilyrðin fyrir því að veita megi aðstoð vegna einkageymslu afurðanna sem eru tilgreindar í 17. gr., með tilliti til:

- a) skráðs meðalmarkaðsverðs í Sambandinu og viðmiðunarmarka og framleiðslukostnaðar fyrir viðkomandi afurð og/eða
- b) þarfarinnar fyrir að bregðast á tímanlegan hátt við sérlega erfiðum markaðsaðstæðum eða efnahagsþróun sem hefur umtalsverð neikvæð áhrif á vökmörkin innan geirans.

2. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir

- a) til veitingar á aðstoð vegna einkageymslu fyrir afurðirnar sem eru tilgreindar í 17. gr., með tilliti til skilyrðanna sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar,

- b) til að takmarka veitingu aðstoðar vegna einkageymslu.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

3. Ráðið skal, í samræmi við 3. mgr. 43. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, gera ráðstafanir sem lúta að ákvörðun upphæðar aðstoðar vegna einkageymslu sem kveðið er á um í 17. gr.

4. þáttur

Sameiginleg ákvæði um opinbera íhlutun og aðstoð vegna einkageymslu

19. gr.

Framselt vald

1. Til að tryggja að afurðir, sem eru keyptar inn innan ramma opinberrar íhlutunar eða falla undir aðstoð vegna einkageymslu, henti til langtímageymslu og séu af fullum og eðlilegum markaðsgæðum, og til að taka tillit til séreinkenna hinna mismunandi geira til að tryggja kostnaðarhagkvæmar aðgerðir vegna opinberrar íhlutunar og einkageymslu, skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að mæla fyrir um kröfurnar og skilyrðin sem þessum afurðum ber að uppfylla, til viðbótar kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Markmiðið með þessum kröfum og skilyrðum skal vera að ábyrgjast, fyrir innkeyptar og geymdar afurðir:

- a) gæði þeirra að því er tekur til gæðabátta, gæðaflokka, flokka, einkenna afurða og aldurs,

b) aðstoðarhæfi þeirra að því er tekur til magns, umbúða, þ.m.t. merkingar, varðveislu, fyrri geymslusamninga, samþykkis fyrir fyrirtæki, og þess framleiðslustigs afurðarinnar sem opinbera íhlutunarverðið og aðstoðin vegna einkageymslu taka til.

2. Til að taka til greina séreinkenni kornvörugeirans og hýðishrisgrjónageirans skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að mæla fyrir um gæðaviðmiðanirnar að því er varðar bæði innkaup og sölu á venjulegu hveiti, harðhveiti, byggi, mais og hýðishrisgrjónum.

3. Til að tryggja viðeigandi geymslugetu og skilvirkni opinbera íhlutunarkerfisins að því er varðar kostnaðarhagkvæmni, dreifingu og aðgang rekstraraðila, og til að viðhalda gæðum afurða, sem eru keyptar inn innan ramma opinberrar íhlutunar, fram að ráðstöfun þeirra við lok geymslútímabilsins, skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að mæla fyrir um:

- a) þær kröfur sem geymslustaðir fyrir allar afurðir, sem falla undir opinbera íhlutun, þurfa að uppfylla,
- b) reglur um geymslu afurða innan og utan þess aðildarríkis sem ber ábyrgð á þeim og um meðhöndlun slíkra afurða að því er varðar tolla og aðrar fjárhæðir sem eru veittar eða lagðar á samkvæmt sameiginlegu landbúnaðarstefnunni.

4. Til að tryggja að aðstoð vegna einkageymslu hafi tilætluð áhrif á markaðinn skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að mæla fyrir um:

- a) reglur og skilyrði sem gilda þegar magnið sem er geymt er minna en umsamið magn,
- b) skilyrði fyrir veitingu fyrirframgreiðslu slíkrar aðstoðar,
- c) við hvaða skilyrði er hægt að ákveða að setja afurðir, sem falla undir einkageymslusamninga, aftur á markað eða ráðstafa þeim.

5. Til að tryggja eðlilega starfsemi opinbera íhlutunarkerfisins og einkageymslukerfisins skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr.:

- a) til að kveða á um notkun á útboðsferlum sem tryggja jafnan aðgang að vörum og jafna meðferð rekstraraðila,
- b) til að mæla fyrir um viðbótarskilyrði sem rekstraraðilar þurfa að uppfylla til að auðvelda skilvirka stjórnun og eftirlit með kerfinu fyrir aðildarríki og rekstraraðila,
- c) til að mæla fyrir um þá kröfu að rekstraraðilar leggi fram tryggingu til að ábyrgjast að skuldbindingar þeirra verði uppfylltar.

6. Til að taka til greina tækniþróun og þarfir geiranna sem um getur í 10. gr., sem og þarfarinnar fyrir að staðla söluumbúnað hinna mismunandi afurða til að bæta gagnsæi á markaði, verðskráningu og beitingu markaðsíhlutunarráðstafana skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr.:

- a) til að aðlaga og uppfæra ákvæðin í IV. viðauka um matskerfi Sambandsins fyrir flokkun, auðkenningu og söluumbúnað skrokka,
- b) til að mæla fyrir um viðbótarákvæði varðandi flokkun, þ.m.t. af hálfu flokkunarmanna sem hafa til þess réttindi og hæfi, varðandi gæðaflokkun, þ.m.t. með sjálfvirkum flokkunaraðferðum, varðandi auðkenningu, vigtun og merkingu á skrokkum og varðandi útreikning á meðaltalsverði í Sambandinu og varðandi vigtunarstuðla sem eru notaðir við útreikning á því verði,
- c) til að mæla fyrir um, að því er varðar nauta- og kálfakjötsgeirann, undanþágur frá ákvæðum og sértækar undanþágur sem aðildarríki geta veitt sláturhúsum þar sem fáum nautgripum er slátrað, og viðbótarákvæði fyrir viðkomandi afurðir, þ.m.t. varðandi holdfyllingar- og fituhuluflokka og, í kindakjötsgeiranum, frekari ákvæði að því er varðar þyngd, lit kjöts og fituhulu og viðmiðanirnar fyrir flokkun létttra lamba,
- d) til að veita aðildarríkjum leyfi til að nota ekki matskerfið fyrir flokkun svínaskrokka og leyfi til að nota matsviðmiðanir til viðbótar við þyngd og áætlað innihald af mögru kjöti, eða til að mæla fyrir um undanþágur frá því matskerfi.

20. gr.

Framkvæmdarvald í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna samræmdrar beitingar ákvæða þessa kafla. Ráðstafanirnar geta einkum varðað eftirfarandi:

- a) kostnað sem rekstraraðili ber þegar afurðir sem eru afhentar vegna opinberrar íhlutunar uppfylla ekki lágmarks-gæðakröfur,
- b) fastsetningu lágmarksgeymslurýmismis birgðageymslna vegna íhlutunarráðstafana,
- c) dæmigerð tímabil, markaði og markaðsverð sem eru nauðsynleg vegna beitingar ákvæða þessa kafla,
- d) afhendingu afurðanna sem skal kaupa inn innan ramma opinberrar íhlutunar, flutningskostnaðinn sem tilboðsgjafi ber, yfirtöku greiðslustofnananna á afurðunum og greiðsluna,

- e) hinar ýmsu aðgerðir sem tengjast úrbeiningarferlinu í nauta- og kálfkjötsgeiranum,
- f) hagnýtt fyrirkomulag þökkunar, markaðssetningar og merkingar afurða,
- g) ferla vegna samþykkis fyrir fyrirtæki sem framleiða smjör og undanrennuduft að því er varðar þennan kafla,
- h) öll leyfi fyrir geymslu utan yferráðsvalds aðildarríkisins þar sem afurðirnar hafa verið keyptar inn og geymdar,
- i) sölu eða ráðstöfun afurða sem eru keyptar inn innan ramma opinberrar íhlutunar, einkum að því er varðar söluverð, skilyrði fyrir því að þær séu teknar úr geymslu, eftirfylgjandi notkun eða áfangastað afurða eftir að þær eru teknar úr geymslu, þ.m.t. málsmeðferðarreglur varðandi afurðir sem eru boðnar fram til notkunar innan áætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr., þ.m.t. flutningur milli aðildarríkja,
- j) að því er varðar afurðir sem eru keyptar inn innan ramma opinberrar íhlutunar, ákvæðin sem varða möguleikann fyrir aðildarríki að selja, á eigin ábyrgð, lítið magn sem er eftir í geymslu eða magn sem ekki er lengur hægt að umpakka eða sem hefur rýrnað að gæðum,
- k) að því er varðar einkageymslu, gerð og inntak samninga milli lögbærs yfirvalds aðildarríkis og umsækjenda,
- l) þegar afurðir eru settar í einkageymslu, þegar þær eru geymdar þar og þegar þær eru teknar úr geymslu,
- m) lengd tímabils í einkageymslu og ákvæðin sem gilda um styttingu og lengingu slíkra tímabila eftir að þau hafa verið skilgreind í samningunum,
- n) málsmeðferðarreglurnar sem skal fylgja þegar keypt er inn á föstu verði, þ.m.t. málsmeðferðarreglurnar vegna tryggingar sem skal leggja fram og upphæð hennar, eða vegna veitingar fyrir fram ákveðinnar aðstoðar vegna einkageymslu,
- o) notkun á útboðsferlum, bæði vegna opinberrar íhlutunar og einkageymslu, einkum að því er varðar:
- i. framlagningu tilboða og lágmarksmagn vegna umsóknar eða framlagningar,
 - ii. málsmeðferðarreglur vegna tryggingar sem skal leggja fram og upphæð hennar og
 - iii. val á tilboðum þannig að tryggt sé að þau sem eru hagstæðust fyrir Sambandið hafi forgang, jafnhliða því að leyft sé að ekki verði endilega af samningsgerð,
- p) framkvæmd matskerfa Sambandsins fyrir flokkun skrokka af nautgripum, svínunum og sauðfé,
- q) annan söluumbúnað fyrir skrokka og hálf skrokka en þann sem er mælt fyrir um í lið A.IV. í IV. viðauka, í þeim tilgangi að fastsetja markaðsverð,
- r) leiðréttingarstuðlana sem aðildarríkin skulu beita þegar um er að ræða annars konar söluumbúnað skrokka af nautgripum og sauðfé þegar viðmiðunarsöluumbúnaðurinn er ekki notaður,
- s) hagnýtt fyrirkomulag við merkingar flokkaðra skrokka og við útreikning framkvæmdastjórnarinnar á vegnu meðaltalsverði í Sambandinu fyrir skrokka af nautgripum, svínunum og sauðfé,
- t) heimild aðildarríkja til að leyfa, að því er varðar svín sem er slátrað á yferráðsvaldi þeirra, annars konar söluumbúnað fyrir svínaskrokka en þann sem mælt er fyrir um í lið B.III. í IV. viðauka, ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:
- i. viðtekin venja í viðskiptum á yferráðsvaldi þeirra er frábrugðin staðlaða söluumbúnaðinum sem er skilgreindur í lið B.III. í IV. viðauka,
 - ii. tæknilegar kröfur útheimta það,
 - iii. skrokkar eru fláðir á samræmdan hátt,
- u) ákvæðin um vettvangsskoðun nefndar Sambandsins, sem í eru sérfræðingar frá framkvæmdastjórninni og sérfræðingar sem aðildarríkin tilnefna, á beitingu flokkunar skrokka í aðildarríkjunum, til að tryggja nákvæmni og áreiðanleika í flokkun skrokka. Í umræddum ákvæðum skal kveðið á um að Sambandið beri þann kostnað sem fellur til við skoðunina.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

21. gr.

Annað framkvæmdarvald

Þrátt fyrir lið C.III. í IV. viðauka skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir til að heimila aðildarríkjum að nota eftirfarandi viðmiðanir fyrir flokkun að því er varðar lömb með fallþunga undir 13 kg.:

- a) fallþunga,
- b) lit kjötsins,
- c) fituhulu.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir án þess að málsmeðferðinni, sem um getur í 2. eða 3. mgr. 229. gr., sé beitt.

II. KAFLI

Aðstoðarkerfi

1. þáttur

Kerfi til að bæta aðgang að matvælum

22. gr.

Markhópur

Aðstoðarkerfum sem er ætlað að bæta dreifingu landbúnaðar-afurða og bæta matarvenjur barna er beint að börnum sem sækja með reglubundnum hætti dagheimili eða menntastofnanir á forskóla-, grunnskóla- eða miðskólastigi sem eru starfræktar eða viðurkenndar af lögbærum yfirvöldum aðildarríkja.

1. undirþáttur

Áætlun um aldin og grænmeti í skólum

23. gr.

Aðstoð vegna dreifingar á aldinum og grænmeti, unnum aldinum og grænmeti og bananaafurðum til barna

1. Veita skal aðstoð Sambandsins vegna:
 - a) dreifingar á afurðum úr aldin- og grænmetisgeiranum, geira unninna aldina og grænmetis og bananageiranum til barna á menntastofnunum, sem um getur í 22. gr., og
 - b) tiltekins skylds kostnaðar sem tengist birgðastjórnun og dreifingu, búnaði, kynningarstarfi, vöktun, mati og hliðarráðstöfunum.
2. Aðildarríki sem vilja taka þátt í áætluninni skulu fyrst gera, landsbundið eða svæðisbundið, stefnuáætlun um framkvæmd hennar. Þau skulu einnig kveða á um hliðarráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að gera áætlunina skilvirka, sem getur m.a. falist í upplýsingum um ráðstafanir til að veita fræðslu um heilbrigðar matarvenjur, um staðbundnar fæðukeðjur og um að berjast gegn sóun matvæla.
3. Þegar aðildarríkin semja stefnuáætlanir sínar skulu þau gera skrá yfir afurðir úr aldin- og grænmetisgeiranum, geira unninna aldina og grænmetis, og bananageiranum sem verða aðstoðarhæfar samkvæmt hverri áætlun fyrir sig. Í þeirri skrá skulu ekki vera afurðir sem eru tilgreindar í V. viðauka.

Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, s.s. þegar aðildarríki vill tryggja að viðtækt úrval afurða falli undir áætlunina eða það vill gera áætlun sína meira aðlaðandi, má hins vegar í stefnuáætlun aðildarríkis kveða á um að slíkar afurðir geti orðið stuðningshæfar ef þeim afurðum, sem um getur í þeim viðauka, er bætt við í takmörkuðu magni.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld þeirra styðji skrána yfir slíkar afurðir sem eru aðstoðarhæfar samkvæmt áætlun þeirra.

Aðildarríkin skulu velja afurðirnar á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem geta t.d. verið heilbrigðis- og umhverfis-sjónarmið, árstíðabundið framboð, yrki eða framboð á ræktuðum afurðum, og um leið veita forgang, eftir því sem unnt er, afurðum sem eru upprunnar í Sambandinu og þá einkum staðbundnum innkaupum, staðbundnum markaði, stuttum birgðakeðjum eða umhverfislegum ávinningi.

4. Ráðið skal, í samræmi við 3. mgr. 43. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, gera ráðstafanir sem lúta að ákvörðun aðstoðar Sambandsins sem um getur í 1. mgr.

5. Aðstoð Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal úthlutað til hvers aðildarríkis á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem byggjast á hlutfalli sex til tíu ára barna í hverju ríki.

Aðildarríki sem taka þátt í áætluninni skulu sækja árlega um aðstoð Sambandsins á grundvelli stefnuáætlunar sinnar sem um getur í 2. mgr.

Ráðið skal, í samræmi við 3. mgr. 43. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, gera ráðstafanir sem lúta að ákvörðun lágmarksfjárhæðar aðstoðar Sambandsins fyrir hvert aðildarríki sem tekur þátt í áætluninni og sem lúta að viðmiðunarúthlutunum og endanlegum úthlutunum aðstoðar til aðildarríkja.

6. Aðstoð Sambandsins sem kveðið er á um í 1. mgr. skal ekki nota í stað fjármögnunar á fyrirliggjandi landsbundnum áætlunum um aldin í skólum þar sem dreift er aldinum og grænmeti, unnum aldinum og grænmeti, og banönum, eða í stað annarra dreifingaráætlana fyrir skóla sem ná til slíkra afurða.

Hafi aðildarríki hins vegar þegar til staðar áætlun sem er hæf til aðstoðar frá Sambandinu samkvæmt þessari grein og ætlunin er að vikka hana eða gera skilvirkari, þ.m.t. að því er varðar markhóp áætlunarinnar, hversu lengi hún stendur yfir eða til hvaða afurða hún nær, má veita aðstoð Sambandsins að því tilskildu að mörkin, sem sett eru fram í samræmi við 3. mgr. 43. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, séu virt að því er varðar hlutfall aðstoðar Sambandsins á móti landsbundna heildarframlaginu. Í slíkum tilvikum skal aðildarríkið tilgreina í framkvæmdaráætlun sinni hvernig það hyggst vikka út áætlun sína eða gera hana skilvirkari.

7. Aðildarríkin geta, til viðbótar við aðstoð Sambandsins, veitt landsbundna aðstoð í samræmi við 217. gr.

8. Áætlun Sambandsins um aldin og grænmeti í skólum skal ekki hafa áhrif á neinar aðskildar landsbundnar áætlanir, sem samrýmast löggjöf Sambandsins, um aldin og grænmeti í skólum.

9. Sambandið getur líka, skv. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013, fjármagnað upplýsingagjafar-, vöktunar- og matsráðstafanir sem tengjast áætluninni um aldin og grænmeti í skólum, þ.m.t. ráðstafanir til að auka vitund almennings um hana, og tengdar ráðstafanir vegna netsamstarfs.

10. Aðildarríki sem taka þátt í áætluninni skulu kynna þátttöku sína í aðstoðaráætluninni og þá staðreynd að Sambandið niðurgreiðir hana, á stöðunum þar sem matvælnum er dreift.

24. gr.

Framselt vald

1. Til að stuðla að heilbrigðum matarvenjum barna og til að tryggja að aðstoð sé beint til barna í markhópnum sem um getur í 22. gr. skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. að því er varðar reglur um:

- a) viðbótarviðmiðanir í tengslum við hvert aðildarríkin beina aðstoð,
- b) samþykki og val aðildarríkja á umsækjendum um aðstoð,
- c) samningu landsbundinna eða svæðisbundinna áætlana og um hliðarráðstafanir.

2. Til að tryggja markvissa og hnitmiðaða notkun á fjármagni Sambandsins skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. að því er varðar:

- a) aðferðina við endurúthlutun á viðmiðunarúthlutun aðstoðar, sem um getur í 5. mgr. 23. gr., milli aðildarríkja, á grundvelli móttekkinna beiðna um aðstoð,
- b) þann kostnað í stefnuáætlunum aðildarríkjana sem skapar hæfi til aðstoðar frá Sambandinu og möguleikann á að ákveða efri mörk fyrir tiltekinn kostnað,
- c) þá skyldu aðildarríkjana að vakta og meta skilvirkni áætlana sinna um aldin og grænmeti í skólum.

3. Til að auka vitund um áætlunina skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að krefjast þess að aðildarríki, sem eru með áætlun um aldin og grænmeti í skólum, kynni hlutverk aðstoðar Sambandsins í niðurgreiðslunum.

25. gr.

Framkvæmdarvald í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að beita megi ákvæðum þessa undirþáttar, þ.m.t.:

- a) þær upplýsingar sem stefnuáætlanir aðildarríkjana skulu innihalda,
- b) umsóknir um aðstoð og greiðslur aðstoðar,
- c) aðferðir við kynningu og ráðstafanir vegna netsamstarfs að því er varðar áætlunina,
- d) framlagning, snið og innihald vöktunar- og matsskýrslna aðildarríkja sem taka þátt í áætlun Sambandsins um aldin og grænmeti í skólum.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

2. undirþáttur

Áætlun um mjólk í skólum

26. gr.

Aðstoð vegna dreifingar á mjólk og mjólkurafurðum til barna

1. Veita skal aðstoð Sambandsins til að dreifa tilteknum mjólkurafurðum og unnum mjólkurafurðum, sem falla undir SN-númerin 0401, 0403, 040490 og 0406 eða SN-númerið 220290, til barna í menntastofnunum sem um getur í 22. gr.

2. Frá 1. ágúst 2015 skulu aðildarríki sem vilja taka þátt í áætluninni fyrst vera búin að gera, landsbundið eða svæðisbundið, stefnuáætlun um framkvæmd hennar. Þau geta einnig kveðið á um hliðarráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að gera áætlunina skilvirka, sem getur m.a. falist í upplýsingum um ráðstafanir til að veita fræðslu um heilbrigðar matarvenjur, um staðbundnar fæðukeðjur og um að berjast gegn soun matvæla.

3. Þegar þau semja stefnuáætlanir sínar skulu aðildarríkin gera skrá yfir mjólk og mjólkurafurðir sem verða aðstoðarhæf samkvæmt hverri áætlun fyrir sig, í samræmi við reglurnar sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við 27. gr.

4. Aðstoð Sambandsins sem um getur í 1. mgr. skal ekki koma í stað fjármögnunar á fyrirliggjandi landsbundnum áætlunum um mjólk og mjólkurafurðir eða annarra dreifingaráætlana í skólum sem ná til mjólkur og mjólkurafurða, að undanskilinni ókeypiss dreifingu máltíða til barna í menntastofnunum. Hafi aðildarríki hins vegar þegar til staðar áætlun sem myndi vera hæf til aðstoðar frá Sambandinu samkvæmt þessari grein og ætlunin er að vikka hana eða gera skilvirkari, þ.m.t. að því er varðar markhóp áætlunarinnar, hversu lengi hún stendur yfir eða til hvaða afurða hún nær, má veita aðstoð Sambandsins. Í slíkum tilvikum skal aðildarríkið tilgreina í framkvæmdaráætlun sinni hvernig það hyggst vikka út áætlun sína eða gera hana skilvirkari.

5. Aðildarríkin geta, til viðbótar við aðstoð Sambandsins, veitt landsbundna aðstoð í samræmi við 217. gr.

6. Áætlun Sambandsins um mjólk og mjólkurafurðir í skólum skal ekki hafa áhrif á neinar aðskildar landsbundnar skólaáætlanir, sem samrýmast löggjöf Sambandsins, um að hvetja til neyslu mjólkur og mjólkurafurða.

7. Ráðið skal, í samræmi við 3. mgr. 43. gr. sáttmálsins um starfshætti Evrópusambandsins, gera ráðstafanir sem lúta að ákvörðun aðstoðar Sambandsins fyrir alla mjólk og allar mjólkurafurðir og það hámarks magn sem er hæft til aðstoðar frá Sambandinu, sem kveðið er á um í 1. mgr.

8. Aðildarríki sem taka þátt í áætluninni skulu kynna þátttöku sína í aðstoðaráætluninni og þá staðreynd að Sambandið niðurgreiðir hana, á stöðunum þar sem matvælnum er dreift.

27. gr.

Framselt vald

1. Til að taka tillit til þróunar á neyslumynstri fyrir mjólkurafurðir, til nýsköpunar og þróunar á markaðnum með mjólkurafurðir, framboðs á afurðum á hinum ýmsu mörkuðum Sambandsins og til næringarsjónarmiða, skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að ákveða:

- hvaða afurðir séu hæfar til að vera með í áætluninni, í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 26. gr. og með tilliti til næringarsjónarmiða,
- samningu landsbundinna eða svæðisbundinna stefnuáætlana aðildarríkjanna, þ.m.t. um hliðarráðstafanir þegar við á og
- ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna vöktunar og mats.

2. Til að tryggja markvissa og skilvirka notkun á aðstoð Sambandsins skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. að því er varðar:

- reglur um aðstoðarhæfi aðstoðarþega og umsækjenda,
- kröfur um að aðildarríkin samþykki umsækjendur,
- notkun á mjólkurafurðum, sem njóta aðstoðar, við tilreiðslu á máltíðum í menntastofnunum.

3. Til að tryggja að umsækjendur um aðstoð virði skuldbindingar sínar skal fela framkvæmdastjórninni vald til

að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. að því er varðar kröfuna um að leggja fram tryggingu þegar aðstoð er greidd út fyrirfram.

4. Til að auka vitund um aðstoðaráætlunina skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að tilgreina þau skilyrði sem aðildarríkjum ber að fylgja þegar þau kynna þátttöku sína í áætluninni og þá staðreynd að Sambandið niðurgreiðir hana.

5. Til að tryggja að aðstoðin komi fram í því verði sem afurðirnar eru boðnar á samkvæmt áætluninni skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að mæla fyrir um reglur um að koma upp verðlagsvöktun samkvæmt áætluninni.

28. gr.

Framkvæmdarvald í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að beita megi ákvæðum þessa undirþáttar, þ.m.t. um:

- málsmeðferðarreglur til að tryggja að ekki sé farið yfir aðstoðarhæft magn,
- málsmeðferðarreglur vegna tryggingar sem skal leggja fram og upphæð hennar þegar fyrirframgreiðsla er innt af hendi,
- þær upplýsingar sem skal afhenda aðildarríkjunum til að þau geti samþykkt umsækjendur, umsóknir um aðstoð og greiðslur aðstoðar,
- aðferðir við kynningu á áætluninni,
- stjórnun verðlagsvöktunar skv. 5. mgr. 27. gr.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

2. þáttur

Aðstoð í geira ólífuolíu og ólífa til átu

29. gr.

Áætlanir til stuðnings við geira ólífuolíu og ólífa til átu

1. Sambandið skal fjármagna þriggja ára vinnuáætlanir sem samtök framleiðenda, sem eru viðurkennd skv. 152. gr., félög samtaka framleiðenda sem eru viðurkennd skv. 156. gr. eða fjölgreinasamtök sem eru viðurkennd skv. 157. gr., semja á einu eða fleiri eftirfarandi sviðum:

- markaðseftirfylgni og stjórnun í geira ólífuolíu og ólífa til átu,

- b) úrbætur með tilliti til umhverfisáhrifa af ólífuræktunarsvæði,
- c) úrbætur með tilliti til samkeppnishæfni ólífuræktarsvæðis með nútímavæðingu,
- d) úrbætur með tilliti til framleiðslugæða ólífuolíu og ólífa til átu,
- e) rekjanleikakerfi, vottun og vernd gæða ólífuolíu og ólífa til átu, einkum vöktunar á gæðum ólífuolíu sem er seld lokaneytendum, undir umsjón landsbundinna stjórnvalda,
- f) miðlun upplýsinga um ráðstafanir sem samtök framleiðenda, félög samtaka framleiðenda eða fjölgreinasamtök gera til að bæta gæði ólífuolíu og ólífa til átu.

2. Fjármögnun Sambandsins á vinnuáætlunum sem um getur í 1. mgr. skal nema:

- a) 11 098 000 evrum á ári fyrir Grikkland,
- b) 576 000 evrum á ári fyrir Frakkland og
- c) 35 991 000 evrum á ári fyrir Ítalíu.

3. Hámarksfjármögnun Sambandsins á vinnuáætlunum, sem um getur í 1. mgr., skal jafngilda þeim fjárhæðum sem aðildarríkin halda eftir. Hámarksfjármögnun á aðstoðarhæfum kostnaði skal nema:

- a) 75% fyrir aðgerðir á sviðum, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr.,
- b) 75% fyrir fjárfestingar í fastafjármunum og 50% fyrir aðrar aðgerðir á því sviði sem um getur í d-lið 1. mgr.,
- c) 75% fyrir vinnuáætlanir, sem viðurkennd samtök, sem um getur í 1. mgr. og sem starfa í minnst tveimur framleiðsluaðildarríkjum, á þeim sviðum sem um getur í e- og f-lið 1. mgr., framkvæma í a.m.k. þremur þriðju löndum eða aðildarríkjum, sem eru ekki framleiðendur, og 50% fyrir aðrar aðgerðir á þessum sviðum.

Viðkomandi aðildarríki skal tryggja viðbótarfjármögnun sem nemur allt að 50% þess kostnaðar sem fellur ekki undir fjármögnun Sambandsins.

30. gr.

Framselt vald

Til að tryggja markvissa og skilvirka notkun á aðstoð Sambandsins, sem kveðið er á um í 29. gr., og til að bæta framleiðslugæði ólífuolíu og ólífa til átu skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. að því er varðar:

- a) þau svið sem um getur í 1. mgr. 29. gr., þær sértæku ráðstafanir sem hægt er að fjármagna með aðstoð Sambandsins og starfsemi og kostnaðarliði sem ekki er hægt að fjármagna með þeim hætti,

- b) lágmarksúthlutun aðildarríkja á fjármögnun Sambandsins til tiltekinna vettvanga,
- c) kröfuna um að leggja fram tryggingu þegar umsókn um samþykki fyrir vinnuáætlun er lögð fram og þegar aðstoð er fyrirframgreidd,
- d) viðmiðanir sem aðildarríki skulu taka tillit til við val á vinnuáætlunum og samþykki fyrir þeim.

31. gr.

Framkvæmdarvald í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að beita megi ákvæðum þessa þáttar varðandi:

- a) framkvæmd vinnuáætlana og breytingar á slíkum áætlunum,
- b) greiðslu aðstoðar, þ.m.t. fyrirframgreiðslur aðstoðar,
- c) málsmeðferðarreglur vegna tryggingar, sem leggja skal fram þegar umsókn um samþykki fyrir vinnuáætlun er lögð fram, og upphæð hennar og þegar aðstoð er fyrirframgreidd.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

3. þáttur

Aðstoð í aldin- og grænmetisgeiranum

32. gr.

Aðgerðasjóðir

1. Samtök framleiðenda í aldin- og grænmetisgeiranum og/eða félög þeirra geta komið á fót aðgerðasjóði. Sjóðurinn skal fjármagnaður með:

- a) fjárframlögum frá:
 - i. aðilum að samtökum framleiðenda og/eða sjálfum samtökum framleiðenda eða
 - ii. félögum samtaka framleiðenda gegnum aðila að þessum félögum,
- b) fjárhagsaðstoð Sambandsins sem veita má samtökum framleiðenda, eða félögum þeirra þegar slík félög leggja fram, reka og framkvæma aðgerðaáætlun, að öllu leyti eða að hluta til, í samræmi við skilmálana og skilyrðin sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja með framseldum gerðum skv. 37. gr. og framkvæmdargerðum skv. 38. gr.

2. Aðgerðasjóðir skulu einungis notaðir til að fjármagna aðgerðaáætlanir sem hafa verið lagðar fyrir aðildarríkin og samþykktar af þeim.

33. gr.

Aðgerðaáætlanir

1. Aðgerðaáætlanir í aldin- og grænmetisgeiranum skulu vera til minnst þriggja ára og mest til fimm ára. Þær skulu innihalda minnst tvö af þeim markmiðum sem um getur í c-lið 1. mgr. 152. gr. eða tvö af eftirfarandi markmiðum:

- a) áætlanagerð um framleiðslu, þ.m.t. spár um framleiðslu og neyslu og eftirfylgni við þær,
- b) úrbætur með tilliti til gæða afurða, hvort sem þær eru nýjar eða unnar,
- c) að auka söluverðmæti afurðanna,
- d) kynning á afurðunum, hvort sem þær eru nýjar eða unnar,
- e) umhverfisráðstafanir, einkum þær sem varða vatn, og framleiðsluáðferðir þar sem tillit er tekið til umhverfisins, þ.m.t. lífrænn búskapur,
- f) forvarnir gegn krísuástandi og krísustjórnun.

Aðgerðaáætlanir skulu lagðar fyrir aðildarríkin til samþykkis.

2. Félög samtaka framleiðenda geta einnig lagt fram aðgerðaáætlun, í heild eða að hluta til, sem samanstendur af ráðstöfunum sem hafa verið tilgreindar, en ekki framkvæmdar, af aðildarsamtökum, samkvæmt þeirra aðgerðaáætlunum. Aðgerðaáætlanir félaga samtaka framleiðenda skulu vera háðar sömu reglum og aðgerðaáætlanir samtaka framleiðenda og skulu teknar til athugunar með aðgerðaáætlunum aðildarsamtaka.

Í því skyni skulu aðildarríkin tryggja að:

- a) ráðstafanir samkvæmt aðgerðaáætlunum félags samtaka framleiðenda séu einvörðungu fjármagnaðar með framlögum þessara aðildarsamtaka félagsins og að slík fjármögnun komi úr aðgerðasjóðum umræddra aðildarsamtaka,
- b) ráðstafanirnar og samsvarandi fjárhagsleg hlutdeild þeirra séu tilgreind í aðgerðaáætlunum hverra aðildarsamtaka,
- c) ekki sé til staðar tvíþjármögnun.

3. Forvarnir gegn krísuástandi og krísustjórnun sem um getur í f-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. skulu tengjast því að forðast hættur á aldina- og grænmetisörkuðum og takast á við þær og skulu, í þessu samhengi, ná til:

- a) fjárfestinga sem auka skilvirkni í stjórnun á því magni sem sett er á markað,
- b) ráðstafana vegna menntunar og miðlunar á bestu starfsvenjum,
- c) kynningarstarfs og samskipta, hvort sem er til forvarna eða meðan krísuástand stendur yfir,
- d) stuðnings vegna umsýslukostnaðar við stofnun gagnkvæmra tryggingasjóða,
- e) endurplöntunar í aldingörðum þegar slíkt er nauðsynlegt að lokinni skyldubundinni ruðningu af heilbrigðisástæðum eða vegna plöntuheilbrigðis samkvæmt fyrirætlunum frá lögbærri yfirvaldi aðildarríkisins,
- f) töku af markaði,
- g) grænuppskeru eða óskeru (e. *non-harvesting*) á aldinum og grænmeti,
- h) uppskerutryggingar.

Stuðningur til uppskerutryggingar skal stuðla að því að tryggja framleiðendum tekjur þegar þeir verða fyrir missi vegna náttúruhamfara, óhagstæðra veðuratburða, sjúkdóma eða meindýrasmits.

Þess skal krafist í váttryggingarsamningum að tryggingaþegar geri nauðsynlegar forvarnaráðstafanir.

Ráðstafanir vegna forvarna gegn krísuástandi og krísustjórnunarráðstafanir, þ.m.t. endurgreiðsla höfuðstóls og vaxta eins og um getur í fimmtu undirgrein, skulu ekki nema meira en þriðjungji útgjalda samkvæmt aðgerðaáætluninni.

Samtök framleiðenda geta tekið lán með almennum skilmálum til að fjármagna ráðstafanir vegna forvarna gegn krísuástandi og krísustjórnunarráðstafanir. Í slíkum tilvikum getur endurgreiðsla höfuðstóls og vaxta umræddra lána verið hluti af aðgerðaáætluninni og þannig verið hæf til aðstoðar frá Sambandinu skv. 34. gr. Fjármagna má allar sértækar aðgerðir sem gripið er til vegna forvarna gegn krísuástandi og vegna krísustjórnunar með slíkum lánum eða beint, eða bæði.

4. Í þessum þætti er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „grænuppskera“: heildaruppskera á tilteknu svæði á óþroskuðum afurðum sem ekki eru markaðshæfar og hafa ekki skemmt fyrir grænuppskeruna, hvort sem er af veðurfarsástæðum, vegna sjúkdóma, eða af öðrum ástæðum,
- b) „óskera“: stöðvun yfirstandandi framleiðsluferlis á viðkomandi svæði þegar afurðin er vel þroskuð og af fullum og eðlilegum markaðsgæðum. Förgun afurða vegna veðuratburðar eða sjúkdóms telst ekki vera óskera.

5. Aðildarríki skulu tryggja að:

- a) aðgerðaáætlanir innihaldi tvær eða fleiri aðgerðir í umhverfismálum eða
- b) að minnst 10% af útgjöldum samkvæmt aðgerðaáætlunum séu til aðgerða í umhverfismálum.

Aðgerðir í umhverfismálum skulu uppfylla þær kröfur um greiðslur vegna umhverfis- og loftslagsvæns landbúnaðar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013.

Þegar minnst 80% framleiðenda sem eru aðilar að tilteknum samtökum framleiðenda eru bundnir af einni eða fleiri nákvæmlega eins skuldbindingum um umhverfis- og loftslagsvænan landbúnað, sem kveðið er á um í 3. mgr. 28. gr. reglugerðar nr. 1305/2013, skal hver þessara skuldbindinga teljast vera aðgerð í umhverfismálum sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar.

Stuðningur við aðgerðir í umhverfismálum sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal ná til viðbótarkostnaðar og tekjutaps sem leiðir af aðgerðinni.

6. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fjárfestingar sem auka álag á umhverfið séu einungis leyfðar við aðstæður þar sem skilvirkar verndarráðstafanir til að verja umhverfið fyrir umræddu álagi eru til staðar.

34. gr.

Fjárhagsaðstoð Sambandsins

1. Fjárhagsaðstoð Sambandsins skal nema sömu upphæð og fjárframlögin sem um getur í a-lið 1. mgr. 32. gr. sem eru raunverulega greidd út og takmarkast við 50% af raunverulegum útgjöldum sem stofnað er til.

2. Fjárhagsaðstoð Sambandsins skal takmarkast við 4,1% af verðmæti þeirrar framleiðslu hverra samtaka framleiðenda, eða félaga þeirra, sem sett er á markað.

Ef um er að ræða samtök framleiðenda má hins vegar auka það hlutfall í 4,6% af verðmæti framleiðslu, sem er sett á markað, að því tilskildu að upphæð umfram 4,1% af verðmæti framleiðslu, sem er sett á markað, sé einungis notuð í þágu ráðstafana vegna forvarna gegn krísuástandi og krísustjórnunarráðstafana.

Ef um er að ræða félög samtaka framleiðenda má auka það hlutfall í 4,7% af verðmæti framleiðslu, sem er sett á markað, að því tilskildu að upphæð umfram 4,1% af verðmæti framleiðslu, sem er sett á markað, sé einungis notuð í þágu ráðstafana vegna forvarna gegn krísuástandi og krísustjórnunarráðstafana sem umrætt félag samtaka framleiðenda hrindir í framkvæmd fyrir hönd aðila sinna.

3. Hækka skal 50% mörkin, sem kveðið er á um í 1. mgr., í 60% að beiðni samtaka framleiðenda, vegna aðgerðaáætlunar eða hluta aðgerðaáætlunar sem uppfyllir a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum:

- a) hún er lögð fram af nokkrum samtökum framleiðenda innan Sambandsins sem vinna að fjölbjóðlegum áætlunum í mismunandi aðildarríkjum,
- b) hún er lögð fram af einum eða fleiri samtökum framleiðenda sem taka þátt í áætlunum sem eru starfræktar þvert á greinar,
- c) hún nær eingöngu til sértæks stuðnings við framleiðslu á lífrænum afurðum sem falla undir ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007⁽²³⁾,
- d) hún er sú fyrsta sem er lögð fram af viðurkenndum samtökum framleiðenda sem urðu til við samruna tveggja viðurkenndra samtaka framleiðenda,
- e) hún er sú fyrsta sem er lögð fram af viðurkenndu félagi samtaka framleiðenda,
- f) hún er lögð fram af samtökum framleiðenda í aðildarríkjum þar sem samtök framleiðenda markaðssetja innan við 20% af aldin- og grænmetisframleiðslu,
- g) hún er lögð fram af samtökum framleiðenda á einu af ystu svæðunum sem um getur í 349. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

4. Auka skal 50% mörkin, sem kveðið er á um í 1. mgr., í 100% ef um er að ræða að aldin og grænmeti sé tekið af markaði, sem skal ekki nema meira en 5% af magni framleiðslu hverra samtaka framleiðenda, sem sett er á markað, og sem er ráðstafað með:

- a) ókeypis dreifingu til góðgerðarsamtaka og -stofnana sem aðildarríkin hafa veitt viðurkenningu til slíkrar starfsemi, til notkunar í starfsemi þeirra til að aðstoða einstaklinga sem hafa rétt til opinberrar aðstoðar sem er viðurkenndur í landslögum, einkum af því að þeir geta ekki séð fyrir sér eða
- b) ókeypis dreifingu til einhvers af eftirfarandi: fangelsa, skóla, stofnana sem um getur í 22. gr., sumarbúða fyrir börn, sjúkrahúsa og elliheimila sem aðildarríkin tilgreina, sem skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að sjá til þess að það magn sem er dreift á þennan hátt sé til viðbótar við það magn sem venjulega er keypt inn af slíkum stofnunum.

⁽²³⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1).

35. gr.

Landsbundin fjárhagsaðstoð

1. Á svæðum innan aðildarríkja þar sem skipulagsstig framleiðenda í aldin- og grænmetisgeiranum er sérstaklega lágt getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdargerðir til að heimila aðildarríkjum, að tilhlýðilega rökstuddri beiðni þeirra, að greiða samtökum framleiðenda landsbundna fjárhagsaðstoð sem nemur 80% af þeim fjárframlögum sem um getur í a-lið 1. mgr. 32. gr. Þessi aðstoð skal koma til viðbótar aðgerðasjóðnum.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

2. Á svæðum innan aðildarríkja þar sem samtök framleiðenda, félög samtaka framleiðenda og hópar framleiðenda, sem um getur í 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 1305/2013, markaðssetja innan við 15% af virði aldin- og grænmetisframleiðslu á þeim svæðum, ef aldin- og grænmetisframleiðsla nemur minnst 15% af heildarlandbúnaðarframleiðslu þessara svæða, getur Sambandið endurgreitt landsbundnu fjárhagsaðstoðina, sem um getur í 1. mgr. þessarar reglugerðar, að beiðni hlutaðeigandi aðildarríkis.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir um þá endurgreiðslu. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

36. gr.

Landsbundinn rammi og landsbundin stefnuáætlun um aðgerðaáætlanir

1. Aðildarríki skulu koma á fót landsbundnum ramma með almennum skilyrðum sem varða aðgerðirnar í umhverfismálum sem um getur í 5. mgr. 33. gr. Innan þess ramma skal einkum kveðið á um að slíkar aðgerðir uppfylli viðeigandi kröfur í reglugerð (ESB) nr. 1305/2013, einkum þær sem settar eru fram í 3. gr. hennar.

Aðildarríki skulu leggja tillögur að römmum fyrir framkvæmdastjórnina sem getur með framkvæmdargerðum, sem eru samþykktar án þess að beitt sé málsmeðferðarreglunum sem um getur í 2. eða 3. mgr. 229. gr., krafist breytinga á tillögunni innan þriggja mánaða frá framlagningunni komist hún að þeirri niðurstöðu að tillagan myndi ekki stuðla að því að markmiðunum verði náð sem sett eru fram í 191. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í sjöundu aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði umhverfismála. Við fjárfestingar á einstökum búum sem fá stuðning í aðgerðaáætlunum skal einnig taka tillit til þessara markmiða.

2. Sérhvert aðildarríki skal koma á fót landsbundinni stefnuáætlun um sjálfbærar aðgerðaáætlanir á markaðinum fyrir aldin og grænmeti. Slík stefnuáætlun skal innihalda:

a) greiningu á aðstæðum með tilliti til styrkleika og veikleika og möguleikans á þróun,

b) rökstuðning fyrir vali á forgangsatríðum,

c) markmið aðgerðaáætlana og gerninga og frammistöðuvísa,

d) mat á aðgerðaáætlunum,

e) kvöð um skýrslugjöf fyrir samtök framleiðenda.

Landsbundna stefnuáætlunin skal einnig ná yfir landsbundna rammann sem um getur í 1. mgr.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um aðildarríki þar sem engin viðurkennd samtök framleiðenda eru til staðar.

37. gr.

Framselt vald

Til að tryggja markvissan, hnitmiðaðan og sjálfbæran stuðning við samtök framleiðenda í aldin- og grænmetisgeiranum og félög þeirra skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að setja reglur um:

a) aðgerðasjóði og aðgerðaáætlanir, að því er varðar:

i. áætlaðar upphæðir, ákvarðanir samtaka framleiðenda og félaga þeirra um fjárframlög og nýtingu aðgerðasjóða,

ii. ráðstafanir, aðgerðir, útgjalda- og umsýslu- og starfsmannakostnað sem skal hafður með í aðgerðaáætlunum eða útilokaður frá þeim, breytingar á þeim og viðbótarkröfur sem aðildarríkin skulu ákveða,

iii. að forðast tvíþjármögnun milli aðgerðaáætlana og áætlana um dreifbýlisþróun,

iv. aðgerðaáætlanir félaga samtaka framleiðenda,

v. sértækar reglur sem gilda um tilvik þegar félög samtaka framleiðenda reka, vinna, framkvæma og leggja fram aðgerðaáætlanir, að hluta til eða í heild,

vi. þá skuldbindingu að nota sameiginlega vísa til að vakta og meta aðgerðaáætlanir,

b) landsbundna rammann og landsbundnu stefnuáætlunina um aðgerðaáætlanir að því er varðar þá skuldbindingu að vakta og meta skilvirkni landsbundnu rammanna og landsbundnu stefnuáætlanna,

c) fjárhagsaðstoð Sambandsins, að því er varðar:

- i. grunninn fyrir útreikningnum á fjárhagsaðstoð Sambandsins og á verðmæti framleiðslu, sem er sett á markað, sem um getur í 2. mgr. 34. gr.,
- ii. þau viðmiðunartímabil sem gilda við útreikning aðstoðar,
- iii. framlagningu fyrirframgreiðslna og kröfuna um að leggja fram tryggingu þegar aðstoð er greidd fyrirfram,
- iv. þær sértæku reglur sem gilda um fjármögnun aðgerðaáætlana félaga samtaka framleiðenda, einkum þær sem varða beitingu markanna sem kveðið er á um í 2. mgr. 34. gr.,

d) ráðstafanir vegna forvarna gegn krísuástandi og krísu-stjórnunarráðstafanir að því er varðar:

- i. möguleikann fyrir aðildarríki að beita ekki einni eða fleiri ráðstöfunum vegna forvarna gegn krísuástandi og kríustjórnunarráðstöfunum,
- ii. skilyrði sem tengjast a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. 33. gr.,
- iii. leyfilega áfangastaði sem aðildarríkin geta ákveðið fyrir afurðir sem teknar eru af markaði,
- iv. hámarksstuðning vegna töku af markaði,
- v. kröfuna um fyrirframtilkynningu ef til töku af markaði kemur,
- vi. grundvöllinn fyrir útreikningi á magni framleiðslu, sem er sett á markað, til ókeypiss dreifingar sem um getur í 4. mgr. 34. gr. og ákvörðun á hámarks magni framleiðslu, sem er sett á markað, ef um töku af markaði er að ræða,
- vii. kröfuna um að birta ták Sambandsins á pökkum af afurðum sem fara í ókeypiss dreifingu,
- viii. skilyrðin sem varða viðtakendur afurða, sem voru teknar af markaði,
- ix. notkun á hugtökum að því er varðar þennan þátt,
- x. skilyrðin sem varða grænuppskeru og óskeru sem aðildarríkin skulu samþykkja,
- xi. uppskerutryggingar,
- xii. gagnkvæma tryggingasjóði,
- xiii. skilyrði sem varða endurplöntun í aldingörðum af heilbrigðisástæðum eða vegna plöntuheilbrigðis í samræmi við e-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. 33. gr. og ákvörðun efri marka fyrir útgjöld vegna hennar,

e) innlenda fjárhagsaðstoð, að því er varðar:

- i. skipulagsstig framleiðenda,
- ii. kröfurnar um að leggja fram tryggingu þegar fyrirframgreiðsla er innt af hendi,
- iii. hámarkshlutfall endurgreiðslu frá Sambandinu vegna innlendu fjárhagsaðstoðarinnar.

38. gr.

Framkvæmdarvald í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um ráðstafanir sem varða:

- a) stjórnun aðgerðasjóða,
- b) þær upplýsingar sem skulu felast í aðgerðaáætlunum, landsbundnum römmum og landsbundnum stefnuáætlunum sem um getur í 36. gr., framlagningu aðgerðaáætlana til aðildarríkja, tímamörk, fylgiskjöl og samþykki aðildarríkja,
- c) framkvæmd samtaka framleiðenda og félaga samtaka framleiðenda á aðgerðaáætlunum,
- d) framlagningu, snið og innihald vöktunar- og matsskýrslna vegna landsbundinna stefnuáætlana og aðgerðaáætlana,
- e) umsóknir um aðstoð og greiðslur aðstoðar, þ.m.t. fyrirframgreiðslur og hlutagreiðslur aðstoðar,
- f) hagnýtt fyrirkomulag þess að birta ták Sambandsins á pökkum af afurðum sem fara í ókeypiss dreifingu,
- g) að farið sé að markaðsstöðlum ef um er að ræða að afurðir séu teknar af markaði,
- h) kostnað við flutning, flokkun og pökkun ef um er að ræða ókeypiss dreifingu,
- i) ráðstafanir vegna kynninga, samskipta og menntunar í tengslum við forvarnir gegn krísuástandi og vegna kríustjórnunar,
- j) framkvæmd aðgerða til að taka afurðir af markaði, grænuppskeru, óskeru og ráðstafana vegna uppskerutrygginga,
- k) umsókn, leyfi, greiðslu og endurgreiðslu vegna landsbundnu fjárhagsaðstoðarinnar,
- l) málsmeðferðarreglur vegna tryggingar sem skal leggja fram og upphæð hennar þegar fyrirframgreiðsla er innt af hendi.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

4. þáttur

Stuðningsáætlanir í vingeiranum

1. undirþáttur

Almenn ákvæði og aðstoðarhæfar ráðstafanir

39. gr.

Gildissvið

Í þessum þætti er mælt fyrir um reglur sem gilda um úthlutanir á fjármagni Sambandsins til aðildarríkja og notkun aðildarríkja á þessu fjármagni í gegnum fimm ára landsbundnar stuðningsáætlanir (hér á eftir nefndar „stuðningsáætlanir“) til að fjármagna sértækar stuðningsráðstafanir til aðstoðar við vingeirann.

40. gr.

Samrýmanleiki og samræmi

1. Stuðningsáætlanir skulu samrýmast lögum Sambandsins og vera í samræmi við starfsemi, stefnur og forgangsroðun Sambandsins.

2. Aðildarríkin skulu bera ábyrgð á stuðningsáætlunum og skulu tryggja innra samræmi þeirra og að þær séu settar saman og framkvæmdar á hlutlægum hátt, að teknu tilliti til efnahagslegra aðstæðna viðkomandi framleiðenda og þarfarinnar fyrir að forðast að mismuna framleiðendum á óréttmætan hátt.

3. Ekki skal veita aðstoð vegna:

- a) rannsóknarverkefna og ráðstafana til að styðja rannsóknarverkefni, önnur en þau sem um getur í d- og e-lið 2. mgr. 45. gr.,
- b) ráðstafana í áætlunum aðildarríkja um dreifbýlisþróun samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1305/2013.

41. gr.

Framlagning stuðningsáætlana

1. Hvert framleiðsluáðildarríki sem er tilgreint í VI. viðauka skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina drög að fimm ára stuðningsáætlun þar sem er að finna a.m.k. eina af þeim aðstoðarhæfu ráðstöfunum sem settar eru fram í 38. gr.

2. Stuðningsráðstafanir í drögum að stuðningsáætlunum skulu gerðar eftir því landfræðilega þrepi sem aðildarríkið telur að eigi best við. Aðildarríkið skal hafa samráð við lögbær yfirvöld og stofnanir, á viðeigandi svæðisbundnu þrepi, um drögin að stuðningsáætluninni áður en það leggur hana fyrir framkvæmdastjórnina.

3. Hvert aðildarríki skal leggja fram ein drög að stuðningsáætlun þar sem hægt er að taka tillit til svæðisbundinna sérkenna.

4. Stuðningsáætlanir skulu koma til framkvæmda þremur mánuðum eftir að drög að þeim eru lögð fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórnin getur hins vegar samþykkt framkvæmdargerðir til að fastsetja að hin framlagða stuðningsáætlun samræmist ekki reglunum sem mælt er fyrir um í þessum þætti og skal hún upplýsa aðildarríkið um það. Í slíkum tilvikum skal aðildarríkið leggja fyrir framkvæmdastjórnina endurskoðuð drög að stuðningsáætlun. Endurskoðaða stuðningsáætlunin skal koma til framkvæmda tveimur mánuðum eftir að drögin að endurskoðuðu stuðningsáætluninni eru lögð fram, nema um sé að ræða áframhaldandi ósamrýmanleika en í því tilviki gildir þessi undirgrein.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir án þess að málsmeðferðinni, sem um getur í 2. eða 3. mgr. 229. gr., sé beitt.

5. Ákvæði 4. mgr. gilda að breyttu breytanda um breytingar að því er varðar gildandi stuðningsáætlanir sem aðildarríkin hafa lagt fram.

42. gr.

Inntak stuðningsáætlana

Stuðningsáætlanir skulu a.m.k. innihalda eftirfarandi þætti:

- a) ítarlega lýsingu á ráðstöfununum sem lagðar eru til, ásamt magnbundnum markmiðum þeirra,
- b) niðurstöður samráðsins sem haft er,
- c) mat sem sýnir hvaða tæknilegum, efnahagslegum, umhverfislegum og félagslegum áhrifum er búist við,
- d) áætlun um framkvæmd ráðstafananna,
- e) almenna töflu yfir fjármögnun sem sýnir hvaða fjármagn á að nýta og hvaða viðmiðunarúthlutun er gert ráð fyrir af því fjármagni fyrir hverja ráðstöfun í samræmi við takmörkunina á fjárlögum sem kveðið er á um í VI. viðauka,
- f) viðmiðanir og megindlegar viðmiðanir sem nota skal til vöktunar og mats ásamt ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni að tryggja að stuðningsáætlanirnar séu framkvæmdar á viðeigandi og skilvirkan hátt og
- g) tilnefningu lögbærra yfirvalda og stofnana sem bera ábyrgð á framkvæmd stuðningsáætlunarinnar.

43. gr.

Aðstoðarhæfar ráðstafanir

Stuðningsáætlanir geta innihaldið eina eða fleiri af eftirfarandi ráðstöfunum:

- a) kynningarstarf í samræmi við 45. gr.,
- b) endurskipulagning og breyting á vénekrum í samræmi við 46. gr.,
- c) grænuppskera í samræmi við 47. gr.,

- d) gagnkvæmir tryggingarsjóðir í samræmi við 48. gr.,
- e) uppskerutrygging í samræmi við 49. gr.,
- f) fjárfestingar í samræmi við 50. gr.,
- g) nýsköpun í víngeiranum í samræmi við 51. gr.,
- h) eiming á aukaafurðum í samræmi við 52. gr.

44. gr.

Almennar reglur er varða stuðningsáætlanir

1. Því fjármagni Sambandsins sem í boði er skal úthlutað innan þeirrar takmörkunar á fjárlögum sem kveðið er á um í VI. viðauka.
2. Einungis skal veita stuðning Sambandsins vegna aðstoðarhæfs kostnaðar sem er stofnað til eftir að drög að viðkomandi stuðningsáætlun hafa verið lögð fram.
3. Aðildarríkin skulu ekki taka þátt í kostnaði við ráðstafanir sem Sambandið fjármagnar samkvæmt stuðningsáætlunum.

2. undirþáttur

Sértækar stuðningsráðstafanir

45. gr.

Kynningarstarf

1. Stuðningur samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal taka til upplýsinga- eða kynningarráðstafana sem varða vín frá Sambandinu:
 - a) í aðildarríkjum, með það fyrir augum að upplýsa neytendur um ábyrga neyslu víns og um kerfi Sambandsins fyrir upprunatáknanir og landfræðilegar merkingar,
 - b) í þriðju löndum, með það fyrir augum að bæta samkeppnishæfni þeirra.
2. Ráðstafanirnar, sem um getur í b-lið 1. mgr., skulu gilda um vín með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu eða vín með vínþrúguyrkismerkingu og skulu einungis fela í sér eitt eða fleiri af eftirfarandi:
 - a) almannatengsl, kynningarstarf eða auglýsingaráðstafanir, einkum til að vekja athygli á ströngum kröfum sem gerðar eru til afurða frá Sambandinu, sérstaklega með tilliti til gæða, matvælaöryggis eða umhverfisins,
 - b) þátttöku í alþjóðlega mikilvægum viðburðum, kaupstefnum eða sýningum,
 - c) upplýsingaherferðir, einkum varðandi kerfi Sambandsins fyrir upprunatáknanir, landfræðilegar merkingar og lífræna framleiðslu,

- d) rannsóknir á nýjum mörkuðum, sem eru nauðsynlegar vegna útvíkkunar á söluleiðum,
- e) rannsóknir til að meta árangur af upplýsinga- og kynningarráðstöfununum.

3. Framlag Sambandsins til upplýsinga- eða kynningarstarfs sem um getur í 1. mgr. skal ekki vera hærra en sem nemur 50% af aðstoðarhæfum kostnaði.

46. gr.

Endurskipulagning og breyting á vínekrum

1. Markmiðið með ráðstöfunum sem varða endurskipulagningu og breytingu á vínekrum skal vera að auka samkeppnishæfni vínframleiðenda.
2. Endurskipulagning og breyting á vínekrum skal njóta stuðnings ef aðildarríki leggja fram skrá yfir framleiðslugetu sína í samræmi við 3. mgr. 145. gr.
3. Stuðningur til endurskipulagningar og breytingar á vínekrum, sem gætu einnig stuðlað að bættum sjálfbærum framleiðslukerfum og umhverfissporum víngeirans, má einungis ná til einnar eða fleiri af eftirfarandi aðgerðum:
 - a) að taka upp önnur yrki, þ.m.t. með endurágræðslu,
 - b) að flytja vínekrur,
 - c) endurplöntunar á vínekrum þegar slíkt er nauðsynlegt að lokinni skyldubundinni ruðningu af heilbrigðisástæðum eða vegna plöntuheilbrigðis samkvæmt fyrirmælum frá lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins,
 - d) að bæta stjórnunaraðferðir á vínekrum, einkum innleiðing þróaðra sjálfbærra framleiðslukerfa.

Hefðbundin endurnýjun vínekra, þ.e. endurplöntun á sömu landspíldu með sama vínþrúguyrki samkvæmt sama vínræktarkerfi þegar náttúrulegum líftíma vínviðarplantna er lokið, skal ekki njóta stuðnings.

Aðildarríkin geta mælt fyrir um frekari skilgreiningar, einkum að því er varðar aldur þeirra vínekra sem eru endurnýjaðar.

4. Stuðningur til endurskipulagningar og breytingar á vínekrum, þ.m.t. úrbætur á stjórnunaraðferðum á vínekrum, má einungis vera með eftirfarandi hætti:

- a) bætur til framleiðenda vegna tekjutaps við framkvæmd ráðstöfunarinnar og
- b) framlag til kostnaðar við endurskipulagningu og breytingu.

5. Bætur til framleiðenda vegna tekjutaps, eins og um getur í a-lið 4. mgr., geta verið allt að 100% af viðkomandi tapi og geta verið í formi annars af eftirfarandi:

a) leyfis til að rækta samtímis eldri og nýjan vínvið fram að lokum umbreytingarfyrirkomulagsins, að hámarki í þrjú ár, þrátt fyrir II. undirþátt IV. þáttar a í III. kafla I. bóls í II. hluta reglugerðar (EB) nr. 1234/2007 þar sem mælt er fyrir um umbreytingarfyrirkomulag varðandi réttindi til plöntunar,

b) fébóta.

6. Framlag Sambandsins vegna raunverulegs kostnaðar við endurskipulagningu og breytingu á vínkrum skal ekki vera hærra en sem nemur 50%. Á landsvæðum sem eru á eftir í þróun skal framlag Sambandsins vegna kostnaðar við endurskipulagningu og breytingu ekki vera hærra en sem nemur 75%.

47. gr.

Grænuppskera

1. Að því er varðar þessa grein merkir „grænuppskera“ algera eyðingu eða fjarlægingu á óþroskuðum þrúguklössum sem gerir það að verkum að engin uppskera verður á viðkomandi svæði.

Séu söluhæfar þrúgur skildar eftir á plöntunum við lok venjulegs framleiðsluferlis (óskera) skal það ekki teljast grænuppskera.

2. Stuðningur við grænuppskeru skal stuðla að því að byggja aftur upp jafnvægið milli framboðs og eftirspurnar á vínmarkaði Sambandsins til að fyrirbyggja markaðskrisur.

3. Veita má stuðning við grænuppskeru sem bætur í formi fastrar greiðslu á hvern hektara, sem hlutaðeigandi aðildarríki ákveður. Greiðslan skal ekki nema meira en 50% af samanlögðum beinum kostnaði vegna eyðingar eða fjarlægingar á þrúguklössum og tekjutaps vegna slíkrar eyðingar eða fjarlægingar.

4. Hlutaðeigandi aðildarríki skal koma sér upp kerfi sem byggt er á hlutlægum viðmiðunum til að tryggja að ráðstöfunin vegna grænuppskeru leiði ekki af sér bótagreiðslur til einstakra vínframleiðenda umfram þau efri mörk sem eru ákvörðuð í 3. mgr.

48. gr.

Gagnkvæmir tryggingarsjóðir

1. Stuðningur við stofnun gagnkvæmra tryggingasjóða skal felast í aðstoð við framleiðendur sem leitast við að tryggja sig gegn markaðssveiflum.

2. Veita má stuðning við stofnun gagnkvæmra tryggingasjóða í formi tímabundinnar og minnkandi aðstoðar sem nær yfir umsýslukostnað sjóðanna.

49. gr.

Uppskerutrygging

1. Stuðningur til uppskerutryggingar skal stuðla að því að tryggja framleiðendum tekjur þegar þeir verða fyrir missi vegna náttúruhamfara, óhagstæðra veðuratburða, sjúkdóma eða meindýrasmits.

Þess skal krafist í váttryggingarsamningum að tryggingaþegar geri nauðsynlegar forvarnaráðstafanir.

2. Veita má stuðning til uppskerutryggingar í formi fjárframlags frá Sambandinu sem má ekki nema meira en:

a) 80% af þeim kostnaði vegna tryggingaiðgjalda sem framleiðendur hafa greitt til að tryggja sig gegn tjóni af völdum óhagstæðra veðuratburða sem teljast mega til náttúruhamfara,

b) 50% af þeim kostnaði vegna tryggingaiðgjalda sem framleiðendur hafa greitt til að tryggja sig:

i. gegn tjóni sem um getur í a-lið og öðru tjóni af völdum óhagstæðra veðuratburða,

ii. gegn tjóni af völdum dýra, plöntusjúkdóma eða meindýrasmits.

3. Veita má stuðning til uppskerutryggingar ef viðkomandi tryggingargreiðslur bæta framleiðendum ekki meira en 100% af því tekjutapi sem þeir hafa orðið fyrir, að teknu tilliti til bóta sem framleiðendur kunna að hafa fengið í gegnum önnur stuðningskerfi sem tengjast áhættunni sem tryggt er gegn.

4. Stuðningur til uppskerutryggingar skal ekki raska samkeppni á tryggingamarkaðnum.

50. gr.

Fjárfestingar

1. Veita má stuðning til efnislegra eða óefnislegra fjárfestinga í vinnslustöðvum og grunnvirkjum vingerðarhúsa, sem og í skipulagi setningar á markað og tækja. Þessar fjárfestingar skulu vera ætlaðar til að bæta heildarárangur fyrirtækisins og aðlögun þess að kröfum markaðarins, sem og til að auka samkeppnishæfni þess, og skulu varða framleiðslu eða setningu vnræktarafurða, sem um getur í II. hluta VII. viðauka, á markað, þ.m.t. með það fyrir augum að bæta orkusparnað, heildarorkunýtni og sjálfbæra ferla.

2. Stuðningur skv. 1. mgr., þegar hámarksstuðningur er veittur:

a) skal eingöngu eiga við um örfyrirtæki, lítil eða meðalstór fyrirtæki í skilningi tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB ⁽²⁴⁾,

⁽²⁴⁾ Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtið. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).

- b) getur þar að auki náð til allra fyrirtækja á ystu svæðunum sem um getur í 349. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og minni Eyjahafseyjanna sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópusambandsins og ráðsins (ESB) nr. 229/2013 ⁽²⁵⁾.

Að því er varðar fyrirtæki, sem ekki falla undir 1. mgr. 2. gr. I. bóls í viðaukanum við tilmæli 2003/361/EB, með færri en 750 starfsmenn eða með veltu undir 200 milljónum evra, skal minnka hámarksaðstoðarlutfall um helming.

Aðstoð skal ekki veitt fyrirtækjum í erfiðleikum í skilningi viðmiðunarreglna Bandalagsins um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar á fyrirtækjum sem eiga í erfiðleikum ⁽²⁶⁾.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal útiloka þann óaðstoðarhæfa kostnað sem um getur í 3. mgr. 69. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1303/2013.

4. Eftirfarandi hámarksaðstoðarlutfall, í tengslum við aðstoðarhæfan fjárfestingarkostnað, gildir um framlag Sambandsins:

- a) 50% á landsvæðum sem eru á eftir í þróun,
- b) 40% á öðrum landsvæðum en þeim sem eru á eftir í þróun,
- c) 75% á ystu svæðum sem um getur í 349. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,
- d) 65% á minni Eyjahafseyjunum eins og er skilgreint í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 229/2013.

5. Ákvæði 71. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1303/2013 gilda að breyttu breytanda um stuðning sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

51. gr.

Nýsköpun í vingeiranum

Veita má stuðning til efnislegra eða óefnislegra fjárfestinga sem eru ætlaðar til þróunar á nýjum afurðum, ferlum og tækni sem tengjast afurðunum sem um getur í II. hluta VII. viðauka. Stuðningnum skal ætlað að auka markaðshæfi og samkeppnishæfni vinnuáætlunar frá Sambandinu og getur einn þáttur þess falist í yfirfærslu á þekkingu. Hámarksaðstoðarlutfall að því er varðar framlag Sambandsins til þess stuðnings sem kveðið er á um í þessari grein skal vera hið sama og sett er fram í 4. mgr. 50. gr.

⁽²⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 229/2013 frá 13. mars 2013 um sértækar ráðstafanir í landbúnaði í þágu minni eyjanna í Eyjahafi og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1405/2006 (Stjtið. ESB L 78, 20.3.2013, bls. 41).

⁽²⁶⁾ Stjtið. ESB C 244, 1.10.2004, bls. 2.

52. gr.

Eiming aukaafurða

1. Veita má stuðning til eimingar að eigin frumkvæði eða skyldubundinnar eimingar á aukaafurðum sem myndast við vinnuframleiðslu sem farið hefur fram í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í D-þætti II. hluta VIII. viðauka.

Fjárhæð aðstoðar skal ákveðin miðað við rúmmálsprósentu og á hektólítra alkóhóls sem framleitt er. Ekki skal greiða út aðstoð fyrir það alkóhólinnihald í aukaafurðunum sem á að eima, sem er hærra en 10% af alkóhólinnihaldi vínsins sem er framleitt.

2. Aðstoðin skal greidd til eimingarstöðva sem vinna aukaafurðir sem myndast við vinnuframleiðslu sem eru afhentar til eimunar í hráalkóhól með minnst 92% alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál.

Aðildarríkin geta bundið veitingu stuðnings því skilyrði að aðstoðarþeginn leggi fram tryggingu.

3. Sú hámarksaðstoð sem gildir skal byggð á kostnaði við söfnun og vinnslu og skal framkvæmdastjórnin ákveða hana með framkvæmdargerðum skv. 54. gr.

4. Viðkomandi aðstoð skal innihalda eingreiðslu til að bæta upp kostnaðinn við að safna saman aukaafurðum sem myndast við vinnuframleiðslu. Ef sá kostnaður fellur á framleiðandann skal eimingarstöðin millifæra þá upphæð til hans.

5. Alkóhól, sem verður til við eimingu sem nýtur stuðnings og sem um getur í 1. mgr., skal eingöngu notað í iðnaði eða til orkuframleiðslu til að forðast röskun á samkeppni.

3. undirþáttur

Málsmeðferðarákvæði

53. gr.

Framselt vald

Til að tryggja að stuðningsáætlanir aðildarríkjanna fyrir vinnuframleiðslu markmið þeirra og að notkun á fjármagni Sambandsins sé markviss og skilvirk skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að setja:

- a) reglur um ábyrgð fyrir útgjöldum frá þeim degi er framkvæmdastjórnin tekur við stuðningsáætlunum og breytingum á stuðningsáætlunum og fram að gildistökudegi þeirra,
- b) reglur um innihald stuðningsáætlana og útgjöld, umsýslu- og starfsmannakostnað og aðgerðir, sem kunna að vera hluti af stuðningsáætlunum aðildarríkjanna, og skilyrði fyrir greiðslum gegnum milliliði ef um er að ræða stuðning vegna uppskerutrygginga og möguleikann á að inna þær af hendi, sem kveðið er á um í 49. gr.,

- c) reglur um kröfurnar um að leggja fram tryggingu þegar fyrirframgreiðsla er innt af hendi,
- d) reglur um notkun á hugtökum að því er varðar þennan þátt,
- e) reglur um að ákveða efri mörk fyrir útgjöld vegna endurplöntunar á vínekrum af heilbrigðisástæðum eða vegna plöntuheilbrigðis í samræmi við c-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. 46. gr.,
- f) reglur um að forðast tvíþjármögnun milli:
- i. mismunandi aðgerða í stuðningsáætlun aðildarríkis fyrir vín og
 - ii. stuðningsáætlunar aðildarríkis fyrir vín og dreifbýlisþróunar- eða kynningaráætlaná þess,
- g) reglur sem gilda þegar framleiðendur taka af markaði aukaafurðir sem myndast við vínframleiðslu og um undanþágur frá þeirri skuldbindingu til að forðast aukið rekstrarlegt álag, og reglur um valkvæða vottun eimingarstöðva,
- h) reglur til að heimila aðildarríkjum að setja skilyrði um tilhlýðilega verkun stuðningsráðstafana í áætlunum þeirra.

54. gr.

Framkvæmdarvald í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um ráðstafanir sem varða:

- a) framlagningu stuðningsáætlana, tilsvareandi fjárhagsáætlanir og endurskoðun á stuðningsáætlunum,
- b) málsmeðferðarreglur vegna umsóknar, vals og greiðslna,
- c) framlagningu, snið og innihald skýrslna og mats á stuðningsáætlunum aðildarríkjanna,
- d) ákvörðun aðildarríkja á hlutfalli aðstoðar vegna grænuppskeru og eimingar aukaafurða,
- e) fjármálastjórnun og ákvæði um beitingu aðildarríkjanna á stuðningsráðstöfunum,
- f) málsmeðferðarreglur vegna tryggingar sem skal leggja fram og upphæð hennar þegar fyrirframgreiðsla er innt af hendi.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

5. þáttur

Aðstoð í býræktargeiranum

55. gr.

Landsáætlanir og fjármögnun

1. Aðildarríkin geta gert landsáætlanir til þriggja ára fyrir býræktargeirann (hér á eftir nefndar býræktaráætlanir) með það fyrir augum að bæta almenn skilyrði við framleiðslu og setningu býræktarafurða á markað. Þróa skal þessar áætlanir í samstarfi við fulltrúasamtök á sviði býræktar.

2. Framlag Sambandsins til býræktaráætlana skal samsvara 50% af útgjöldum aðildarríkjanna vegna þessara áætlana, eins og er samþykkt í samræmi við c-lið fyrstu undirgreinar 57. gr.

3. Til að öðlast hæfi til framlagsins frá Sambandinu sem kveðið er á um í 2. mgr. skulu aðildarríkin gera rannsókn á skipulagi framleiðslu og setningar á markað innan býræktargeirans á yferráðasvæði sínu.

4. Býræktaráætlanir geta innihaldið eftirfarandi ráðstafanir:

- a) tækniástoð við býræktendur og samtök býræktenda,
- b) baráttu gegn sjúkdómum og skaðvöldum sem ráðast inn í býkúpur, þá einkum varróaveiki,
- c) hagræðingu farbúskapar,
- d) ráðstafanir til stuðnings rannsóknarstofum til að greina býræktarafurðir með það að markmiði að aðstoða býræktendur við að markaðssetja og auka verðmæti afurða sinna,
- e) ráðstafanir til stuðnings við endurnýjun stofna í býflugnabúum í Sambandinu,
- f) samstarf við sérfræðiaðila um framkvæmd sérhæfðra rannsóknaráætlana á sviði býræktar og býræktarafurða,
- g) vöktun markaða,
- h) aukningu afurðagæða með það fyrir augum að hagnýta möguleika afurða á markaðnum.

56. gr.

Framselt vald

1. Til að tryggja skilvirka og markvissa notkun á fjármagni Sambandsins sem er ætlað fyrir býrækt skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. um:

- a) að forðast tvíþjármögnun milli býræktaráætlana aðildarríkja og áætlana þeirra um dreifbýlisþróun,

b) grundvöllinn fyrir úthlutun fjárframlags Sambandsins til hvers þátttökuaðildarríkis, m.a. á grunni heildarfjölda býflugnabúa í Sambandinu.

2. Til að tryggja aðlögun aðstoðarkerfis Sambandsins að nýjustu þróun og að ráðstafanirnar sem það nær til séu skilvirkar til að bæta almenn skilyrði í framleiðslu og setningu býræktarafurða á markað skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að uppfæra skrána yfir þær ráðstafanir, sem um getur í 4. mgr. 55. gr., sem mega vera í býræktaráætlunum aðildarríkjanna, með því að bæta við öðrum ráðstöfunum eða aðlaga þessar ráðstafanir án þess að fella neinar þeirra brott. Sú uppfærsla á skránni yfir ráðstafanir skal ekki hafa áhrif á landsáætlanir sem eru samþykktar áður en framselda gerðin öðlast gildi.

57. gr.

Framkvæmdarvald í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að beita megi ákvæðum þessa þáttar varðandi:

- innihald landsáætlana og rannsókna sem aðildarríki gera á skipulagi framleiðslu og setningar á markað í býræktargeirum sínum,
- aðferðina við endurúthlutun á ónotuðu fjármagni,
- samþykki fyrir býræktaráætlunum sem aðildarríki leggja fram, þ.m.t. úthlutun fjárframlags Sambandsins til hvers þátttökuaðildarríkis og hámarksfjárframlag aðildarríkja.

Samþykkinga skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

6. þáttur

Aðstoð í humlageiranum

58. gr.

Aðstoð til samtaka framleiðenda

1. Sambandið skal veita aðstoð til samtaka framleiðenda í humlageiranum, sem eru viðurkennd í samræmi við 152. gr., til að fjármagna aðgerðir til að ná fram markmiðunum sem um getur í i., ii. eða iii. lið c-liðar 1. mgr. 152. gr.

2. Fjármögnun Sambandsins til aðstoðar við samtök framleiðenda sem kveðið er á um í 1. mgr. skal vera 2 277 000 evrur á ári fyrir Þýskaland.

59. gr.

Framselt vald

Til tryggja að aðstoðin sem um getur í 58. gr. fjármagni aðgerðir til að ná fram markmiðunum sem um getur í 152. gr. skal veita framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. að því er varðar:

- umsóknir um aðstoð, þ.m.t. reglur um fresti og fylgiskjöl,

b) reglur um aðstoðarhæf humlasvæði og útreikning á þeim fjárhæðum sem skal greiða til hverra samtaka framleiðenda.

60. gr.

Framkvæmdarvald í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að beita megi ákvæðum þessa þáttar varðandi greiðslu aðstoðar.

Samþykkinga skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

III. KAFLI

Fyrirkomulag við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið

61. gr.

Tímalengd

Fyrirkomulagið við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið, sem er komið á með ákvæðum þessa kafla, skal gilda frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2030 og skal framkvæmdastjórnin endurskoða það á miðju tímabili til að meta beitingu fyrirkomulagsins og, ef við á, leggja fram tillögur.

1. þáttur

Stjórnun fyrirkomulagsins við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið

62. gr.

Leyfi

1. Einungis má planta eða endurplanta vínvið af vínþrúguyrkjum, sem eru flokkuð í samræmi við 2. mgr. 81. gr., ef til þess er veitt leyfi í samræmi við ákvæði 64., 66. og 68. gr. samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

2. Aðildarríkin skulu veita leyfið sem um getur í 1. mgr. fyrir tiltekið svæði, sem er gefið upp í hekturum, þegar framleiðendur hafa lagt fram umsókn sem uppfyllir hæfisviðmiðanir sem eru hlutlægar og án mismununar. Slíkt leyfi skal veitt án þess að framleiðendum sé gert að greiða fyrir það gjald.

3. Leyfin sem um getur í 1. mgr. skulu gilda í þrjú ár frá þeim degi sem þau voru veitt. Framleiðandi sem ekki hefur nýtt sér veitt leyfi á gildistímabili þess skal sæta stjórnsýsluviðurlögum eins og kveðið er á um í 4. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013.

4. Ákvæði þessa kafla gilda ekki um plöntun eða endurplöntun á svæðum sem ætluð eru til notkunar í tilraunaskyni eða undir gróðrarstöðvar fyrir ágræðslukvisti, á svæðum þar sem vín eða vínræktarafurðir eru einvörðungu ætlaðar til neyslu á heimili vínræktandans eða á svæðum þar sem nýplöntun á að fara fram vegna eignarnáms í þágu almennings samkvæmt landslögum.

63. gr.

Verndarráðstöfun vegna nýplöntunar

1. Aðildarríkin skulu á hverju ári bjóða upp á leyfi fyrir nýplöntun sem samsvarar 1% af því heildarsvæði þar sem vínvið hefur verið plantað á yfirráðasvæði þeirra, eins og það er mælt 31. júlí á næstliðnu ári.

2. Aðildarríkin geta:

- a) beitt, á landsvísu, lægra hlutfalli en hlutfallinu sem sett er fram í 1. mgr.,
- b) takmarkað útgáfu leyfa á svæðisvísu, á tilteknum svæðum þar sem framleiða má vín með verndaða upprunatáknun, fyrir svæði þar sem framleiða má vín með verndaða, landfræðilega merkingu, eða fyrir svæði án landfræðilegrar merkingar.

3. Þær takmarkanir sem um getur í 2. mgr. skulu stuðla að skipulegri aukningu á plöntun á vínvið, skulu vera yfir 0% og skulu studdar af einni eða fleiri af eftirfarandi ástæðum:

- a) þörfinni fyrir að forðast vel þekkt hættu á offramboði á vínaferðum í tengslum við markaðshorfur fyrir afurðirnar, þó ekki umfram það sem er nauðsynlegt til að uppfylla þá þörf,
- b) þörfinni fyrir að forðast vel þekkt hættu á umtalsverðri verðmætisrýrnun tiltekinna verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar, landfræðilegrar merkingar.

4. Aðildarríkin skulu gera opinberar allar ákvarðanir sem eru samþykktar skv. 2. mgr. og skulu þær vera tilhlýðilega rökstuddar. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni þegar í stað um þessar ákvarðanir og rökin fyrir þeim.

64. gr.

Veiting leyfa fyrir nýplöntun

1. Ef heildarsvæðið sem aðstoðarhæfar umsóknir ná til á tilteknu ári er ekki stærra en það svæði sem aðildarríkið býður upp á, skal samþykkja allar slíkar umsóknir.

Aðildarríkin geta, að því er varðar þessa grein, beitt einni eða fleiri af eftirfarandi hæfisviðmiðunum sem eru hlutlægar og án mismununar:

- a) umsækjandinn skal ráða yfir landbúnaðarsvæði sem er ekki minna en það svæði sem hann óskar eftir leyfi fyrir,
- b) umsækjandinn skal búa yfir nægilegri verkfærni og hæfi,

c) umsóknin skal ekki valda umtalsverðri hættu á óréttmætri nýtingu á orðsþori tiltekinna verndaðra upprunatáknana og skal það teljast gefið nema ef opinber yfirvöld sýna fram á tilvist slíkrar áhættu,

d) einni eða fleiri af þeim viðmiðunum sem um getur í 2. mgr., að því tilskildu að þeim sé beitt á hlutlægan hátt og án mismununar, þegar slíkt er tilhlýðilega rökstutt.

2. Ef heildarsvæðið sem aðstoðarhæfar umsóknir, sem um getur í 1. mgr., ná til á tilteknu ári er stærra en það svæði sem aðildarríkið býður upp á skal veita leyfi með hlutfallslegri dreifingu á alla umsækjendur miðað við hektarafjölda, á grundvelli þess svæðis sem þeir hafa óskað eftir leyfi fyrir. Slík leyfisveiting má einnig fara fram að hluta til eða að öllu leyti samkvæmt einni eða fleiri af eftirfarandi forgangsviðmiðunum, sem eru hlutlægar og án mismununar:

a) framleiðendur sem eru að planta vínvið í fyrsta skipti og sem eru viðurkenndir sem yfirmenn búanna (nýr aðilar),

b) svæði þar sem vínekrur stuðla að verndun umhverfisins,

c) svæði þar sem nýplöntun á að fara fram innan ramma verkefna til sameiningar jarðarparta,

d) svæði sem standa frammi fyrir náttúrulegum eða öðrum sértækum takmörkunum,

e) sjálfbærni verkefna á sviði þróunar eða endurplöntunar á grundvelli efnahagslegs mats,

f) svæði, þar sem nýplöntun á að fara fram, sem stuðla að því að auka samkeppnishæfni bús og á svæðisvísu,

g) verkefni sem hafa þann möguleika að geta bætt gæði afurða með landfræðilegar merkingar,

h) svæði þar sem nýplöntun á að fara fram innan þess ramma að stækka lítil og meðalstór bú.

3. Aðildarríkin skulu gera opinberar þær viðmiðanir, sem um getur í 1. og 2. mgr., sem þau beita og skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni um þær þegar í stað.

65. gr.

Hlutverk fagfélaga

Við beitingu ákvæða 2. mgr. 63. gr. getur aðildarríki tekið tillit til tilmæla sem lögð eru fram af viðurkenndum fagfélögum innan vingeirans sem um getur í 152., 156. og 157. gr., hagsmunahópum framleiðenda sem um getur í 95. gr. eða öðrum tegundum fagfélaga, sem eru viðurkennd á grundvelli löggjafar

Þess aðildarríkis, að því tilskildu að tilmælin komi í kjölfar samnings sem hlutaðeigandi fulltrúar á viðmiðunarlandsvæðinu gera með sér.

Slík tilmæli skulu vera til mest þriggja ára.

66. gr.

Endurplöntun

1. Aðildarríkin skulu sjálfkrafa veita framleiðendum leyfi sem hafa, frá og með 1. janúar 2016, rutt svæði þar sem vínviður óx og lagt fram umsókn. Slíkt leyfi skal veitt fyrir svæði sem samsvarar viðkomandi svæði miðað við hreinrækt. Þau svæði sem slíkt leyfi nær til skulu ekki teljast með að því er varðar ákvæði 63. gr.

2. Aðildarríkin geta veitt leyfið, sem um getur í 1. mgr., framleiðendum sem skuldbinda sig til að ryðja svæði þar sem vínviður hefur verið plantað ef ruðningin á svæðinu sem skuldbindingin varðar er framkvæmd í síðasta lagi við lok fjórða ársins frá þeim degi þegar nýjum vínvið var plantað.

3. Leyfið sem um getur í 1. mgr. skal nýtt á sama búi og ruðningin átti sér stað. Á svæðum þar sem framleiða má vín með verndaða upprunatakun eða verndaða, landfræðilega merkingu geta aðildarríkin takmarkað endurplöntunina á grundvelli tilmæla frá fagfélagi, í samræmi við 65. gr., við vínvið sem uppfyllir sömu vernduðu upprunatakun eða vernduðu, landfræðilegu merkingu og svæðið sem var rutt.

4. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki ef um er að ræða ruðningu á plöntun sem ekki var veitt leyfi fyrir.

67. gr.

Minniháttarreglan

1. Fyrirkomulagið við veitingu leyfa til að planta vínvið sem er komið á með þessum kafla gildir ekki í aðildarríkjum þar sem umbreytingarfyrirkomulag varðandi réttindi til plöntunar, sem komið var á með ákvæðum II. undirþáttar IV. þáttar a í III. kafla I. bóls II. hluta reglugerðar (ESB) nr. 1234/2007, var ekki í gildi 31. desember 2007.

2. Aðildarríki þar sem fyrirkomulagið, sem um getur í 1. mgr., var í gildi 31. desember 2007 og þar sem svæðin sem það varðar, þar sem vínvið er nú plantað, eru ekki stærri en 10 000 hektarar, geta ákveðið að innleiða ekki fyrirkomulagið við veitingu leyfa til að planta vínvið sem komið er á með þessum kafla.

68. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Frá og með 1. janúar 2016 má breyta réttindum til plöntunar, sem veitt eru framleiðendum í samræmi við 85. gr. h, 85. gr. i eða 85. gr. k í reglugerð (EB) 1234/2007 fyrir 31. desember

2015, sem umræddir framleiðendur hafa ekki nýtt og eru enn í gildi þann dag, í leyfi samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

Slík umbreyting skal fara fram samkvæmt beiðni sem umræddir framleiðendur leggja fram fyrir 31. desember 2015. Aðildarríki geta ákveðið að leyfa framleiðendum að leggja fram slíka beiðni um að umbreyta réttindum í leyfi fram til 31. desember 2020.

2. Leyfi sem eru veitt skv. 1. mgr. skulu hafa sama gildistíma og réttindi til plöntunar sem um getur í 1. mgr. Ef þessi leyfi eru ekki nýtt renna þau út eigi síðar en 31. desember 2018 eða, ef aðildarríki hefur tekið ákvörðunina sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr., eigi síðar en 31. desember 2023.

3. Þau svæði sem leyfin, sem eru veitt skv. 1. mgr., ná til skulu ekki teljast með að því er varðar ákvæði 63. gr.

69. gr.

Framselt vald

Framkvæmdastjórninni skal falið vald til þess að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr., að því er varðar:

- a) skilyrði fyrir beitingu undanþágunnar sem um getur í 4. mgr. 62. gr.,
- b) reglurnar sem varða viðmiðanirnar sem um getur í 1. og 2. mgr. 64. gr.,
- c) viðmiðanirnar sem bætast við þær sem tilgreindar eru í 1. og 2. mgr. 64. gr.,
- d) samhliða tilvist vínviðar, sem framleiðandinn hefur skuldbundið sig til að ryðja, með nýplöntuðum vínvið skv. 2. mgr. 66. gr.,
- e) ástæðurnar fyrir ákvörðunum aðildarríkja skv. 3. mgr. 66. gr.

70. gr.

Framkvæmdarvald í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir í tengslum við:

- a) málsmeðferð við veitingu leyfanna,
- b) þær skrár sem aðildarríki skulu halda og tilkynningar sem skal senda framkvæmdastjórninni.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

2. þáttur

Eftirlit með fyrirkomulaginu við veitingu leyfa til að planta vínvið

71. gr.

Plantanir sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir

1. Framleiðendur skulu ryðja á eigin kostnað svæði þar sem vínvið var plantað án þess að leyfi væri fyrir hendi.
2. Ef framleiðendur ryðja ekki innan fjögurra mánaða frá þeim degi er þeim er tilkynnt um misfelluna skulu aðildarríkin sjá til þess að slíkar plantanir, sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir, séu ruddar innan tveggja ára frá því að fjögurra mánaða tímabilinu lýkur. Kostnaður við það fellur á viðkomandi framleiðendur.
3. Aðildarríkin skulu, fyrir 1. mars ár hvert, tilkynna framkvæmdastjórninni um heildarstærð svæðanna þar sem staðfest er að vínvið hefur verið plantað án leyfis eftir 1. janúar 2016, sem og um þau svæði sem eru rudd í samræmi við 1. og 2. mgr.
4. Framleiðandi, sem hefur ekki staðið við þá skuldbindingu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar, skal sæta viðurlögum sem mælt skal fyrir um í samræmi við 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013.
5. Svæði þar sem vínvið er plantað án leyfis skulu ekki njóta stuðningsráðstafana, hvorki landsbundinna né á vegum Sambandsins.

72. gr.

Framkvæmdarvald í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir til að fastsetja upplýsingar um samskiptakröfur sem aðildarríkin skulu fara að, þ.m.t. hugsanlegar lækkanir á takmörkunum í fjárlögum sem kveðið er á um í VI. viðauka, ef ekki er farið að kröfum.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

II. BÁLKUR

REGLUR VARÐANDI SETNINGU Á MARKAÐ OG SAMTÖK FRAMLEIÐENDA

I. KAFLI

Reglur varðandi setningu á markað

1. þáttur

Markaðsstaðlar

1. undirþáttur

Inngangsaðkvæði

73. gr.

Gildissvið

Með fyrirvara um önnur ákvæði sem gilda um landbúnaðarafurðir, sem og um ákvæði sem eru samþykkt innan geira sem varða

heilbrigði dýra og dýraafurða, plöntuheilbrigði og til að tryggja að afurðir uppfylli staðla á sviði hollustuhátta og heilbrigðis og til að vernda heilbrigði dýra, plantna og manna, er í þessum þætti mælt fyrir um reglur um markaðsstaðla. Reglur þessar skiptast á milli skyldubundinna reglna og valkvæðra frátekkinna hugtaka fyrir landbúnaðarafurðir.

2. undirþáttur

Markaðsstaðlar eftir geirum eða afurðum

74. gr.

Almenn meginregla

Afurðir, sem markaðsstaðlar hafa verið settir fyrir eftir geirum eða afurðum í samræmi við þennan þátt, má einungis setja á markað í Sambandinu ef þær uppfylla umrædda staðla.

75. gr.

Stofnun og innihald

1. Markaðsstaðlar geta gilt fyrir einn eða fleiri eftirfarandi geira og afurðir:

- a) ólífuolíu og ólífur til átu,
- b) aldin og grænmeti,
- c) unnar afurðir úr aldinum og grænmeti,
- d) banana,
- e) lifandi plöntur,
- f) egg,
- g) alifuglakjöt,
- h) smyrjanlega fitu sem er ætluð til manneldis,
- i) humla.

2. Til að taka tillit til neytenda og bæta efnahagsleg skilyrði fyrir framleiðslu landbúnaðarafurða, sem falla undir ákvæði 1. og 4. mgr. þessarar greinar, og setningu þeirra á markað, sem og gæði þeirra skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 227. gr., um markaðsstaðla eftir geirum eða afurðum á öllum stigum setningar á markað, sem og um undanþágur og frávik frá slíkum stöðlum til að aðlagast síbreytilegum markaðsaðstæðum, breytingum á kröfum neytenda, þróun á viðeigandi alþjóðlegum stöðlum og til að forðast að skapa hindranir gagnvart nýsköpun afurða.

3. Með fyrirvara um 26. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 ⁽²⁷⁾ geta markaðsstaðlarnir, sem um getur í 1. mgr., náð til eins eða fleiri eftirfarandi atriða sem skal ákveða eftir geira eða afurð og skulu byggjast á séreinkennum hvers geira, þörfinni fyrir að setja reglur um setningu á markað og skilyrðunum sem eru skilgreind í 5. mgr. þessarar greinar:

- a) tæknilegra skilgreininga, tákunar og afurðalýsinga fyrir aðra geira en þá sem mælt er fyrir um í 78. gr.,
- b) flokkunarviðmiðana, s.s. gæðaflokkun í flokka, þyngd, stærð, aldur og flokk,
- c) tegundar, plöntuyrkis eða dýrakyns, eða söluflökks,
- d) framsetningarinnar, merkingar sem tengist skyldubundnum markaðsstöðlum, umbúða, reglna sem skal beita í tengslum við þökkunarmiðstöðvar, merkingar, uppskeruár og notkun á sérheitum, með fyrirvara um ákvæði 92. til 123. gr.,
- e) viðmiðana s.s. útlit, þéttleika, holdfyllingu, einkenni afurðar og hlutfall vatnsinnihalds,
- f) tiltekinna efna, sem eru notuð við framleiðslu, eða efnisþátta eða innihaldsefna, þ.m.t. magns þeirra, hreinleika og auðkenningar,
- g) tegundar búskapar og framleiðsluaðferðar, þ.m.t. vínfræðilegra vinnsluaðferða og þróaðra sjálfbærra framleiðslukerfa,
- h) blöndunar á musti og víni, þ.m.t. skilgreiningar, blöndun og takmarkanir á henni,
- i) tíðni söfnunar, afhendingar, varðveislu og meðhöndlunar, varðveisluaðferðar og -hitastigs, geymslu og flutninga,
- j) staðsetningar framleiðslunnar og/eða upprunastaðarins, að undanskildu alifuglakjöti og smyrjanlegri fitu,
- k) takmarkana að því er varðar notkun á tilteknum efnum og aðferðum,

l) sérstakrar notkunar,

m) skilyrðanna sem gilda um ráðstöfun, geymslu, dreifingu og notkun á afurðum sem eru ekki í samræmi við markaðsstaðla, sem eru samþykktir skv. 1. mgr., eða skilgreiningar, táknanir og afurðalýsingar eins og um getur í 78. gr., sem og um ráðstöfun aukaafurða.

4. Til viðbótar við 1. mgr. geta markaðsstaðlar náð til vingeirans. Ákvæði f-, g-, h-, k- og m-liðar 3. mgr. skulu ná til þess geira.

5. Markaðsstaðlar eftir geirum eða afurðum, sem eru samþykktir skv. 1. mgr. þessarar greinar, skulu settir með fyrirvara um ákvæði 84. til 88. gr. og IX. viðauka og með hliðsjón af:

a) séreinkennum viðkomandi afurðar,

b) nauðsyn þess að tryggja skilyrði til að auðvelda setningu þessara afurða á markað,

c) hagsmunum framleiðenda um að miðla eiginleikum afurðarinnar og framleiðsluaðferðanna og hagsmunum neytenda um að fá viðunandi og gagnsæjar upplýsingar um afurðir, þ.m.t. um staðsetningu framleiðslunnar, sem skal taka ákvörðun um í hverju tilviki fyrir sig á viðeigandi landfræðilegu þrepi að loknu mati, einkum á kostnaði og rekstrarlegu álagi framleiðenda sem og á ávinningi fyrir framleiðendur og lokaneytendur,

d) aðferðum sem eru tiltækar til að ákvarða eðlisfræðilega og efnafræðilega eiginleika og skynmatseinkenni afurðanna,

e) tilmælum um staðla sem alþjóðastofnanir hafa samþykkt,

f) þörf fyrir að varðveita náttúruleg og mikilvæg einkenni afurða og forðast að valda umtalsverðum breytingum á samsetningu viðkomandi afurðar.

6. Til að taka tillit til væntinga neytenda og þarfarinnar fyrir að bæta gæði og efnahagsleg skilyrði fyrir framleiðslu og setningu landbúnaðarafurða á markað skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 227. gr., til að breyta skránni yfir geirana í 1. mgr. Slíkar framseldar gerðir skulu einskorðast við sannaðar þarfir, sem leiða af breytingum á kröfum neytenda, tækniframförum eða þörfinni fyrir nýsköpun afurða, og skal framkvæmdastjórnin skila um það skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins þar sem einkum eru metnar þarfir neytandans, kostnaðurinn og rekstrarlegt álag framleiðenda, þ.m.t. áhrifin á innri markaðinn og á alþjóðaviðskipti, og ávinningur fyrir framleiðendur og lokaneytendur.

⁽²⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtið. ESB L 304, 22.11.2011., bls. 18).

76. gr.

Viðbótarkröfur vegna setningar á markað í aldin- og grænmetisgeiranum

1. Auk gildandi markaðsstaðla, sem um getur í 75. gr., og ef við á, má einungis setja á markað afurðir úr aldin- og grænmetisgeiranum sem selja á nýjar til neytenda ef þær eru af fullum og eðlilegum markaðsgæðum og upprunalandið er tilgreint.
2. Markaðsstaðlarnir sem um getur í 1. mgr., sem og aðrir markaðsstaðlar sem gilda um aldin- og grænmetisgeirann og er mælt fyrir um í samræmi við þennan undirþátt, gilda á öllum sölustigum, þ.m.t. um innflutning og útflutning, og geta náð til gæða, flokkunar, þyngdar, stærðar, þökkunar, umbúða, geymslu, flutninga, söluumbúnaðar og setningar á markað.
3. Handhafi afurða úr aldin- og grænmetisgeiranum sem markaðsstaðlar gilda um skal ekki sýna slíkar afurðir, þjóða þær til sölu eða afhenda eða setja þær á markað innan Sambandsins öðruvísi en í samræmi við þá staðla og skal hann bera ábyrgð á að slíkt samræmi sé til staðar.
4. Til að tryggja tilhlýðilega beitingu krafanna sem eru settar fram í 1. mgr. þessarar greinar og til að taka tillit til tiltekinna sérstakra aðstæðna skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. að því er varðar sértækar undanþágur frá ákvæðum þessarar greinar sem eru nauðsynlegar til að henni megi beita á tilhlýðilegan hátt.

77. gr.

Vottun humla

1. Auk gildandi markaðsstaðla og ef við á skulu afurðir úr humlageiranum, sem eru uppskornar eða tilreiddar innan Sambandsins, fá vottunarmeðferð samkvæmt þessari grein.
2. Einungis er heimilt að gefa út vottorð fyrir afurðir sem hafa til að bera þau lágmarksgæðaeinkenni sem eiga við tiltekið sölustig. Þegar um er að ræða humla í duftformi, humla í duftformi með háu lúpulinnihaldi, humlakjarna og blandaðar humlaafurðir er einungis heimilt að gefa út vottorð ef alfásýruinnihald þessara afurða er ekki lægra en humlanna sem þær eru unnar úr.
3. Í vottorðunum skal a.m.k. tilgreina:
 - a) framleiðslustað eða -staði humlanna,
 - b) uppskeruár og
 - c) yrki.
4. Einungis má setja afurðir úr humlageiranum á markað eða flytja þær út ef þær falla undir vottorð sem er gefið út í samræmi við þessa grein.

Ef um er að ræða innfluttar afurðir úr humlageiranum skal litið svo á að staðfestingin, sem kveðið er á um í 2. mgr. 190. gr., sé jafngild því vottorði.

5. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að mæla fyrir um ráðstafanir sem vikja frá ákvæðum 4. mgr. þessarar greinar:

- a) til að uppfylla viðskiptakröfur tiltekinna þriðju landa eða
- b) þegar um er að ræða afurðir sem eru ætlaðar til sérstakrar notkunar.

Ráðstafanirnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu:

- i. ekki hafa skaðleg áhrif á eðlilega setningu afurða á markað ef gefið hefur verið út vottorð fyrir þær og
- ii. hafa meðfylgjandi ábyrgðir sem er ætlað að tryggja að ekki komi til ruglings við þessar afurðir.

78. gr.

Skilgreiningar, táknanir og afurðalýsingar fyrir tiltekna geira og afurðir

1. Auk gildandi markaðsstaðla skulu þær skilgreiningar, táknanir og afurðalýsingar sem kveðið er á um í VII. viðauka gilda um eftirfarandi geira eða afurðir, ef við á:
 - a) nauta- og kálfakjöt,
 - b) vín,
 - c) mjólk og mjólkurafurðir sem eru ætlaðar til manneldis,
 - d) alifuglakjöt,
 - e) egg,
 - f) smyrjanlega fitu sem er ætluð til manneldis,
 - g) ólífuolíu og ólífur til átu.
2. Þær skilgreiningar, táknanir eða afurðalýsingar sem kveðið er á um í VII. viðauka má einungis nota innan Sambandsins til setningar á markað á afurð sem uppfyllir samsvarandi körfur sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.
3. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. að því er varðar þær breytingar, undanþágur eða frávik frá skilgreiningunum og afurðalýsingunum sem kveðið er á um í VII. viðauka. Þessar framseldu gerðir skulu einskorðast við sannaðar þarfir sem leiða af breytingum á kröfum neytenda, tækniframförum eða þörfinni fyrir nýsköpun afurða.

4. Til að tryggja að rekstraraðilar og aðildarríki hafi skýran og tilhlýðilegan skilning á skilgreiningunum og afurðalýsingunum sem kveðið er á um í VII. viðauka skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. að því er varðar reglur um tilgreiningu og beitingu þeirra.

5. Til að taka tillit til væntinga neytenda og þróunar á markaðinum með mjólkurafurðir skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að tilgreina þær mjólkurafurðir sem skal fylgja yfirlýsing um úr hvaða dýrategund mjólkinn kemur ef hún er ekki úr nautgripum og til að mæla fyrir um nauðsynlegar reglur.

79. gr.

Vikmörk

1. Til að taka tillit til séreinkenna hvorrar afurðar eða hvers geira, mismunandi sölustiga, tæknilegra skilyrða, hugsanlegra umtalsverðra hagnýtra erfiðleika og einnig til nákvæmni og endurtekningarnákvæmni greiningaraðferða, skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 227. gr., um vikmörk fyrir einn eða fleiri tiltekna staðla sem hefur það í för með sér að ef farið er yfir þau telst öll framleiðslulotan ekki fara að fyrrnefndum staðli.

2. Þegar þær gerðir, sem um getur í 1. mgr., eru samþykktar skal framkvæmdastjórnin taka tillit til þarfarinnar fyrir að breyta ekki eðlislægum einkennum afurðarinnar og forðast að draga úr gæðum hennar.

80. gr.

Vínfræðilegar vinnsluaðferðir og greiningaraðferðir

1. Einungis skal nota vínfræðilegar vinnsluaðferðir, sem eru heimilaðar í samræmi við VIII. viðauka og kveðið á um í g-lið 3. mgr. 75. gr. og í 2. og 3. mgr. 83. gr., við framleiðslu og varðveislu afurðanna, sem eru tilgreindar í II. hluta VII. viðauka, innan Sambandsins.

Fyrsta undirgreinin gildir ekki um:

- a) þrúgusafa og þrúgusafþykki og
- b) þrúgumust og þrúgumustsþykki sem ætlað er til tilreiðslu á þrúgusafa.

Einungis er heimilt að nota leyfilegar vínfræðilegar vinnsluaðferðir í þeim tilgangi að tryggja rétta vínframleiðslu, rétta varðveislu eða rétta þroskun afurðarinnar.

Afurðir sem eru tilgreindar í II. hluta VII. viðauka skulu framleiddar innan Sambandsins í samræmi við reglurnar sem er mælt fyrir um í VIII. viðauka.

2. Ekki skal setja afurðir sem eru tilgreindar í II. hluta VII. viðauka á markað innan Sambandsins ef:

- a) þær hafa farið í gegnum vínfræðilegar vinnsluaðferðir sem eru óleyfilegar í Sambandinu,
- b) þær hafa farið í gegnum óleyfilegar landsbundnar vínfræðilegar vinnsluaðferðir eða
- c) þær samræmast ekki reglunum sem mælt er fyrir um í VIII. viðauka.

Farga skal þeim vínrektarafurðum sem er ekki unnt að setja á markað í samræmi við fyrstu undirgrein. Þrátt fyrir þessa reglu geta aðildarríki leyft notkun á tilteknum slíkum afurðum, með einkenni sem þau ákveða, í eimingarstöðvum eða edikverksmiðjum eða til iðnaðarnota, að því tilskildu að umrætt leyfi verði ekki hvati til að framleiða vínrektarafurðir með óleyfilegum vínfræðilegum vinnsluaðferðum.

3. Þegar framkvæmdastjórnin leyfir vínfræðilegar vinnsluaðferðir fyrir vín eins og um getur í g-lið 3. mgr. 75. gr. skal hún:

- a) taka tillit til þeirra vínfræðilegu vinnsluaðferða og greiningaraðferða sem Alþjóðavinstofnunin mælir með og birtir sem og til niðurstaðna varðandi notkun á vínfræðilegum vinnsluaðferðum, sem enn hafa ekki verið leyfðar, í tilraunaskyni,
- b) taka tillit til heilsuverndar manna,
- c) taka tillit til hugsanlegrar hættu á að villt sé um fyrir neytendum vegna fastgróinnar skynjunar þeirra á afurðinni og samsvarandi væntinga, með hliðsjón af aðgengi að og hagkvæmni upplýsingamiðlunarleiða til að útiloka slíka áhættu,
- d) leyfa varðveislu á náttúrulegum og mikilvægum einkennum vínsins og ekki valda umtalsverðum breytingum á samsetningu viðkomandi afurðar,
- e) tryggja viðunandi lágmarksvernd fyrir umhverfið,
- f) virða þær almennu reglur um vínfræðilegar vinnsluaðferðir og reglurnar sem mælt er fyrir um í VIII. viðauka.

4. Til að tryggja rétta meðferð vínafurða sem er ekki unnt að setja á markað skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. að því er varðar reglur um landsbundnu aðferðirnar sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. þessarar greinar og undanþágur frá þeim er varða töku vínafurða, sem uppfylla ekki kröfurnar, af markaði, eða förgun þeirra.

5. Framkvæmdastjórnin skal, ef nauðsyn krefur, samþykkja framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um þær aðferðir sem um getur í d-lið 5. mgr. 75. gr. fyrir afurðir sem eru tilgreindar í II. hluta VII. viðauka. Umræddar aðferðir skulu byggjast á einhverri viðeigandi aðferð sem Alþjóðavinstofnunin mælir með og birtir, nema þær séu óskilvirkar eða óviðeigandi með tilliti til þess markmiðs sem Sambandið stefnir að. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

Meðan þess er beðið að slíkar framkvæmdargerðir séu samþykktar skal nota þær aðferðir og reglur sem hlutaðeigandi aðildarríki leyfir.

81. gr.

Vínprúguyrki

1. Afurðir, sem eru tilgreindar í II. hluta VII. viðauka og framleiddar innan Sambandsins, skulu framleiddar úr vínprúguyrkjum sem unnt er að flokka skv. 2. mgr. þessarar greinar.

2. Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um 3. mgr., flokka hvaða vínprúguyrkjum má planta, endurplanta eða stunda ágræðslu á á yfirráðasvæði þeirra í þeim tilgangi að framleiða vín.

Aðildarríkin mega einungis flokka vínprúguyrki sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) viðkomandi yrki er af tegundinni *Vitis vinifera* eða hefur verið fengið með víxlæxlun tegundarinnar *Vitis vinifera* og annarra tegunda af ættkvíslinni *Vitis*,
- b) yrkið er ekki eitt af eftirfarandi: Noah, Othello, Isabelle, Jacquez, Clinton og Herbemont.

Ef vínprúguyrki er felld brott úr flokkuninni sem um getur í fyrstu undirgrein skal ruðning á þessu yrki fara fram innan 15 ára þáðan í frá.

3. Þau aðildarríki þar sem vínframleiðsla fer ekki yfir 50 000 hektólítra á hverju vínári, reiknað á grundvelli meðalframleiðslu á síðastliðnum fimm vínárum, skulu undanþegin flokkunarskuldbindingunni sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein 2. mgr.

Í þessum aðildarríkjum má hins vegar einungis planta, endurplanta eða stunda ágræðslu á vínprúguyrkjum, sem uppfylla ákvæði annarrar undirgreinar 2. mgr., til vínframleiðslu.

4. Þrátt fyrir fyrstu og þriðju undirgrein 2. mgr. og aðra undirgrein 3. mgr. skulu aðildarríkin heimila plöntun, endurplöntun eða stunda ágræðslu á eftirfarandi vínprúguyrkjum vegna vísindarannsóknna og í tilraunaskyni:

- a) vínprúguyrkjum sem ekki eru flokkuð, ef um er að ræða önnur aðildarríki en þau sem um getur í 3. mgr.,
- b) vínprúguyrkjum sem ekki uppfylla ákvæði annarrar undirgreinar 2. mgr., ef um er að ræða þau aðildarríki sem um getur í 3. mgr.

5. Ryðja skal svæði þar sem brotið hefur verið gegn ákvæðum 2., 3. og 4. mgr. með plöntun vínprúguyrkja til vínframleiðslu.

Þó skal ekki skylt að ryðja slík svæði ef viðkomandi framleiðsla er eingöngu ætluð til neyslu á heimilum vínframleiðendanna.

82. gr.

Sértæk notkun á víni sem ekki samræmist flokkunum sem tilgreindir eru í II. hluta VII. viðauka

Að undanskildu víni á flöskum, þar sem sannað er að því hafi verið tappað á fyrir 1. september 1971, skal vín, sem er framleitt úr vínprúguyrkjum sem eru tilgreind í flokkunum sem teknir voru saman í samræmi við fyrstu undirgrein 2. mgr. 81. gr. en samræmast ekki neinum af flokkunum sem mælt er fyrir um í II. hluta VII. viðauka, einungis notað til neyslu á heimilum einstakra vínframleiðenda, til framleiðslu á vinediki eða til eimingar.

83. gr.

Landsreglur fyrir tilteknar afurðir og geira

1. Þrátt fyrir 2. mgr. 75. gr. geta aðildarríki samþykkt eða viðhaldið landsreglum þar sem mælt er fyrir um mismunandi gæðastig smyrjanlegrar fitu. Slíkar reglur skulu leyfa mat á þessum gæðastigum á grundvelli viðmiðana sem einkum varða þau hráefni sem eru notuð, skynmatseinkenni afurðanna og eðlisrænan og örverufræðilegan stöðugleika þeirra.

Aðildarríki sem nýta þann valkost sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein skulu sjá til þess að nota megi, fyrir afurðir frá öðrum aðildarríkjum sem uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í umræddum landsreglum, án mismununar, hugtök sem greina frá því að viðkomandi viðmiðanir séu uppfylltar.

2. Aðildarríkin geta takmarkað eða bannað notkun tiltekinna vínfræðilegra vinnsluáðferða og kveðið á um strangari reglur fyrir vín, sem leyfð eru samkvæmt lögum Sambandsins og framleidd á yfirráðasvæði þeirra, með það fyrir augum að styrkja varðveislu á mikilvægum einkennum vína með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu og freyðivína og líkjörvína.

3. Aðildarríki geta heimilað notkun í tilraunaskyni á vínfræðilegum vinnsluáðferðum sem ekki eru leyfi fyrir.

4. Til að tryggja rétta og gagnsæja beitingu ákvæða þessarar greinar skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að setja fram skilyrði fyrir beitingu ákvæða 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar, sem og skilyrði fyrir geymslu, dreifingu og notkun á afurðunum sem eru fengnar úr tilraunastarfseminni sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar.

5. Aðildarríki mega einungis samþykkja eða viðhalda innlendum viðbótarákvæðum um afurðir sem falla undir markaðsstaðal Sambandsins ef umrædd ákvæði eru í samræmi við lög Sambandsins, einkum meginregluna um frjálsa vöruflutninga, og sem eru með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB ⁽²⁸⁾.

3. undirþáttur

Valkvæð frátekin hugtök

84. gr.

Almennt ákvæði

Gera skal áætlun um valkvæð frátekin hugtök eftir geirum eða afurðum til að auðvelda framleiðendum landbúnaðarafurða, sem hafa virðisaukandi einkenni eða eigindir, að miðla þeim einkennum eða eigindum innan innri markaðarins, og einkum til að styðja og auka við hina sértæku markaðsstaðla.

Þessi undirþáttur gildir ekki um vínaafurðir sem um getur í 1. mgr. 92. gr.

85. gr.

Valkvæð frátekin hugtök sem þegar eru til staðar

1. Þau valkvæðu fráteknu hugtök sem þessi áætlun nær til 20. desember 2013 eru tilgreind í IX. viðauka og mæla skal fyrir um skilyrðin fyrir notkun þeirra skv. a-lið 86. gr.

2. Þau valkvæðu fráteknu hugtök sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu gilda áfram, með fyrirvara um breytingar, nema þau séu felld úr gildi skv. 86. gr.

86. gr.

Frátekt, breyting og niðurfelling á valkvæðu fráteknu hugtaki

Til að taka til greina væntingar neytenda, þróun á vísinda- og tæknipækkingu, aðstæðurnar á markaðnum og þróun á markaðsstöðlum og alþjóðlegum stöðlum skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að:

- taka frá ný valkvæð frátekin hugtök og mæla fyrir um notkunarskilyrði fyrir þau,
- breyta notkunarskilyrðum valkvæðs frátekings hugtaks eða
- fella niður valkvætt frátekið hugtak.

⁽²⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu (Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37).

87. gr.

Ný valkvæð frátekin hugtök

1. Hugtak skal einungis teljast hæft til frátektar sem valkvætt frátekið hugtak ef það uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

- hugtakið tengist einkennum afurðar eða búskapar- eða vinnslueigind og tengist geira eða afurð,
- notkun á hugtakinu auðveldar skýrari miðlun á virðisauka afurðarinnar vegna séreinkenna hennar eða búskapar- eða vinnslueiginda,
- þegar afurð er sett á markað geta neytendur í nokkrum aðildarríkjum borið kennsl á þau einkennum eða þá eigind sem um getur í a-lið,
- skilyrðin og notkun á hugtakinu eru í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB ⁽²⁹⁾ eða reglugerð (ESB) nr. 1169/2011.

Þegar bætt er við nýju valkvæðu fráteknu hugtaki skal framkvæmdastjórnin taka til greina alla viðeigandi alþjóðlega staðla og þau fráteknu hugtök sem þegar eru til staðar fyrir þær afurðir eða þá geira sem um er að ræða.

2. Til að taka tillit til einkenna tiltekinna geira, sem og væntingar neytenda, skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að mæla fyrir um frekari upplýsingar um kröfur vegna upptöku nýs frátekings hugtaks, eins og um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

88. gr.

Takmarkanir á notkun valkvæðra frátekinna hugtaka

1. Einungis má nota valkvætt frátekið hugtak til að lýsa afurðum sem uppfylla viðeigandi notkunarskilyrði.

2. Aðildarríkin skulu samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að merkingar á afurðum gefi ekki tilefni til ruglings við valkvæð frátekin hugtök.

3. Til að sjá til þess að afurðir, sem er lýst með valkvæðum fráteknum hugtökum, uppfylli viðeigandi notkunarskilyrði skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að mæla fyrir um viðbótarreglur um notkun á valkvæðum fráteknum hugtökum.

⁽²⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla (Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29).

4. undirþáttur

Markaðsstaðlar sem tengjast innflutningi og útflutningi

89. gr.

Almenn ákvæði

Til að taka tillit til séreinkenna viðskipta milli Sambandsins og tiltekinna þriðju landa og sérstaks eðlis tiltekinna landbúnaðarafurða skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. að því er varðar:

- a) skilyrðin sem innfluttar afurðir þurfa að uppfylla til að teljast hafa jafngilda samsvörun við markaðsstaðla Sambandsins og skilyrði sem leyfa undanþágu frá ákvæðum 74. gr. og
- b) reglur varðandi beitingu markaðsstaðlanna gagnvart afurðum sem eru fluttar út frá Sambandinu.

90. gr.

Sérákvæði um innflutning á víni

1. Ef ekki er kveðið á um annað í alþjóðasamningum sem eru gerðir í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins skulu ákvæðin um upprunatáknun og landfræðilega merkingu og merkingu vins, sem sett eru fram í 2. þætti þessa kafla, og skilgreiningarnar, táknanirnar og afurðalýsingarnar, sem um getur í 78. gr. þessarar reglugerðar, gilda um afurðir sem eru fluttar inn til Sambandsins og falla undir SN-númer 200961, 200969 og 2204.

2. Ef ekki er kveðið á um annað í alþjóðasamningum sem eru gerðir í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins skulu afurðir, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, framleiddar í samræmi við vínfræðilegar vinnsluaðferðir sem Sambandið heimilar samkvæmt þessari reglugerð eða, áður en heimild er veitt, skv. 3. mgr. 80. gr., framleiddar í samræmi við vínfræðilegar vinnsluaðferðir sem Alþjóðavinstofnunin mælir með og gefur út.

3. Innflutningur á afurðunum sem um getur í 1. mgr. skal háður framlagningu á:

- a) vottorði þar sem sýnt er fram á að farið hafi verið að ákvæðunum sem um getur í 1. og 2. mgr., sem þar til bær aðili, sem er á skrá sem framkvæmdastjórnin skal birta almenningi, í upprunalandi afurðarinnar skal taka saman,
- b) greiningarskýrslu sem stofnun eða deild, sem upprunaland afurðarinnar tilnefnir, tekur saman, ef afurðin er ætluð til beinnar neyslu.

5. undirþáttur

Sameiginleg ákvæði

91. gr.

Framkvæmdarvald í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir:

- a) til að koma á fót skrá yfir mjólk og mjólkurafurðir sem um getur í annarri málsgrein 5. liðar III. hluta VII. viðauka og smyrjanlega fitu sem um getur í a-lið sjöttu málsgreinar I. þáttar VII. hluta VII. viðauka, á grundvelli viðmiðunarskráa yfir afurðir sem aðildarríkin telja samræmast, á þeirra yfirráðasvæði, þessum ákvæðum og sem aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni,
- b) þar sem mælt er fyrir um reglur um framkvæmd markaðsstaðlanna eftir geira eða afurð,
- c) þar sem mælt er fyrir um reglur til að ákveða hvort afurðir hafi verið settar í vinnslu sem brýtur gegn leyfðum vínfræðilegum vinnsluaðferðum,
- d) þar sem mælt er fyrir um reglur um greiningaraðferðir til að ákvarða einkenni afurða,
- e) þar sem mælt er fyrir um reglur til að ákvarða leyfilegt hámarksgeildi,
- f) þar sem mælt er fyrir um reglur um framkvæmd ráðstafananna sem um getur í 89. gr.,
- g) þar sem mælt er fyrir um reglur um auðkenningu eða skráningu framleiðandans og/eða þeirra iðnaðarstarfsstöðva þar sem afurðin var tilreidd eða unnin, vegna vottunar-meðferða og reglur um viðskiptaskjöl, fylgiskjöl og skrár sem skal halda.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

2. þáttur

Upprunatáknarnir, landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti í víngeiranum

1. undirþáttur

Inngangsákvæði

92. gr.

Gildissvið

1. Reglur um upprunatáknarnir, landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti, sem mælt er fyrir um í þessum þætti, gilda um afurðirnar sem um getur í 1., 3.–6., 8., 9., 11., 15. og 16. lið II. hluta VIII. viðauka.

2. Reglurnar, sem um getur í 1. mgr., skulu byggjast á:

- a) verndun lögmætra hagsmuna neytenda og framleiðenda,
- b) að tryggja snurðulausan rekstur innri markaðarins með viðkomandi afurðir og

c) kynningu á framleiðslu gæðaaferða sem um getur í þessum þætti, jafnframt því að unnt verði að beita innlendum gæðastefnuráðstöfunum.

2. undirþáttur

Upprunatáknarnir og landfræðilegar merkingar

93. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessum þætti er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „upprunatáknun“: nafn landsvæðis, sérstaks staðar eða, í tilhlýðilega rökstuddum undantekningartilvikum, lands, sem notað er til að lýsa afurð sem um getur í 1. mgr. 92. gr., sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:

i. gæði og einkenni afurðarinnar má í grundvallaratriðum eða eingöngu rekja til tiltekins landfræðilegs umhverfis með eðlislægum náttúruþáttum og mannlegum þáttum,

ii. þrúgunar sem afurðin er framleidd úr koma eingöngu frá þessu landsvæði,

iii. framleiðslan fer fram á þessu landsvæði og

iv. afurðin er fengin úr vínviðaryrkjum af tegundinni *Vitis vinifera*,

b) „landfræðileg merking“: merking sem vísar til svæðis, sérstaks staðar eða, í tilhlýðilega rökstuddum undantekningartilvikum, lands, sem notað er til að lýsa afurð sem um getur í 1. mgr. 92. gr. sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:

i. hún býr yfir sérstökum gæðum, orðspori eða öðrum einkennum sem rekja má til fyrrnefnds landfræðilegs uppruna,

ii. að minnsta kosti 85% af þrúgunum sem notaðar eru til framleiðslu hennar koma eingöngu frá þessu landsvæði,

iii. framleiðsla hennar fer fram á þessu landsvæði og

iv. hún er fengin úr vínviðaryrkjum af tegundinni *Vitis vinifera* eða með víxlæxlun tegunda *Vitis vinifera* og annarra tegunda af ættkvíslinni *Vitis*.

2. Tiltekin heiti, sem hefð er fyrir að nota, teljast vera upprunatáknarnir þegar þau:

a) auðkenna vintegund,

b) vísa til landfræðilegs heitis,

c) uppfylla kröfurnar sem um getur í i. til iv. lið a-liðar 1. mgr. og

d) hafa sætt málsmeðferð, sem mælt er fyrir um í þessum undirþætti, sem veitir vernd fyrir upprunatáknarnir og landfræðilegar merkingar.

3. Upprunatáknarnir og landfræðilegar merkingar, þ.m.t. þær sem varða landsvæði í þriðju löndum, skulu teljast uppfylla skilyrði um vernd innan Sambandsins í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í þessum undirþætti.

4. Hugtakið „framleiðsla“ skal, að því er varðar ákvæði iii. liðar a-liðar 1. mgr., merkja allar aðgerðir, allt frá því að þrúgunar eru tíndar og þar til vínframleiðslunni er lokið, að undanskilinni vinnslu sem fer fram eftir framleiðsluna, ef einhver er.

5. Að því er varðar beitingu ákvæðis ii. liðar b-liðar 1. mgr. skal það 15% hámarkshlutfall þrúgna sem leyfilegt er að séu upprunnar utan hins afmarkaða svæðis vera upprunnið í því aðildarríki eða þriðja landi þar sem hið afmarkaða svæði er staðsett.

94. gr.

Umsóknir um vernd

1. Umsóknir um vernd heita sem upprunatáknana eða landfræðilegra merkinga skulu innihalda tækniskjal þar sem er að finna:

a) heitið sem á að njóta verndar,

b) nafn og heimilisfang umsækjanda,

c) forskrift fyrir afurð, eins og um getur í 2. mgr. og

d) eitt skjal með samantekt á forskriftinni fyrir afurðina sem um getur í 2. mgr.

2. Forskriftnin fyrir afurðina skal gera hagsmunaaðilum kleift að sannreyna viðeigandi framleiðsluskilyrði sem varða viðkomandi upprunatáknun eða landfræðilega merkingu.

Forskriftnin fyrir afurðina skal a.m.k. fela í sér:

a) heitið sem á að njóta verndar,

b) lýsingu á víninu eða vínunum:

i. að því er varðar upprunatáknun: helstu greiningar- og skynmatseinkenni,

ii. að því er varðar landfræðilega merkingu: helstu greiningareinkenni ásamt mati eða upplýsingum um skynmatseinkenni,

c) eftir atvikum, tilgreindar vínfræðilegar vinnsluáðferðir sem notaðar eru til að framleiða vinið eða vínin, ásamt takmörkunum sem skipta máli varðandi framleiðslu þeirra,

- d) afmörkun á viðkomandi landsvæði,
- e) hámarksafurkastur á hektara,
- f) merkingu vínþrúguyrkisins eða -yrkjanna sem vínið eða vínin eru fengin úr,
- g) upplýsingar sem sanna tengslin sem um getur í i. lið a-liðar eða, eftir atvikum, í i. lið b-liðar 1. mgr. 93. gr.,
- h) gildandi kröfur, sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins eða landslöggjöf eða, ef aðildarríkin mæla fyrir um það, af hálfu samtaka sem hafa umsjón með vernduðu upprunatáknuninni eða vernduðu, landfræðilegu merkingunni, að teknu tilliti til þeirrar staðreyndar að slíkar kröfur verða að vera hlutlægar, án mismununar og samrýmast lögum Sambandsins,
- i) heiti og heimilisfang þeirra yfirvalda eða stofnana sem sannprófa að farið sé að ákvæðum forskriftarinnar fyrir afurðina og sérstök verkefni þeirra.

3. Ef umsókn um vernd varðar landsvæði í þriðja landi skal henni fylgja, auk þeirra þátta sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr., sönnun þess að heitið sem um ræðir njóti verndar í upprunalandi sínu.

95. gr.

Umsækjendur

1. Hagsmunahópur framleiðenda eða, í tilhlýðilega rökstuddum undantekningartilvikum, stakur framleiðandi, getur sótt um vernd upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar. Aðrir hagsmunaaðilar mega taka þátt í umsókninni.
2. Framleiðendur mega einungis sækja um vernd fyrir vín sem þeir framleiða sjálfir.
3. Leggja má fram sameiginlega umsókn ef um er að ræða heiti sem er tákn fyrir landsvæði sem nær yfir landamæri, eða hefðbundið heiti sem tengist landsvæði sem nær yfir landamæri.

96. gr.

Undanfarandi landsbundin málsmeðferð

1. Umsóknir um vernd upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar á vín sem eru upprunnin í Sambandinu skulu lagðar fram með fyrirvara um undanfarandi landsbundna málsmeðferð.
2. Umsókn um vernd skal lögð fyrir aðildarríkið þar sem yfirráðasvæðið, þar sem upprunatáknunin eða landfræðilega merkingin er upprunnin, er staðsett.
3. Aðildarríkið þar sem umsóknin um vernd er lögð fram skal taka hana til meðferðar til að sannreyna hvort hún uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í þessum undirþætti.

Umrætt aðildarríki skal annast landsbundna málsmeðferð sem tryggir fullnægjandi birtingu á umsókninni og skal veita a.m.k. tveggja mánaða frest frá útgáfudegi til að einstaklingar eða lögaðilar, sem eiga lögmætra hagsmuna að gæta og eru búsettir á eða hafa staðfestu á yfirráðasvæði þess, geti andmælt fyrirhugaðri vernd með því að leggja fram yfirlýsingu, sem er rökstudd á viðeigandi hátt, í aðildarríkinu.

4. Ef aðildarríkið sem metur umsóknina telur að upprunatáknunin eða landfræðilega merkingin uppfylli ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessum undirþætti eða að hún samrýmist ekki lögum Sambandsins, skal það hafna umsókninni.

5. Ef aðildarríkið sem metur umsóknina telur að kröfurnar séu uppfylltar skal það annast landsbundna málsmeðferð til að tryggja fullnægjandi birtingu forskriftarinnar fyrir afurðina, a.m.k. á Netinu, og senda framkvæmdastjórninni umsóknina.

97. gr.

Grannskoðun framkvæmdastjórnarinnar

1. Framkvæmdastjórnin skal birta opinberlega framlagn-ingardagsetningu umsóknarinnar um vernd upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar.
2. Framkvæmdastjórnin skal rannsaka hvort umsóknir um vernd, eins og um getur í 94. gr., uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessum undirþætti.
3. Ef framkvæmdastjórnin telur að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í þessum undirþætti, séu uppfyllt, skal hún samþykkja framkvæmdargerðir varðandi birtinguna, í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, á eina skjalinu sem um getur í d-lið 1. mgr. 94. gr. og á tilvísuninni í birtinguna á forskriftinni fyrir afurðina sem kemur fram í undanfarandi landsbundinni málsmeðferð. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir án þess að málsmeðferðinni, sem um getur í 2. eða 3. mgr. 229. gr., sé beitt.
4. Telji framkvæmdastjórnin að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í þessum undirþætti, séu ekki uppfyllt, skal hún samþykkja framkvæmdargerðir til að hafna umsókninni.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

98. gr.

Andmælameðferð

Innan tveggja mánaða frá birtingardegi eina skjalsins, sem um getur í d-lið 1. mgr. 94. gr., má aðildarríki eða þriðja land eða einstaklingur eða lögaðili, sem á lögmætra hagsmuna að gæta og er búsettur í eða hefur staðfestu í aðildarríki, öðru en því sem sækir um vernd, eða í þriðja landi, andmæla fyrirhugaðri vernd með því að leggja fyrir framkvæmdastjórnina yfirlýsingu, sem er rökstudd á viðeigandi hátt, sem varðar hæfisskilyrðin, eins og mælt er fyrir um í þessum undirþætti.

Ef um er að ræða einstaklinga eða lögaðila sem eru búsettir í eða hafa staðfestu í þriðju löndum skal slík yfirlýsing lögð fram, annað hvort beint eða fyrir milligöngu yfirvalda í hlutaðeigandi þriðja landi, innan tveggja mánaða frestsins sem um getur í fyrstu málsgrein.

99. gr.

Ákvörðun um vernd

Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórnin hefur aðgang að við lok andmælameðferðarinnar, sem um getur í 98. gr., skal hún samþykkja framkvæmdargerðir, annað hvort til að veita upprunatáknuninni eða landfræðilegu merkingunni, sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessum undirþætti og samrýmist lögum Sambandsins, vernd eða til að hafna umsókninni séu þessi skilyrði ekki uppfyllt.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

100. gr.

Einsheiti

1. Heiti sem umsókn er lögð fram fyrir og sem er að öllu leyti eða hluta til einsheiti við heiti sem þegar er skráð samkvæmt þessari reglugerð, skal skráð að teknu tilhlýðilegu tilliti til staðbundinnar og hefðbundinnar notkunar og hættu á ruglingi.

Einsheiti, sem kemur neytendum til að halda að afurðirnar komi frá öðru yfirráðasvæði, skal ekki skráð jafnvel þó að heitið sé nákvæmt að því er varðar hið raunverulega yfirráðasvæði, landsvæði eða upprunasvæði þessara afurða.

Einungis má nota skráð einsheiti ef nægjanlegur munur er í raun milli einsheitisins, sem skráð er síðar, og heitisins sem var fyrir í skránni, með hliðsjón af þeirri nauðsyn að meðhöndla viðkomandi framleiðendur á sama hátt og til að komast hjá því að villa um fyrir neytendum.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda að breyttu breytanda ef heiti, sem umsókn er lögð fram fyrir, er að öllu leyti eða að hluta til einsheiti við landfræðilega merkingu sem nýtur verndar samkvæmt landslögum aðildarríkjanna.

3. Ef heiti vínþrúguyrkis inniheldur eða felur í sér verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu skal það heiti ekki notað í þeim tilgangi að merkja landbúnaðarafurðir.

Til að taka tillit til þeirra aðferða við merkingar sem nú eru í notkun skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að mæla fyrir um undantekningar frá þeirri reglu.

4. Vernd upprunatáknana og landfræðilegra merkinga sem falla undir ákvæði 93. gr. þessarar reglugerðar skulu ekki

hafa áhrif á verndaðar, landfræðileg merkingar sem gilda um brennda drykki, eins og er skilgreint í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008⁽³⁰⁾.

101. gr.

Aðrar ástæður fyrir synjun um vernd

1. Heiti, sem eru orðin almenn, skulu ekki njóta verndar sem upprunatáknar eða landfræðilegar merkingar.

Í þessum þætti merkir „heiti sem er orðið almennt“ að heiti vins hefur orðið að almennu heiti á víni innan Sambandsins þó að það tengist stað eða landsvæði þar sem þessi afurð var upphaflega framleidd eða sett á markað.

Til að ganga úr skugga um hvort heiti sé orðið almennt skal taka tillit til allra þátta sem skipta máli, einkum:

- aðstæðna, sem eru fyrir hendi í Sambandinu, einkum á neytlusvæðum,
- viðeigandi laga Sambandsins eða landslaga.

2. Heiti skal ekki njóta verndar sem upprunatáknun eða landfræðileg merking ef, í ljósi orðspors og orðstírs vörumerkis, vernd gæti villt um fyrir neytendum að því er varðar raunverulegan uppruna vinsins.

102. gr.

Tengsl við vörumerki

1. Skráningu á vörumerki sem inniheldur eða samanstendur af verndaðri upprunatáknun eða landfræðilegri merkingu sem fylgir ekki viðkomandi forskrift fyrir afurð eða notkun sem fellur undir 2. mgr. 103. gr. og sem tengist afurð sem fellur undir einn af flokkunum sem tilgreindir eru í II. hluta VII. viðauka skal:

- hafnað ef umsóknin um skráningu vörumerkisins er lögð fram eftir dagsetningu framlagningar umsóknarinnar um vernd upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar til framkvæmdastjórnarinnar og upprunatáknuninni eða landfræðilegu merkingunni hefur í kjölfarið verið veitt vernd eða
- ógilda.

2. Með fyrirvara um 2. mgr. 101. gr. má halda áfram að nota og endurnýja vörumerki, sem um getur í 1. mgr., sem hefur verið sótt um, hefur verið skráð eða því komið á fót með notkun í góðri trú, ef kveðið er á um slíkt í viðkomandi lögum, á yfirráðasvæði Sambandsins, annað hvort fyrir dagsetningu verndar upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar í upprunalandinu eða fyrir 1. janúar 1996, þrátt fyrir

⁽³⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum (Stjttíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16).

vernd upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar, að því tilskildu að ekki séu fyrir hendi ástæður fyrir ógildingu eða afturköllun vörumerkisins samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2008/95/EB ⁽³¹⁾ eða reglugerð ráðsins (EB) nr. 207/2009 ⁽³²⁾.

Í slíkum tilvikum skal heimilt að nota upprunatáknunina eða landfræðilegu merkinguna samhliða viðkomandi vörumerkjum.

103. gr.

Vernd

1. Allir rekstraraðilar mega nota verndaða upprunatáknun og verndaða, landfræðilega merkingu þegar þeir setja á markað vín sem framleitt hefur verið í samræmi við samsvarandi forskrift fyrir afurðina.
2. Vernduð upprunatáknun og vernduð, landfræðileg merking, sem og vnið sem þetta verndaða heiti er notað á í samræmi við forskriftina fyrir afurðina, skulu njóta verndar gegn:
 - a) allri beinni eða óbeinni notkun á umræddu vernduðu heiti í viðskiptalegum tilgangi:
 - i. á sambærilegum afurðum sem samræmast ekki forskriftinni fyrir verndaða heitið eða
 - ii. að því marki sem slík notkun felst í því að hagnast sé á orðspori upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar,
 - b) allri misnotkun, eftirlíkingu eða sköpun hugrenningatengsla, jafnvel þó að hinn rétti uppruni afurðarinnar eða þjónustunnar sé tilgreindur eða verndaða heitið er þýtt, umritað á annað tungumál eða annað stafróf eða því fylgir orðalag s.s. „áþekkur“, „tegund“, „aðferð“, „eins og það er framleitt í“, „eftirlíking“, „bragð“, „gerð“ eða svipað orðalag,
 - c) allri annarri rangri eða blekkjandi vísun til tilkomu, uppruna, eðlis eða grundvallareiginleika afurðarinnar, á innri eða ytri umbúðum, í auglýsingaefni eða skjölum sem varða viðkomandi vínafurð, sem og þökkun afurðarinnar í ílát sem líklegt er að muni skapa ranghugmynd um uppruna hennar,
 - d) öllu öðru sem líklegt er að geti villt um fyrir neytendum að því er varðar réttan uppruna vörunnar.

⁽³¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/95/EB frá 22. október 2008 um samræmingu á lögum aðildarríkja um vörumerki (Stjtið. ESB L 299, 8.11.2008, bls. 25).

⁽³²⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 207/2009 frá 26. febrúar 2009 um vörumerki Bandalagsins (Stjtið. ESB L 78, 24.3.2009, bls. 1).

3. Verndaðar upprunatáknunir og verndaðar, landfræðilegar merkingar skulu ekki verða almennar innan Sambandsins í skilningi l. mgr. 101. gr.

104. gr.

Skrá

Framkvæmdastjórnin skal koma á fót og viðhalda rafrænni skrá yfir verndaðar upprunatáknunir og verndaðar landfræðilegar merkingar fyrir vín, sem skal vera aðgengileg almenningi. Færa má inn í skrána upprunatáknunir og landfræðilegar merkingar sem varða afurðir frá þriðju löndum sem njóta verndar í Sambandinu samkvæmt alþjóðasamningi sem Sambandið er aðili að. Ef ekki er tekið sérstaklega fram í samningnum að um verndaða upprunatáknun í skilningi þessarar reglugerðar sé að ræða skal færa slík heiti í skrána sem verndaðar, landfræðilegar merkingar.

105. gr.

Breytingar á forskriftum fyrir afurðir

Umsækjandi sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í 95. gr. getur sótt um samþykki fyrir breytingu á forskrift fyrir afurð með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilegra merkingu, einkum til að taka til greina þróun vísinda- og tækniþekkingar eða til að endurafmarka landsvæðið sem um getur í d-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. 94. gr. Í umsóknnum skal lýsa þeim breytingum sem óskað er eftir og rökstyðja þær.

106. gr.

Niðurfelling

Framkvæmdastjórnin getur, að eigin frumkvæði eða samkvæmt tilhlýðilega rökstuddri beiðni aðildarríkis, þriðja lands, eða einstaklings eða lögaðila sem á lögmættra hagsmuna að gæta, samþykkt framkvæmdargerðir til að fella niður vernd upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar ef ekki er lengur tryggt að farið sé að samsvarandi forskrift.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

107. gr.

Vinheiti sem til eru og þegar njóta verndar

1. Vinheiti sem um getur í 51. og 54. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 ⁽³³⁾ og 28. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 753/2002 ⁽³⁴⁾ skulu sjálfkrafa fá vernd samkvæmt þessari reglugerð. Framkvæmdastjórnin skal færa þau í skrána sem kveðið er á um í 104. gr. þessarar reglugerðar.

⁽³³⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins (Stjtið. ESB L 179, 14.7.1999, bls. 1).

⁽³⁴⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 753/2002 frá 29. apríl 2002 um tilteknar reglur við beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, kynningu og vernd tiltekinna vínafurða (Stjtið. ESB L 118, 4.5.2002, bls. 1).

2. Framkvæmdastjórnin skal beita samsvarandi formlegri ráðstöfun og fjarlægja úr skránni, sem kveðið er á um í 104. gr. þessarar reglugerðar, vínheiti sem ákvæði 118. gr. s (3. mgr.) í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 tekur til, með framkvæmdargerðum sem eru samþykktar án þess að beitt sé málsmeðferðinni sem um getur í 229. gr. (2. eða 3. mgr.) þessarar reglugerðar.

3. Ákvæði 106. gr. skulu ekki gilda um vínheiti, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, sem til eru og þegar njóta verndar.

Framkvæmdastjórnin getur, fram til 31. desember 2014, að eigin frumkvæði samþykkt framkvæmdargerðir til að fella niður vernd fyrir vínheiti, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, sem til eru og þegar njóta verndar, ef þau uppfylla ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í 93. gr.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

4. Að því er Króatíu varðar skulu vínheitin sem birt eru í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ⁽³⁵⁾ njóta verndar samkvæmt þessari reglugerð, með fyrirvara um hagstæða niðurstöðu úr andmælameðferðinni. Framkvæmdastjórnin skal færa þau í skrána sem kveðið er á um í 104. gr.

108. gr.

Gjöld

Aðildarríkin geta innheimt gjöld til að standa straum af kostnaði sínum, þ.m.t. kostnaði sem til fellur vegna meðferðar á umsóknum um vernd, andmælafyrirlysingum, umsóknum um breytingar og beiðnum um niðurfellingar samkvæmt þessum undirþætti.

109. gr.

Framselt vald

1. Til að taka tillit til séreinkenna framleiðslu á afmarkaða landsvæðinu skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að mæla fyrir um:

- a) viðbótarviðmiðanir sem varða afmörkun landsvæðisins og
- b) takmarkanir og undanþágur varðandi framleiðslu innan afmarkaða landsvæðisins.

2. Til að tryggja gæði afurða og rekjanleika þeirra skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að mæla fyrir um skilyrðin fyrir því að forskriftir fyrir afurðir geti innihaldið viðbótarkröfur.

3. Til að tryggja vernd lögmæts réttar og hagsmuna framleiðenda og rekstraraðila skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. um:

- a) hvers konar umsækjendur geti sótt um vernd fyrir upprunatáknun eða landfræðilega merkingu,

- b) skilyrði sem skal fylgja að því er varðar umsókn um verndun upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar, grannskoðun framkvæmdastjórnarinnar, andmælameðferð, og málsmeðferðarreglur um breytingar, niðurfellingar og umbreytingar verndaðra upprunatáknana eða verndaðra, landfræðilegra merkinga,

- c) skilyrði sem gilda um umsóknir sem ná yfir landamæri,

- d) skilyrði vegna umsókna varðandi landsvæði í þriðja landi,

- e) gildistökudag verndar eða breytingar á vernd,

- f) skilyrði sem tengjast breytingum á forskriftum fyrir afurðir.

4. Til að tryggja fullnægjandi vernd skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr., um takmarkanir varðandi verndaða heitið.

5. Til að tryggja að rekstraraðilar og lögbær yfirvöld verði ekki fyrir óþarfa raski vegna beitingar ákvæða þessa undirþáttar að því er varðar vínheiti sem veitt var vernd fyrir 1. ágúst 2009 eða ef umsókn um vernd var lögð fram fyrir þann tíma, skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að mæla fyrir um umbreytingarreglur varðandi:

- a) vínheiti sem aðildarríki viðurkenna sem upprunatáknar eða landfræðilegar merkingar fyrir 1. ágúst 2009 og vínheiti sem umsóknir um vernd fyrir hafa verið lagðar fram fyrir þann tíma,

- b) vín sem sett voru á markað eða merkt fyrir tiltekna dagsetningu og

- c) breytingar á forskriftum fyrir afurðir.

110. gr.

Framkvæmdarvald í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina

1. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir sem varða:

- a) þær upplýsingar sem skulu koma fram í forskriftum fyrir afurðir með tilliti til tengslanna milli landsvæðis og lokaafurðar,

- b) ákvarðanatöku um vernd eða höfnun sem er aðgengileg almenningi,

- c) stofnun og viðhald skrárinnar sem um getur í 104. gr.,

⁽³⁵⁾ Stjtið. ESB C 116, 14.4.2011, bls. 12.

- d) umbreytingu á verndaðri upprunatáknun yfir í verndaða, landfræðilega merkingu,
- e) framlagningu umsókna sem ná yfir landamæri.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

2. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir varðandi málsmeðferðina vegna athugunar á umsóknum um vernd eða um breytingu á upprunatáknun eða landfræðilegri merkingu, sem og um málsmeðferð vegna beiðna um andmæli, niðurfellingar eða umbreytingar, og um framlagningu á upplýsingum sem varða vínheiti, sem til eru og þegar njóta verndar, einkum að því er tekur til:

- a) fyrirmýnda að skjölum og afhendingarsnið,
- b) fresta,
- c) hvað skal koma fram í þeim staðreyndum, sönnunum og fylgiskjölum sem leggja skal fram til stuðnings umsóknar eða beiðni.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

111. gr.

Annað framkvæmdarvald

Þegar andmæli teljast ótæk skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerð þar sem þeim er hafnað sem ótækum. Sú framkvæmdargerð skal samþykkt án þess að málsmeðferðinni, sem um getur í 2. eða 3. mgr. 229. gr., sé beitt.

3. undirþáttur

Hefðbundin heiti

112. gr.

Skilgreining

„Hefðbundið heiti“: heiti sem hefð er fyrir að nota í aðildarríkjunum fyrir afurðirnar sem um getur í 1. mgr. 92. gr. til að tiltaka:

- a) að afurðin hafi verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum eða
- b) framleiðslu- eða þroskunaraðferðina eða gæði, lit, tegund staðar eða sérstakan viðburð sem tengist sögu afurðarinnar sem er með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu.

113. gr.

Vernd

1. Einungis má nota verndað, hefðbundið heiti fyrir afurð sem hefur verið framleidd í samræmi við skilgreininguna sem kveðið er á um í 112. gr.

Hefðbundin heiti skulu njóta verndar gegn ólögumætri notkun.

2. Hefðbundin heiti skulu eingöngu vernduð á því tungumáli og í þeim flokkum vínræktarafurða sem tilkall er gert til í umsókninni og gegn:

- a) allri misnotkun á verndaða heitinu, einnig þegar því fylgir orðalag eins og t.d. „áþekkur“, „tegund“, „aðferð“, „eins og það er framleitt í“, „eftirlíking“, „bragð“, „gerð“ eða svipað orðalag,
- b) allri annarri rangri eða blekkjandi vísun til eðlis, einkenna eða grundvallareiginleika afurðarinnar, á innri eða ytri umbúðum, í auglýsingaefni eða skjölum sem varða hana,
- c) öllum öðrum athöfnum, sem eru til þess fallnar að villa um fyrir neytendum, einkum þeim sem gefa til kynna að vínið megi bera verndaða hefðbundna heitið.

3. Hefðbundin heiti skulu ekki verða almenn innan Sambandsins.

114. gr.

Framselt vald

1. Til að tryggja fullnægjandi vernd skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr., um tungumál og stafsetningu hefðbundins heitis sem á að veita vernd.

2. Til að tryggja vernd lögmæts réttar og hagsmuna framleiðenda og rekstraraðila skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að fastsetja:

- a) hvers konar umsækjendur geta sótt um vernd fyrir hefðbundið heiti,
- b) skilyrði fyrir því að umsókn um vernd fyrir hefðbundið heiti geti talist gild,
- c) ástæður fyrir andmælum gegn fyrirhugaðri viðurkenningu hefðbundins heitis,
- d) gildissvið verndarinnar, tengsl við vörumerki, vernduð hefðbundin heiti, verndaðar upprunatáknar eða landfræðilegar merkingar, einsheiti, eða heiti tiltekinnar vínþrúgna,
- e) ástæður fyrir niðurfellingu hefðbundins heitis,
- f) framlagningardagsetningu umsóknar eða beiðni um andmæli eða niðurfellingu,

g) málsmeðferðarreglur sem skal fylgja að því er varðar umsókn um vernd fyrir hefðbundið heiti, þ.m.t. grannskoðun framkvæmdastjórnarinnar, andmælameðferðina og málsmeðferðarreglur varðandi niðurfellingu og breytingar.

3. Til að taka tillit til séreinkenna viðskipta milli Sambandsins og tiltekinnna þriðju landa skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að mæla fyrir um skilyrði fyrir því hvenær megi nota hefðbundin heiti fyrir afurðir frá þriðju löndum og til að mæla fyrir um undanþágur frá 112. gr. og 113. gr. (2. mgr.).

115. gr.

Framkvæmdarvald í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina

1. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir varðandi málsmeðferðina vegna athugunar á umsóknum um vernd eða um samþykki fyrir breytingu á hefðbundnu heiti, sem og varðandi málsmeðferðina vegna beiðna um andmæli eða niðurfellingu, einkum að því er varðar:

- fyrirmynda að skjölum og afhendingarsnið,
- fresta,
- hvað skal koma fram í þeim staðreyndum, sönnunum og fylgiskjölum sem leggja skal fram til stuðnings umsóknar eða beiðni,
- nákvæmar reglur um opinbera birtingu verndaðra hefðbundinna heita.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að samþykkja eða hafna umsókn um vernd fyrir hefðbundið heiti eða beiðni um breytingu á hefðbundna heitinu eða niðurfellingu á vernd fyrir hefðbundið heiti.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að kveða á um vernd fyrir hefðbundin heiti þegar umsókn um vernd hefur verið samþykkt, einkum með því að flokka þær í samræmi við 112. gr. og með því að birta skilgreiningu og/eða notkunarskilyrði.

4. Framkvæmdargerðirnar sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

116. gr.

Annað framkvæmdarvald

Þegar andmæli teljast ótæk skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerð þar sem þeim er hafnað sem ótækum. Sú framkvæmdargerð skal samþykkt án þess að málsmeðferðinni, sem um getur í 2. eða 3. mgr. 229. gr., sé beitt.

3. þáttur

Merkingar og söluumbúnaður í vingeiranum

117. gr.

Skilgreining

Í þessum þætti er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „merking“: hvers kyns orð, upplýsingar, vörumerki, tegundarheiti, myndrænt efni eða tákn sem er sett á allar umbúðir, skjöl, tilkynningar, merkimiða, hringi eða kraga sem fylgja tiltekinni afurð eða vísa til hennar,
- „kynning“: allar upplýsingar sem miðlað er til neytenda með umbúðum viðkomandi afurðar, þ.m.t. lögun og tegund flaskna.

118. gr.

Gildissvið þverlægra reglna

Ef ekki er kveðið á um annað í þessari reglugerð gilda ákvæði tilskipunar ráðsins 89/396/EBE⁽³⁶⁾, tilskipunar 2000/13/EB, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/45/EB⁽³⁷⁾, tilskipunar 2008/95/EB og reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 um merkingu og kynningu.

Ekki má bæta við merkingu afurðanna, sem um getur í 1.–11. lið, 13., 15. og 16. lið II. hluta VII. viðauka, neinum upplýsingum öðrum en þeim sem kveðið er á um í þessari reglugerð nema umræddar upplýsingar uppfylli kröfurinnar í tilskipun 2000/13/EB eða reglugerð (ESB) nr. 1169/2011.

119. gr.

Lögboðnar upplýsingar

1. Merking og kynning á afurðum sem um getur í 1.–11. lið, 13., 15. og 16. lið II. hluta VII. viðauka, sem eru settar á markað innan Sambandsins eða til útflutnings, skulu innihalda eftirfarandi lögboðnar upplýsingar:

- heitið á flokki vinnræktarafurðarinnar í samræmi við II. hluta VII. viðauka,
- að því er varðar vín með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu:
 - hugtakið „vernduð upprunatáknun“ eða „vernduð, landfræðileg merking“ og
 - heiti vernduðu upprunatáknunarinnar eða vernduðu, landfræðilegu merkingarinnar,

⁽³⁶⁾ Tilskipun ráðsins 89/396/EBE frá 14. júní 1989 um merkingu sem auðkennir framleiðslulotur matvæla (Stjtið. EB L 186, 30.6.1989, bls. 21).

⁽³⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/45/EB frá 5. september 2007 um reglur um tilgreint magn forpakkaðrar vöru, um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 75/106/EBE og 80/232/EBE og um breytingu á tilskipun ráðsins 76/211/EBE (Stjtið. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 17).

- c) raunverulegan alkóhólsstyrkleika miðað við rúmmál,
- d) upplýsingar um uppruna,
- e) upplýsingar um áttapparann eða, þegar um er að ræða freyðivín, loftblandað freyðivín, gæðafreyðivín eða ilmríkt gæðafreyðivín, heiti framleiðandans eða seljandans,
- f) upplýsingar um innflytjandann ef um er að ræða innflutt vín og
- g) þegar um er að ræða freyðivín, loftblandað freyðivín, gæðafreyðivín eða ilmríkt gæðafreyðivín, upplýsingar um sykurinnihald.

2. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. má sleppa tilvísun í flokk vínræktarafurðarinnar þegar vernduð upprunatáknun eða vernduð, landfræðileg merking kemur fram á merkimiða viðkomandi vína.

3. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. má sleppa tilvísun í hugtökin „vernduð upprunatáknun“ eða „vernduð, landfræðileg merking“ í eftirfarandi tilvikum:

- a) ef hefðbundið heiti í samræmi við a-lið 112. gr. kemur fram á merkimiðanum í samræmi við forskriftina fyrir afurðina sem um getur í 2. mgr. 94. gr.,
- b) Í tilhlýðilega rökstuddum undantekningartilvikum sem framkvæmdastjórnin skal ákveða með framseldum gerðum í samræmi við 227. gr. til að tryggja að þeim aðferðum við merkingar sem nú eru í notkun sé fylgt.

120. gr.

Valkvæðar upplýsingar

1. Merking og kynning á afurðum sem um getur í 1.–11. lið, 13., 15. og 16. lið II. hluta VII. viðauka getur einkum innihaldið eftirfarandi valkvæðar upplýsingar:

- a) árganginn,
- b) heiti eins eða fleiri vínþrúguyrkja,
- c) ef um er að ræða önnur vín en þau sem um getur í g-lið 1. mgr. 119. gr.: hugtök sem gefa til kynna sykurinnihaldið,
- d) ef um er að ræða vín með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu: hefðbundin heiti í samræmi við b-lið 112. gr.,
- e) Evrópusambandstáknid með vernduðu upprunatáknuninni eða vernduðu, landfræðilegu merkingunni,

f) hugtök sem vísa til tiltekinna framleiðsluaðferða,

g) ef um er að ræða vín með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu: heiti annarrar landfræðilegrar einingar sem er minni eða stærri en svæðið sem liggur til grundvallar upprunatáknuninni eða landfræðilegu merkingunni.

2. Með fyrirvara um 3. mgr. 100. gr., að því er varðar notkun á upplýsingum sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. þessarar greinar, ef um er að ræða vín sem ekki eru með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu:

a) aðildarríkin skulu innleiða lög eða stjórnsýslufyrirmæli til að tryggja málsmeðferð við vottun, samþykki og sannprófun í því skyni að tryggja sannleiksgildi viðkomandi upplýsinga,

b) aðildarríkin geta, á grundvelli viðmiðanna sem eru án mismununar og hlutlægar og að teknu tilhlýðilegu tilliti til sanngjarnrar samkeppni, gert skrár yfir útilokuð vínþrúguyrki fyrir vín úr vínþrúguyrkjum á fyrráðasvæði sínu, einkum ef:

- i. hætta er á ruglingi hjá neytendum að því er varðar réttan uppruna vínsins vegna þess að vínþrúguyrkið er óaðskiljanlegur hluti af verndaðri upprunatáknun eða verndaðri, landfræðilegri merkingu sem þegar er til,
- ii. eftirlit yrði ekki kostnaðarhagkvæmt vegna þess að viðkomandi vínþrúguyrki er mjög lítil hluti af vínokru aðildarríkisins,

c) að því er varðar blöndur vína frá mismunandi aðildarríkjum skal ekki tilgreina vínþrúguyrkið á merkimiðanum nema hlutaðeigandi aðildarríki komi sér saman um annað og tryggi hagkvæmni málsmeðferðar við viðkomandi vottun, samþykki og sannprófun.

121. gr.

Tungumál

1. Lögboðnu og valkvæðu upplýsingarnar, sem um getur í 119. og 120. gr., skulu, þegar þær eru settar fram með orðum, birtar á einu eða fleiri opinberum tungumálum Sambandsins.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal heiti verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar, landfræðilegrar merkingar eða hefðbundið heiti, eins og um getur í b-lið 112. gr., koma fram á merkimiðanum á því tungumáli eða tungumálum sem verndin gildir um. Ef um er að ræða verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu eða sértæka, landsbundna merkingu, sem ekki er með latnesku lettri, má heitið einnig koma fram á einu eða fleiri opinberum tungumálum Sambandsins.

122. gr.

Framselt vald

1. Til að taka tillit til séreinkenna vingeirans skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. að því er varðar reglur og takmarkanir sem varða:

- a) kynningu og notkun á atriðum sem felast í merkingum, öðrum en þeim sem kveðið er á um í þessum þætti,
- b) lögboðnar upplýsingar varðandi:
 - i. hugtök sem skal nota til að orða lögboðnar upplýsingar og notkunarskilyrði þeirra,
 - ii. hugtök sem vísa til bús og skilyrði fyrir notkun þeirra,
 - iii. ákvæði til að heimila framleiðsluáðildarríkjum að setja viðbótarreglur um lögboðnar upplýsingar,
 - iv. ákvæði til að leyfa frekari undanþágur auk þeirra sem um getur í 2. mgr. 119. gr. að því er varðar að sleppa megi tilvísun í flokk vinnræktarafurðar og
 - v. ákvæði um notkun tungumála,
- c) valkvæðar upplýsingar varðandi:
 - i. hugtök sem skal nota til að orða valkvæðar upplýsingar og notkunarskilyrði þeirra,
 - ii. ákvæði til að heimila framleiðsluáðildarríkjum að setja viðbótarreglur um valkvæðar upplýsingar,
- d) kynninguna varðandi:
 - i. skilyrðin fyrir notkun á tilteknum lögnum á flöskum og skrá yfir tilteknar sérstakar laganir á flöskum,
 - ii. skilyrði fyrir notkun á freyðivinsflöskum og -lokunar-búnaði,
 - iii. ákvæði til að heimila framleiðsluáðildarríkjum að setja viðbótarreglur um kynningu,
 - iv. ákvæði um notkun tungumála.

2. Til að tryggja vernd lögmætra hagsmuna rekstraraðila skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. að því er varðar reglur sem varða

tímabundnar merkingar og kynningar á vini með upprunatáknun eða landfræðilega merkingu þegar sú upprunatáknun eða landfræðilega merking uppfyllir nauðsynlegar kröfur.

3. Til að tryggja að rekstraraðilum sé ekki mismunað skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. að því er varðar umbreytingarákvæði varðandi vín sem er sett á markað og merkt í samræmi við viðeigandi reglur sem giltu fyrir 1. ágúst 2009.

4. Til að taka til greina séreinkenni viðskipta með afurðir úr vingeiranum milli Sambandsins og tiltekinna þriðju landa skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. að því er varðar undanþágur frá þessum þætti varðandi afurðir sem ætlaðar eru til útflutnings, sé þess krafist í lögum hlutaðeigandi þriðja lands.

123. gr.

Framkvæmdarvald í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir varðandi málsmeðferðarreglur og tæknilegar viðmiðanir sem gilda um þennan þátt, þ.m.t. nauðsynlegar ráðstafanir varðandi málsmeðferð vegna vottunar, viðurkenningar og sannprófunar sem gildir um vín án verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar, landfræðilegrar merkingar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

II. KAFLI

Sértæk ákvæði fyrir einstaka geira

1. þáttur

Sykur

124. gr.

Tímalengd

Þessi þáttur gildir til loka markaðsársins 2016/2017, að undanskildum ákvæðum 125. og 126. gr.

1. undirþáttur

Sértækar ráðstafanir

125. gr.

Samningar í sykurgeiranum

1. Skilmálar fyrir kaupum á sykurrófum og sykurreyr, þ.m.t. afhendingarsamningar sem gerðir eru fyrir sáningu, skulu fastsettir í skriflegum fjölgreinasamningum milli annars vegar ræktenda sykurrófna og sykurreys í Sambandinu eða, fyrir þeirra hönd, samtaka sem þeir eru aðilar að, og hins vegar sykurfyrirtækja eða, fyrir þeirra hönd, samtaka sem þau eru aðilar að.

2. Sykurfyrirtæki skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna, þar sem þau framleiða sykur, um fjölgreinasamninga eins og lýst er í 6. lið A-þáttar II. hluta II. viðauka.

3. Frá 1. október 2017 skulu fjölgreinasamningar vera í samræmi við kaupskilmálana sem mælt er fyrir um í X. viðauka.

4. Til að taka tillit til séreinkenna sykurgeirans og þróunar geirans á tímabilinu eftir afnám framleiðslukvóta skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að:

- a) uppfæra hugtökin sem um getur í A-þætti II. hluta II. viðauka,
- b) uppfæra kaupskilmálana fyrir sykkurófur sem um getur í X. viðauka,
- c) mæla fyrir um frekari reglur um ákvörðun á heildarþyngd, töru og sykurinnihaldi í sykkurófum sem eru afhentar fyrirtæki, og um rófumauk.

5. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að beita megi ákvæðum þessarar greinar, þ.m.t. að því er varðar málsmeðferðarreglur, tilkynningar og stjórnsýsluástoð ef um er að ræða fjölgreinasamninga sem ná til fleiri en eins aðildarríkis. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

126. gr.

Tilkynningar um verð á sykurmarkaði

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að koma upp kerfi til að tilkynna um verð á sykurmarkaði, þ.m.t. fyrirkomulag á birtingu verðlags á þeim markaði. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

Kerfið, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal byggjast á upplýsingum frá fyrirtækjum sem framleiða hvítan sykur eða frá öðrum rekstraraðilum í sykurviðskiptum. Farið skal með þessar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að tiltekin verð eða heiti einstakra rekstraraðila séu ekki birt.

2. undirþáttur

Kröfur sem gilda um sykurgeirann á tímabilinu sem um getur í 124. gr.

127. gr.

Afhendingarsamningar

1. Auk krafanna sem settar eru fram í 1. mgr. 125. gr., skulu fjölgreinasamningar vera í samræmi við kaupskilmálana sem mælt er fyrir um í XI. viðauka.

2. Í afhendingarsamningum skal gerður greinarmunur á því hvort það magn sykurs sem framleiða á úr sykkurófum sé:

a) kvótasykur eða

b) sykur utan kvóta.

3. Hvert sykkurfyrirtæki skal veita aðildarríkinu, þar sem það framleiðir sykur, upplýsingar um eftirfarandi:

- a) magn sykkurófna, sem um getur í a-lið 2. mgr., sem þau hafa gert afhendingarsamninga um fyrir sáninguna, og sykkurinnihaldið sem liggur til grundvallar samningunum,
- b) tilheyrandi, áætlaðan afrakstur.

Aðildarríki geta óskað eftir viðbótarupplýsingum.

4. Sykkurfyrirtæki sem hafa ekki skrifað undir afhendingarsamninga fyrir sáningu, á lágmarksverði fyrir kvótasykkurófur, eins og um getur í 135. gr., fyrir magn af sykkurófum sem samsvarar þeim sykkurkvóta sem þeir eiga, leiðrétt, eftir atvikum, með reiknistuðlinum vegna fyrirbyggjandi töku af markaði sem er fastsettur samkvæmt fyrstu undirgrein 2. mgr. 130. gr., skulu a.m.k. greiða lágmarksverð fyrir kvótasykkurófur fyrir allar sykkurófur sem þau vinna sykur úr.

5. Að fengnu samþykki hlutaðeigandi aðildarríkis er heimilt að undanþiggja fjölgreinasamninga ákvæðum 2., 3. og 4. mgr.

6. Ef engir fjölgreinasamningar hafa verið gerðir skal hlutaðeigandi aðildarríki grípa til nauðsynlegra ráðstafana, sem samræmast þessari reglugerð, til að vernda hagsmuni hlutaðeigandi aðila.

128. gr.

Framleiðslugjald

1. Framleiðslugjald skal lagt á sykkurkvóta, ísöglúkósakvóta og inúlínsíröpskvóta fyrirtækja sem framleiða sykur, ísöglúkósa eða inúlínsíróp eins og um getur í 2. mgr. 136. gr.

2. Ráðið skal, í samræmi við 3. mgr. 43. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, gera ráðstafanir sem lúta að ákvörðun framleiðslugjalds vegna kvótasykurs, kvótáisöglúkósa og kvótainúlínsíröps sem um getur í 1. mgr.

129. gr.

Framleiðsluendurgreiðslur

1. Veita má framleiðsluendurgreiðslur vegna afurða úr sykurgeiranum, sem eru tilgreindar í b- til e-lið III. hluta I. viðauka, ef ekki er unnt að fá umframsykur eða innfluttan sykur, umframísöglúkósa eða umframínúlínsíróp á verði, sem samsvarar heimsverði, til framleiðslu afurðanna sem um getur í b- og c-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. 140. gr.

2. Ráðið skal, í samræmi við 3. mgr. 43. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, gera ráðstafanir sem lúta að ákvörðun framleiðsluendurgreiðslunnar sem um getur í 1. mgr.

130. gr.

Sykur tekinn af markaði

1. Til að komast hjá verðfalli á innri markaðnum og til að bæta úr aðstæðum þegar offramleiðsla verður vegna spár um birgðastöðu og með tilliti til skuldbindinga Sambandsins vegna alþjóðasamninga, sem eru gerðir í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins, getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdargerðir til að taka af markaði, á tilteknu markaðsári, það magn sykurs eða ísóglúkósa sem er framleitt innan kvóta, sem fer umfram mörkin sem reiknuð eru í samræmi við 2. mgr.

2. Mörkin vegna töku af markaði sem um getur í 1. mgr. skulu reiknuð, fyrir hvert fyrirtæki sem er með kvóta, með því að margfalda kvóta þess með reiknistuðli. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að fastsetja þann reiknistuðul fyrir tiltekið markaðsár, eigi síðar en 28. febrúar næstliðið markaðsár, á grundvelli væntanlegrar markaðspróunar.

Framkvæmdastjórnin getur, á grundvelli uppfærðar markaðspróunar og eigi síðar en 31. október á viðkomandi markaðsári, samþykkt framkvæmdargerðir, annað hvort til að aðlaga eða, hafi enginn reiknistuðull verið fastsettur samkvæmt fyrstu undirgrein, til að fastsetja reiknistuðul.

3. Hvert fyrirtæki sem er með kvóta skal, á eigin kostnað og fram að byrjun næsta markaðsárs, geyma þann sykur sem er framleiddur innan kvóta umfram mörkin sem eru reiknuð í samræmi við 2. mgr. Litið skal á það magn sykurs, ísóglúkósa eða inúlínsiróps, sem er tekið af markaði á markaðsári, sem það magn sem er fyrst framleitt innan kvóta næsta markaðsárs.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein og með tilliti til væntinga um markaðspróun getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdargerðir til að kveða á um, fyrir yfirstandandi markaðsár eða það næsta eða bæði, að sykurinn, ísóglúkósinn eða inúlínsirópið, sem tekið var af markaði, skuli, að öllu leyti eða hluta til, teljast vera:

a) umframsykur, ísóglúkósi eða inúlínsiróp sem geta orðið iðnaðarsykur, iðnaðarisóglúkósi eða iðnaðarinúlínsiróp eða

b) tímabundin kvótaframleiðsla sem má að hluta til ráðstafa til útflutnings til að standa við skuldbindingar Sambandsins sem leiða af alþjóðasamningum sem gerðir eru í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins.

4. Ef framboð sykurs í Sambandinu er ófullnægjandi getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdargerðir til að leyfa

að tiltekið magn sykurs, ísóglúkósa eða inúlínsiróps, sem tekið var af markaði, megi selja á markaði Sambandsins áður en tímabil töku af markaði rennur út.

5. Þegar sykur, sem var tekinn af markaði, er meðhöndlaður sem fyrsta sykurframleiðsla næsta markaðsárs skal greiða sykkurrófuræktendum lágmarksverð þess markaðsárs, eins og um getur í 135. gr.

Þegar sykur, sem var tekinn af markaði, verður iðnaðarsykur eða er fluttur út í samræmi við a- eða b-lið annarrar undirgreinar 3. mgr. þessarar greinar gilda ekki kröfur 135. gr. um lágmarksverð.

Þegar sykur, sem var tekinn af markaði, er seldur á markaði Sambandsins fyrir lok tímabilsins þegar takan af markaði gildir, í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar, skal greiða sykkurrófuræktendum lágmarksverð yfirstandandi markaðsárs.

6. Framkvæmdargerðirnar samkvæmt þessari grein skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

131. gr.

Tímabundin markaðsstjórnunartilhögun

1. Á því tímabili sem um getur í 124. gr. getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að tryggja nægilegar birgðir af sykri fyrir markaðinn í Sambandinu. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

Slíkar ráðstafanir geta falist í aðlögun, út frá nauðsynlegu magni og tíma, á þeim tolli sem þarf að greiða af innfluttum hrásykri.

Ráðið gerir ráðstafanir, í tengslum við tímabundnu markaðsstjórnunartilhögunina, sem lúta að ákvörðun umframmagnsgjalds í samræmi við 3. mgr. 43. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að ákvarða viðeigandi magn sykurs utan kvóta og magn innflutts hrásykurs sem má setja á markað Sambandsins. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

132. gr.

Framselt vald

Til að taka tillit til séreinkenna sykurgeirans og tryggja að tekið sé tilhlýðilegt tillit til hagsmuna allra aðila, og með tilliti til þarfarinnar fyrir að koma í veg fyrir alla röskun á markaðinum skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. að því er varðar:

a) kaupskilmála og afhendingarsamninga sem um getur í 127. gr.,

- b) uppfærslu kaupskilmálanna fyrir sykkurófur sem um getur í XI. viðauka,
- c) viðmiðanirnar, sem sykurfyrirtækin skulu nota þegar þau úthluta sykurrófnaölum því magni sykurrófna sem falla skulu undir afhendingarsamninga sem gerðir eru fyrir sáningu og um getur í 3. mgr. 127. gr.

133. gr.

Framkvæmdarvald í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að beita megi ákvæðum þessa undirþáttar varðandi málsmeðferðarreglur, innihald og tæknilegar viðmiðanir.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

3. undirþáttur

Framleiðslustjórnunarkerfi

134. gr.

Kvótar í sykkurgeiranum

1. Kvótakerfi skal gilda um sykur, ísóglúkósa og inúlínsiróp.
2. Að því er varðar kvótakerfið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, ef framleiðandi fer yfir viðeigandi kvóta og nýtir ekki umframmagnið eins og kveðið er á um í 139. gr. skal sett umframmagnsgjald á það magn, með fyrirvara um þau skilyrði sem sett eru fram í 139. til 142. gr.

135. gr.

Lágmarksverð á sykurrófum

Ráðið skal ákvarða lágmarksverð fyrir kvótasykkurófur í samræmi við 3. mgr. 43. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

136. gr.

Úthlutun kvóta

1. Kvótarnir fyrir framleiðslu sykurs, ísóglúkósa og inúlínsiróps á lands- eða svæðisvísu eru fastsettir í XII. viðauka.
2. Aðildarríkin skulu úthluta kvóta til hvers fyrirtækis sem framleiðir sykur, ísóglúkósa eða inúlínsiróp, starfar á yfirráðasvæði þess og er samþykkt skv. 137. gr.

Úthlutaður kvóti fyrir hvert fyrirtæki skal vera jafn þeim kvóta sem fyrirtækinu var úthlutað fyrir markaðsárið 2010/2011 samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1234/2007.

3. Þegar kvóta er úthlutað til sykurfyrirtækja sem eru með fleiri en eina framleiðslueiningu skulu aðildarríki samþykkja þær ráðstafanir sem þau telja nauðsynlegar til að taka tilhlýðilegt tillit til hagsmuna sykurrófu- og sykurreyrræktenda.

137. gr.

Samþykkt fyrirtæki

1. Aðildarríkin skulu, að fenginni beiðni þar að lútandi, veita samþykki fyrir fyrirtækjum, sem framleiða sykur, ísóglúkósa eða inúlínsiróp, eða fyrirtækjum sem vinna afurðir, sem um getur í skránni í 2. mgr. 140. gr., úr þessum afurðum, að því tilskildu að viðkomandi fyrirtæki:

- a) sanni faglega framleiðslugetu sína,
- b) samþykki að veita allar upplýsingar og að lúta eftirliti, tengdu þessari reglugerð,
- c) hafi hvorki verið svipt leyfi né leyfi þeirra verið afturkölluð.

2. Samþykkt fyrirtæki skulu veita aðildarríkinu, þar sem uppskera sykurrófna eða sykurreys eða hreinsun fer fram, upplýsingar um eftirfarandi:

- a) magn sykurrófna eða sykurreys, sem fellur undir afhendingarsamning, og tilheyrandi, áætlaðan afrakstur af sykurrófum eða sykurreyr á hektara og sykri á hektara,
- b) gögn um áætlað magn og raunverulegt magn sykurrófna, sykurreys og hrásykurs, sem er afhent, og um sykurfamleiðslu og yfirlýsingar um sykurbirgðir,
- c) magn hvíts sykurs sem hefur verið seldur og tilheyrandi verð og skilyrði.

138. gr.

Endurúthlutun landsbundins kvóta og lækun kvóta

1. Aðildarríki er heimilt að lækka, um allt að 10%, sykur- eða ísóglúkósakvóta sem hefur verið úthlutað til fyrirtækis með staðfestu á yfirráðasvæði þess. Þegar það er gert skal aðildarríkið beita hlutlægum viðmiðunum sem eru án mismununar.

2. Aðildarríki getur framselt kvóta milli fyrirtækja í samræmi við reglur sem mælt er fyrir um í XIII. viðauka og að teknu tilliti til hagsmuna hvers hlutaðeigandi aðila, einkum sykurrófu- og sykurreyrræktenda.

3. Hlutaðeigandi aðildarríki skal úthluta því magni, sem leiðir af beitingu 1. og 2. mgr., til eins eða fleiri fyrirtækja á yfirráðasvæði sínu, án tillits til þess hvort viðkomandi fyrirtæki er með kvóta eða ekki.

*139. gr.***Framleiðsla utan kvóta**

1. Sykur, ísólglúkósa eða inúlínsíróp, sem eru framleidd á tilteknu markaðsári umfram kvótann sem um getur í 136. gr., má:

- a) nota til vinnslu á tilteknum afurðum eins og um getur í 140. gr.,
- b) færa yfir á framleiðslukvóta næsta markaðsárs í samræmi við 141. gr.,
- c) nota fyrir sértæka birgðafyrirkomulagið fyrir ystu svæðin í samræmi við III. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 228/2013⁽³⁸⁾,
- d) flytja út innan magntakmörkunar, sem framkvæmdastjórnin skal fastsetja með framkvæmdargerðum, til að standa við skuldbindingarnar sem leiða af alþjóðasamningum sem gerðir eru í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins eða
- e) setja á innri markaðinn í samræmi við tilhögunina sem lýst er í 131. gr., í þeim tilgangi að aðlaga framboð að eftirspurn á grundvelli spár um birgðastöðu.

Framkvæma skal ráðstafanirnar sem um getur í e-lið fyrstu undirgreinar þessarar greinar áður en ráðstafanirnar til að koma í veg fyrir markaðsröskun, sem um getur í 1. mgr. 219. gr., eru virkjaðar.

Annað magn fellur undir umframmagnsgjaldið sem um getur í 142. gr.

2. Framkvæmdargerðirnar samkvæmt þessari grein skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

*140. gr.***Iðnaðarsykur**

1. Iðnaðarsykur, iðnaðarisólglúkósi eða iðnaðarinúlínsíróp skulu frátekin fyrir framleiðslu á einni af afurðunum sem um getur í 2. mgr. ef:

- a) þau falla undir afhendingarsamning sem framleiðandi og notandi, sem hafa báðir fengið samþykki í samræmi við 137. gr., gera sín á milli fyrir lok markaðsársins og
- b) þau hafa verið afhent notanda eigi síðar en 30. nóvember næsta markaðsárs.

2. Til að taka tækniþróun til greina skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að koma á fót skrá yfir afurðir þar sem nota má iðnaðarsykur, iðnaðarisólglúkósa eða iðnaðarinúlínsíróp til framleiðslu.

Skráin skal einkum ná yfir:

- a) lífetanól, alkóhól, romm, lifandi ger og smyrjanlegt síróp og síróp til vinnslu á *Rinse appelstroop*,
- b) tiltekna iðnaðarvörur sem innihalda ekki sykur en sykur, ísólglúkósi eða inúlínsíróp eru notuð við framleiðslu þeirra,
- c) tiltekna afurðir úr efna- eða lyfjaiðnaðinum sem innihalda sykur, ísólglúkósa eða inúlínsíróp.

*141. gr.***Yfirfærsla umframsyksurs**

1. Hvert fyrirtæki getur ákveðið að yfirfæra, í heild eða að hluta, framleiðslu sína umfram sykurlútvóta, ísólglúkósa eða inúlínsírópskvóta sinn og meðhöndla hana sem hluta af framleiðslu næsta markaðsárs. Sú ákvörðun skal vera óafturkræf, með fyrirvara um 3. mgr.

2. Fyrirtæki, sem taka ákvörðunina sem um getur í 1. mgr., skulu:

- a) upplýsa hlutaðeigandi aðildarríki fyrir tiltekinn dag, sem aðildarríkið skal fastsetja:
 - i. milli 1. febrúar og 31. ágúst yfirstandandi markaðsárs, um það magn reysyksurs sem er yfirfært,
 - ii. milli 1. febrúar og 31. ágúst yfirstandandi markaðsárs, um það magn rófusyksurs eða inúlínsíróps sem er yfirfært,

b) skuldbinda sig til að geyma þetta magn á eigin kostnað til loka yfirstandandi markaðsárs.

3. Ef endanleg framleiðsla fyrirtækis á umræddu markaðsári er minni en áætlað var þegar ákvörðunin skv. 1. mgr. var tekin má aðlaga yfirfærða magnið afturvirkir en eigi síðar en 31. október næsta markaðsár.

4. Litið skal á yfirfærða magnið sem fyrsta magnið sem er framleitt innan kvóta næsta markaðsárs.

⁽³⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 228/2013 frá 13. mars 2013 um sértækar ráðstafanir vegna landbúnaðar á ystu svæðum Sambandsins og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 247/2006 (Stjóð. ESB L 78, 20.3.2013, bls. 23).

5. Sykur, sem er geymdur í samræmi við þessa grein, á markaðsári, skal ekki falla undir aðrar geymsluráðstafanir sem kveðið er á um í 16. gr. eða 130. gr.

142. gr.

Umframmagnsgjald

1. Umframmagnsgjald skal lagt á magn sem:
 - a) er umframsykur, umframísóglúkósi og umframinúlínsiróp sem eru framleidd á ótilteknu markaðsári, að undanskildu magni, sem er fært yfir á kvótaframleiðslu næsta markaðsárs og geymt í samræmi við 141. gr., eða magni sem um getur í c-, d- og e-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 139. gr.,
 - b) er iðnaðarsykur, iðnaðarisóglúkósi eða iðnaðarinúlínsiróp sem ekki hefur verið sannað að hafi verið notuð til framleiðslu einnar af afurðunum sem um getur í 2. mgr. 140. gr. innan tímamarka sem framkvæmdastjórnin fastsetur með framkvæmdargerðum,
 - c) er sykur, ísóglúkósi og inúlínsiróp sem tekin hafa verið af markaði í samræmi við 130. gr. og sem skyldur skv. 3. mgr. 130. gr. hafa ekki verið uppfylltar fyrir.

Framkvæmdargerðirnar skv. b-lið þessarar greinar skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

2. Ráðið skal, í samræmi við 3. mgr. 43. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, gera ráðstafanir sem lúta að ákvörðun umframmagnsgjalds sem um getur í 1. mgr.

143. gr.

Framselt vald

1. Til að tryggja að fyrirtæki sem um getur í 137. gr. uppfylli skuldbindingar sínar skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að mæla fyrir um reglur um veitingu og afturköllun samþykkis fyrir slík fyrirtæki, sem og um viðmiðanir fyrir stjórnsýsluviðurlög.

2. Til að taka tillit til séreinkenna sykurgeirans og til að tryggja að tekið sé tilhlýðilegt tillit til hagsmuna allra aðila skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. um skilgreiningu á skilmálunum vegna rekstrar kvótakerfisins og til að mæla fyrir um skilyrði sem gilda um sölu til ystu svæða.

3. Til að tryggja að ræktendur séu nátengdir ákvörðun um að yfirfæra tiltekið framleiðslumagn skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að mæla fyrir um reglur varðandi yfirfærslu sykurs.

144. gr.

Framkvæmdarvald í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina

Að því er varðar fyrirtæki sem um getur í 137. gr. getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdargerðir til að setja reglur varðandi:

- a) umsóknir fyrirtækja um samþykki, skrárnar sem samþykkt fyrirtæki skulu halda, upplýsingarnar sem samþykkt fyrirtæki skulu leggja fram,
- b) kerfi fyrir eftirlit sem aðildarríki skulu framkvæma hjá samþykktum fyrirtækjum,
- c) samskipti aðildarríkja við framkvæmdastjórnina og við samþykkt fyrirtæki,
- d) afhendingu hráefna til fyrirtækja, þ.m.t. afhendingar-samningar og afhendingarseðlar,
- e) jafngildi að því er varðar sykur sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 139. gr.,
- f) sértækt birgðafyrirkomulag fyrir ystu svæðin,
- g) útflutning eins og um getur í d-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 139. gr.,
- h) samvinnu aðildarríkja til að tryggja skilvirkt eftirlit,
- i) breytingar á dagsetningunum sem mælt er fyrir um í 141. gr. vegna tiltekinnar markaðsára,
- j) ákvörðun umframmagns, samskipti og greiðslur á umframmagnsgjaldinu sem um getur í 142. gr.,
- k) samþykki fyrir skrá yfir hreinsunarstöðvar í fullum rekstri í skilningi 6. liðar B-þáttar II. hluta II. viðauka.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

2. þáttur

Vín

145. gr.

Skrá yfir vénekrur og skrá yfir framleiðslugetu

1. Aðildarríkin skulu halda skrá yfir vénekrur sem inniheldur uppfærðar upplýsingar um framleiðslugetuna. Frá og með 1. janúar 2016 skal þessi skuldbinding einungis gilda ef aðildarríki innleiða fyrirkomulagið við veitingu leyfa til að planta vínvið sem um getur í III. kafla I. bálks, eða landsbundna stuðningsáætlun.

2. Til 31. desember 2015 skulu aðildarríki þar sem heildarsvæðið, þar sem plantað hefur verið vínvið af vínþrúguyrkjum sem eru flokkuð skv. 2. mgr. 81. gr., er minna en 500 hektarar ekki falla undir skuldbindinguna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar.

3. Aðildarríki, sem gera ráð fyrir endurskipulagningu og breytingu á vínekrum í stuðningsáætlunum sínum í samræmi við 46. gr., skulu, á grundvelli skrárinnar yfir vínekrur, leggja fyrir framkvæmdastjórnina uppfærða skrá yfir framleiðslugetu sína, eigi síðar en 1. mars ár hvert. Frá og með 1. janúar 2016 skal framkvæmdastjórnin, með framkvæmdargerðum, mæla nánar fyrir um tilkynningar til framkvæmdastjórnarinnar sem varða vínræktarsvæði. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

4. Til að auðvelda vöktun og sannprófun aðildarríkja á framleiðslugetu skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. að því er varðar reglur um innihald skrárinnar yfir vínekrur og undanþágur frá henni.

146. gr.

Lögbær landsyfirvöld fyrir víngeirann

1. Með fyrirvara um önnur ákvæði þessarar reglugerðar er varða tilnefningu á lögbærum landsyfirvöldum skulu aðildarríkin tilnefna eitt eða fleiri yfirvöld sem skulu bera ábyrgð á því að sjá til þess að farið sé að reglum Sambandsins í víngeiranum. Einkum skulu aðildarríkin tilnefna þær rannsóknarstofur sem hafa heimild til að framkvæma opinberar greiningar innan víngeirans. Tilnefndu rannsóknarstofurnar skulu uppfylla almennar viðmiðanir um starfsemi prófunarstofa sem settar eru fram í staðlinum ISO/IEC 17025.

2. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um heiti og heimilisföng þeirra yfirvalda og rannsóknarstofa sem um getur í 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal birta þessar upplýsingar opinberlega og uppfæra þær reglulega.

147. gr.

Fylgiskjöl og skrá

1. Þegar afurðir úr víngeiranum eru settar í dreifingu innan Sambandsins skal þeim fylgja opinberlega viðurkennt fylgiskjal.

2. Einstaklingar eða lögaðilar eða hópar aðila, sem hafa afurðir undir höndum sem falla undir víngeirann, þá einkum framleiðendur, átapparar, vinnsluaðilar og söluaðilar, skulu, í viðskiptum sínum, halda innfærslu- og útfærsluskrár fyrir þessar afurðir.

3. Til að auðvelda flutninga á vínafurðum og sannprófun aðildarríkjanna á þeim skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. um:

a) reglur um fylgiskjalið og notkun þess,

b) skilyrði sem gilda um það hvenær fylgiskjal skal teljast votta verndaðar upprunatáknar eða landfræðilegar merkingar,

c) skuldbindingu um að halda skrá og um notkun hennar,

d) hverjum ber skylda til að halda skrá og undanþágur frá þeirri skuldbindingu,

e) hvaða starfsemi skal taka með í skrána.

4. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að koma á fót:

a) reglum um samsetningu skrána, þær afurðir sem skal skrá í þær, frestum til að framkvæma færslur í skrár og loka skrár,

b) ráðstöfunum til að krefjast þess að aðildarríki ákveði viðunandi hámarkshlutföll vegna taps,

c) almennum ákvæðum og umbreytingarákvæðum vegna skráhalds,

d) reglum um það hversu lengi skal geyma fylgiskjöl og skrár.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

3. þáttur

Mjólk og mjólkurafurðir

148. gr.

Samningsbundin tengsl í mjólkur- og mjólkurafurðageiranum

1. Ef aðildarríki ákveður að allar afhendingar bónda á yfirráðasvæði þess á hrámjólki til aðila sem vinnur hrámjólki þurfi að falla undir skriflegan samning á milli aðilanna og/eða það ákveður að fyrstu kaupendur verði að gera skriflegt tilboð um samning um afhendingu bændanna á hrámjólki skal slíkur samningur og/eða slíkt tilboð um samning uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr.

Ef aðildarríki ákveður að afhendingar bónda á hrámjólki til aðila sem vinnur hrámjólki þurfi að falla undir skriflegan samning á milli aðilanna skal það einnig ákveða hvaða stig, eitt eða fleiri, afhendingarinnar skuli falla undir slíkan samning ef afhending hrámjólkur fer fram í gegnum einn eða fleiri söfnunaraðila.

Að því er varðar þessa grein er „söfnunaraðili“ fyrirtæki sem flytur hrámjólki frá bónda eða öðrum söfnunaraðila til aðila sem vinnur hrámjólki eða til annars söfnunaraðila þar sem eignarhald á hrámjólkinu flyst á milli í hvert skipti.

2. Samningurinn og/eða tilboðið um samning sem um getur í 1. mgr. skal:

- a) gert fyrir afhendingu,
- b) gert skriflega og
- c) einkum innihalda eftirfarandi þætti:
 - i. gjald fyrir afhendinguna sem skal:
 - vera óbreytanlegt og sett fram í samningnum og/eða
 - vera reiknað út frá ýmsum þáttum sem settir eru fram í samningnum og geta m.a. verið markaðsvísar sem endurspegla breytingar á markaðsaðstæðum, magnið sem er afhent og gæði eða samsetning hrámjólkurinnar sem er afhent,
 - ii. magn hrámjólkur sem hægt er að afhenda og/eða verður að afhenda og tímasetningu slíkra afhendinga,
 - iii. tímalengd samningsins, sem getur annað hvort verið tiltekin eða ótiltekin tímalengd með uppsagnarákvæðum,
 - iv. upplýsingar um greiðslutímabil og -fyrirmæli,
 - v. tilhögun við söfnun eða afhendingu á hrámjólk og
 - vi. reglur sem gilda ef um er að ræða óviðráðanleg atvik.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. skal ekki vera krafa um samning og/eða tilboð um samning þegar bóndi afhendir hrámjólk til samvinnufélags sem hann er aðili að, ef samþykktir þess samvinnufélags eða reglur og ákvarðanir, sem kveðið er á um í umræddum samþykktum eða eru dregnar af þeim, innihalda ákvæði sem hafa svipuð áhrif og ákvæðin sem sett eru fram í a-, b- og c-lið 2. mgr.

4. Aðilunum er frjálst að semja um öll atriði samninga um afhendingu hrámjólkur milli bænda, söfnunaraðila eða aðila sem vinna hrámjólk, þ.m.t. þau atriði sem um getur í c-lið 2. mgr.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skal eitt eða bæði eftirfarandi gilda:

- a) ef aðildarríki ákveður að gera skriflegan samning um afhendingu hrámjólkur skyldubundinn í samræmi við 1. mgr. getur það fastsett lágmarksgildistíma sem einungis nær til skriflegra samninga á milli bóndans og fyrsta kaupanda hrámjólkurinnar og skal slíkur lágmarksgildistími vera minnst sex mánuðir og ekki skerða eðlilega starfsemi innri markaðarins,
- b) ef aðildarríki ákveður að fyrsti kaupandi hrámjólkur skuli gera bóndanum skriflegt tilboð um samning í samræmi við 1. mgr. getur það kveðið á um að tilboðið skuli innihalda lágmarksgildistíma fyrir samninginn, sem fastsettur er í

landslæg í þeim tilgangi, og skal slíkur lágmarksgildistími vera minnst sex mánuðir og ekki skerða eðlilega starfsemi innri markaðarins.

Önnur undirgrein skal ekki hafa áhrif á rétt bóndans til að hafna slíkum lágmarksgildistíma, að því tilskildu að hann geri það skriflega. Í slíkum tilvikum skal aðilunum vera frjálst að semja um alla þætti samningsins, þ.m.t. þá þætti sem um getur í c-lið 2. mgr.

5. Aðildarríki sem notfæra sér þá valkosti sem um getur í þessari grein skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um hvernig framkvæmd þeirra er háttað.

6. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna samræmdrar beitingar a- og b-liðar 2. mgr. og 3. mgr. þessarar greinar og um ráðstafanir sem varða þær tilkynningar sem aðildarríkin skulu senda inn í samræmi við þessa grein. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

149. gr.

Samningaviðræður í mjólkur- og mjólkurafurðageiranum

1. Samtök framleiðenda í mjólkur- og mjólkurafurðageiranum sem eru viðurkennd skv. 3. mgr. 152. gr. mega gera, fyrir hönd þeirra bænda sem eru aðilar að þeim, samninga, að því er varðar alla sameiginlega framleiðslu þeirra eða hluta hennar, um afhendingu á hrámjólk frá bónda til vinnsluaðila hrámjólkur eða til söfnunaraðila í skilningi þriðju undirgreinar 1. mgr. 148. gr.

2. Samningaviðræður samtaka framleiðenda geta farið fram:

- a) hvort sem um er að ræða yfirfærslu eignarréttar á hrámjólkinni frá bændum til samtaka framleiðenda eða ekki,
- b) hvort sem umsamið verð er það sama að því er varðar sameiginlega framleiðslu sumra eða allra bændanna sem eru aðilar, eða ekki,
- c) að því tilskildu að tiltekin samtök framleiðenda uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:
 - i. að það magn hrámjólkur sem slíkar samningaviðræður fara fram um sé ekki meira en sem nemur 3,5% af heildarframleiðslu í Sambandinu,
 - ii. að það magn hrámjólkur sem slíkar samningaviðræður fara fram um og er framleidd í einhverju tilteknu aðildarríki sé ekki meira en sem nemur 33% af heildarlandsframleiðslu í því aðildarríki og
 - iii. að það magn hrámjólkur sem slíkar samningaviðræður fara fram um og er afhent í einhverju tilteknu aðildarríki sé ekki meira en sem nemur 33% af heildarlandsframleiðslu í því aðildarríki,

- d) að því tilskildu að umræddir bændur séu ekki aðilar að neinum öðrum samtökum framleiðenda, sem einnig gera slíka samninga fyrir þeirra hönd, en hins vegar er aðildarríkjum heimilt að víkja frá þessu skilyrði í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum þegar bændur ráða yfir tveimur aðskildum framleiðslueiningum sem eru staðsettar á ólíkum landsvæðum,
- e) að því tilskildu að hrámjólkin falli ekki undir skuldbindingu um afhendingu sem stafar af aðild bóndans að samvinnufélagi, í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í samþykktum samvinnufélagsins eða reglur og ákvarðanir sem kveðið er á um í umræddum samþykktum eða eru dregnar af þeim, og
- f) að því tilskildu að samtök framleiðenda tilkynni lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins eða -ríkjanna þar sem þau starfa um það magn hrámjólkur sem slíkar samningaviðræður snúast um.

3. Þrátt fyrir skilyrðin sem sett eru fram í ii. og iii. lið c-liðar 2. mgr. geta samtök framleiðenda samið skv. 1. mgr. að því tilskildu, með tilliti til þeirra samtaka framleiðenda, að það magn hrámjólkur sem samningaviðræðurnar snúast um og er framleitt eða afhent í aðildarríki þar sem heildarframleiðsla á hrámjólki á ári er undir 500 000 tonnum, sé ekki meira en sem nemur 45% af heildarlandsframleiðslu þess aðildarríkis.

4. Að því er varðar þessa grein ná vísanir til samtaka framleiðenda einnig til félaga slíkra samtaka framleiðenda.

5. Við beitingu ákvæða c-liðar 2. mgr. og 3. mgr. skal framkvæmdastjórnin birta, á þann hátt sem henni þykir viðeigandi, það magn hrámjólkur sem er framleitt í Sambandinu og í aðildarríkjunum og nota til þess nýjustu uppfærðu upplýsingarnar.

6. Þrátt fyrir c-lið 2. mgr. og 3. mgr., jafnvel þó að ekki sé farið umfram þau mörk sem þar eru sett, getur samkeppnisyrvaldið sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar ákveðið í einstöku máli að tiltekna samningaviðræður samtaka framleiðenda ætti annað hvort að hefja á ný eða ættu alls ekki eiga sér stað ef það telur að slíkt sé nauðsynlegt til að koma í veg fyrir útilokun á samkeppni eða til að komast hjá því að skaða örfyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki sem vinna hrámjólki á yfirráðasvæði þess.

Að því er varðar samningaviðræður sem ná til fleiri en eins aðildarríkis skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðunina, sem um getur í fyrstu undirgrein, án þess að beita málsmeðferðinni sem um getur í 2. eða 3. mgr. 229. gr. Í öðrum tilvikum skal það vera samkeppnisyrvald aðildarríkisins, sem samningaviðræðurnar varða, sem tekur þessa ákvörðun.

Þær ákvarðanir sem um getur í þessari málsgrein skulu ekki taka gildi fyrr en viðkomandi fyrirtækjum hefur verið tilkynnt um þær.

7. Í þessari grein er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „samkeppnisyrvald ríkis“: yrvaldið sem um getur í 5. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 ⁽³⁹⁾,
- b) „örfyrirtæki eða lítið eða meðalstórt fyrirtæki“: örfyrirtæki eða lítið eða meðalstórt fyrirtæki í skilningi tilmæla 2003/361/EB.

8. Aðildarríkin þar sem samningaviðræður eiga sér stað í samræmi við þessa grein skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um beitingu ákvæða f-liðar 2. mgr. og 6. mgr.

150. gr.

Stjórnun á framboði á ostum með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu

1. Aðildarríkin geta að beiðni samtaka framleiðenda, sem eru viðurkennd skv. 152. gr. (3. mgr.), fjölgreinasamtaka, sem eru viðurkennd skv. 157. gr. (3. mgr.), eða hóps framleiðenda, sem um getur í 3. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 1151/2012, mælt fyrir um, til takmarkaðs tíma, bindandi reglur um stjórnun á framboði á ostum með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu skv. 5. gr. (1. og 2. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 1151/2012.

2. Reglurnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skulu vera með fyrirvara um fyrirliggjandi undanfarandi samkomulag milli aðilanna á því landsvæði sem um getur í c-lið 1. mgr. 7. gr. í reglugerð (ESB) nr. 1151/2012. Að slíku samkomulagi skulu standa minnst tveir þriðju af mjólkurframleiðendum eða fulltrúum þeirra, sem framleiða minnst tvo þriðju af hrámjólkinni sem er notuð til að framleiða ostinn sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og, ef við á, minnst tvo þriðju af framleiðendum þess osts sem framleiða minnst tvo þriðju af ostinum á því landsvæði sem um getur í c-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1151/2012.

3. Að því er varðar 1. mgr. skal, að því er varðar ost sem nýtur verndaðrar landfræðilegrar merkingar, upprunalsvæði hrámjólkurinnar, sem fram kemur í afurðaforskrift ostsins, vera hið sama og landsvæðið sem um getur í c-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1151/2012 og tengist þeim osti.

4. Reglurnar sem um getur í 1. mgr.:

- a) skulu einungis ná til stjórnunar á framboði viðkomandi afurðar og markmiðið með þeim skal vera að aðlaga framboð umrædds osts að eftirspurn,
- b) skulu einungis gilda um viðkomandi afurð,

⁽³⁹⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 101. og 102. gr. sáttmálans (Stjtið. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1).

- c) má gera bindandi í allt að þrjú ár og má endurnýja að því tímabili loknu eftir að ný beiðni berst, eins og um getur í 1. mgr.,
- d) skulu ekki skaða viðskipti með aðrar afurðir en þær sem reglurnar varða,
- e) skulu ekki tengjast neinum viðskiptum eftir fyrstu markaðssetningu viðkomandi osts,
- f) skulu ekki leyfa verðsamráð, þ.m.t. að leiðbeinandi eða ráðleggjandi verð sé ákveðið,
- g) skulu ekki gera óhóflega stórt hlutfall viðkomandi afurðar, sem að jafnaði væri á boðstólum, ófáanlegt,
- h) skulu ekki skapa mismunun, hindra innkomu nýrra aðila á markaðinn eða skapa óhagstæð áhrif á smáframleiðendur,
- i) skulu stuðla að því að viðhalda gæðum og/eða þróun viðkomandi afurðar,
- j) skulu gilda með fyrirvara um 149. gr.

5. Reglurnar sem um getur í 1. mgr. skulu birtar á opinberum vettvangi í hlutaðeigandi aðildarríki.

6. Aðildarríkin skulu framkvæma eftirlit til að sjá til þess að farið sé að þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 4. mgr. og ef lögbær landsyfirlönd uppgötva að ekki hefur verið farið að slíkum skilyrðum skulu þau fella úr gildi reglurnar sem um getur í 1. mgr.

7. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni þegar í stað um reglurnar, sem um getur í 1. mgr., sem þau hafa samþykkt. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa hin aðildarríkin um allar tilkynningar um slíkar reglur.

8. Framkvæmdastjórnin getur hvenær sem er samþykkt framkvæmdargerðir þar sem krafist er að aðildarríki felli úr gildi reglurnar sem það hefur samþykkt skv. 1. mgr., ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að reglurnar uppfylli ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í 4. mgr., hamli eða raski samkeppni á umtalsverðum hluta innri markaðarins eða stofni í hættu fríverslun eða að markmiðum 39. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins sé náð. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir án þess að málsmeðferðinni, sem um getur í 2. eða 3. mgr. 229. gr. þessarar reglugerðar, sé beitt.

151. gr.

Lögboðnar yfirlýsingar í mjólkur- og mjólkurafurðageiranum

Frá 1. apríl 2015 skulu fyrstu kaupendur láta lögbæra landsyfirvaldinu í té yfirlýsingu um það magn hrámjólkur sem þeim er afhent í hverjum mánuði.

Að því er varðar þessa grein og 148. gr. er „fyrsti kaupandi“ fyrirtæki eða hópur sem kaupir mjólk frá framleiðendum til að:

- a) safna henni saman, pakka henni, geyma hana, kæla eða vinna, þ.m.t. samkvæmt samningi,
- b) selja hana til eins eða fleiri fyrirtækja sem meðhöndla eða vinna mjólk eða aðrar mjólkurafurðir.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það magn hrámjólkur sem um getur í fyrstu undirgrein.

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um reglur um innihald, snið og tímasetningu slíkra yfirlýsinga og um ráðstafanir sem varða þær tilkynningar sem aðildarríkin skulu senda inn í samræmi við þessa grein. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

III. KAFLI

Samtök framleiðenda og félög og fjölgreinasamtök

1. þáttur

Skilgreining og viðurkenning

152. gr.

Samtök framleiðenda

1. Aðildarríkin geta, sé þess óskað, viðurkennt samtök framleiðenda sem:

- a) framleiðendur í tilteknum geira, sem er tilgreindur í 2. mgr. 1. gr., hafa stofnað og stýrt í samræmi við c-lið 2. mgr. 153. gr.,
- b) eru stofnuð að frumkvæði framleiðendanna,
- c) stefna að tilteknu takmarki sem getur tekið til a.m.k. eins af eftirfarandi markmiðum:
 - i. að tryggja að framleiðsla sé skipulögð og löguð að eftirspurn, einkum að því er varðar gæði og magn,
 - ii. að efla framboð og setningu afurðanna, sem aðilar að samtökunum framleiða, á markað, þ.m.t. með beinni markaðssetningu,
 - iii. að hagræða framleiðslukostnaði og ávöxtun fjárfestinga til að koma til móts við staðla varðandi umhverfið og velferð dýra, og halda verði framleiðenda stöðugu,
 - iv. að framkvæma rannsóknir og þróa framtaksverkefni varðandi sjálfbærar framleiðsluaðferðir, nýstárlegar starfsvenjur, samkeppnishæfni í atvinnulífinu og markaðsþróun,

- v. að kynna og veita tæknilega aðstoð vegna notkunar á umhverfissvænum ræktunaraðferðum og framleiðslu-tækni og góðum starfsvenjum á sviði velferðar dýra,
- vi. að kynna og veita tæknilega aðstoð vegna notkunar á framleiðslustöðlum til að bæta gæði afurða og þróa afurðir með verndaða upprunatáknun, verndaða landfræðilega merkingu eða landsbundna gæðamerkingu,
- vii. að hafa umsjón með aukaafurðum og stjórnun úrgangs, einkum til að vernda gæði vatns, jarðvegs og landslags og til að varðveita eða auka líffræðilega fjölbreytni,
- viii. að stuðla að sjálfbærri nýtingu á náttúruauðlindum og að draga úr loftslagsbreytingum,
- ix. að þróa framtaksværfni á sviði kynningar og markaðssetningar,
- x. að halda utan um þá gagnkvæmu tryggingasjóði sem um getur í aðgerðaáætlunum í aldin- og grænmetisgeiranum sem um getur í 2. mgr. 31. gr. þessarar reglugerðar og skv. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013,
- xi. að veita þá tæknilegu aðstoð sem er nauðsynleg til að nýta megi framvirka markaði og tryggingakerfi.

2. Samtök framleiðenda, sem eru viðurkennd skv. 1. mgr., geta viðhaldið viðurkenningu sinni ef þau taka þátt í setningu á markað á afurðum sem falla undir SN-númer úr 2208, aðrar en þær sem um getur í I. viðauka við sáttmálana, að því tilskildu að hlutfall þessara afurða fari ekki umfram 49% af heildarverðmæti markaðssettrar framleiðslu samtaka framleiðenda og að afurðirnar njóti ekki stuðnings frá Sambandinu. Hjá samtökum framleiðenda í aldin- og grænmetisgeiranum eru þessar afurðir ekki teknar inn í útreikning á verðmæti framleiðslu, sem sett er á markað, að því er varðar 2. mgr. 34. gr.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu aðildarríki viðurkenna samtök framleiðenda sem eru stofnuð af framleiðendum í mjólkur- og mjólkurafurðageiranum sem:

- a) eru stofnuð að frumkvæði framleiðendanna,
- b) stefna að tilteknu takmarki sem getur tekið til eins eða fleiri af eftirfarandi markmiðum:
 - i. að tryggja að framleiðsla sé skipulögð og löguð að eftirspurn, einkum að því er varðar gæði og magn,
 - ii. að efla framboð og setningu afurðanna, sem aðilar að samtökunum framleiða, á markað,
 - iii. hagræða framleiðslukostnaði og halda verði framleiðenda stöðugu.

153. gr.

Samþykktir samtaka framleiðenda

1. Í samþykktum samtaka framleiðenda skal þess einkum krafist að aðilar sem eru framleiðendur:

- a) beiti þeim reglum sem samtök framleiðenda hafa samþykkt að því er varðar skýrslugjöf um framleiðslu, framleiðslu, setningu á markað og umhverfisvernd,
- b) séu einungis aðilar að einum samtökum framleiðenda fyrir hverja einstaka afurð búsins, en hins vegar er aðildarríkjum heimilt að víkja frá þessu skilyrði í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum þegar aðilar sem eru framleiðendur ráða yfir tveimur aðskildum framleiðslueiningum sem eru staðsettar á ólíkum landsvæðum,
- c) veiti þær upplýsingar sem samtök framleiðenda óska eftir vegna samantektar tölfræðilegra gagna.

2. Í samþykktum samtaka framleiðenda skal einnig kveða á um:

- a) málsmeðferðarreglur um ákvörðun, samþykkt og breytingar á reglunum sem um getur í a-lið 1. mgr.,
- b) að aðilarnir skuli greiða nauðsynleg fjárframlög til að stranda straum af rekstri samtaka framleiðenda,
- c) reglur sem gera þeim aðilum sem eru framleiðendur kleift að hafa eftirlit, með lýðræðislegum hætti, með samtökum sínum og ákvörðunum þeirra,
- d) viðurlög við brotum gegn skuldbindingum samkvæmt samþykktunum, einkum vegna vangaldinna fjárframlaga, eða gegn reglum sem samtök framleiðenda setja,
- e) reglur um inntöku nýrra aðila, einkum þá lágmarks-aðildartímabil, sem má ekki vera styttra en eitt ár,
- f) reglur um bókhald og fjárhagsáætlanir sem nauðsynlegar eru fyrir rekstur samtakanna.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um samtök framleiðenda í mjólkur- og mjólkurafurðageiranum.

154. gr.

Viðurkenning samtaka framleiðenda

1. Til að fá viðurkenningu aðildarríkis skulu samtök framleiðenda sem sækja um slíka viðurkenningu vera lögaðili eða skýrt skilgreindur hluti lögaðila sem:

- a) uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í a-, b- og c-lið 1. mgr. 152. gr.,

b) hefur lágmarksfjölda aðila og/eða tekur til lágmarksmagns eða -verðmætis markaðshæfrar framleiðslu, sem hlutað-eigandi aðildarríki skal mæla fyrir um, á því svæði þar sem samtökin starfa,

c) leggur fram nægjanlegar sannanir fyrir því að hann geti stundað starfsemi sína á tilhlýðilegan hátt, bæði til lengri tíma og með skilvirkni og veitingu á mannlegum, efnislegum og tæknilegum stuðningi við aðila sína og, eftir atvikum, eflingu á framboði,

d) hefur samþykktir sem uppfylla ákvæði a-, b- og c-liðar þessarar málsgreinar.

2. Aðildarríki geta ákveðið að samtök framleiðenda sem hafa fengið viðurkenningu fyrir 1. janúar 2014 á grundvelli landslaga og sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar teljist njóta viðurkenningar sem samtök framleiðenda skv. 152. gr.

3. Samtök framleiðenda sem hafa fengið viðurkenningu fyrir 1. janúar 2014 á grundvelli landslaga og sem uppfylla ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. geta haldið áfram starfsemi sinni samkvæmt landslögum til 1. janúar 2015.

4. Aðildarríki skulu:

a) ákveða, innan fjögurra mánaða frá því að umsókn er lögð inn ásamt öllum viðeigandi sönnunum henni til stuðnings, hvort veita skuli samtökum framleiðenda viðurkenningu og skal sú umsókn lögð fram hjá því aðildarríki þar sem samtökin hafa höfuðstöðvar sínar,

b) framkvæma eftirlit, með millibilum sem þau ákveða, til að sannreyna að viðurkennd samtök framleiðenda fari að ákvæðum þessa kafla,

c) leggja á umrædd samtök og félög viðeigandi viðurlög sem þau hafa mælt fyrir um og, ef nauðsyn krefur, ákveða hvort afturkalla skuli viðurkenningu, ef ekki er farið að ákvæðum eða misfellur eru á beitingu ráðstafananna sem kveðið er á um í þessum kafla,

d) upplýsa framkvæmdastjórnina, eigi síðar en 31. mars ár hvert, um allar ákvarðanir um að veita, hafna eða afturkalla viðurkenningu, sem teknar eru á næstliðnu almanaksári.

155. gr.

Útvistun

Aðildarríki geta heimilað viðurkenndum samtökum framleiðenda eða viðurkenndu félagi samtaka framleiðenda, í geirum sem framkvæmdastjórnin tiltekur í samræmi við f-lið 1. mgr. 173. gr., að útvista starfsemi sinni, annarri en framleiðslu, þ.m.t. til dótturfélaga, að því tilskildu að samtök framleiðenda eða félag samtaka framleiðenda beri áfram ábyrgð á því að

tryggja framkvæmd útvistuðu starfseminnar og á heildareftirliti með stjórnun og á eftirliti með viðskiptafyrirkomulagi starfseminnar.

156. gr.

Félög samtaka framleiðenda

1. Aðildarríkin geta, sé þess óskað, viðurkennt félög samtaka framleiðenda í tilteknum geira sem er tilgreindur í 2. mgr. 1. gr., sem eru stofnuð að frumkvæði viðurkenndra samtaka framleiðenda.

Með fyrirvara um reglurnar sem eru samþykktar í samræmi við 173. gr. mega félög samtaka framleiðenda stunda hverja þá starfsemi eða gegna hverju því hlutverki sem samtök framleiðenda gera.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríki, sé þess óskað, viðurkennt félag viðurkenndra samtaka framleiðenda í mjólkur- og mjólkurafurðageiranum ef hlutaðeigandi aðildarríki telur að félagið sé þess fært að stunda, á skilvirkan hátt, starfsemi viðurkenndra samtaka framleiðenda og að það uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 161. gr.

157. gr.

Fjölgreinasamtök

1. Aðildarríkin geta, sé þess óskað, viðurkennt fjölgreina-samtök í tilteknum geira sem er tilgreindur í 2. mgr. 1. gr., sem:

a) eru stofnuð af fulltrúum atvinnustarfsemi sem tengist framleiðslu og a.m.k. einu af eftirfarandi stigum birgðakeðjunnar: vinnslu á eða viðskiptum með, þ.m.t. dreifingu á, afurðum í einum eða fleiri geirum,

b) eru stofnuð að frumkvæði allra eða sumra þeirra samtaka eða félaga sem mynda þau,

c) stefna að tilteknu takmarki með tilliti til hagsmuna aðila sinna og neytenda, sem getur, einkum, tekið til eins af eftirfarandi markmiðum:

i. að bæta þekkingu og gagnsæi framleiðslu og markaðarins, þ.m.t. með útgáfu tölfræðilegra gagnasafna um framleiðslukostnað, verð, þ.m.t., eftir því sem við á, verðvísitölur, magn og tímalengd samninga sem áður hafa verið gerðir, og með því að leggja fram greiningar á hugsanlegri markaðsþróun á svæðisvísi, landsvísi eða á alþjóðlegum vettvangi,

ii. að spá fyrir um framleiðslugetu og skrá verð á almennum markaði,

- iii. að stuðla að betri samræmingu á því hvernig afurðir eru settar á markað, einkum með rannsóknum og markaðskönnunum,
 - iv. að kanna hugsanlega útflutningsmarkaði,
 - v. að semja, með fyrirvara um 148. og 168. gr., stöðluð samningseyðublöð sem samrýmast reglum Sambandsins, vegna sölu á landbúnaðarafurðum til kaupenda og/eða um afhendingu unninna afurða til dreifingaraðila og smásala, með tilliti til þarfarinnar fyrir að skapa sanngjörn samkeppnisskilyrði og komast hjá markaðsröskunum,
 - vi. að hagnýta betur möguleika afurðanna, þ.m.t. á sviði söluleiða, og þróa framtaksverkefni til að styrkja samkeppnishæfni og nýsköpun í atvinnulífinu,
 - vii. að leggja fram þær upplýsingar og stunda þær rannsóknir sem eru nauðsynlegar til að stuðla að nýsköpun, hagræðingu, umbótum og aðlögun á framleiðslu og, eftir atvikum, á vinnslu og setningu á markað, til að stefna að því að búa til afurðir sem henta betur kröfum markaðarins og smekk og væntingum neytenda, einkum að því er varðar gæði afurða, þ.m.t. séreinkenni afurða með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu, og vernd umhverfisins,
 - viii. að leita leiða til að takmarka notkun á dýralyfjum eða plöntuverndarvörum, halda betur utan um önnur aðföng, tryggja gæði afurða og verndun jarðvegs og vatns, stuðla að matvælaöryggi, einkum með rekjanleika afurða, og bæta heilbrigði dýra og velferð þeirra,
 - ix. að þróa aðferðir og verkfæri til að bæta gæði afurða á öllum stigum framleiðslu og, ef við á, vinnslu og setningar á markað,
 - x. að gera allar hugsanlegar ráðstafanir til að viðhalda, vernda og stuðla að lífrænum búskap og upprunatáknunum, gæðamerkingum og landfræðilegum merkingum,
 - xi. að stuðla að og framkvæma rannsóknir á samþættri, sjálfbærri framleiðslu eða öðrum umhverfisvænum framleiðsluáferðum,
 - xii. að hvetja til heilbrigðrar og ábyrgrar neyslu á afurðunum á innri markaðnum og/eða upplýsa um þann skaða sem tengist hættulegu neyslumynstri,
 - xiii. að stuðla að neyslu á og/eða veita upplýsingar um afurðir á innri markaðnum og ytri mörkuðum,
 - xiv. að koma með framlag til umsjónar með aukaafurðum og minnkunar á úrgangi og úrgangsstjórnunar.
2. Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum geta aðildarríkin ákveðið, á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem eru án mismununar, að skilyrðið í c-lið 1. mgr. 158. gr. sé uppfyllt með því að takmarka fjölda fjölgreinasamtaka á svæðisbundnu eða landsbundnu stigi ef kveðið er á um slíkt í landsreglum sem eru í gildi fyrir 1. janúar 2014 og þegar það hamlar ekki eðlilegri starfsemi innri markaðarins.
3. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríkin viðurkennt fjölgreinasamtök í mjólkur- og mjólkurafurðageiranum sem:
- a) hafa óskað formlega eftir viðurkenningu og eru mynduð af fulltrúum atvinnustarfsemi sem tengist framleiðslu hrámjólkur og a.m.k. einu af eftirfarandi stigum birgðakeðjunnar: vinnslu á eða viðskiptum með, þ.m.t. dreifingu á, afurðum úr mjólkur- og mjólkurafurðageiranum,
 - b) eru stofnuð að frumkvæði allra eða sumra þeirra fulltrúa sem um getur í a-lið,
 - c) stunda, á einu eða fleiri svæðum innan Sambandsins og með tilliti til hagsmuna neytenda og aðila að umræddum fjölgreinasamtökum, eina eða fleiri af eftirfarandi starfsemi:
 - i. að bæta þekkingu og gagnsæi framleiðslu og markaðarins, þ.m.t. með útgáfu tölfræðilegra gagnasafna um verð, magn og tímalengd samninga um afhendingu hrámjólkur sem áður hafa verið gerðir, og með því að leggja fram greiningar á hugsanlegri markaðsþróun á svæðisvísu, landsvísu eða á alþjóðlegum vettvangi,
 - ii. að stuðla að betri samræmingu á því hvernig afurðir úr mjólkur- og mjólkurafurðageiranum eru settar á markað, einkum með rannsóknum og markaðskönnunum,
 - iii. að stuðla að neyslu á, og veita upplýsingar um, mjólk og mjólkurafurðir á bæði innri og ytri mörkuðum,
 - iv. að kanna hugsanlega útflutningsmarkaði,
 - v. að semja stöðluð samningseyðublöð sem samrýmast reglum Sambandsins, vegna sölu á hrámjólk til kaupenda eða afhendingar unninna afurða til dreifingaraðila og smásala, með tilliti til þarfarinnar fyrir að skapa sanngjörn samkeppnisskilyrði og komast hjá markaðsröskunum,

- vi. að veita upplýsingar og stunda nauðsynlegar rannsóknir til að aðlaga framleiðsluna þannig að afurðir falli betur að kröfum markaðarins og smekk og væntingum neytenda, einkum að því er varðar gæði afurða og umhverfisvernd,
- vii. að viðhalda og þróa framleiðslugetu í mjólkur-geiranum, m.a. með því að stuðla að nýsköpun og styðja við áætlanir um hagnýtar rannsóknir og þróun til að nýta til fullnustu möguleika mjólkur og mjólkurafurða, einkum til að skapa afurðir með virðisauka sem eru meira aðlaðandi fyrir neytendur,
- viii. að leita leiða til að takmarka notkun á dýralyfjum, bæta stjórnun á öðrum aðföngum og auka matvælaöryggi og heilbrigði dýra,
- ix. að þróa aðferðir og verkfæri til að bæta gæði afurða á öllum stigum framleiðslu og setningar á markað,
- x. að hagnýta möguleika lífræns búskapar og vernda og kynna slíkan búskap, sem og framleiðslu á afurðum með upprunatáknunir, gæðamerkingar og landfræðilegar merkingar og
- xi. að efla samþætta framleiðslu eða aðrar umhverfisvænar framleiðsluáferðir.

158. gr.

Viðurkenning fjölgreinasamtaka

1. Aðildarríki geta viðurkennt fjölgreinasamtök sem sækja um slíka viðurkenningu að því tilskildu að þau:
 - a) uppfylli kröfum sem mælt er fyrir um í 157. gr.,
 - b) stundi starfsemi sína á einu eða fleiri landsvæðum á viðkomandi yfirráðasvæði,
 - c) ráði yfir umtalsverðum hlut í þeirri efnahagslegu starfsemi sem um getur í a-lið 1. mgr. 157. gr.,
 - d) taki ekki sjálf þátt í framleiðslu, vinnslu eða viðskiptum, að undanskildum þeim tilvikum sem mælt er fyrir um í 162. gr.
2. Aðildarríki geta ákveðið að fjölgreinasamtök sem hafa fengið viðurkenningu fyrir 1. janúar 2014 á grundvelli landslaga og sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar teljist njóta viðurkenningar sem fjölgreinasamtök skv. 157. gr.

3. Fjölgreinasamtök sem hafa fengið viðurkenningu fyrir 1. janúar 2014 á grundvelli landslaga og sem uppfylla ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar geta haldið áfram starfsemi sinni samkvæmt landslögum til 1. janúar 2015.

4. Aðildarríki geta viðurkennt fjölgreinasamtök í öllum geirum sem urðu til fyrir 1. janúar 2014, hvort sem þau voru viðurkennd samkvæmt beiðni eða stofnuð samkvæmt lögum, jafnvel þó að þau uppfylli ekki skilyrðið sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 157. gr. eða b-lið 3. mgr. 157. gr.

5. Þegar aðildarríki viðurkenna fjölgreinasamtök í samræmi við 1. eða 2. mgr. skulu þau:

- a) ákveða, innan fjögurra mánaða frá því að umsókn er lögð inn ásamt öllum viðeigandi sönnunum henni til stuðnings, hvort veita skuli viðurkenningu og skal sú umsókn lögð fram hjá því aðildarríki þar sem samtökin hafa höfuðstöðvar sínar,
- b) framkvæma eftirlit, með millibilum sem þau ákveða, til að sannreyna að viðurkennd fjölgreinasamtök fari að skilyrðunum fyrir viðurkenningu þeirra,
- c) leggja á umrædd samtök viðeigandi viðurlög sem þau hafa mælt fyrir um og, ef nauðsyn krefur, ákveða hvort afturkalla skuli viðurkenningu, ef ekki er farið að ákvæðum eða misfellur eru á beitingu ráðstafananna sem kveðið er á um í þessari reglugerð,
- d) afturkalla viðurkenningu ef ekki er lengur farið að kröfum og skilyrðum fyrir viðurkenningu sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð,
- e) upplýsa framkvæmdastjórnina, eigi síðar en 31. mars ár hvert, um allar ákvarðanir um að veita, hafna eða afturkalla viðurkenningar, sem teknar eru á næstliðnu almanaksári.

2. þáttur

Viðbótarreglur fyrir tiltekna geira

159. gr.

Skyldubundin viðurkenning

Þrátt fyrir ákvæði 152. til 158. gr. skulu aðildarríki, sé þess óskað, viðurkenna:

- a) samtök framleiðenda í:
 - i. aldin- og grænmetisgeiranum að því er varðar eina eða fleiri afurðir þess geira og/eða slíkar afurðir sem eru eingöngu ætlaðar til vinnslu,
 - ii. geira ólífufolíu og ólífa til átu,

iii. silkiormageiranum,

iv. humlageiranum,

b) fjölgreinasamtök í geira ólífufólíu og ólífa til átu og í tóbaksgeiranum.

160. gr.

Samtök framleiðenda í aldin- og grænmetisgeiranum

Samtök framleiðenda í aldin- og grænmetisgeiranum skulu stefna að a.m.k. einu af markmiðunum sem sett eru fram í i., ii. og iii. lið c-liðar 1. mgr. 152. gr.

Í samþykktum samtaka framleiðenda í aldin- og grænmetisgeiranum skal þess krafist að aðilar þeirra sem eru framleiðendur setji alla viðkomandi framleiðslu sína á markað í gegnum samtök framleiðenda.

Samtök framleiðenda og félög samtaka framleiðenda í aldin- og grænmetisgeiranum skulu teljast koma fram í nafni og fyrir hönd aðila sinna í efnahagslegum málum innan verksviðs þeirra.

161. gr.

Viðurkenning á samtökum framleiðenda í mjólkur- og mjólkurafurðageiranum

1. Aðildarríkin skulu, sem samtök framleiðenda í mjólkur- og mjólkurafurðageiranum, viðurkenna alla þá lögaðila eða skýrt skilgreinda hluta lögaðila sem sækja um slíka viðurkenningu að því tilskildu að:

- a) þeir uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 152. gr.,
- b) þeir hafi lágmarksfjölda aðila og/eða taki til lágmarksmagns markaðshæfrar framleiðslu, sem hlutaðeigandi aðildarríki skal mæla fyrir um, á því svæði þar sem þeir starfa,
- c) nægar sönnur séu fyrir því að þeir geti rekið starfsemi sína svo vel sé, til lengri tíma og af skilvirkni og með tilliti til eflingar framboðs,
- d) þeir hafi samþykktir sem uppfylla ákvæði a-, b-, og c-liðar þessarar málsgreinar.

2. Aðildarríkin geta ákveðið að samtök framleiðenda sem hafa fengið viðurkenningu fyrir 2. apríl 2012 á grundvelli landslaga og sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar teljist njóta viðurkenningar sem samtök framleiðenda skv. 3. mgr. 152. gr.

3. Aðildarríki skulu:

- a) ákveða, innan fjögurra mánaða frá því að umsókn er lögð inn ásamt öllum viðeigandi sönnunum henni til stuðnings,

hvort veita skuli samtökum framleiðenda viðurkenningu; skal sú umsókn lögð fram hjá því aðildarríki þar sem samtökin hafa höfuðstöðvar sínar,

b) framkvæma eftirlit, með millibilum sem þau ákveða, til að sannreyna að viðurkennd samtök framleiðenda og félög samtaka framleiðenda fari að ákvæðum þessa kafla,

c) leggja á umrædd samtök og félög viðeigandi viðurlög sem þau hafa mælt fyrir um og, ef nauðsyn krefur, ákveða hvort afturkalla skuli viðurkenningu ef ekki er farið að ákvæðum eða misfellur eru á framkvæmd ráðstafananna sem kveðið er á um í þessum kafla,

d) upplýsa framkvæmdastjórnina, eigi síðar en 31. mars ár hvert, um allar ákvarðanir um að veita, hafna eða afturkalla viðurkenningar sem þau tóku á næstliðnu almanaksári.

162. gr.

Fjölgreinasamtök í geira ólífufólíu og ólífa til átu og í tóbaksgeiranum

Að því er varðar fjölgreinasamtök í geira ólífufólíu og ólífa til átu og í tóbaksgeiranum getur tiltekna takmarkið, sem um getur í c-lið 1. mgr. 157. gr., einnig tekið til a.m.k. eins af eftirfarandi markmiðum:

- a) að þétta og samræma framboð og setningu á afurðum aðilanna á markað,
- b) að laga framleiðsluna og vinnsluna í sameiningu að kröfum markaðarins og bæta afurðina,
- c) að stuðla að hagræðingu og úrbótum með tilliti til framleiðslu og vinnslu.

163. gr.

Viðurkenning á fjölgreinasamtökum í mjólkur- og mjólkurafurðageiranum

1. Aðildarríkin geta viðurkennt fjölgreinasamtök í mjólkur- og mjólkurafurðageiranum að því tilskildu að slík samtök:

- a) uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 157. gr.,
- b) stundi starfsemi sína á einu eða fleiri landsvæðum á viðkomandi yfirráðasvæði,
- c) ráði yfir umtalsverðum hlut í þeirri efnahagslegu starfsemi sem um getur í a-lið 3. mgr. 157. gr.,
- d) taki ekki sjálf þátt í framleiðslu eða vinnslu á eða viðskiptum með afurðir úr mjólkur- og mjólkurafurðageiranum.

2. Aðildarríkin geta ákveðið að fjölgreinasamtök sem hafa fengið viðurkenningu fyrir 2. apríl 2012 á grundvelli landslaga og sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. teljist njóta viðurkenningar sem fjölgreinasamtök skv. 3. mgr. 157. gr.

3. Þegar aðildarríki nýta þann valkost að viðurkenna fjölgreinasamtök í samræmi við 1. eða 2. mgr. skulu þau:

- a) ákveða, innan fjögurra mánaða frá því að umsókn er lögð inn ásamt öllum viðeigandi sönnunum henni til stuðnings, hvort veita skuli fjölgreinasamtökum viðurkenningu og skal sú umsókn lögð fram hjá því aðildarríki þar sem samtökin hafa höfuðstöðvar sínar,
- b) framkvæma eftirlit, með millibilum sem þau ákveða, til að sannreyna að viðurkennd fjölgreinasamtök fari að skilyrðunum fyrir viðurkenningu þeirra,
- c) leggja á umrædd samtök viðeigandi viðurlög sem þau hafa mælt fyrir um og, ef nauðsyn krefur, ákveða hvort afturkalla skuli viðurkenningu, ef ekki er farið að ákvæðum eða misfellur eru á beitingu ráðstafananna sem kveðið er á um í þessari reglugerð,
- d) afturkalla viðurkenningu ef:
 - i. ekki er lengur farið að kröfum og skilyrðum fyrir viðurkenningunni sem mælt er fyrir um í þessari grein,
 - ii. fjölgreinasamtökin taka þátt í einhverjum af þeim samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum sem um getur í 4. mgr. 210. gr. og skal slík afturköllun á viðurkenningu ekki hafa áhrif á önnur viðurlög sem lögð eru á samkvæmt landslögum,
 - iii. fjölgreinasamtök fara ekki að skuldbindingunni um tilkynningar sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 210. gr.,

e) upplýsa framkvæmdastjórnina, eigi síðar en 31. mars ár hvert, um allar ákvarðanir um að veita, hafna eða afturkalla viðurkenningar, sem teknar eru á næstliðnu almanaksári.

3. þáttur

Útvíkkun reglna og skylduframlög

164. gr.

Útvíkkun reglna

1. Í tilvikum þegar viðurkennd samtök framleiðenda, viðurkennd félög samtaka framleiðenda eða viðurkennd fjölgreinasamtök, sem starfa á tilteknu efnahagssvæði eða

-svæðum í aðildarríki, eru talin vera í fyrirsvari fyrir framleiðslu á eða viðskipti með eða vinnslu á tiltekinni afurð getur hlutaðeigandi aðildarríki, að beiðni samtakanna, gert suma þá samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir, sem þau samtök hafa samþykkt, tímabundið bindandi fyrir aðra rekstraraðila, sem starfa á því tiltekna efnahagssvæði eða -svæðum, sem tilheyra ekki samtökunum eða félaginu, hvort sem um er að ræða einstaklinga eða hópa.

2. Að því er varðar þennan þátt er „efnahagssvæði“ landsvæði myndað af samliggjandi eða nærliggjandi framleiðslusvæðum þar sem framleiðslu- og markaðsaðstæður eru einsleitar.

3. Samtök eða félag skal teljast vera í fyrirsvari ef það stendur, á hlutaðeigandi efnahagssvæði eða -svæðum aðildarríkis, að baki:

- a) sem hlutfall af framleiðslumagni á eða viðskiptum með eða vinnslu á viðkomandi afurð eða afurðum:
 - i. að því er varðar samtök framleiðenda í aldin- og grænmetisgeiranum: a.m.k. 60% eða
 - ii. í öðrum tilvikum: a.m.k. tveimur þriðju hlutum og
- b) ef um að ræða samtök framleiðenda: meira en 50% af hlutaðeigandi framleiðendum.

Ef hins vegar er um að ræða fjölgreinasamtök og erfitt er að ákvarða hlutfall þeirra af framleiðslumagninu eða viðskiptunum með eða vinnslunni á afurðinni eða afurðunum, sem um ræðir, getur aðildarríkið mælt fyrir um landsreglur til að ákvarða að hversu miklu leyti þau eru í fyrirsvari, sbr. ii. lið a-liðar fyrstu undirgreinar.

Nái beiðni um útvíkkun á reglum þess til annarra rekstraraðila til fleiri en eins efnahagssvæðis skulu samtökin eða félagið sýna fram á að það uppfylli lágmarksskilyrðin fyrir að teljast í fyrirsvari, eins og er skilgreint í fyrstu undirgrein, fyrir hverja atvinnugrein sem það er fulltrúi fyrir á hverju af viðkomandi efnahagssvæðum.

4. Í reglunum, sem óska má eftir útvíkkun á til að ná til annarra rekstraraðila eins og er kveðið á um í 1. mgr., skal vera eitt af eftirfarandi markmiðum:

- a) skýrslugjöf um framleiðslu og markaðinn,
- b) strangari framleiðslureglur en þær sem mælt er fyrir um í reglum Sambandsins eða landsreglum,
- c) gerð staðlaðra samninga sem samrýmast reglum Sambandsins,

- d) setning á markað,
- e) að vernda umhverfið,
- f) ráðstafanir til að kynna og nýta möguleika afurða,
- g) ráðstafanir til að vernda lífrænan búskap, sem og uppruna-táknarnir, gæðamerkingar og landfræðilegar merkingar,
- h) rannsóknir til að auka virði afurðanna, einkum með nýrri notkun sem ógnar ekki lýðheilsu,
- i) rannsóknir til að auka gæði afurða,
- j) rannsóknir, einkum á aðferðum við ræktun sem draga úr notkun á plöntuverndarvörum eða dýrallyfjum og tryggja verndun jarðvegsins og verndun eða úrbætur með tilliti til umhverfisins,
- k) skilgreining á lágmarksgæðum og lágmarksstöðlum fyrir pakkingar og söluumbúnað,
- l) notkun vottaðs fræs og vöktun gæða afurða,
- m) dýraheilbrigði, plöntuheilbrigði eða matvælaöryggi,
- n) umsjón með aukaafurðum.

Þessar reglur skulu ekki skaða aðra rekstraraðila í hlutaðeigandi aðildarríki eða Sambandinu og skulu ekki hafa nein þeirra áhrifa sem tilgreind eru í 4. mgr. 210. gr. eða stangast að öðru leyti á við lög Sambandsins eða gildandi landsreglur.

5. Útvíkkun reglnanna, sem um getur í 1. mgr., skal komið á framfæri við rekstraraðila með opinberri birtingu í fullri lengd í hlutaðeigandi aðildarríki.

6. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar ákvarðanir sem þau taka samkvæmt þessari grein.

165. gr.

Fjárframlög þeirra sem ekki eru aðilar

Þegar reglur viðurkenndra samtaka framleiðenda, viðurkennds félags samtaka framleiðenda eða viðurkenndra fjölgreina-samtaka eru víkkaðar út skv. 164. gr. og sú starfsemi sem reglurnar ná til felur í sér almenna efnahagslega þýðingu fyrir rekstraraðila sem stunda starfsemi sem tengist viðkomandi afurðum þá er aðildarríkinu, sem veitti viðurkenninguna, að höfðu samráði við viðeigandi hagsmunaaðila, heimilt að ákveða að einstakir rekstraraðilar eða hópar, sem eru ekki aðilar að samtökunum en hafa hag af þessari starfsemi, skuli greiða samtökunum jafngildi alls eða hluta af fjárframlögum aðila að samtökunum, að því marki sem slíkum framlögum er ætlað að standa straum af beinum kostnaði sem hlýst af því að stunda viðkomandi starfsemi.

4. þáttur

Aðlögun framboðs

166. gr.

Ráðstafanir til að auðvelda aðlögun framboðs að kröfum markaðarins

Til að hvetja til aðgerða af hálfu samtakanna, sem um getur í 152. til 163. gr., til að auðvelda aðlögun framboðs að kröfum markaðarins, að undanskildum aðgerðum varðandi töku af markaði, skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. að því er varðar ráðstafanir í geirunum sem tilgreindir eru í 2. mgr. 1. gr., til að:

- a) bæta gæði,
- b) stuðla að betra skipulagi framleiðslu, vinnslu og setningar á markað,
- c) auðvelda skráningu á þróun markaðsverðs,
- d) heimila gerð skammtíma- og langtímaspáa á grundvelli þeirra framleiðslutækja sem eru notuð.

167. gr.

Reglur um setningu á markað til að bæta rekstur sameiginlega markaðarins fyrir vín og gera hann stöðugan

1. Til að bæta rekstur sameiginlega markaðsins fyrir vín, þ.m.t. þrúgur, must og vín sem þau koma úr, og gera hann stöðugan, geta framleiðsluaðildarríki mælt fyrir um reglur um setningu á markað til að stýra framboði, einkum með ákvörðunum fjölgreinasamtaka sem njóta viðurkenningar skv. 157. og 158. gr.

Slíkar reglur skulu vera í réttu hlutfalli við markmiðin sem stefnt er að og skulu ekki:

- a) tengjast neinum viðskiptum eftir fyrstu setningu viðkomandi afurða á markað,
- b) leyfa verðsamráð, þ.m.t. að leiðbeinandi eða ráðleggjandi verð sé ákveðið,
- c) gera óhóflega stórt hlutfall árgangsins, sem að jafnaði væri á boðstólum, ófáanlegt,
- d) gera kleift að neita að gefa út þau landsbundnu vottorð og Sambandsvottorð sem eru nauðsynleg vegna dreifingar á vínnum og setningar þeirra á markað, þegar viðkomandi setning á markað er í samræmi við þessar reglur.

2. Reglunum, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal komið á framfæri við rekstraraðila með opinberri birtingu í fullri lengd í hlutaðeigandi aðildarríki.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar ákvarðanir sem þau taka samkvæmt þessari grein.

5. Þáttur

Samningakerfi

168. gr.

Samningsbundin tengsl

1. Ef aðildarríki ákveður, að því er varðar landbúnaðarafurðir aðrar en mjólk og mjólkurafurðir og sykur úr geira sem tilgreindur er í 2. mgr. 1. gr. og með fyrirvara um 148. gr. að því er varðar mjólkur- og mjólkurafurðageirann og 125. gr. að því er varðar sykurgeirann:

- a) að allar afhendingar á yfirráðasvæði þess, frá framleiðanda til vinnsluaðila eða dreifingaraðila á þessum afurðum, þurfi að falla undir skriflegan samning milli aðilanna og/eða
- b) að fyrstu kaupendur þurfi að gera skriflegt tilboð um samning um afhendingu framleiðandans á þessum afurðum, á yfirráðasvæði þess,

skal slíkur samningur eða slíkt samningstilboð uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 4. og 6. mgr. þessarar greinar.

2. Ef aðildarríkið ákveður að afhendingar framleiðanda á afurðunum, sem falla undir þessa grein, til vinnsluaðila þurfi vera bundnar í skriflegan samning milli aðilanna skal það einnig ákveða hvaða stig, eitt eða fleiri, afhendingarinnar skuli falla undir slíkan samning ef afhending umræddra afurða fer fram í gegnum einn eða fleiri milliliði.

Aðildarríkin skulu tryggja að ákvæðin sem þau samþykkja samkvæmt þessari grein hamlí ekki eðlilegri starfsemi innri markaðarins.

3. Í tilvikinu sem lýst er í 2. mgr. getur aðildarríkið komið á fót málamiðlunarfyrikomulagi til að fjalla um tilvik þegar ekki er sátt um að gera slíkan samning, og þannig tryggt sanngjörn samningsbundin tengsl.

4. Allir samningar eða tilboð um samning sem um getur í 1. mgr. skulu:

- a) gerð fyrir afhendingu,
- b) gerð skriflega og
- c) einkum innihalda eftirfarandi þætti:

i. gjald fyrir afhendinguna sem skal:

- vera óbreytanlegt og sett fram í samningnum og/eða
- vera reiknað út frá ýmsum þáttum sem settir eru fram í samningnum og geta m.a. verið markaðsvísar

sem endurspeglar breytingar á markaðsaðstæðum, magnið sem er afhent og gæði eða samsetning landbúnaðarafurðanna sem eru afhentar,

- ii. magn og gæði umræddra afurða sem hægt er að afhenda eða verður að afhenda og tímasetningu slíkra afhendinga,
- iii. tímalengd samningsins, sem getur annað hvort verið tiltekin eða ótiltekin tímalengd með uppsagnar-ákvæðum,
- iv. upplýsingar um greiðslutímabil og -fyrirmæli,
- v. tilhögun við söfnun eða afhendingu á landbúnaðar-afurðunum og
- vi. reglur sem gilda ef um er að ræða óviðráðanleg atvik.

5. Þrátt fyrir 1. mgr. skal ekki vera krafá um samning eða tilboð um samning þegar framleiðandi afhendir umræddar afurðir til kaupanda sem er samvinnufélag sem hann er aðili að, ef samþykktir þess samvinnufélags eða reglur og ákvarðanir, sem kveðið er á um í umræddum samþykktum eða eru dregnar af þeim, innihalda ákvæði sem hafa svipuð áhrif og ákvæðin sem sett eru fram í a-, b- og c-lið 4. mgr.

6. Aðilunum er frjálst að semja um öll atriði samninga um afhendingu landbúnaðarafurða milli framleiðanda, söfnunaraðila, vinnsluaðila eða dreifingaraðila, þ.m.t. þau atriði sem um getur í c-lið 4. mgr.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skal eitt eða bæði eftirfarandi gilda:

- a) ef aðildarríki ákveður að gera skriflega samninga um afhendingu á landbúnaðarafurðum skyldubundna í samræmi við 1. mgr. getur það fastsett lágmarksgildistíma sem einungis gildir um skriflega samninga milli framleiðanda og fyrsta kaupanda landbúnaðarafurðanna. Þessi lágmarksgildistími skal vera minnst sex mánuðir og skal ekki hamlá eðlilegri starfsemi innri markaðarins,
- b) ef aðildarríki ákveður að fyrsti kaupandi landbúnaðarafurðar þurfi að gera framleiðanda skriflegt samningstilboð í samræmi við 1. mgr. getur það kveðið á um að tilboðið skuli innihalda lágmarksgildistíma fyrir samninginn, sem fastsettur er í landslög í þeim tilgangi. Þessi lágmarksgildistími skal vera minnst sex mánuðir og skal ekki hamlá eðlilegri starfsemi innri markaðarins.

Önnur undirgrein skal ekki hafa áhrif á rétt framleiðandans til að hafna slíkum lágmarksgildistíma, að því tilskildu að hann geri það skriflega. Í slíkum tilvikum skal aðilunum vera frjálst að semja um alla þætti samningsins, þ.m.t. þá þætti sem um getur í c-lið 4. mgr.

7. Aðildarríki sem notfæra sér þá valkosti sem um getur í þessari grein skulu tryggja að ákvæðin sem eru sett hamli ekki eðlilegri starfsemi innri markaðarins.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það hvernig þau beita þeim ráðstöfunum sem eru innleiddar með þessari grein.

8. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna samræmdrar beitingar a- og b-liðar 4. mgr. og 5. mgr. þessarar greinar og um ráðstafanir sem varða þær tilkynningar sem aðildarríkin skulu senda inn í samræmi við þessa grein.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

169. gr.

Samningaviðræður í ólífuólíugeiranum

1. Samtök framleiðenda í ólífuólíugeiranum sem eru viðurkennd skv. 1. mgr. 152. gr. og sem stefna að einu eða fleiri af þeim markmiðum að efla framboð, setja á markað afurðirnar sem aðilar að samtökunum framleiða og hagræða framleiðslukostnaði, mega gera samninga fyrir hönd aðila sinna, að því er varðar alla samanlagða framleiðslu þeirra eða hluta af henni, um afhendingu á ólífuólíu.

Samtök framleiðenda uppfylla markmiðin sem um getur í þessari málsgrein að því tilskildu að stefnan að þessum markmiðum leiði til samþættingar aðgerða og slík samþætting sé líkleg til að skapa umtalsverða hagræðingu þannig að aðgerðir samtaka framleiðenda verði í heild framlag til þess að uppfylla markmiðin í 39. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Þessu mætti koma til leiðar að því tilskildu að:

- a) samtök framleiðenda framkvæmi a.m.k. eina af eftirfarandi aðgerðum:
 - i. sameiginlega dreifingu, þ.m.t. sameiginlegur söluvettvangur eða sameiginlegir flutningar,
 - ii. sameiginlega þökkun, merkingu eða kynningu,
 - iii. sameiginlega skipulagningu gæðaeftirlits,
 - iv. sameiginlega nýtingu búnaðar eða geymsluaðstöðu,
 - v. sameiginlega vinnslu,
 - vi. sameiginlega stjórnun úrgangs sem tengist framleiðslunni á ólífuólíu með beinum hætti,
 - vii. sameiginlega öflun aðfanga,
- b) þessar aðgerðir séu umtalsverðar með tilliti til þess magns ólífuólíu sem um ræðir og með tilliti til framleiðslukostnaðar og setningar afurðarinnar á markað.

2. Samningaviðræður viðurkenndra samtaka framleiðenda geta farið fram:

- a) hvort sem um er að ræða yfirfærslu eignarréttar á umræddri ólífuólíu frá framleiðendum til samtaka framleiðenda eða ekki,
- b) hvort sem umsamið verð er það sama og fyrir samanlagða framleiðslu sumra eða allra aðilanna, eða ekki,
- c) fyrir tiltekin samtök framleiðenda, að því tilskildu að það magn ólífuólíu sem slíkar samningaviðræður snúast um, sem er framleitt í einhverju tilteknu aðildarríki, sé ekki meira en sem nemur 20% af viðkomandi markaði og til að reikna út það magn skal gera greinarmun á ólífuólíu til manneldis og ólífuólíu til annarra nota,
- d) að því tilskildu, að því er varðar það magn ólífuólíu sem slíkar samningaviðræður snúast um, að samtök framleiðenda þétti framboð og setji afurðir aðila sinna á markað,
- e) að því tilskildu að umræddir framleiðendur séu ekki aðilar að neinum öðrum samtökum framleiðenda sem einnig gera slíka samninga fyrir þeirra hönd,
- f) að því tilskildu að umrædd ólífuólía falli ekki undir skuldbindingu um afhendingu sem stafar af aðild framleiðandans að samvinnufélagi sem er ekki aðili að hlutaðeigandi samtökum framleiðenda, í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í samþykktum samvinnufélagsins eða reglum og ákvörðunum, sem kveðið er á um í umræddum samþykktum eða eru dregnar af þeim, og
- g) að því tilskildu að samtök framleiðenda tilkynni lögberum yfirvöldum aðildarríkisins þar sem þau starfa um það magn ólífuólíu sem slíkar samningaviðræður snúast um.

3. Að því er varðar þessa grein ná vísanir til samtaka framleiðenda einnig til félaga slíkra samtaka framleiðenda sem eru viðurkennd skv. 1. mgr. 156. gr.

4. Við beitingu ákvæða c-liðar 2. mgr. skal framkvæmdastjórnin birta, á þann hátt sem henni þykir viðeigandi, það magn ólífuólíu sem er framleitt í aðildarríkjum.

5. Þrátt fyrir c-lið 2. mgr., jafnvel þó að ekki sé farið umfram þau mörk sem þar eru sett, getur samkeppnisyfirvaldið sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar ákveðið í einstöku máli að tilteknar samningaviðræður samtaka framleiðenda skuli annað hvort hafnar á ný eða skuli alls ekki eiga sér stað ef það telur að slíkt sé nauðsynlegt til að koma í veg fyrir útilokun á samkeppni eða ef það kemst að þeirri niðurstöðu að það stefni markmiðum 39. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í hættu.

Að því er varðar samningaviðræður sem ná til fleiri en eins aðildarríkis skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðunina, sem um getur í fyrstu undirgrein, án þess að beita málsmeðferðinni sem um getur í 2. eða 3. mgr. 229. gr. Í öðrum tilvikum skal það vera samkeppnisyfirlald aðildarríkisins, sem samningaviðræðurnar varðar, sem tekur þessa ákvörðun.

Þær ákvarðanir sem um getur í þessari málsgrein skulu ekki taka gildi fyrr en viðkomandi fyrirtækjum hefur verið tilkynnt um þær.

Að því er varðar þessa grein gildir skilgreiningin á „samkeppnisyfirlaldi ríkis“ í a-lið 7. mgr. 149. gr.

6. Aðildarríkin þar sem samningaviðræður eiga sér stað í samræmi við þessa grein skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um beitingu ákvæða g-liðar 2. mgr. og 5. mgr.

170. gr.

Samningaviðræður í nauta- og kálfakjötsgeiranum

1. Samtök framleiðenda í nauta- og kálfakjötsgeiranum, sem eru viðurkennd skv. 1. mgr. 152. gr. og sem stefna að einu eða fleiri af þeim markmiðum að efla framboð, setja á markað afurðirnar sem aðilar að samtökunum framleiða og hagræða framleiðslukostnaði, mega gera samninga fyrir hönd aðila sinna, að því er varðar alla samanlagða framleiðslu þeirra eða hluta af henni, um afhendingu á lifandi nautgripum af tegundinni *Bos taurus*, til slátrunar sem falla undir SN-númerin úr 01022921, úr 01022941, úr 01022951, úr 01022961 eða 01022991:

- a) yngri en 12 mánaða og
- b) 12 mánaða og eldri.

Samtök framleiðenda uppfylla markmiðin sem um getur í þessari málsgrein að því tilskildu að stefnan að þessum markmiðum leiði til samþættingar aðgerða og slík samþætting sé líkleg til að skapa umtalsverða hagræðingu þannig að aðgerðir samtaka framleiðenda verði í heild framlag til þess að uppfylla markmiðin í 39. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Þessu mætti koma til leiðar að því tilskildu að:

- a) samtök framleiðenda framkvæmi a.m.k. eina af eftirfarandi aðgerðum:
 - i. sameiginlega dreifingu, þ.m.t. sameiginlegur sölu-vettvangur eða sameiginlegir flutningar,
 - ii. sameiginlega kynningu,
 - iii. sameiginlega skipulagningu gæðaeftirlits,
 - iv. sameiginlega nýtingu búnaðar eða geymsluaðstöðu,

v. sameiginlega stjórnun úrgangs sem tengist framleiðslunni á lifandi nautgripum með beinum hætti,

vi. sameiginlega öflun aðfanga,

b) þessar aðgerðir séu umtalsverðar með tilliti til þess magns nauta- og kálfakjöts sem um ræðir og með tilliti til framleiðslukostnaðar og setningar afurðarinnar á markað.

2. Samningaviðræður viðurkenndra samtaka framleiðenda geta farið fram:

- a) hvort sem um er að ræða yfirfærslu eignarréttar frá bændum til samtaka framleiðenda eða ekki,
- b) hvort sem umsamið verð er það sama og fyrir samanlagða framleiðslu sumra eða allra aðilanna, eða ekki,
- c) fyrir tiltekin samtök framleiðenda, að því tilskildu að það magn nauta- og kálfakjötsframleiðslu sem slíkar samningaviðræður snúast um, sem er framleitt í einhverju tilteknu aðildarríki, sé ekki meira en sem nemur 15% af heildarlandsframleiðslu á hverri afurð, sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr., í því aðildarríki, sett fram sem jafngildi fallþunga,
- d) að því tilskildu, að því er varðar það magn nauta- og kálfakjöts sem slíkar samningaviðræður snúast um, að samtök framleiðenda þétti framboð og setji afurðir aðila sinna á markað,
- e) að því tilskildu að umræddir framleiðendur séu ekki aðilar að neinum öðrum samtökum framleiðenda sem einnig gera slíka samninga fyrir þeirra hönd,
- f) að því tilskildu að umrædd afurð falli ekki undir skuldbindingu um afhendingu sem stafar af aðild framleiðandans að samvinnufélagi sem er ekki aðili að hlutaðeigandi samtökum framleiðenda, í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í samþykktum samvinnufélagsins eða reglur og ákvarðanir, sem kveðið er á um í umræddum samþykktum eða eru dregnar af þeim, og
- g) að því tilskildu að samtök framleiðenda tilkynni lögberum yfirvöldum aðildarríkisins þar sem þau starfa um það magn nauta- og kálfakjöts sem slíkar samningaviðræður snúast um.

3. Að því er varðar þessa grein ná vísanir til samtaka framleiðenda einnig til félaga slíkra samtaka framleiðenda sem eru viðurkennd skv. 1. mgr. 156. gr.

4. Við beitingu ákvæða c-liðar 2. mgr. skal framkvæmdastjórnin birta, á þann hátt sem henni þykir viðeigandi, það magn nauta- og kálfakjöts sem er framleitt í aðildarríkjum, sett fram sem jafngildi fallþunga.

5. Þrátt fyrir c-lið 2. mgr., jafnvel þó að ekki sé farið umfram þau mörk sem þar eru sett, getur samkeppnisyfirlaldið sem um getur í annari undirgrein þessarar málsgreinar ákveðið í einstöku máli að tiltekna samningaviðræður samtaka framleiðenda ætti annað hvort að hefja á ný eða ættu alls ekki eiga sér stað ef það telur að slíkt sé nauðsynlegt til að koma í veg fyrir útilokun á samkeppni eða ef það kemst að þeirri niðurstöðu að afurðin sem samningaviðræðurnar snúast um sé hluti af aðskildum markaði vegna séreinkenna afurðarinnar eða fyrirhugaðrar notkunar hennar og að slíkar hópsamningaviðræður myndu ná til meira en 15% af innlendri framleiðslu á slíkum markaði, eða ef það kemst að þeirri niðurstöðu að það stefni markmiðum 39. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í hættu.

Að því er varðar samningaviðræður sem ná til fleiri en eins aðildarríkis skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðunina, sem um getur í fyrstu undirgrein, án þess að beita málsmeðferðinni sem um getur í 2. eða 3. mgr. 229. gr. Í öðrum tilvikum skal það vera samkeppnisyfirlaldi aðildarríkisins, sem samningaviðræðurnar varðar, sem tekur þessa ákvörðun.

Þær ákvarðanir sem um getur í þessari málsgrein skulu ekki taka gildi fyrr en viðkomandi fyrirtækjum hefur verið tilkynnt um þær.

Að því er varðar þessa grein gildir skilgreiningin á „samkeppnisyfirlaldi ríkis“ í a-lið 7. mgr. 149. gr.

6. Aðildarríkin þar sem samningaviðræður eiga sér stað í samræmi við þessa grein skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um beitingu ákvæða g-liðar 2. mgr. og 5. mgr.

171. gr.

Samningaviðræður um tiltekna akurplöntur

1. Samtök framleiðenda sem eru viðurkennd skv. 1. mgr. 152. gr. og sem stefna að einu eða fleiri af þeim markmiðum að efla framboð, setja á markað þær afurðir sem aðilar þeirra framleiða og hagræða framleiðslukostnaði, mega gera samninga fyrir hönd aðila sinna, að því er varðar alla samanlagða framleiðslu þeirra eða hluta af henni, um afhendingu á einni eða fleiri af eftirfarandi afurðum sem ekki eru ætlaðar til sáningar og, ef um er að ræða bygg, ekki til möltunar:

- a) venjulegt hveiti sem fellur undir SN-númer úr 10019900,
- b) bygg sem fellur undir SN-númer úr 10039000,
- c) maís sem fellur undir SN-númer 10059000,
- d) rúgur sem fellur undir SN-númer 10029000,
- e) harðhveiti sem fellur undir SN-númer 10011900,
- f) hafrar sem falla undir SN-númer 10049000,
- g) rúghveiti sem fellur undir SN-númer úr 10086000,

- h) repjufræ sem fellur undir SN-númer úr 1205,
- i) sólblómafræ sem fellur undir SN-númer úr 120600,
- j) sojabaunir sem falla undir SN-númer 12019000,
- k) garðbaunir sem falla undir SN-númer úr 0708 og úr 0713,
- l) föðureturlur sem falla undir SN-númer úr 0708 og úr 0713.

Samtök framleiðenda uppfylla markmiðin sem um getur í þessari málsgrein að því tilskildu að stefnan að þessum markmiðum leiði til samþættingar aðgerða og slíkrar samþættingar sé líkleg til að skapa umtalsverða hagræðingu þannig að aðgerðir samtaka framleiðenda verði í heild framlag til þess að uppfylla markmiðin í 39. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Þessu mætti koma til leiðar að því tilskildu að:

- a) samtök framleiðenda framkvæmi a.m.k. eina af eftirfarandi aðgerðum:
 - i. sameiginlega dreifingu, þ.m.t. sameiginlegur söluvettvangur eða sameiginlegir flutningar,
 - ii. sameiginlega kynningu,
 - iii. sameiginlega skipulagningu gæðaeftirlits,
 - iv. sameiginlega nýtingu búnaðar eða geymsluáðstöðu,
 - v. sameiginlega öflun aðfanga,
 - b) þessar aðgerðir séu umtalsverðar með tilliti til þess magns af afurðinni sem um ræðir og með tilliti til framleiðslukostnaðar og setningar afurðarinnar á markað.
2. Samningaviðræður viðurkenndra samtaka framleiðenda geta farið fram:
- a) hvort sem um er að ræða yfirfærslu eignarréttar frá framleiðendum til samtaka framleiðenda eða ekki,
 - b) hvort sem umsamið verð er það sama og fyrir samanlagða framleiðslu sumra eða allra aðilanna, eða ekki,
 - c) fyrir hverja afurð, sem um getur í 1. mgr., og fyrir tiltekin samtök framleiðenda, að því tilskildu að það framleiðslumagn sem slíkar samningaviðræður snúast um og sem er framleitt í tilteknu aðildarríki sé ekki meira en sem nemur 15% af heildarlandsframleiðslu á þeirri afurð í hlutaðeigandi aðildarríki,
 - d) að því tilskildu, að því er varðar það magn afurða sem slíkar samningaviðræður snúast um, að samtök framleiðenda þétti framboð og setji afurðir aðila sinna á markað,
 - e) að því tilskildu að umræddir framleiðendur séu ekki aðilar að neinum öðrum samtökum framleiðenda sem einnig gera slíka samninga fyrir þeirra hönd,

- f) að því tilskildu að umrædd afurð falli ekki undir skuldbindingu um afhendingu sem stafar af aðild framleiðandans að samvinnufélagi sem er ekki aðili að hlutaðeigandi samtökum framleiðenda, í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í samþykktum samvinnufélagsins eða reglur og ákvarðanir, sem kveðið er á um í umræddum samþykktum eða eru dregnar af þeim, og
- g) að því tilskildu að samtök framleiðenda tilkynni lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins þar sem þau starfa um það framleiðslumagn sem slíkar samningaviðræður snúast um.

3. Að því er varðar þessa grein ná vísanir til samtaka framleiðenda einnig til félaga slíkra samtaka framleiðenda sem eru viðurkennd skv. 1. mgr. 156. gr.

4. Við beitingu ákvæða c-liðar 2. mgr. skal framkvæmdastjórnin birta, á þann hátt sem henni þykir viðeigandi, það magn afurðanna, sem um getur í 1. mgr., sem er framleitt í aðildarríkjum.

5. Þrátt fyrir c-lið 2. mgr., jafnvel þó að ekki sé farið umfram þau mörk sem þar eru sett, getur samkeppnisyfirlaldið sem um getur í annari undirgrein þessarar málsgreinar ákveðið í einstöku máli að tiltekna samningaviðræður samtaka framleiðenda ætti annað hvort að hefja á ný eða ættu alls ekki eiga sér stað ef það telur að slíkt sé nauðsynlegt til að koma í veg fyrir útilokun á samkeppni eða ef það kemst að þeirri niðurstöðu að afurðin sem samningaviðræðurnar snúast um sé hluti af aðskildum markaði vegna séreinkenna afurðarinnar eða fyrirhugaðrar notkunar hennar og að slíkar hópsamningaviðræður myndu ná til meira en 15% af innlendra framleiðslu á slíkum markaði, eða ef það kemst að þeirri niðurstöðu að það stefni markmiðum 39. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í hættu.

Að því er varðar samningaviðræður sem ná til fleiri en eins aðildarríkis skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðunina, sem um getur í fyrstu undirgrein, án þess að beita málsmæðferðinni sem um getur í 2. eða 3. mgr. 229. gr. Í öðrum tilvikum skal það vera samkeppnisyfirlaldið aðildarríkisins, sem samningaviðræðurnar varðar, sem tekur þessa ákvörðun.

Þær ákvarðanir sem um getur í þessari málsgrein skulu ekki taka gildi fyrr en viðkomandi fyrirtækjum hefur verið tilkynnt um þær.

Að því er varðar þessa grein gildir skilgreiningin á „samkeppnisyfirlaldi ríkis“ í a-lið 7. mgr. 149. gr.

6. Aðildarríkin þar sem samningaviðræður eiga sér stað í samræmi við þessa grein skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um beitingu ákvæða g-liðar 2. mgr. og 5. mgr.

172. gr.

Stjórnun á framboði á skinku með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu

1. Aðildarríkin geta, að beiðni samtaka framleiðenda sem eru viðurkennd skv. 152. gr. (1. mgr.) þessarar reglugerðar, fjölgreinasamtaka sem eru viðurkennd skv. 157. gr. (1. mgr.)

þessarar reglugerðar, eða hóps framleiðenda sem um getur í 3. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 1151/2012, mælt fyrir um, til takmarkaðs tíma, bindandi reglur um stjórnun á framboði á skinku með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu skv. 5. gr. (1. og 2. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 1151/2012.

2. Reglurnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skulu vera með fyrirvara um fyrirbyggjandi undanfarandi samkomulag milli aðilanna á því landsvæði sem um getur í c-lið 1. mgr. 7. gr. í reglugerð (ESB) nr. 1151/2012. Að höfðu samráði við svínakjötsframleiðendur á landsvæðinu skulu minnst tveir þriðju vinnsluaðila að skinkunni sem framleiða minnst tvo þriðju af þeirri skinku á umræddu landsvæði sem um getur í c-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1151/2012 standa að baki slíkum samningi og, telji aðildarríkið það viðeigandi, minnst tveir þriðju af svínakjötsframleiðendum á landsvæðinu sem um getur í c-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1151/2012.

3. Reglurnar sem um getur í 1. mgr.:

- a) skulu einungis ná til stjórnunar á framboði viðkomandi afurðar og/eða hráefnisins sem er notað í hana og markmiðið með þeim skal vera að aðlaga framboð umræddrar skinku að eftirspurn,
- b) skulu einungis gilda um viðkomandi afurð,
- c) má gera bindandi í allt að þrjú ár og má endurnýja að því tímabili loknu eftir að ný beiðni berst, eins og um getur í 1. mgr.,
- d) skulu ekki skaða viðskipti með aðrar afurðir en þær sem reglurnar varða,
- e) skulu ekki tengjast neinum viðskiptum eftir fyrstu setningu viðkomandi skinku á markað,
- f) skulu ekki leyfa verðsamráð, þ.m.t. að leiðbeinandi eða ráðleggjandi verð sé ákveðið,
- g) skulu ekki gera óhóflega stórt hlutfall viðkomandi afurðar, sem að jafnaði væri á boðstólum, ófáanlegt,
- h) skulu ekki skapa mismunun, hindra innkomu nýrra aðila á markaðinn eða skapa óhagstæð áhrif á smáframleiðendur,
- i) skulu stuðla að því að viðhalda gæðum og/eða þróun viðkomandi afurðar.

4. Reglurnar sem um getur í 1. mgr. skulu birtar á opinberum vettvangi í hlutaðeigandi aðildarríki.

5. Aðildarríkin skulu framkvæma eftirlit til að sjá til þess að farið sé að þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. og ef lögbær landsyfirkvöld uppgötva að ekki hefur verið farið að slíkum skilyrðum skulu þau fella úr gildi reglurnar sem um getur í 1. mgr.

6. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni þegar í stað um reglurnar, sem um getur í 1. mgr., sem þau hafa samþykkt. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa hin aðildarríkin um allar tilkynningar um slíkar reglur.

7. Framkvæmdastjórnin getur hvenær sem er samþykkt framkvæmdargerðir þar sem krafist er að aðildarríki felli úr gildi reglurnar sem það hefur samþykkt skv. 1. mgr., ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að reglurnar uppfylli ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í 4. mgr., hamli eða raski samkeppni á umtalsverðum hluta innri markaðarins eða stofni í hættu fríverslun eða að markmiðum 39. gr. sáttmálsins um starfshætti Evrópusambandsins sé náð. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir án þess að málsmeðferðinni, sem um getur í 2. eða 3. mgr. 229. gr. þessarar reglugerðar, sé beitt.

6. þáttur

Reglur um málsmeðferð

173. gr.

Framselt vald

1. Til að tryggja að markmið og ábyrgðir samtaka framleiðenda, félaga samtaka framleiðenda og fjölgreinasamtaka séu skýrt skilgreind þannig að það stuðli að skilvirkni aðgerða slíkra samtaka og félaga án þess að skapa óþarfa rekstrarlegt álag og án þess að grafa undan meginreglunni um félagafrælsi, einkum gagnvart þeim sem ekki eru aðilar að slíkum samtökum, skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. að því er varðar eftirfarandi málefni sem varða samtök framleiðenda, félög samtaka framleiðenda og fjölgreinasamtök í einum eða fleiri af þeim geirum sem um getur í 2. mgr. 1. gr., eða tiltekna afurðir þessara geira:

- tiltekin takmörk sem slík samtök og félög geta, skulu eða skulu ekki stefna að og sem, eftir atvikum, bætast við þau sem mælt er fyrir um í 152. til 163. gr.,
- reglur slíkra samtaka og félaga, samþykktir samtaka annarra en samtaka framleiðenda, þau sértæku skilyrði sem gilda um samþykktir samtaka framleiðenda í tilteknum geirum, þ.m.t. undanþágur frá skuldbindingunni um að markaðsetja alla framleiðsluna með milligöngu samtaka framleiðenda sem um getur í annarri málsgrein 160. gr., uppbyggingu, aðildartímabil, stærð, ábyrgðarskyldu og starfsemi slíkra samtaka og félaga, áhrifin sem leiðir af viðurkenningu, afturköllun viðurkenningarinnar, og samrunum,
- skilyrði fyrir viðurkenningu, afturköllun og tímabundinni afturköllun viðurkenningar, áhrifin af viðurkenningu, afturköllun og tímabundinni afturköllun viðurkenningar,

sem og kröfur til slíkra samtaka og félaga um að grípa til ráðstafana til úrbóta komi til þess að viðmiðanirnar fyrir viðurkenningu séu ekki virtar,

- fjölþjóðleg samtök og félög, þ.m.t. reglurnar sem um getur í a-, b- og c-lið þessarar málsgreinar,
 - reglur sem varða að komið sé upp stjórnsýsluadstoð sem viðkomandi lögbær yfirkvöld skulu veita ef um er að ræða samstarf milli landa, og skilyrði fyrir slíkri aðstoð,
 - þá geira sem ákvæði 161. gr. gildir um, skilyrði fyrir útvistun starfsemi, eðli þeirrar starfsemi sem má útvista og framlag samtaka eða félaga á tæknilegum úrræðum,
 - grunninn fyrir útreikningi á lágmarksmagni eða -verðmæti markaðshæfra afurða samtaka og félaga,
 - samþykki fyrir aðilum sem eru ekki framleiðendur ef um er að ræða samtök framleiðenda, eða sem eru ekki samtök framleiðenda ef um er að ræða félag samtaka framleiðenda,
 - útvíkkun gildissviðs tiltekinna reglna samtakanna sem kveðið er á um í 164. gr. til að ná til þeirra sem eiga ekki aðild að þeim og skyldubundinna greiðslu þeirra, eins og um getur í 165. gr., á félagsgjöldum, þ.m.t. notkun og úthlutun þessara samtaka á slíkum greiðslum og skrá yfir strangari framleiðslureglur sem má útvíkka í samræmi við 164. gr. (b-lið fyrstu undirgreinar 4. mgr.), samhliða því að tryggja að slík samtök séu gagnsæ og hafi ábyrgðarskyldu gagnvart þeim sem eiga ekki aðild og að aðilar slíkra samtaka njóti ekki hagstæðari meðferðar en þeir sem eiga ekki aðild, einkum að því er varðar notkun á skyldubundnum greiðslum á félagsgjöldum,
 - frekari kröfur að því er varðar fyrirsvar samtakanna, sem um getur í 164. gr., eru hlutaðeigandi efnahagssvæði, þ.m.t. grannskoðun framkvæmdastjórnarinnar á skilgreiningu þeirra, lágmarksgildistími fyrir reglur áður en þær eru framlengdar, þeir einstaklingar eða samtök sem reglurnar eða framlögin gilda um og við hvaða kringumstæður framkvæmdastjórnin getur krafist neitunar á útvíkkun reglna eða skyldubundinna greiðslu eða þess að þær séu afturkallaðar.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. og til að tryggja að markmið og ábyrgðir samtaka framleiðenda, félaga samtaka framleiðenda og fjölgreinasamtaka í mjólkur- og mjólkurafurðageiranum séu skýrt skilgreind þannig að það stuðli að skilvirkni aðgerða slíkra samtaka og félaga án þess að skapa óþarfa álag, skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að mæla fyrir um:
- skilyrði fyrir viðurkenningu fjölþjóðlegra samtaka framleiðenda og fjölþjóðlegra félaga samtaka framleiðenda,

- b) reglur sem varða að komið sé upp stjórnsýsluadstoð sem viðkomandi lögbær yfirvöld skulu veita samtökum framleiðenda, þ.m.t. félögum samtaka framleiðenda, ef um er að ræða samstarf milli landa, og skilyrði fyrir slíkri aðstoð,
- c) viðbótarreglur um útreikning á magni hrámjólkur sem samningaviðræðurnar, sem um getur í c-lið 2. mgr. 149. gr. og 3. mgr. 149. gr., snúast um,
- d) reglur um útvíkkun tiltekinna reglna samtakanna, sem kveðið er á um í 164. gr., til að ná til þeirra sem eiga ekki aðild að þeim og skyldubundinna greiðslna þeirra á félagsgjöldum sem um getur í 165. gr.

174. gr.

Framkvæmdarvald í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina

1. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að beita megi ákvæðum þessa kafla, einkum:

- a) ráðstafanir vegna framkvæmdar á skilyrðunum fyrir viðurkenningu samtaka framleiðenda og fjölgreinasamtaka sem eru settar fram í 154. og 158. gr.,
- b) málsmeðferðarreglur, komi til samruna samtaka framleiðenda,
- c) málsmeðferðarreglur sem aðildarríki skulu ákvarða í tengslum við lágmarksstærð og lágmarkslengd aðildar,
- d) málsmeðferðarreglur varðandi útvíkkun reglna og fjárframlaga eins og um getur í 164. og 165. gr., einkum innleiðing á hugtakinu „efnahagssvæði“ sem um getur í 164. gr. (2. mgr.),
- e) málsmeðferðarreglur varðandi stjórnsýsluadstoð,
- f) málsmeðferðarreglur varðandi útvistun starfsemi,
- g) málsmeðferðarreglur og tækniskilyrði að því er varðar framkvæmd ráðstafananna sem um getur í 166. gr.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. getur framkvæmdastjórnin, að því er varðar mjólkur- og mjólkurafurðageirann, samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um ítarlegar reglur sem eru nauðsynlegar vegna:

- a) framkvæmdarinnar á skilyrðunum fyrir viðurkenningu samtaka framleiðenda og félaga þeirra og fjölgreinasamtaka, sem eru sett fram í 161. og 163. gr.,
- b) tilkynningarinnar sem um getur í f-lið 2. mgr. 149. gr.,

- c) tilkynninganna sem aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni í samræmi við 161. gr. (d-liður 3. mgr), 163. gr. (e-liður 3. mgr.), 149. gr. (8. mgr.) og 150. gr. (7. mgr.),
- d) málsmeðferðarreglnanna varðandi stjórnsýsluadstoð ef um er að ræða samstarf milli landa.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

175. gr.

Annað framkvæmdarvald

Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, samþykkt einstakar ákvarðanir varðandi:

- a) viðurkenningu samtaka sem stunda starfsemi í fleiri en einu aðildarríki, samkvæmt reglunum sem eru samþykktar skv. d-lið 1. mgr. 174. gr.,
- b) andmæli gegn, eða afturköllun á, viðurkenningu aðildarríkis á fjölgreinasamtökum,
- c) skrána yfir efnahagssvæði sem aðildarríki tilkynna um samkvæmt reglunum sem eru samþykktar skv. h-lið 1. mgr. 174. gr. og d-lið 2. mgr. 174. gr.,
- d) þá kröfu að aðildarríki hafni eða felli úr gildi útvíkkun reglna eða fjárframlög þeirra sem eiga ekki aðild, sem það aðildarríki tók ákvörðun um.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir án þess að málsmeðferðinni, sem um getur í 2. eða 3. mgr. 229. gr., sé beitt.

III. HLUTI

VIÐSKIPTI VIÐ ÞRÍÐJU LÖND

I. KAFLI

Innflutnings- og útflutningsleyfi

176. gr.

Almennar reglur

1. Með fyrirvara um tilvik þar sem krafist er innflutnings- eða útflutningsleyfa í samræmi við þessa reglugerð má setja skilyrði um framvísun skirteina vegna innflutnings til setningar í fjálsa dreifingu innan Sambandsins eða útflutnings á einni eða fleiri afurðum úr eftirfarandi geirum frá Sambandinu:

- a) korns,
- b) hrísgrjóna,
- c) sykurs,
- d) fræs,

- e) ólífuolíu og ólífa til átu, með tilliti til afurða sem falla undir SN-númerin 1509, 151000, 07099290, 07112090, 23069019, 15220031 og 15220039,
- f) hörs og hamps, að því er varðar hamp,
- g) aldina og grænmetis,
- h) unninna aldina og grænmetis,
- i) banana,
- j) víns,
- k) lifandi plantna,
- l) nauta- og kálfakjöts,
- m) mjólkur og mjólkurafurða,
- n) svínakjöts,
- o) kinda- og geitakjöts,
- p) eggja,
- q) alifuglakjöts,
- r) etanóls úr landbúnaði.

2. Aðildarríki skulu gefa út leyfi til allra umsækjenda, án tillits til staðfestustaðar þeirra í Sambandinu, nema kveðið sé á um annað í gerð sem er samþykkt í samræmi við 43. gr. (2. mgr.) sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, og með fyrirvara um beitingu ákvæða 177., 178. og 179. gr. í þessari reglugerð.

3. Leyfin gilda alls staðar í Sambandinu.

177. gr.

Framselt vald

1. Til að taka tillit til alþjóðlegra skuldbindinga Sambandsins og gildandi staðla Sambandsins á sviði samfélagsmála, umhverfis og velferðar dýra, þarfarinnar fyrir að vakta þróun á sviði viðskipta- og markaðsþróunar, innflutnings og útflutnings afurða, þarfarinnar fyrir trausta markaðsstjórnun og þarfarinnar fyrir að draga úr rekstrarlegu álagi, skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að fastsetja:

- a) skrána yfir afurðir úr geirunum sem um getur í 1. mgr. 176. gr. sem háðar eru framvísun innflutnings- eða útflutningsleyfis,
- b) þau tilvik og þær aðstæður þar sem framvísunar innflutnings- eða útflutningsleyfis er ekki krafist, með tilliti til tollstöðu

viðkomandi afurða, viðskiptafyrirkomulags sem ber að virða, tilgangs aðgerða, réttarstöðu umsækjandans og þess magns sem málið snýst um.

2. Til að kveða á um frekari þætti leyfiskerfisins skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að mæla fyrir um reglur um:

- a) réttindi og skyldur sem fylgja leyfinu, réttaráhrif þess og tilvik þegar vikmörk gilda að því er varðar að farið sé að þeirri skyldu að flytja inn eða út það magn sem um getur í leyfinu eða þegar tilgreina skal uppruna í leyfinu,
- b) að útgáfa innflutningsleyfis eða setning í fjálssa dreifingu sé háð framvísun skjals sem er útgefið af þriðja landi eða stofnun sem m.a. vottar uppruna, áreiðanleika og gæðaeinkenni afurðanna,
- c) framsal leyfisins eða takmarkanir á framsalshæfi þess,
- d) viðbótarskilyrði vegna innflutningsleyfa fyrir hamp í samræmi við 189. gr. og meginregluna um stjórnsýsluaðstoð milli aðildarríkja til að koma í veg fyrir eða takast á við svik og misfellur,
- e) tilvik og aðstæður þegar krafist er eða ekki krafist að lögð sé fram trygging til að ábyrgjast að afurðirnar séu fluttar inn eða út innan gildistíma leyfisins.

178. gr.

Framkvæmdarvald í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að beita megi ákvæðum þessa kafla, þ.m.t. reglur um:

- a) snið og innihald leyfisins,
- b) framlagningu umsókna og útgáfu leyfa og notkun þeirra,
- c) gildistíma leyfisins,
- d) málsmeðferðarreglur vegna tryggingar sem skal leggja fram og upphæð hennar,
- e) sannanir fyrir því að kröfurnar um notkun leyfa hafi verið uppfylltar,
- f) að vikmörk, að því er varðar skylduna að flytja inn eða út það magn sem um getur í leyfinu, séu virt,
- g) útgáfu nýrra skirteina í stað eldri og um útgáfu skirteina í tvíriti,

h) meðhöndlun aðildarríkja á leyfum og upplýsingaskipti sem þarf til að stjórna kerfinu, þ.m.t. málsmeðferðarreglur sem varða sértæka stjórnsýsluástoð milli aðildarríkja.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

179. gr.

Annað framkvæmdarvald

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir:

- a) til að takmarka það magn sem gefa má út leyfi fyrir,
- b) til að synja um það magn sem sótt er um,
- c) til að stöðva tímabundið framlagningu umsókna til að stjórna markaðnum þegar sótt er um mikið magn.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir án þess að málsmeðferðinni, sem um getur í 2. eða 3. mgr. 229. gr., sé beitt.

II. KAFLI

Innflutningsgjöld

180. gr.

Framkvæmd alþjóðasamninga og tiltekinna annarra gerða

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um ráðstafanir til að uppfylla kröfur sem mælt er fyrir um í alþjóðasamningum sem hafa verið gerðir í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins eða aðrar gerðir sem málið varðar, sem samþykktar eru í samræmi við 2. mgr. 43. gr. eða 207. grein sáttmálans eða sameiginlegu tollskrána, að því er varðar útreikning innflutningsgjalda á landbúnaðarafurðir. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

181. gr.

Innflutningsverðskerfi fyrir tilteknar afurðir úr aldin- og grænmetisgeiranum, geira unninna aldina og grænmetis og víngeiranum

1. Að því er varðar álagningu tolla sameiginlegu tollskrárinnar fyrir afurðir úr aldin- og grænmetisgeiranum og geira unninna aldina og grænmetis og fyrir þrúgusafa og must skal innflutningsverð sendingar vera hið sama og tollverð hennar, reiknað í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 2913/92⁽⁴⁰⁾ (tollalögin) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2454/93⁽⁴¹⁾.

⁽⁴⁰⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/92 frá 12. október 1992 um tollalög Bandalagsins (Stjtið. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1).

⁽⁴¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2454/93 frá 2. júlí 1993 um ákvæði til framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2913/92 um tollalög Bandalagsins (Stjtið. EB L 253, 11.10.1993, bls. 1).

2. Til að tryggja skilvirkni kerfisins skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að kveða á um athugun, út frá föstu innflutningsverðmæti, á því hvort uppgefið innflutningsverð sendingar sé rétt, og til að kveða á um við hvaða skilyrði skuli krefjast framlagningar á tryggingu.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að setja reglur um útreikning á fasta innflutningsverðmætinu sem um getur í 2. mgr. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

182. gr.

Viðbótarinnflutningsgjöld

1. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að ákvarða á hvaða afurðir úr geirum kornvöru, hrísgrjóna, sykurs, aldina og grænmetis, nauta- og kálfakjöts, mjólkur og mjólkurafurða, svínakjöts, kinda- og geitakjöts, eggja, alifugla og banana, sem og þrúgusafa og must, skal, þegar þær eru fluttar inn og lagðar á þær þau tollur sem mælt er fyrir um í sameiginlegu tollskránni, leggja viðbótarinnflutningsgjald í því skyni að koma í veg fyrir eða vega upp á móti skaðlegum áhrifum sem þessi innflutningur gæti haft á markað Sambandsins ef:

- a) verð innflutnings er lægra en það sem Sambandið tilkynnti til Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (markverð), eða
- b) magn innflutnings á ári er umfram tiltekið magn (markmagn).

Markmagn skal reiknað út frá tækifærum til markaðsaðgangs sem eru skilgreind sem innflutningur gefinn upp sem hundraðshluti samsvarandi innlendar neyslu síðustu þriggja ára.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

2. Viðbótarinnflutningsgjöld skulu ekki lögð á innflutning sem ólíklegt er að raski markaði Sambandsins eða ef áhrifin yrðu í ósamræmi við fyrirhugað markmið.

3. Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. skal innflutningsverð ákvarðað á grundvelli cif-innflutningsverðs viðkomandi sendingar. Cif-innflutningsverðið skal sannreynt með samanburði við dæmigert verð fyrir umrædda afurð á heimsmarkaði eða á innflutningsmarkaði Sambandsins fyrir afurðina.

4. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að beita megi ákvæðum þessarar greinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

183. gr.

Annað framkvæmdarvald

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir:

- a) til að fastsetja gildandi innflutningsgjald í samræmi við reglurnar sem eru settar fram í alþjóðasamningi, sem er gerður í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins, í sameiginlegu tollskránni og í þeim framkvæmdargerðum sem um getur í 180. gr.,
- b) til að fastsetja dæmigert verð og markmagn við beitingu viðbótarinflutningsgjalda innan ramma reglnanna sem eru samþykktar skv. 1. mgr. 182. gr.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir án þess að málsmeðferðinni, sem um getur í 2. eða 3. mgr. 229. gr., sé beitt.

III. KAFLI

Stjórnun tollkvóta og sérstök meðferð innflutnings sem varðar þriðju lönd

184. gr.

Tollkvótar

1. Tollkvótar vegna innflutnings landbúnaðarafurða, sem á að setja í frjálssa dreifingu í Sambandinu eða hluta þess, eða tollkvótar vegna innflutnings landbúnaðarafurða, sem eru upprunnar í Sambandinu, til þriðju landa, sem Sambandið á að stýra, að öllu leyti eða hluta til, og leiðir af alþjóðasamningum sem eru gerðir í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins eða aðra gerð sem er samþykkt í samræmi við 43. gr. (2. mgr.) eða 207. gr. sáttmálans, skulu teknir í notkun og/eða stýrt af framkvæmdastjórninni með framseldum gerðum skv. 186. gr. þessarar reglugerðar og framkvæmdargerðum skv. 187. og 188. gr. þessarar reglugerðar.
2. Tollkvótum skal stýrt á þann hátt sem mismunar ekki hlutaðeigandi rekstraraðilum, þ.e. með því að nota eina af eftirfarandi aðferðum eða sambland þeirra eða aðra viðeigandi aðferð:
 - a) aðferð sem byggist á þeirri tímaröð sem umsóknir voru lagðar fram í (meginreglan um að fyrstir koma, fyrstir fá),
 - b) aðferð sem miðar að því að skipta kvótanum í hlutfalli við það magn sem óskað var eftir þegar umsóknirnar voru lagðar fram (aðferð með „samhliða umfjöllun“),
 - c) aðferð sem byggist á því að taka tillit til hefðbundinna viðskiptaferla (með aðferðinni „hefðbundnir/nýir aðilar“).
3. Stjórnunaraðferðin sem er samþykkt skal:
 - a) að því er varðar tollkvóta á innflutning, gefa þörfinni fyrir birgðir á framleiðslu-, vinnslu- og neyslumörkuðum

í Sambandinu í nútíð og framtíð, að því er varðar samkeppnishæfni, vissu og stöðugt framboð, og þörfinni á að varðveita jafnvægi á þeim markaði, tilhlýðilegt vægi og

- b) að því er varðar tollkvóta á útflutning, leyfa fulla nýtingu þeirra kosta sem bjóðast með viðkomandi kvóta.

185. gr.

Sértækir tollkvótar

Til að koma í framkvæmd tollkvóta vegna innflutnings til Spánar á 2 000 000 tonnum af maís og 300 000 tonnum af dúrru og tollkvóta vegna innflutnings til Portúgals á 500 000 tonnum af maís skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 227. gr., til að fastsetja ákvæði sem eru nauðsynleg fyrir framkvæmd á innflutningi samkvæmt tollkvótum og, eftir því sem við á, fyrir opinbera geymslu á því magni, sem greiðslustofnanir hlutaðeigandi aðildarríkja flytja inn, og sölu þess á mörkuðum þessara aðildarríkja.

186. gr.

Framselt vald

1. Til að tryggja sanngjarnan aðgang að því magni sem er í boði og jafna meðferð rekstraraðila innan tollkvótans skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr.:
 - a) til að ákveða skilyrði og hæfnikröfur sem umsækjandi þarf að uppfylla til að leggja fram umsókn innan tollkvótans; í umræddum ákvæðum má krefjast lágmarksreynslu á sviði viðskipta við þriðju lönd og sambærileg landsvæði, eða vinnslustarfsemi, sett fram sem lágmarksmagn og tímalengd innan tiltekins markaðsgeira; umrædd ákvæði geta m.a. tekið til sértækra reglna til að falla að gildandi þörfum og aðferðum innan tiltekins geira og notkunar og þarfa vinnsluáætlunar,
 - b) til að setja reglur um framsal réttinda milli rekstraraðila og, þegar þörf krefur, takmarkanir á slíku framsali í tengslum við stjórnun tollkvótans,
 - c) til að gera þátttöku í tollkvótanum háða framlagningu tryggingar,
 - d) til að kveða á um, ef nauðsyn krefur, öll séreinkenni, kröfur eða takmarkanir sem gilda um tollkvótann, eins og sett er fram í alþjóðasamningnum eða annarri gerð sem um getur í 1. mgr. 184. gr.
2. Til að tryggja að útfluttar afurðir geti notið sérstakrar meðferðar við innflutning til þriðja lands samkvæmt tilteknum skilyrðum, samkvæmt alþjóðasamningnum sem Sambandið hefur gert í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins, skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. þessarar

reglugerðar varðandi reglur til að krefjast þess að lögbær yfirvöld aðildarríkja gefi út, samkvæmt beiðni og að loknu viðeigandi eftirliti, skjal til vottunar á því að afurðir uppfylli skilyrðin og, séu þær fluttar út, geti notið sérstakrar meðferðar við innflutning til þriðja lands ef tiltekin skilyrði eru uppfyllt.

187. gr.

Framkvæmdarvald í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um:

- a) árlega tollkvóta, sem er deilt niður á árið á viðeigandi hátt ef nauðsyn krefur, og þá stjórnunaraðferð sem skal nota,
- b) málsmeðferðarreglur vegna beitingar sértæku ákvæðanna sem mælt er fyrir um í samningnum eða gerðinni þar sem innflutnings- eða útflutningsfyrirkomulagið er samþykkt, einkum um:
 - i. ábyrgðir varðandi eðli, upprunastað og uppruna afurðarinnar,
 - ii. viðurkenningu á skjalinu sem notað er til að staðfesta ábyrgðirnar sem um getur í i. lið,
 - iii. framlagningu skjals sem útflutningslandið gefur út,
 - iv. áfangastað og notkun afurðanna,
- c) gildistíma leyfanna eða heimildanna,
- d) málsmeðferðarreglur vegna tryggingar sem skal leggja fram og upphæð hennar,
- e) notkun leyfanna og, ef nauðsyn krefur, sértækar ráðstafanir sem einkum tengjast skilyrðum fyrir framlagningu umsókna um innflutning og veitingu heimilda innan tollkvótans,
- f) málsmeðferðarreglur og tæknilegar viðmiðanir vegna beitingar ákvæða 185. gr.,
- g) nauðsynlegar ráðstafanir varðandi innihald, snið, útgáfu og notkun á skjalinu sem um getur í 2. mgr. 186. gr.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

188. gr.

Annað framkvæmdarvald

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir um stjórnun ferlisins sem skal tryggja að ekki sé farið umfram

það magn sem er í boði innan tollkvótans, einkum með því að ákvarða úthlutunarreiknistuðul fyrir hverja umsókn þegar því magni sem er í boði er náð, hafna umsóknum sem bíða samþykkis og, ef nauðsyn krefur, stöðva tímabundið framlagningu umsókna.

2. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir um endurúthlutun á ónotuðu magni.

3. Framkvæmdargerðir sem um getur í þessari grein skulu samþykktar án þess að málsmeðferðinni, sem um getur í 2. eða 3. mgr. 229. gr., sé beitt.

IV. KAFLI

Sérákvæði um innflutning á tilteknum afurðum

189. gr.

Innflutningur á hampi

1. Eftirfarandi afurðir má einungis flytja inn í Sambandið ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) hráan hamp, sem fellur undir SN-númerið 53021000 og uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 32. gr. og 3. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1307/2013,
- b) fræ til sáningar á hampyrkjum sem falla undir SN-númer úr 12079920, ásamt meðfylgjandi sönnun þess að tetrahýdrókannabínólinnihald viðkomandi yrkis sé ekki hærra en það sem er fastsett í samræmi við 6. mgr. 32. gr. og í 3. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1307/2013,
- c) hampfræ, annað en til sáningar, sem fellur undir SN-númerið 12079991 og sem einungis innflytjendur, með leyfi frá viðkomandi aðildarríki til að tryggja að fræið verði ekki notað til sáningar, mega flytja inn.

2. Þessi grein skal gilda með fyrirvara um strangari reglur, sem aðildarríkin samþykkja í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins, og skyldurnar samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað.

190. gr.

Innflutningur á humlum

1. Einungis má flytja inn afurðir úr humlageiranum frá þriðju löndum ef gæðastaðlar þeirra eru a.m.k. jafngildir þeim sem hafa verið samþykktir fyrir samsvarandi afurðir sem eru uppskornar í Sambandinu eða framleiddar úr slíkum afurðum.

2. Afurðir skulu teljast ná þeim gæðastaðli sem um getur í 1. mgr. ef þeim fylgir staðfesting sem yfirvöld í upprunalandinu hafa gefið út og er viðurkennd sem jafngild vottorðinu sem um getur í 77. gr.

Þegar um er að ræða humla í duftformi, humla í duftformi með hærri lúpulíninnihaldi, humlakjarna og blandaðar humlaafurðir er einungis heimilt að viðurkenna staðfestinguna sem jafngilda vottorðinu ef alfasýruinnihald þessara afurða er ekki lægra en humlanna sem þær voru unnar úr.

3. Til að lágmarka rekstrarlegt álag skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 227. gr., til að setja skilyrði að því er varðar tilvik þegar skuldbindingar, sem tengjast staðfestingu á jafngildi og merkingum umbúða, skulu ekki gilda.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að beita megi ákvæðum þessarar greinar, þ.m.t. reglur um viðurkenningu staðfestinga á jafngildi og um eftirlit með innflutningi á humlum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

191. gr.

Undanþágur vegna innfluttra afurða og sérstök trygging í vingeiranum

Samþykkja má undanþágur frá 5. lið B-þáttar eða C-þætti II. hluta VIII. viðauka vegna innfluttra afurða, í samræmi við 2. mgr. 43. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum Sambandsins.

Ef um er að ræða undanþágur frá 5. lið B-þáttar II. hluta VIII. viðauka skulu innflytjendur leggja fram tryggingu fyrir afurðunum hjá tilnefndum tollyfirvöldum þegar þær eru settar í frjálsa dreifingu. Tryggingunni skal skilað þegar innflytjandinn leggur fram sönnun sem tollyfirvöld aðildarríkisins, þar sem afurðin er sett í frjálsa dreifingu, telja fullnægjandi, þess efnis:

- a) að afurðirnar hafi ekki notið undanþáganna eða
- b) hafi þær notið undanþáganna, að afurðunum hafi ekki verið breytt í vín eða, hafi þeim verið breytt í vín, að endanlegu afurðirnar hafi verið merktar á viðeigandi hátt.

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um reglur til að tryggja samræmda beitingu ákvæða þessarar greinar, þ.m.t. um upphæð tryggingarinnar og viðeigandi merkingar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

192. gr.

Innflutningur á hráskyri til hreinsunar

1. Til loka markaðsársins 2016–2017 skal veita hreinsunarstöðvum í fullum rekstri einkarétt á að flytja inn 2 500 000 tonn, gefin upp sem hvítur sykur, á hverju markaðsári.

2. Eina sykkurófuvinnslustöðin í rekstri í Portúgal á árinu 2005 skal teljast vera hreinsunarstöð í fullum rekstri.

3. Einungis skal veita hreinsunarstöðvum í fullum rekstri innflutningsleyfi fyrir sykri til hreinsunar að því tilskildu að magnið, sem um er að ræða, fari ekki umfram magnið sem um getur í 1. mgr. Leyfin má einungis framselja milli hreinsunarstöðva í fullum rekstri og gildistími þeirra skal renna út við lok markaðsársins sem þau voru gefin út fyrir.

Ákvæði þessarar málsgreinar gilda í fyrstu þrjá mánuði hvers markaðsárs.

4. Með tilliti til þarfarinnar fyrir að tryggja að sykur til hreinsunar, sem er fluttur inn í samræmi við þessa grein, sé hreinsaður skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að mæla fyrir um:

- a) notkun á skilmálum vegna rekstrar innflutningsfyrirkomulagsins sem um getur í 1. mgr.,
- b) skilyrði og hæfnikröfur sem rekstraraðili verður að uppfylla til að leggja fram umsókn um innflutningsleyfi, þ.m.t. um framlagningu á tryggingu,
- c) reglur um stjórnsýsluviðurlög sem skal beita.

5. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um nauðsynlegar reglur sem varða fylgiskjöl sem skal leggja fram í tengslum við þær kröfur og skuldbindingar sem gilda um innflytjendur, þá einkum hreinsunarstöðvar í fullum rekstri. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

193. gr.

Tímabundin niðurfelling innflutningsgjalda í sykkurgeiranum

Til að tryggja nauðsynlegt framboð til framleiðslu afurðanna sem um getur í 2. mgr. 140. gr. getur framkvæmdastjórnin, fram til loka markaðsársins 2016–2017, samþykkt framkvæmdargerðir til að fella tímabundið niður innflutningsgjöld í heild sinni eða að hluta fyrir tiltekið magn af eftirfarandi afurðum:

- a) sykur sem fellur undir SN-númer 1701,
- b) ísóglúkósa sem fellur undir SN-númerin 17023010, 17024010, 17026010 og 17029030.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

V. KAFLI

Verndarráðstafanir og innri aðvinnsla

194. gr.

Verndarráðstafanir

1. Framkvæmdastjórnin skal, með fyrirvara um 3. mgr. þessarar greinar, grípa til verndarráðstafana gegn innflutningi inn í Sambandið í samræmi við reglugerðir ráðsins (EB) nr. 260/2009 ⁽⁴²⁾ og (EB) nr. 625/2009 ⁽⁴³⁾.

2. Ef ekki er kveðið á um annað í öðrum gerðum Evrópuþingsins og ráðsins og öðrum gerðum ráðsins skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar, grípa til verndarráðstafana gegn innflutningi inn í Sambandið sem kveðið er á um í alþjóðasamningum sem gerðir eru í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins.

3. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að koma á fót þeim ráðstöfunum sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

Berist framkvæmdastjórninni beiðni frá aðildarríki skal hún, með framkvæmdargerðum, taka ákvörðun um hana innan fimm virkra daga frá viðtöku beiðninnar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir, sem öðlist strax gildi, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 229. gr.

Senda skal aðildarríkjunum samþykktu ráðstafanirnar, sem skulu taka gildi tafarlaust.

4. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að afturkalla eða breyta verndarráðstöfunum Sambandsins sem samþykktar voru skv. 3. mgr. þessarar greinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir, sem öðlist strax gildi, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 229. gr.

195. gr.

Tímabundin stöðvun vinnslu og fyrirkomulags með innri aðvinnslu

Verði markaður Sambandsins fyrir röskun eða ef líkur eru á röskun hans vegna vinnslu eða fyrirkomulags með innri aðvinnslu getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdar-

gerðir, að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði, til að stöðva tímabundið, að öllu leyti eða að hluta til, notkun vinnslufyrirkomulags eða fyrirkomulags með innri aðvinnslu fyrir afurðir úr geirum korns, hrísgrjóna, sykurs, ólífuolíu og ólífa til átu, aldina og grænmetis, unninna aldina og grænmetis, víns, nauta- og kálfakjöts, mjólkur og mjólkurafurða, svínakjöts, kind- og geitakjöts, eggja, alifuglakjöts og etanóls úr landbúnaði. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

Berist framkvæmdastjórninni beiðni frá aðildarríki skal hún, með framkvæmdargerðum, taka ákvörðun um hana innan fimm virkra daga frá viðtöku beiðninnar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir, sem öðlist strax gildi, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 229. gr.

Senda skal aðildarríkjunum samþykktu ráðstafanirnar, sem skulu taka gildi tafarlaust.

VI. KAFLI

Endurgreiðslur vegna útflutnings

196. gr.

Gildissvið

1. Heimilt er, eftir því sem þurfa þykir til að gera útflutning mögulegan á grundvelli verðskráningar eða verðs á heimsmarkaði þegar aðstæður á innri markaðnum eru eins og þær sem lýst er í 1. mgr. 219. gr. eða 221. gr. og innan þeirra marka sem leiðir af samningum sem gerðir eru í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins, að láta útflutningsendurgreiðslur jafna mismuninn milli verðskráningar eða verðs á heimsmarkaði og verðs í Sambandinu fyrir:

- a) afurðir úr eftirfarandi geirum sem eru fluttar út án frekari vinnslu:
 - i. korns,
 - ii. hrísgrjóna,
 - iii. sykurs, með tilliti til afurðanna sem eru tilgreindar í b- til d-lið og g-lið III. hluta I. viðauka,
 - iv. nauta- og kálfakjöts,
 - v. mjólkur og mjólkurafurða,
 - vi. svínakjöts,
 - vii. eggja,
 - viii. alifuglakjöts,

⁽⁴²⁾ Reglugerð (EB) nr. 260/2009 frá 26. febrúar 2009 um sameiginlegar reglur um innflutning (Stjtið. ESB L 84, 31.3.2009, bls. 1).

⁽⁴³⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 625/2009 frá 7. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innflutning frá tilteknum þriðju löndum (Stjtið. ESB L 185, 17.7.2009, bls. 1).

b) afurðirnar sem eru tilgreindar í i. til iii. lið, v. og vii. lið a-liðar þessarar málsgreinar sem á að flytja út sem unnar vörur í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1216/2009⁽⁴⁴⁾ og sem afurðir sem innihalda sykur og eru tilgreindar í b-lið X. hluta I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Útflutningsendurgreiðslur fyrir afurðir sem eru fluttar út sem unnar vörur skulu ekki vera hærrí en þær sem gilda um sömu afurðir sem eru fluttar út án frekari vinnslu.

3. Með fyrirvara um beiingu ákvæða 1. mgr. 219. gr. og 221. gr. skal endurgreiðslan sem stendur til boða fyrir afurðirnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar vera 0 evrur.

197. gr.

Skipting útflutningsendurgreiðslna

Aðferðin við úthlutun á magninu sem flytja má út með útflutningsendurgreiðslu skal vera sú sem:

- hentar best fyrir þá tegund afurðar, sem um er að ræða, og aðstæður á viðkomandi markaði þannig að tiltækt fjármagn sé notað á eins skilvirkan hátt og unnt er, að teknu tilliti til skilvirkni og skipulags á útflutningi Sambandsins og áhrifa hans á markaðsjafnvægi, en án þess þó að skapa mismunun milli hlutaðeigandi rekstraraðila, einkum stórra og lítilla rekstraraðila,
- í rekstrarlegu tilliti íþyngir rekstraraðilum minnst, að teknu tilliti til rekstrarkrafna.

198. gr.

Fastsetning útflutningsendurgreiðslna

1. Sömu útflutningsendurgreiðslur skulu gilda um sömu afurðir í öllu Sambandinu. Þær geta verið breytilegar eftir ákvörðunarstað, einkum ef nauðsyn krefur vegna aðstæðna á heimsmarkaði, sértækra þarfa tiltekinna markaða eða skuldbindinga sem leiðir af alþjóðasamningum sem gerðir eru í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins.

2. Ráðið skal, í samræmi við 3. mgr. 43. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, gera ráðstafanir sem lúta að ákvörðun endurgreiðslna.

199. gr.

Veiting útflutningsendurgreiðslna

1. Endurgreiðslur vegna afurða, sem tilgreindar eru í a-lið 1. mgr. 196. gr. og eru fluttar út sem slíkar án frekari vinnslu, skulu einungis veittar að fenginni umsókn þar að lútandi og við framvísun útflutningsleyfis.

⁽⁴⁴⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1216/2009 frá 30. nóvember 2009 um viðskiptafyrirkomulag fyrir tiltekna vörur sem verða til við vinnslu landbúnaðarafurða (Stj.ú. ESB L 328, 15.12.2009, bls. 10).

2. Endurgreiðslan fyrir afurðir sem tilgreindar eru í a-lið 1. mgr. 196. gr. skal vera endurgreiðslan sem er í gildi daginn sem sótt er um leyfið eða endurgreiðslan sem leiðir af viðkomandi útboðsferli og, ef um sundurgreinda endurgreiðslu er að ræða, endurgreiðslan sem er í gildi sama dag:

- fyrir ákvörðunarstaðinn sem er tilgreindur í leyfinu eða
- fyrir raunverulegan ákvörðunarstað ef hann er annar en sá sem er tilgreindur í leyfinu en í því tilviki skal fjárhæðin ekki vera hærrí en sú fjárhæð sem gildir fyrir ákvörðunarstaðinn sem er tilgreindur í leyfinu.

3. Endurgreiðslan skal greidd út við framlagningu sönnunar fyrir því:

- að afurðirnar séu farnar af tollsvæði Sambandsins í samræmi við útflutningsfyrirkomulagið sem um getur í 161. gr. tollalaganna,
- ef um er að ræða sundurgreindar endurgreiðslur, að afurðirnar hafi verið fluttar inn til þess ákvörðunarstaðar sem er tilgreindur í leyfinu, eða á annan ákvörðunarstað sem endurgreiðsla var fastsett fyrir, með fyrirvara um b-lið 2. mgr.

200. gr.

Útflutningsendurgreiðslur í nauta- og kálfakjötsgeirunum fyrir dýr á fæti

Að því er varðar afurðir úr nauta- og kálfakjötsgeirunum skal veiting og greiðsla endurgreiðslna vegna útflutnings á dýrum á fæti vera með fyrirvara um samræmi við kröfur í lögum Sambandsins varðandi velferð dýra og þá einkum þau sem varða vernd dýra í flutningi.

201. gr.

Útflutningstakmarkanir

Staðið skal við skuldbindingar um magn sem leiða af alþjóðasamningum, sem gerðir eru í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins, á grundvelli útflutningsleyfa sem eru gefin út fyrir viðmiðunartímabilin sem gilda fyrir viðkomandi afurðir.

Þegar um er að ræða að uppfylla skuldbindingarnar samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað skulu lok viðmiðunartímabils ekki hafa áhrif á gildistíma útflutningsleyfa.

202. gr.

Framselt vald

1. Til að tryggja að útflutningsendurgreiðslukerfið virki eðlilega skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að mæla fyrir um kröfuna um að leggja fram tryggingu til að ábyrgjast að rekstraraðilar standi við skuldbindingar sínar.

2. Til að lágmarka rekstrarlegt álag rekstraraðila og yfirvalda skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að setja þannig viðmiðunarmörk að ef ekki er farið yfir þau sé þess ekki krafist að staðið sé við skuldbindinguna um útgáfu eða framvísun á útflutningsleyfi, um að tilnefna ákvörðunarstaði eða rekstur þar sem hægt er að réttlæta veitingu á undanþágu frá skuldbindingunni um að framvísa útflutningsleyfi og til að leyfa, í rökstuddum tilvikum, útgáfu útflutningsleyfa eftir á.

3. Til að bregðast við hagkvæmum aðstæðum sem réttlæta hæfi til útflutningsendurgreiðslna, að öllu leyti eða hluta til, og til að aðstoða rekstraraðila við að komast af á tímabilinu frá umsókn og fram að endanlegri útflutningsendurgreiðslu, skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. að því er varðar reglur um:

- a) aðra dagsetningu endurgreiðslunnar,
- b) fyrirframgreiðslu útflutningsendurgreiðslna, þ.m.t. skilyrðin fyrir framlagningu og endurgreiðslu tryggingar,
- c) viðbótarsannanir þegar vafi leikur á um endanlegan ákvörðunarstað afurða og um tækifæri til endurinnflutnings inn á tollsvæði Sambandsins,
- d) ákvörðunarstaði sem farið er með sem útflutning frá Sambandinu og inntöku ákvörðunarstaða innan tollsvæðis Sambandsins sem veita má útflutningsendurgreiðslur fyrir.

4. Til að tryggja jafnan aðgang útflytjenda afurða, sem tilgreindar eru í I. viðauka við sáttmálana og afurða sem eru unnar úr þeim, að útflutningsendurgreiðslum skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. um beitingu á ákvæðum 199. gr. (1. og 2. mgr.) vegna afurða sem um getur í 196. gr. (b-lið 1. mgr.).

5. Til að tryggja að afurðir sem útflutningsendurgreiðslur eru veittar fyrir séu fluttar út frá tollsvæði Sambandsins, og til að fyrirbyggja að þær komi aftur inn á það yfirráðasvæði og til að lágmarka rekstrarlegt álag rekstraraðila við að afla og leggja fram sannanir fyrir því að afurðir sem endurgreiðslur fást fyrir hafi borist til viðtökulands sem skapar rétt til sundurgreindra endurgreiðslna, skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. að því er varðar reglur um:

- a) tímamörk til að ljúka för út af tollsvæði Sambandsins, þ.m.t. tímabil fyrir tímabundna endurkomu,

- b) vinnslu sem afurðir, sem útflutningsendurgreiðslur eru veittar fyrir, mega fara í gegnum á því tímabili,
- c) sannanir fyrir því að ákvörðunarstað hafi verið náð til að réttur skapist á sundurgreindum endurgreiðslum,
- d) viðmiðunarmörk fyrir endurgreiðslur og skilyrði fyrir undanþágum frá slíkri sönnunarbyrði fyrir útflytjendur,
- e) skilyrði fyrir viðurkenningu sannana sem óháðir þriðju aðilar leggja fram fyrir því að ákvörðunarstað hafi verið náð sem veitir rétt til sundurgreindra endurgreiðslna.

6. Til að hvetja útflytjendur til að virða skilyrði um velferð dýra og til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að sannprófa rétt útgjöld vegna útflutningsendurgreiðslna þegar þær eru bundnar skilyrðum um að kröfur um velferð dýra séu virtar, skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. að því er varðar að kröfur um velferð dýra séu virtar utan tollsvæðis Sambandsins, þ.m.t. um notkun á óháðum þriðju aðilum.

7. Til að taka tillit til séreinkenna hinna mismunandi geira skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að koma upp sértækum kröfum og skilyrðum fyrir rekstraraðila og fyrir afurðir sem eru hæfar til útflutningsendurgreiðslu, og um reiknuðu til að reikna út útflutningsendurgreiðslur með tilliti til þroskunarferlis tiltekinnna brenndra drykkja sem eru fengnir úr kornvörum.

203. gr.

Framkvæmdarvald í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að beita megi ákvæðum þessa kafla, einkum um:

- a) endurúthlutun útflutningskvóta sem ekki hefur verið úthlutað eða nýttur,
- b) aðferð við endurútreikning á greiðslu útflutningsendurgreiðslunnar þegar afurðanúmerið eða ákvörðunarstaðurinn sem um getur í leyfinu er ekki í samræmi við raunverulegu afurðina eða áfangastaðinn,
- c) afurðir sem um getur í b-lið 1. mgr. 196. gr.,
- d) málsmeðferðarreglur vegna tryggingar sem skal leggja fram og upphæð hennar,

- e) beitingu ráðstafana sem eru samþykktar skv. 4. mgr. 202. gr.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

204. gr.

Annað framkvæmdarvald

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir:

- a) til að mæla fyrir um viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir misnotkun á sveigjanleikanum sem kveðið er á um í 2. mgr. 199. gr., einkum að því er varðar málsmeðferðina við innlagningu umsókna,
- b) til að mæla fyrir um ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að virða megi þær skuldbindingar um magn sem um getur í 201. gr., þ.m.t. að hætta eða takmarka útgáfu útflutningsleyfa þegar farið er umfram slíkar skuldbindingar eða hætta er á slíku,
- c) til að ákvarða reiknistuðla sem gilda um útflutningsendurgreiðslur í samræmi við reglurnar sem samþykktar voru í samræmi við 7. mgr. 202. gr.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir án þess að málsmeðferðinni, sem um getur í 2. eða 3. mgr. 229. gr., sé beitt.

VII. KAFLI

Ytri aðvinnsla

205. gr.

Tímabundin stöðvun fyrirkomulags með ytri aðvinnslu

Ef markaður Sambandsins verður fyrir röskun eða ef líkur eru á röskun vegna ytra aðvinnslufyrirkomulags getur framkvæmdastjórnin, að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði, samþykkt framkvæmdargerðir til að stöðva tímabundið, að öllu leyti eða hluta til, ytra aðvinnslufyrirkomulag á afurðum úr geirum korns, hrísgrjóna, aldina og grænmetis, unninna aldina og grænmetis, víns, nauta- og kálfakjöts, svínakjöts, kinda- og geitakjöts og alifuglakjöts. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

Berist framkvæmdastjórninni beiðni frá aðildarríki skal hún, með framkvæmdargerðum, taka ákvörðun um hana innan fimm virkra daga frá viðtöku beiðninnar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir, sem öðlist strax gildi, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 229. gr.

Senda skal aðildarríkjunum samþykktu ráðstafanirnar, sem skulu taka gildi tafarlaust.

IV. HLUTI

SAMKEPPNISREGLUR

I. KAFLI

Reglur sem gilda um fyrirtæki

206. gr.

Leiðbeiningar framkvæmdastjórnarinnar um beitingu samkeppnisreglna í landbúnaði

Ef ekki er kveðið á um annað í þessari reglugerð og í samræmi við ákvæði 42. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skulu ákvæði 101.–106. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og framkvæmdarákvæði sem þau varða, með fyrirvara um 207.–210. gr. þessarar reglugerðar, gilda um alla samninga, ákvarðanir og starfsemi sem um getur í 101. gr. (1. mgr.) og 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins sem varða framleiðslu á eða viðskipti með landbúnaðarafurðir.

Til að tryggja starfsemi innri markaðarins og samræmda beitingu samkeppnisreglna Sambandsins skulu framkvæmdastjórnin og samkeppnisyfirkvöld í aðildarríkjunum hafa með sér náð samstarf um beitingu samkeppnisreglna Sambandsins.

Þar að auki skal framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, gefa út leiðbeiningar til að aðstoða samkeppnisyfirkvöld ríkja, sem og fyrirtæki.

207. gr.

Viðkomandi markaður

Skilgreiningin á viðkomandi markaði er leið til að auðkenna og skilgreina samkeppnismörk milli fyrirtækja og skal hún byggjast á tveimur þáttum með uppsöfnunaráhrif:

- a) viðkomandi afurðamarkaður: að því er varðar þennan kafla, nær „afurðamarkaður“ yfir markað með allar þær afurðir sem neytendur telja að geti verið jafngildar eða komið hver í annars stað með tilliti til eiginleika afurðanna, verðs og fyrirhugaðrar notkunar þeirra,
- b) viðkomandi landfræðilegur markaður: að því er varðar þennan kafla nær „landfræðilegur markaður“ yfir markað sem nær til þess svæðis þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eiga hlut að framboði viðkomandi afurða, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega einsleit og sem unnt er að afmarka frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrðin eru greinilega önnur á þeim svæðum.

208. gr.

Markaðsráðandi staða

Að því er varðar þennan kafla merkir „markaðsráðandi staða“ efnahagslegan styrk sem gerir fyrirtæki kleift að koma í veg fyrir að virkri samkeppni verði viðhaldið á viðkomandi markaði með því að gefa því styrk til að haga sér að umtalsverðu marki óháð samkeppnisaðilum sínum, viðskiptavinum og að lokum neytendum.

209. gr.

Undanþágur frá markmiðum sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar og bændu og samtaka þeirra

1. Ákvæði 1. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skulu ekki gilda um þá samninga, ákvarðanir og aðgerðir sem um getur í 206. gr. þessarar reglugerðar og eru nauðsynleg til að ná markmiðunum sem eru sett fram í 39. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Ákvæði 101. gr. (1. mgr.) sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gilda ekki um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir bændu, bændasamtaka eða samtaka slíkra samtaka, eða samtaka framleiðenda sem eru viðurkennd skv. 152. gr. þessarar reglugerðar, eða félaga samtaka framleiðenda sem eru viðurkennd skv. 156. gr. þessarar reglugerðar, sem varða framleiðslu eða sölu á landbúnaðarafurðum eða notkun sameiginlegrar aðstöðu til geymslu, meðhöndlunar eða vinnslu á landbúnaðarafurðum, nema þegar það stofnar markmiðum 39. gr. sáttmálans í hættu.

Ákvæði þessarar málsgreinar skulu ekki gilda um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem fela í sér skuldbindingu um að setja upp fast verð eða að útiloka samkeppni.

2. Samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem uppfylla skilyrðin sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu ekki bönnuð og þarf ekki sérstaka ákvörðun um það.

Við málsmeðferð á innlendum vettvangi eða á vettvangi Sambandsins vegna beitingar 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal sönnunarbyrði vegna brots á 1. mgr. 101. gr. sáttmálans hvíla á þeim aðila eða því yfirvaldi sem telur að brot hafi átt sér stað. Sönnunarbyrði um að skilyrðum 1. mgr. þessarar greinar hafi verið fullnægt hvílir á þeim aðila sem hefur ávinning af undanþágunum sem kveðið er á um í þeirri málsgrein.

210. gr.

Samningar og samstilltar aðgerðir viðurkenndra fjölgreinasamtaka

1. Ákvæði 101. gr. (1. mgr.) sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gilda ekki um samninga, ákvarðanir og

samstilltar aðgerðir fjölgreinasamtaka sem eru viðurkennd skv. 157. gr. þessarar reglugerðar með það markmið að stunda þá starfsemi sem tilgreind er í 157. gr. (c-lið 1. mgr.) þessarar reglugerðar og, að því er varðar mjólkur- og mjólkurafurðageirann, í 157. gr. (c-lið 3. mgr.) þessarar reglugerðar og, að því er varðar geira ólífuoilú og ólífa til átu og tóbaksgeirann, í 162. gr. þessarar reglugerðar.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda að því tilskildu að:

- framkvæmdastjórninni hafi verið tilkynnt um samningana, ákvarðanirnar og samstilltu aðgerðirnar sem þar um getur og
- framkvæmdastjórnin hafi ekki komist að þeirri niðurstöðu, innan tveggja mánaða frá viðtöku allra upplýsinga sem krafist er, að umræddir samningar, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir samrýmist ekki reglum Sambandsins.

Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að samningarnir, ákvarðanirnar eða samstilltu aðgerðirnar sem um getur í 1. mgr. samrýmist ekki reglum Sambandsins skal hún setja fram niðurstöður sínar án þess að beita málsmeðferðinni sem um getur í 2. eða 3. mgr. 229. gr.

3. Samningarnir, ákvarðanirnar og samstilltu aðgerðirnar sem um getur í 1. mgr. mega ekki koma til framkvæmda fyrr en að liðnu tveggja mánaða tímabilinu sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr.

4. Því skal lýst yfir, í öllum tilvikum, að samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir samrýmist ekki reglum Sambandsins ef þau:

- kunna á einhvern hátt að leiða til skiptingar á mörkuðum innan Sambandsins,
- kunna að hafa áhrif á trausta starfsemi markaðskerfisins,
- kunna að valda röskunum á samkeppni sem eru ekki nauðsynlegar til að ná þeim markmiðum sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar sem starfsemi fjölgreinasamtakanna miðar að,
- fela í sér verðsamráð eða samráð um kvóta,
- kunna að skapa mismunun eða draga úr samkeppni að því er varðar stóran hluta þeirra afurða sem um er að ræða.

5. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu, að loknu tveggja mánaða tímabilinu, sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr., að skilyrðin fyrir beitingu 1. mgr. hafi ekki verið uppfyllt skal hún, án þess að beita málsmeðferðinni sem um getur í 2. eða 3. mgr. 229. gr., taka ákvörðun þar sem því er lýst yfir að 1. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gildi um viðkomandi samning, ákvörðun eða samstillta aðgerð.

Sú ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar skal ekki öðlast gildi fyrir en á þeim degi sem hlutaðeigandi fjölgreinasamtök fá tilkynningu um hana, nema þau fjölgreinasamtök hafi gefið rangar upplýsingar eða misnotað undanþáguna sem kveðið er á um í 1. mgr.

6. Ef um er að ræða samninga til margra ára skal tilkynningin fyrir fyrsta árið gilda fyrir þau ár sem eftir eru af gildistíma samningsins. Hins vegar getur framkvæmdastjórnin í slíkum tilvikum, að eigin frumkvæði eða að beiðni annars aðildarríkis, hvenær sem er gefið út niðurstöðu um ósamrýmanleika.

7. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna samræmdrar beitingar ákvæða þessarar greinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

II. KAFLI

Reglur um ríkisaðstoð

211. gr.

Beiting 107.–109. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins

1. Ákvæði 107.–109. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skulu gilda um framleiðslu á og viðskipti með landbúnaðarafurðir.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. gilda ákvæði 107.–109. gr. sáttmálans ekki um greiðslur sem aðildarríki inna af hendi samkvæmt og í samræmi við annað hvort af eftirfarandi:

- a) ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, sem eru að hluta til eða að öllu leyti fjármagnaðar af Sambandinu,
- b) ákvæði 213.–218. gr. þessarar reglugerðar.

212. gr.

Greiðslur innanlands í tengslum við stuðningsáætlanir fyrir vín

Þrátt fyrir 3. mgr. 44. gr. geta aðildarríkin veitt greiðslur innanlands í samræmi við reglur Sambandsins um ríkisaðstoð vegna þeirra ráðstafana sem um getur í 45., 49. og 50. gr.

Hámarksaðstoðarhlutfall, sem mælt er fyrir um í viðeigandi reglum Sambandsins um ríkisaðstoð, gildir um alla opinbera fjármögnun, þ.m.t. bæði sjóði Sambandsins og landsbundna sjóði.

213. gr.

Greiðslur innanlands vegna hreindýra í Finnlandi og Svíþjóð

Með fyrirvara um leyfi framkvæmdastjórnarinnar, sem er samþykkt án þess að málsmeðferðinni sem um getur í 2. eða 3. mgr. 229. gr. sé beitt, geta Finnland og Svíþjóð innt af hendi greiðslur innanlands vegna framleiðslu og setningar á markað á hreindýrum og hreindýraafurðum (SN-númer úr 0208 og úr 0210), að því marki sem þær leiði ekki af sér að framleiðsla aukist umfram það sem hefð er fyrir.

214. gr.

Greiðslur innanlands til sykurgeirans í Finnlandi

Finnland getur innt af hendi greiðslur innanlands til sykurófuræktenda sem nemur allt að 350 evrum á hvern hektara á hverju markaðsári.

215. gr.

Greiðslur innanlands vegna býræktar

Aðildarríki geta innt af hendi greiðslur innanlands til verndar býflugnabúum sem eiga undir högg að sækja vegna skipulagslegra eða náttúrulegra aðstæðna eða heyra undir hagþróunaráætlanir, að undanskilinni aðstoð til framleiðslu eða viðskipta.

216. gr.

Greiðslur innanlands vegna eimingar á víni í neyðartilvikum

1. Aðildarríkin geta, í rökstuddum neyðartilvikum, innt af hendi greiðslur innanlands til vínframleiðenda vegna eimingar á víni, sem er annað hvort gerð að eigin frumkvæði eða skyldubundin.

Greiðslurnar skulu vera í réttu hlutfalli við neyðartilvikið og gera kleift að takast á við það.

Heildarfjárhæð greiðslna, sem eru í boði í aðildarríki á hverju tilteknu ári til slíkra greiðslna, skal ekki nema meira en 15% af heildarfjármunum til ráðstöfunar fyrir hvert aðildarríki á því ári, eins og mælt er fyrir um í VI. viðauka.

2. Aðildarríki sem vilja nýta möguleika á greiðslum innanlands sem um getur í 1. mgr. skulu leggja tilkynningu, sem er rökstudd á viðeigandi hátt, fyrir framkvæmdastjórnina. Framkvæmdastjórnin skal ákveða, án þess að beita málsmeðferðinni sem um getur í 2. eða 3. mgr. 229. gr., hvort ráðstöfunin skuli samþykkt og hvort inna skuli greiðslurnar af hendi.

3. Alkóhól, sem verður til við eimingu sem um getur í 1. mgr., skal eingöngu notað í iðnaði eða til orkuframleiðslu til að forðast alla röskun á samkeppni.

4. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að beita megi ákvæðum þessarar greinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

217. gr.

Greiðslur innanlands vegna dreifingar afurða til barna

Aðildarríki geta, auk aðstoðar frá Sambandinu sem kveðið er á um í 23. og 26. gr., innt af hendi greiðslur innanlands til að dreifa afurðunum til barna í menntastofnunum eða vegna tengds kostnaðar sem um getur í 1. mgr. 23. gr.

Aðildarríki geta fjármagnað þessar greiðslur með álögum á viðkomandi geira eða með hvers konar öðrum framlögum frá einkageiranum.

Aðildarríki geta, auk aðstoðar frá Sambandinu sem kveðið er á um í 23. gr., innt af hendi greiðslur innanlands til að fjármagna hliðarráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að gera áætlun Sambandsins um afhendingu aldina og grænmetis, unninna aldina og grænmetis og banana skilvirka, eins og um getur í 2. mgr. 23. gr.

218. gr.

Greiðslur innanlands fyrir hnetur

1. Aðildarríki geta innt af hendi greiðslur innanlands, að hámarki 120,75 evrur á hektara á ári, til bænda sem framleiða eftirfarandi afurðir:

- möndlur sem falla undir SN-númer 080211 og 080212,
- heslihnatur eða stórheslihnatur sem falla undir SN-númer 080221 og 080222,
- valhnatur sem falla undir SN-númer 08023100 og 08023200,
- pistasíuhnatur sem falla undir SN-númer 08025100 og 08025200,
- jóhannesarbaunir sem falla undir SN-númer 12129200.

2. Greiðslurnar innanlands, sem um getur í 1. mgr., má einungis inna af hendi vegna svæðis að hámarksstærð:

Aðildarríki	Hámarksstærð svæðis í hekturum
Belgía	100
Búlgaría	11 984
Þýskaland	1 500
Grikkland	41 100
Spánn	568 200
Frakkland	17 300
Ítalía	130 100
Kýpur	5 100
Lúxemborg	100
Ungverjaland	2 900
Holland	100
Pólland	4 200
Portúgal	41 300

Aðildarríki	Hámarksstærð svæðis í hekturum
Rúmenía	1 645
Slóvenía	300
Slóvakía	3 100
Bretland	100

3. Aðildarríki geta bundið veitingu greiðslna innanlands, sem um getur í 1. mgr., því skilyrði að bændur séu aðilar að samtökum framleiðenda sem eru viðurkennd skv. 152. gr.

V. HLUTI

ALMENN ÁKVÆÐI

I. KAFLI

Sérlegar ráðstafanir

1. þáttur

Röskun á markaði

219. gr.

Ráðstafanir gegn röskun á markaði

1. Til að bregðast á skilvirkan og markvissan hátt við ógnum um markaðsröskun vegna umtalsverðra verðhækkana eða verðfalls á innri eða ytri mörkuðum eða öðrum atburðum og aðstæðum sem á umtalsverðan hátt raska eða skapa hættu á slíkri röskun á markaðinum, þegar þær aðstæður, eða áhrif þeirra á markaðinn, eru líklegar til að halda áfram eða versna, skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að takast á við þær markaðsaðstæður, jafnhliða því að virða allar skuldbindingar sem leiða af alþjóðasamningum sem gerðir eru í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins, og að því tilskildu að aðrar ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð virðist ófullnægjandi.

Ef brýna nauðsyn ber til í tilvikum þar sem er ógn um markaðsröskun, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, skal málsmeðferðin sem kveðið er á um í 228. gr., gilda um framseldar gerðir sem eru samþykktar samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

Umrædd brýna nauðsyn getur m.a. falist í þörf fyrir að grípa tafarlaust til aðgerða til að takast á við eða koma í veg fyrir röskun á markaði þegar ógn um markaðsröskun kemur upp svo snögglega eða óvænt að nauðsynlegt er að grípa tafarlaust til aðgerða til að takast megi á við ástandið á skilvirkan og markvissan hátt, eða þegar aðgerðir myndu koma í veg fyrir að slík ógn um markaðsröskun kæmi upp, héldi áfram eða yrði að alvarlegri eða langvinnari röskun, eða þegar dráttur á tafarlausum aðgerðum mundi valda ógn um röskun eða gera hana verri eða myndi auka umfang ráðstafananna, sem nauðsynlegar væru síðar meir til að taka á ógninni eða röskuninni, eða skaða framleiðslu eða markaðsaðstæður.

Slíkar ráðstafanir mega, að því marki og í þann tíma sem nauðsynlegur er til að takast á við markaðsröskun eða hættu á henni, felast í því að víkka eða breyta gildissviðinu, gildistímanum eða öðrum þáttum annarra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eða til að kveða á um útflutningsendurgreiðslur, eða fella innflutningsgjöld niður tímabundið, í heild sinni eða að hluta, þ.m.t. fyrir tiltekið magn eða á tilteknum tímabilum, eftir því sem þörf þykir.

2. Ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. gilda ekki um afurðir sem tilgreindar eru í 2. þætti XXIV. hluta I. viðauka.

Hins vegar getur framkvæmdastjórnin, með framseldum gerðum sem eru samþykktar í samræmi við flýtimeðferðina sem um getur í 228. gr., ákveðið að ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. skuli gilda um eina eða fleiri af þeim afurðum sem tilgreindar eru í 2. þætti XXIV. hluta I. viðauka.

3. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um þær málsmeðferðarreglur og tæknilegu viðmiðanir sem eru nauðsynlegar vegna beitingar ráðstafananna sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Samþykkinga skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

2. þáttur

Markaðsstuðningsráðstafanir sem tengjast dýrasjúkdómum og missi á tiltrú neytenda vegna áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna

220. gr.

Ráðstafanir sem varða dýrasjúkdóma og missi á tiltrú neytenda vegna áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna

1. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir um sérlegar stuðningsráðstafanir fyrir markað sem verður fyrir áhrifum til að taka til greina:

- höft á viðskipti innan Sambandsins og við þriðju lönd sem geta skapast vegna beitingar ráðstafana til að berjast gegn útbreiðslu sjúkdóma í dýrum og
- alvarlegar markaðsraskanir sem rekja má með beinum hætti til missis á tiltrú neytenda vegna áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna og sjúkdómsáhættu.

Samþykkinga skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

2. Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í 1. mgr. gilda um alla eftirfarandi geira:

- nauta- og kálfakjöts,
- mjólkur og mjólkurafurða,
- svínakjöts,

d) kinda- og geitakjöts,

e) eggja,

f) alifuglakjöts.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. og tengjast missi á tiltrú neytenda vegna áhættu fyrir heilbrigði manna eða plantna gilda einnig um allar aðrar landbúnaðarafurðir nema þær sem tilgreindar eru í 2. þætti XXIV. hluta I. viðauka.

Fela skal framkvæmdastjórninni vald til að samþykka framseldar gerðir í samræmi við flýtimeðferðina sem um getur í 228. gr., til að bæta við skrána yfir afurðirnar í fyrstu tveimur undirgreinum þessarar málsgreinar.

3. Grípa skal til ráðstafananna sem kveðið er á um í 1. mgr. að beiðni hlutaðeigandi aðildarríkis.

4. Einungis má grípa til ráðstafananna sem kveðið er á um í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. ef hlutaðeigandi aðildarríki hefur gripið með hraði til ráðstafana, sem varða heilbrigði manna og dýra og dýraafurða, til að uppræta sjúkdóminn og einungis að því marki og í þann tíma sem er strangt til tekið nauðsynlegur til að styðja viðkomandi markað.

5. Sambandið skal samfjármagna með fjárhæð sem samsvarar 50% af útgjöldunum sem aðildarríkin bera vegna ráðstafananna sem kveðið er á um í 1. mgr.

Í geirum nauta- og kálfakjöts, mjólkur og mjólkurafurða, svínakjöts og kinda- og geitakjöts skal Sambandið þó samfjármagna með fjárhæð sem samsvarar 60% af slíkum útgjöldum ef um er að ræða baráttu við gin- og klaufaveiki.

6. Greiði framleiðendur hluta af útgjöldum aðildarríkjanna skulu aðildarríkin sjá til þess að það leiði ekki til röskunar á samkeppni milli framleiðenda í hinum ýmsu aðildarríkjum.

3. þáttur

Sérstök vandamál

221. gr.

Ráðstafanir til að leysa sérstök vandamál

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykka framkvæmdargerðir til að gera nauðsynlegar og réttlætanager neyðarráðstafanir til að leysa úr sérstökum vandamálum. Þessar ráðstafanir mega víkja frá ákvæðum þessarar reglugerðar en þó einungis að því marki og í þann tíma sem nauðsyn krefur, strangt til tekið. Samþykkinga skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

2. Til að leysa sérstök vandamál, og ef brýna nauðsyn ber til í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, sem tengjast aðstæðum þar sem líklegt er að framleiðsla og markaðsaðstæður versni sem erfitt gæti reynst að leysa úr ef tafir yrðu á samþykkt ráðstafana, skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir, sem öðlist strax gildi, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 229. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal einungis samþykkja ráðstafanir skv. 1. eða 2. mgr. ef ekki er mögulegt að samþykkja þær neyðarráðstafanir sem krafist er skv. 219. eða 220. gr.

4. Ráðstafanir sem eru samþykktar skv. 1. eða 2. mgr. skulu ekki gilda lengur en í 12 mánuði. Ef sérstaka vandamálið sem varð til þess að ráðstafanirnar voru samþykktar er enn til staðar að loknum þessum 12 mánuðum getur framkvæmdastjórnin, til að koma fram með varanlega lausn, samþykkt framseldar gerðir, í samræmi við 227. gr., varðandi málið eða lagt fram viðeigandi tillögur að nýrri löggjöf.

5. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa Evrópuþingið og ráðið um allar ráðstafanir, sem eru samþykktar skv. 1. eða 2. mgr., innan tveggja daga frá samþykkinu.

4. þáttur

Samningar og ákvarðanir á tímabilum þegar mikið ójafnvægi er á mörkuðum

222. gr.

Beiting 1. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins

1. Á tímabilum þegar mikið ójafnvægi er á mörkuðum getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdargerðir þess efnis að ákvæði 1. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gildi ekki um samninga og ákvarðanir viðurkenndra samtaka framleiðenda, félaga þeirra og viðurkenndra fjölgreinasamtaka í neinum af þeim geirum sem um getur í 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, að því tilskildu að slíkir samningar og ákvarðanir grafi ekki undan eðlilegri starfsemi innri markaðarins, hafi einungis það markmið að koma á stöðugleika í viðkomandi geira og falli undir einn eða fleiri eftirfarandi flokka:

- töku afurða þeirra af markaði eða úr ókeypiss dreifingu,
- umbreytingu og vinnslu,
- geymslu einkaaðila,
- sameiginlegar kynningarráðstafanir,
- samninga um gæðakröfur,

f) sameiginleg innkaup á aðföngum sem eru nauðsynleg til að berjast gegn skaðvöldum og sjúkdómum í dýrum og plöntum í Sambandinu eða á aðföngum sem eru nauðsynleg til að takast á við áhrif af náttúruhamförum í Sambandinu,

g) tímabundna áætlanagerð um framleiðslu með tilliti til sérstaks eðlis framleiðsluferlisins.

Framkvæmdastjórnin skal tilgreina, í framkvæmdargerðum, efnislegt og landfræðilegt gildissvið þessarar undanþágu og, með fyrirvara um 3. mgr., gildistíma undanþágunnar.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda einungis ef framkvæmdastjórnin hefur þegar samþykkt eina af ráðstöfununum sem um getur í þessum kafla, ef afurðir hafa verið keyptar inn innan ramma opinberrar íhlutunar eða ef veitt hefur verið aðstoð vegna einkageymslu sem um getur í I. kafla I. bóls II. hluta.

3. Samningarnir og ákvarðanirnar sem um getur í 1. mgr. gilda í mest sex mánuði.

Framkvæmdastjórnin getur þó samþykkt framkvæmdargerðir til að heimila að slíkir samningar og slíkar ákvarðanir gildi í sex mánuði til viðbótar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

II. KAFLI

Samskipti og skýrslugjöf

223. gr.

Samskiptakröfur

1. Við beitingu þessarar reglugerðar, vöktun, greiningu og stjórnun á markaðnum með landbúnaðarafurðir, til að tryggja gagnsæi á markaði og eðlilega starfsemi ráðstafana sem varða sameiginlegu landbúnaðarstefnuna, athuganir, eftirlit, vöktun, mat og endurskoðun á ráðstöfunum sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar, sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í alþjóðasamningum sem eru gerðir í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins, þ.m.t. um tilkynningarskyldu samkvæmt þessum samningum, getur framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr., samþykkt nauðsynlegar ráðstafanir varðandi þær tilkynningar sem fyrirtæki, aðildarríki eða þriðju lönd skulu senda inn. Þegar það er gert skal taka tillit til þarfa fyrir gögn og samlegðaráhrif hugsanlegra gagnagjafa.

Senda má upplýsingarnar sem er aflað eða gera þær aðgengilegar alþjóðastofnunum og lögbærum yfirvöldum þriðju landa og þær má gera opinberar, með fyrirvara um vernd persónuupplýsinga og lögmættra hagsmuna fyrirtækja til að vernda viðskiptaleyndarmál, þ.m.t. verð.

2. Til að tryggja heildstæði upplýsingakerfa og áreiðanleika og læsileika skjala og tengdra gagna sem eru send, skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. til að mæla fyrir um:

- a) tegund og gerð upplýsinga sem skal tilkynna um,
- b) flokka gagna sem skal vinna úr, hámarksgeymslutíma og tilgang vinnslunnar, einkum ef kemur til birtingar slíkra gagna og sendingar þeirra til þriðju landa,
- c) aðgangsréttinn að upplýsingunum eða þeim upplýsingakerfum sem eru gerð aðgengileg,
- d) skilyrðin fyrir birtingu upplýsinganna.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að beita megi ákvæðum þessarar greinar, þ.m.t.:

- a) aðferðir við tilkynningu,
- b) reglur um þær upplýsingar sem skal tilkynna,
- c) fyrirkomulag á stjórnun þeirra upplýsinga sem skal tilkynna, sem og um innihald, snið, tímasetningu, tíðni og fresti vegna tilkynninga,
- d) fyrirkomulag við sendingu upplýsinga og skjala eða við að gera þau aðgengileg aðildarríkjum, alþjóðastofnunum, lögbærum yfirvöldum þriðju landa eða almenningi, með fyrirvara um vernd persónuupplýsinga og lögmæta hagsmuni fyrirtækja til að vernda viðskiptaleyndarmál.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 229. gr.

224. gr.

Vinnsla og vernd persónuupplýsinga

1. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu safna persónuupplýsingum í þeim tilgangi sem settur er fram í 1. mgr. 223. gr. og skulu ekki vinna þau gögn á hátt sem ekki samrýmist þessum tilgangi.
2. Ef persónuupplýsingar eru unnar vegna vöktunar og mats eins og um getur í 1. mgr. 223. gr. skulu þær gerðar nafnlausar og einungis unnar í samanteknu formi.
3. Vinna skal persónuupplýsingar í samræmi við tilskipun 95/46/EB og reglugerð (EB) nr. 45/2001. Einkum skulu slík gögn ekki geymd á formi sem gerir kleift að persónugreina skráða aðila lengur en nauðsynlegt er í þeim tilgangi sem lá

að baki gagnasöfnunarinnar eða áframhaldandi vinnslu þeirra, með tilliti til lágmarksgeymslutíma sem mælt er fyrir um í viðeigandi landslögum og lögum Sambandsins.

4. Aðildarríkin skulu upplýsa skráðu aðilana um að persónuupplýsingar þeirra kunni að verða unnar hjá landsbundnum aðilum eða aðilum Sambandsins í samræmi við 1. mgr. og að þeir njóti, að því er þetta varðar, réttinda sem mælt er fyrir um annars vegar í tilskipun 95/46/EB og hins vegar í reglugerð (EB) nr. 45/2001.

225. gr.

Kvæð um skýrslugjöf framkvæmdastjórnarinnar

Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið:

- a) með þriggja ára millibili, í fyrsta skipti eigi síðar en 21. desember 2016, um framkvæmd ráðstafananna varðandi býræktargeirann eins og sett er fram í 55., 56. og 57. gr., þ.m.t. um nýjustu þróun í auðkenningarkerfum fyrir býkúpur,
- b) eigi síðar en 30. júní 2014 og einnig eigi síðar en 31. desember 2018 um þróun markaðsaðstæðna í mjólkur- og mjólkurafurðageiranum, einkum í tengslum við beitingu ákvæða 148.–151. gr., 152. gr. (3. mgr.) og 157. gr. (3. mgr.), sem skal einkum innihalda mat á áhrifunum á mjólkurframleiðendur og mjólkurframleiðslu á illa settum svæðum í tengslum við það almenna markmið að viðhalda framleiðslu á slíkum svæðum, og fjalla um hugsanlegar ívilnanir til að hvetja bændur til að gera samninga um sameiginlega framleiðslu, ásamt öllum viðeigandi tillögum,
- c) eigi síðar en 31. desember 2014, um möguleikann á að rýmka gildissvið skólaáætlananna til að ná til geira ólífufólúu og ólífa til átu,
- d) eigi síðar en 31. desember 2014, um beitingu samkeppnisreglna í landbúnaðargeiranum í öllum aðildarríkjum, einkum um beitingu ákvæða 209. og 210. gr., og 169., 170. og 171. gr. í viðkomandi geirum.

III. KAFLI

Varasjóður vegna krísuástands í landbúnaðargeiranum

226. gr.

Notkun varasjóðsins

Fjármunir sem eru millifærðir úr varasjóðnum vegna krísuástands í landbúnaðargeiranum samkvæmt þeim skilyrðum og þeirri málsmeðferð sem um getur í 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013 og í 22. lið samstarfssamningsins milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um aga í stjórn fjármála, samstarf við fjárlagagerð og trausta fjármálastjórn, skulu gerðir tiltækir vegna ráðstafananna sem þessi reglugerð gildir um, fyrir það eða þau ár þegar þörf er fyrir viðbótarstuðning, og sem eru framkvæmdar við aðstæður sem samræmast ekki eðlilegri markaðspróun.

Einkum skal millifæra fjármuni vegna allra útgjalda samkvæmt:

- a) 8. til 21. gr.,
- b) 196. til 204. gr. og
- c) 219., 220. og 221. gr. þessarar reglugerðar.

VI. HLUTI

FRAMSAÐ VALDS, FRAMKVÆMDARÁKVÆÐI, UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

I. KAFLI

Framsald valds og framkvæmdarákvæði

227. gr.

Beiting framsalds

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í þessari reglugerð, á sjö ára tímabili sem hefst 20. desember 2013. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um framsald valds eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok sjö ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.
3. Evrópuþingið eða ráðið getur hvenær sem er afturkallað framsald valds sem um getur í þessari reglugerð. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsald valdsins sem tilgreint er í ákvörðuninni. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framseldu gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
5. Framseld gerð, sem er samþykkt samkvæmt þessari reglugerð, skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

228. gr.

Flýtimeðferð

1. Framseldar gerðir, sem samþykktar eru samkvæmt þessari grein, skulu öðlast gildi án tafar og gilda svo lengi sem engin

andmæli eru lögð fram í samræmi við 2. mgr. Í tilkynningu til Evrópuþingsins og ráðsins um framseldu gerð, sem samþykkt er samkvæmt þessari grein, skal taka fram ástæðurnar fyrir því að flýtimeðferðinni er beitt.

2. Evrópuþingið eða ráðið getur andmælt framseldri gerð, sem er samþykkt samkvæmt þessari grein, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 5. mgr. 227. gr. Í slíku tilviki skal framkvæmdastjórnin fella gerðina tafarlaust úr gildi í kjölfar tilkynningar um ákvörðun Evrópuþingsins eða ráðsins um andmæli.

229. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem nefnist nefndin um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir. Nefnd sú skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Ef um er að ræða gerðir sem um getur í 80. gr. (5. mgr.), 91. gr. (c- og d-liður), 97. gr. (4. mgr.), 99. gr., 106. gr. og 107. gr. (3. mgr.) og nefndin hefur ekki skilað álitni skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og 5. gr. (4. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011, í tengslum við 5. gr. þeirrar reglugerðar.

II. KAFLI

Umbreytingarákvæði og lokaákvæði

230. gr.

Niðurfelling

1. Reglugerð (EB) nr. 1234/2007 er felld úr gildi.

Eftirfarandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1234/2007 gilda þó áfram:

- a) að því er varðar kerfið til takmörkunar á mjólkurframleiðslu: ákvæði III. þáttar III. kafla I. bóka II. hluta, 55. gr., 85. gr. og IX. og X. viðauka, til 31. mars 2015,
- b) að því er varðar vingeirann:
 - i. ákvæði 85. gr. a til 85. gr. e að því er varðar svæði sem um getur í 85. gr. a (2. mgr.) sem ekki er búið að ryðja og að því er varðar svæði sem um getur í 85. gr. b (1. mgr.) sem ekki hafa verið settar reglur um, þar til slík svæði eru rudd eða settar um þau reglur, og 188. gr. a (1. og 2. mgr.),
 - ii. tímabundna fyrirkomulagið á réttindum til plöntunar sem mælt er fyrir um í II. undirþætti IV. þáttar a í III. kafla I. bóka II. hluta, til 31. desember 2015,

iii. ákvæði 5. mgr. 118. gr. m þar til birgðir af víni með söluheitið „Mlado vino portugizac“, sem lágu fyrir 1. júlí 2013, eru uppnarnar,

iv. ákvæði 5. mgr. 118. gr. s, til 30. júní 2017,

c) ákvæði 113. gr. a (4. mgr.), 114., 115. og 116. gr., 117. gr. (1.–4. mgr.) og 121. gr. (iv. liður e-liðar), sem og 2. og 3. liðar I. liðar og 1. liðar III. liðar B-hluta og C-hluta XIV. viðauka, og 1., 3., 5. og 6. liðar II. hluta og 2. liðar IV. hluta XV. viðauka við beitingu þessara greina, fram að framkvæmdardegi samsvarandi markaðssetningareglna sem er komið á samkvæmt framseldu gerðunum sem kveðið er á um í 75. gr. (2. mgr.), 76. gr. (4. mgr.), 78. gr. (3. og 4. mgr.), 79. gr. (1. mgr.), 80. gr. (4. mgr.), 83. gr. (4. mgr.), 86. gr., 87. gr. (2. mgr.), 88. gr. (3. mgr.) og 89. gr. þessarar reglugerðar,

d) ákvæði 1. mgr. 133. gr. a og 140. gr. a gilda til 30. september 2014,

e) ákvæði fyrstu og annarrar undirgreinar 3. mgr. 182. gr. gilda til loka markaðsársins 2013/2014 fyrir sykur, 30. september 2014,

f) ákvæði 4. mgr. 182. gr. gilda til 31. desember 2017,

g) ákvæði 7. mgr. 182. gr. gilda til 31. mars 2014,

h) ákvæði b-liðar 3. liðar III. hluta XV. viðauka gilda til 31. desember 2015,

i) ákvæði XX. viðauka gilda til gildistökdags lagagerðar sem kemur í staðinn fyrir reglugerð (EB) nr. 1216/2009 og reglugerð ráðsins (EB) nr. 614/2009⁽⁴⁵⁾.

2. Líta ber á tilvísanir í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 sem tilvísanir í þessa reglugerð og í reglugerð (ESB) nr. 1306/2013 og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í XIV. viðauka þessarar reglugerðar.

3. Reglugerðir ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1601/96 og (EB) nr. 1037/2001 eru felldar úr gildi.

231. gr.

Umbreytingarreglur

1. Til að tryggja snurðulaus umskipti frá því fyrirkomulagi sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 yfir í það sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 227. gr. að því er varðar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að vernda áunninn réttindi og lögmætær væntingar fyrirtækja.

2. Allar áætlanir til margra ára sem eru samþykktar fyrir 1. janúar 2014 skulu áfram falla undir gildissvið viðkomandi ákvæða reglugerðar (EB) nr. 1234/2007 eftir að þessi reglugerð tekur gildi og þar til umræddar áætlanir renna sitt skeið.

232. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2014.

Þó gildir eftirfarandi:

a) ákvæði 181. gr. gilda frá 1. október 2014,

b) ákvæði 3. liðar II. liðar VII. hluta VII. viðauka gilda frá og með 1. janúar 2016.

2. Ákvæði 148.–151. gr., 152. gr. (3. mgr.), 156. gr. (2. mgr.), 157. gr. (3. mgr.), 161. og 163. gr., 173. gr. (2. mgr.) og 174. gr. (2. mgr.) gilda til 30. júní 2020.

3. Ákvæði 127.–144. gr. og 192. og 193. gr. gilda til loka markaðsársins 2016/2017 fyrir sykur, 30. september 2017.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2013.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

forseti.

M. SCHULZ

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

V. JUKNA

⁽⁴⁵⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 614/2009 frá 7. júlí 2009 um sameiginlegt viðskiptakerfi fyrir eggjahvítu og mjólkurhvítu (Stjtið. ESB L 181, 14.7.2009, bls. 8).

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR AFURÐIR SEM UM GETUR Í 2. MGR. 1. GR.

I. HLUTI

Kornvörur

Kornvörugeirinn skal ná til þeirra afurða sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

SN-númer	Lýsing
a) 07099960	Sykurmaís, nýr eða kældur
07129019	Þurrkaður sykurmaís, heill, skorinn, sneiddur, brotinn eða steyttur í duft, en ekki frekar unninn, annað en blendingar til sáningar
10019120	Hveiti og meslínfræ
úr 10019900	Spelt, hveiti og meslín, annað en til sáningar
1002	Rúgur
1003	Bygg
1004	Hafrar
10051090	Maís (korn) fræ önnur en blendingar
10059000	Maís annar en fræ
10071090,	Dúrur, önnur en blendingar til sáningar
10079000	
1008	Bókhveiti, hirsí og kanarífræ; annað korn
b) 10011100,	Harðhveiti
10011900	
c) 110100	Hveiti eða meslínmjöl
11029070	Rúgmjöl
110311	Klíðislaust korn og hveitimjöl
1107	Malt, einnig brennt
d) 0714	Maníókarót, örvarrót, saleprót, Jerúsalemartískokka, sæthnúður og áþekkar rætur og hnyði sem innihalda mikið af sterkju eða inúlíni, nýtt, kælt, fryst eða þurrkað, einnig sneitt eða í kögglum; sagópálmamergur
úr 1102	Mjöl úr korni, finmalað, annað en úr hveiti eða meslíni:
110220	– Maísmjöl
110290	– Annað:
11029010	– – Byggmjöl
11029030	– – Haframjöl
11029090	– – Annað
úr 1103	Klíðislaust korn, mjöl og kögglar, að undanskildu klíðislausu korni og hveitimjöli (undirliður 110311), klíðislaust korn og mjöl úr hrísgrjónum (undirliður 11031950) og kögglar úr hrísgrjónum (undirliður 11032050)
úr 1104	Korn unnið á annan hátt (t.d. afhýtt, valsað, flagað, perlað, sneitt eða kurlað), þó ekki rís í nr. 1006 og flagaður rís í nr. 11041991; kornfrjóangar, heilir, valsaðir, flagaðir eða malaðir
110620	Mjöl, fin- eða grófmalað, og duft úr sagó eða rótum eða hnyðum í nr. 0714

SN-númer	Lýsing
úr 1108	Sterkja; inúlín:
	– Sterkja:
11081100	– – Hveitisterkja
11081200	– – Maíssterkja
11081300	– – Kartöflusterkja
11081400	– – Maníókasterkja (cassava)
úr 110819	– – Önnur sterkja:
11081990	– – Annað
11090000	Hveitiglúten, einnig þurrkað
1702	Annar sykur, þar með talinn kemiskt hreinn laktósi, maltósi, glúkósi og frúktósi, í föstu formi; sykursíróp sem inniheldur hvorki bragðefni né litarefni; gervihunang, einnig blandað náttúrlegu hunangi; karamel:
úr 170230	– Glúkósi og glúkósasíróp sem inniheldur ekki frúktósa eða inniheldur sem þurrefni minna en 20% af frúktósa miðað við þyngd: – – Annað:
úr 17023050	– – – Sem hvítt, kristallað duft, einnig í kekkjum, sem inniheldur sem þurrefni minna en 99% af glúkósa miðað við þyngd
úr 17023090	– – – Annað, inniheldur sem þurrefni minna en 99% af glúkósa miðað við þyngd:
úr 170240	– Glúkósi og glúkósasíróp sem inniheldur sem þurrefni að minnsta kosti 20% en minna en 50% af frúktósa miðað við þyngd, þó ekki einsykrur (e. <i>invert sugar</i>):
17024090	– – Annað
úr 170290	– Annað, þar með taldar einsykrur (e. <i>invert sugar</i>) og aðrar sykur- og sykursírópsblöndur, sem inniheldur sem þurrefni 50% af frúktósa miðað við þyngd:
17029050	– – Maltódestrín og maltódestrínsíróp – – Karamel: – – – Annað:
17029075	– – – – Sem duft, einnig í kekkjum
17029079	– – – – Annað
2106	Matvæli, ót.a.:
úr 210690	– Annað – – Bragðbætt eða litað sykursíróp: – – – Annað
21069055	– – – – Glúkósasíróp og maltódestrínsíróp
úr 2302	Klíð, hrat og aðrar leifar, einnig í kögglum, sem fellur til við sáldun, mólun eða vinnslu korns
úr 2303	Leifar frá sterkjurgerð og áþekkar leifar, rófudeig, bagasse og annar úrgangur frá sykurframleiðslu, hrosti og úrgangur frá bruggun eða eimingu, einnig í kögglum:
230310	– Leifar frá sterkjurgerð og áþekkar leifar
23033000	– Hrosti og úrgangur frá bruggun eða eimingu
úr 2306	Oliukökur og aðrar fastar leifar, einnig muldar eða í kögglum, frá kjörnun jurtafeiti eða jurtaolíu, þó ekki í nr. 2304 eða 2305: – Annað
23069005	– – Úr maískími

SN-númer	Lýsing
úr 230800	Jurtaefni og jurtaúrgangur, jurtaleifar og aukaafurðir, einnig í kögglum, sem notað er til dýraeldis, ót.a.:
23080040	– Akörn og hestakastaníur; mauk eða hrat úr aldinum, öðrum en vínberjum
2309	Framleiðsla til dýraeldis:
úr 230910	– Hunda- eða kattafóður í smásöluumbúðum:
23091011	– – Inniheldur sterkju, glúkósa, glúkósasíróp, maltódestrín eða maltódestrínsíróp í undirliðum 17023050, 17023090, 17024090, 17029050 og 21069055 eða mjólkurafurðir
23091013	
23091031	
23091033	
23091051	
23091053	
úr 230990	– Annað:
23099020	– – Afurðir sem um getur í viðbótarathugasemd 5 við 23. kafla sameinuðu nafnaskrárinnar – – Annað, þ.m.t. forblöndur:
23099031	– – Inniheldur sterkju, glúkósa, glúkósasíróp, maltódestrínsíróp í undirliðum 17023050, 17023090, 17024090, 17029050 og 21069055 eða mjólkurafurðir
23099033	
23099041	
23099043	
23099051	
23099053	

(¹) Að því er varðar þennan undirlið eru „mjólkurafurðir“ afurðir sem falla undir lið 0401 til 0406 sem og undir undirliði 17021100, 17021900 og 21069051.

II. HLUTI

Hrisgrjón

Hrisgrjónageirinn skal ná til þeirra afurða sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

SN-númer	Lýsing
a) 10061021 til	Rís með ytra hýði (ekru- eða hráris), annað en til sáningar
10061098	
100620	Afhýddur (brúnn) rís
100630	Hálf- eða fullslípaður rís, einnig fægður eða gljáhúðaður
b) 10064000	Brotinn rís
c) 11029050	Rísmjöl
11031950	Klíðislaus rís og mjöl
11032050	Rískögglar
11041991	Flagaður rís
úr 11041999	Valsaður rís
11081910	Ríssterkja

III. HLUTI

Sykur

Sykurgeirinn skal ná til þeirra afurða sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

SN-númer	Lýsing
a) 121291	Sykkurrófur
12129300	Sykkurreyr
b) 1701	Reyr- eða rófusykur og kemískt hreinn súkrósi, í föstu formi
c) 170220	Hlynsykur og hlynsíróp
17026095 og	Annar sykur í föstu formi og sykursíróp sem inniheldur hvorki bragðefni né litarefni, þó ekki laktósi, glúkósi, maltódestrín og ísólglúkósi
17029095	
17029071	Karamel sem inniheldur sem þurrefni 50% eða meira af súkrósa miðað við þyngd
21069059	Bragðbætt eða litað sykursíróp, annað en ísólglúkósa-, laktósa-, glúkósa- og maltódestrínsíróp
d) 17023010	Ísólglúkósi
17024010	
17026010	
17029030	
e) 17026080	Inúlínsíróp
17029080	
f) 1703	Melassi unninn með kjörnun eða hreinsun sykurs
g) 21069030	Ísólglúkósasíróp með bragðefnum eða litarefnum
h) 230320	Rófudeig, bagasse og annar úrgangur frá sykurframleiðslu

IV. HLUTI

Þurrkað fóður

Geiri þurrkaðs fôðurs skal ná til þeirra afurða sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

SN-númer	Lýsing
a) úr 12141000	– Mjöl og köggjar úr refasmára (alfalfa), þurrkuð með heitu lofti
	– Mjöl og köggjar úr refasmára (alfalfa), þurrkaðir á annan hátt og malaðir
úr 12149090	– Refasmári, ösnugras, smári, úlfabaunir, flækja og áþekkar fôðurafurðir, þurrkuð með heitu lofti, að undanskildu heyi og fôðurkáli og afurðum sem innihalda hey
	– Refasmári, ösnugras, smári, úlfabaunir, flækja, mánasteinssmári, varpabaun og maríuskór, þurrkað á annan hátt og malað
b) úr 23099096	– Prótínþykkni fengið úr safi úr refasmára og grasi
	– Vatnssneyddar afurðir eingöngu unnar úr föstum leifum og safi sem fæst við vinnslu á framangreindu þykkni

V. HLUTI

Fræ

Frægeirinn skal ná til þeirra afurða sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

SN-númer	Lýsing
07129011	Sykurmaísblendingar: – til sáningar
07131010	Ertur (<i>Pisum sativum</i>): – til sáningar
úr 07132000	Hænsnabaunir (garbanzos) – til sáningar
úr 07133100	Belgbaunir af tegundinni <i>Vigna mungo</i> (L.) Hepper eða <i>Vigna radiata</i> (L.) Wilczek: – til sáningar
úr 07133200	Litlar rauðar (Adzuki) baunir (<i>Phaseolus</i> eða <i>Vigna angularis</i>): – til sáningar
07133310	Nýrnabaunir, þar með taldar hvítar belgbaunir (<i>Phaseolus vulgaris</i>): – til sáningar
úr 07133400	Jarðertur (Bambara beans) (<i>Vigna subterranea</i> eða <i>Voandzeia subterranea</i>): – til sáningar
úr 07133500	– til sáningar
úr 07133900	Augnbaunir (Cow peas) (<i>Vigna unguiculata</i>): – til sáningar
	Annað: – til sáningar
úr 07134000	Linsubaunir: – til sáningar
úr 07135000	Breiðbaunir (<i>Vicia faba</i> var. <i>major</i>) og hestabaunir (<i>Vicia faba</i> var. <i>equina</i> , <i>Vicia faba</i> var. <i>minor</i>): – til sáningar
úr 07136000	– til sáningar
	Dúfnabaunir (<i>Cajanus cajan</i>): – til sáningar
úr 07139000	Aðrir þurrkaðir belgávextir: – til sáningar
10019110	Spelt: – fræ
10019190	Annað – fræ
úr 100510	Blönduð maísfræ
10061010	Rís með ytra hýði (ekru- eða hráris): – til sáningar
10071010	Dúrrublingar: – fræ

SN-númer	Lýsing
12011000	Sojabaunir, einnig sundurskornar: – fræ
12023000	Jarðhnetur, ekki steiktur eða soðnar á annan hátt, einnig afhýddar eða sundurskornar: – fræ
12040010	Línfræ, einnig sundurskorið: – til sáningar
12051010 og úr 12059000	Repju- eða kolsafræ, einnig sundurskorin: – til sáningar
12060010 úr 1207	Sólblómafræ, einnig sundurskorið: – til sáningar Önnur olíufræ og olíurík aldin, einnig sundurskorin: – til sáningar
1209	Fræ, aldin og sporar til sáningar

VI. HLUÐI

Humlar

Humlageirinn skal ná til þeirra afurða sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

SN-númer	Lýsing
1210	Humall, nýr eða þurrkaður, einnig mulinn, sem duft eða kögglar; humalmjöl (lúpulín)
13021300	Jurtasafar og humlakjarnar

VII. HLUÐI

Ólífuolía og ólífur til átu

Geiri ólífuolíu og ólífa til átu skal ná til þeirra afurða sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

SN-númer	Lýsing
a) 1509	Ólífuolía og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt
151000	Aðrar olíur og þættir þeirra, unnið eingöngu úr ólífum, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt, þar með taldar blöndur þessara olía eða þátta og olía og þátta í 1509
b) 07099210	Ólífur, nýjar eða kældar, til annarrar notkunar en til framleiðslu á olíu
07099290	Aðrar ólífur, nýjar eða kældar
07108010	Ólífur (ósoðnar eða soðnar með gufu eða í vatni), frystar
071120	Ólífur, varðar skemmdum til bráðabirgða (t.d. með brennisteinstvöldisgasi, saltlegi, brennisteinssýrlingi eða öðrum verndandi upplausnum), en óhæfar í því ástandi til manneldis
úr 07129090	Þurrkaðar ólífur, heilar, skornar, sneiddar, muldar eða steyttar í duft, en ekki frekar unnar
20019065	Ólífur, unnar eða varðar skemmdum með ediki eða ediksýru
úr 20049030	Ólífur, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar
20057000	Ólífur, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ekki frystar

SN-númer	Lýsing
c) 15220031	Leifar sem falla til við meðhöndlun á feittiefnum eða dýra- eða jurtavaxi sem inniheldur olíu sem hefur sömu eiginleika og ólífuoía
15220039	
23069011	Oliukökur og aðrar leifar frá kjörmun ólífuoíu
23069019	

VIII. HLUTI

Hör og hampur

Hör- og hampurinn skal ná til þeirra afurða sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

SN-númer	Lýsing
5301	Hör, óunninn eða unninn en ekki spunninn; hörruddi og hörúrgangur (þ.m.t. garnúrgangur og forkembd textílefni)
5302	Hampur (<i>Cannabis sativa</i> L.), óunninn eða unninn en ekki spunninn; hampruddi og hampurúrgangur (þ.m.t. garnúrgangur og tætt hráefni)

IX. HLUTI

Aldin og grænmeti

Aldin- og grænmetisgeirinn skal ná til þeirra afurða sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

SN-númer	Lýsing
07020000	Tómatar, nýir eða kældir
0703	Laukur, skalottlaukur, hvítlaukur, blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir, nýjar eða kældar:
0704	Hvítkál, blómkál, hnúðkál, fôðurmergkál og áþekkt ætt kál, nýtt eða kælt
0705	Salat (<i>Lactuca sativa</i>) og síkoria (<i>Cichorium</i> spp.), nýtt eða kælt
0706	Gulrætur, næpur, rauðrófur, hafursrót, seljurót, radísur og áþekkar ætar rætur, nýjar eða kældar
070700	Gúrur og reitagúrur, nýjar eða kældar
0708	Belgávextir, með eða án hýðis, nýir eða kældir
úr 0709	Aðrar matjurtir, nýjar eða kældar, að undanskildu grænmetinu úr undirliðum 07096091, 07096095, 07096099, 07099210, 07099290 og 07099960
úr 0802	Aðrar hnetur, nýjar eða þurrkaðar, einnig afhýddar eða flysjaðar, að undanskildum betelhnetum og kólahnetum sem falla undir undirlið 08027000, 08028000
08031010	Nýir mjölbananar
08031090	Þurrkaðir mjölbananar
08042010	Nýjar fikjur
08043000	Ananas
08044000	Lárperur
08045000	Guavaber, mangóaldin, mangóstinaldin
0805	Sítrusávextir, nýir eða þurrkaðir
08061010	Ný vínber til neyslu
0807	Melónur (þar með taldar vatnsmelónur) og pápáaldin (papayas), nýtt
0808	Epli, perur og kveður, nýtt

SN-númer	Lýsing
0809	Apríkósur, kirsuber, ferskjur (þar með taldar nektarínur), plómur og þyrnplómur, nýtt
0810	Aðrir ávextir, nýir
08135031	Blöndur sem eingöngu innihalda hnetur í liðum 0801 og 0802
08135039	
091020	Safran
úr 091099	Timían, nýtt eða kælt
úr 12119086	Basilíka, hjartafró, mintá, <i>Origanum vulgare</i> (kjarrminta/villt meiran), rósmarín, salvía, ný eða kæld
12129200	Jóhannesar (eða karób) baunir

X. HLUTI

Unnar afurðir úr aldinum og grænmeti

Geiri unninna aldina og grænmetis skal ná til þeirra afurða sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

SN-númer	Lýsing
a) úr 0710	Matjurtir (ósoðnar eða soðnar með gufu eða í vatni), frýstar, að undanskildum sykurmaís úr undirlið 07104000, ólífum úr undirlið 07108010 og ávöxtum af ættinni <i>Capsicum</i> eða ættinni <i>Pimenta</i> úr undirlið 07108059
úr 0711	Matjurtir, varðar skemmdum til bráðabirgða (t.d. með brennisteinstvíldisgasi, saltlegi, brennisteinssýrlingi eða öðrum verndandi upplausnum), en óhæfar í því ástandi til manneldis, að undanskildum ólífum úr undirlið 071120, ávöxtum af ættinni <i>Capsicum</i> eða ættinni <i>Pimenta</i> úr undirlið 07119010 og sykurmaís úr undirlið 07119030
úr 0712	Þurrkaðar matjurtir, heilar, skomar, sneiddar, muldar eða steyttar í duft, en ekki frekar unnar, að undanskildum kartöflum, sem eru þurrkaðar með heitu lofti og eru óhæfar til manneldis, sem falla undir undirliðinn úr 07129005, sykurmaís sem fellur undir undirliðina úr 07129011 og 07129019 og ólífum sem falla undir undirliðinn úr 07129090
08042090	Þurrkaðar fíkjur
080620	Þurrkaðar þrúgur
úr 0811	Ávextir og hnetur, ósoðið eða soðið í gufu eða vatni, frýst, án viðbættis sykurs eða öðrum sætiefnum, að undanskildum frosnum banönum sem falla undir undirlið úr 08119095
úr 0812	Ávextir og hnetur, varið skemmdum til bráðabirgða (t.d. með brennisteinstvíldisgasi, saltlegi, brennisteinssýrlingi eða öðrum verndandi upplausnum), en óhæfar í því ástandi til manneldis, að undanskildum banönum, vörðum skemmdum sem falla undir undirlið úr 08129098
úr 0813	Ávextir, þurrkaðir, aðrir en í 0801–0806; blöndur af hnetum eða þurrkuðum ávöxtum í þessum kafla, að undanskildum blöndum sem eingöngu innihalda hnetur í liðum 0801 og 0802, sem falla undir undirliði 08135031 og 08135039
08140000	Hýði af sítrusávöxtum eða melónum (þar með talið af vatnsmelónum), nýtt, frýst, þurrkað eða varið skemmdum til bráðabirgða með saltlegi, brennisteinssýrlingi eða öðrum verndandi upplausnum
09042110	Þurrkaðar paprikur, (<i>Capsicum annum</i>), hvorki pressaðar né muldar
b) úr 0811	Ávextir og hnetur, ósoðið eða soðið í gufu eða vatni, frýst, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni
úr 130220	Pektinefni og pektínöt

SN-númer	Lýsing
úr 2001	Matjurtir, ávextir, hnetur og aðrir plöntuhlutur til manneldis, unnið eða varið skemmdum með ediki eða ediksýru, að undanskildum: <ul style="list-style-type: none"> — ávöxtum af ættinni <i>Capsicum</i> öðrum en paprikum úr undirlíð 20019020 — sykurmaís (<i>Zea mays</i> var. <i>saccharata</i>) úr undirlíð 20019030 — kínverskum kartöflum, sætum kartöflum og öðrum svipuðum ætum plöntuhlutum sem innihalda 5% eða meira af sterkju miðað við þyngd, úr undirlíð 20019040 — pálmakjörnum úr undirlíð úr 20019060 — ólífum úr undirlíð úr 20019065 — vínviðarlaufum, humlasprotum og öðrum svipuðum ætum plöntuhlutum sem falla undir undirlíð úr 20019097
2002	Tómatar, unnir eða varðir skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru
2003	Sveppir og jarðsveppir, unnið eða varið skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru
úr 2004	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar, þó ekki vörur í 2006, að undanskildum sykurmaís (<i>Zea mays</i> var. <i>saccharata</i>) úr undirlíð 20049010, ólífum úr undirlíð úr 20049030 og kartöflum, sem eru unnar eða geymdar sem mjöl, gróft mjöl eða flögur, úr undirlíð 20041091
úr 2005	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ófrystar, þó ekki vörur í 2006, að undanskildum ólífum úr undirlíð 20057000, sykurmaís (<i>Zea mays</i> var. <i>saccharata</i>) úr undirlíð 20058000 og ávöxtum af ættinni <i>Capsicum</i> , öðrum en paprikum eða chilipipar úr undirlíð 20059910 og kartöflum, sem eru unnar eða geymdar sem mjöl, gróft mjöl eða flögur, úr undirlíð 20052010
úr 200600	Matjurtir, ávextir, hnetur, ávaxtahýði og aðrir plöntuhlutur, varið skemmdum með sykri (gegndreypt, gljásykrað eða kristallað), að undanskildum banönum sem eru varðir skemmdum með sykri og falla undir líðina úr 20060038 og úr 20060099
úr 2007	Sulta, ávaxtahlauþ, mauk, ávaxta- eða hnetudeig, fengið með suðu, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, undanskildu(m): <ul style="list-style-type: none"> — jafnblandaðri framleiðslu úr banönum úr undirlíð úr 200710 — sultum, hlaupi, mauki, mauki eða deigi úr banönum úr undirlíðum úr 20079939, úr 20079950 og úr 20079997
úr 2008	Ávextir, hnetur og aðrir ætir plöntuhlutur, unnið eða varið skemmdum á annan hátt, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða áfengi, að undanskildu(m): <ul style="list-style-type: none"> — hnetusmjöri úr undirlíð 20081110 — pálmakjörnum úr undirlíð 20089100 — maís úr undirlíð 20089985 — kínverskum kartöflum, sætum kartöflum og öðrum svipuðum ætum plöntuhlutum sem innihalda 5% eða meira af sterkju miðað við þyngd, úr undirlíð 20089991 — vínviðarlaufum, humlasprotum og öðrum svipuðum ætum plöntuhlutum sem falla undir undirlíð úr 20089999 — blöndum úr banönum, sem eru unnir eða varðir skemmdum á annan hátt, úr undirlíðum úr 20089759, úr 20089778, úr 20089293 og úr 20089798 — banönum, sem eru unnir eða varðir skemmdum á annan hátt, úr undirlíðum úr 20089949, úr 20089967 og úr 20089999
úr 2009	Ávaxtasafi (að undanskildum þrúgasafa og þrúguþykkni úr undirlíðum 200961 og 200969 og bananasaft úr undirlíðum úr 20098935, 20098938, 20098979, 20098986, 20098989 og 20098999) og matjurtasafi, ógerjaður og án viðbættis áfengis, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni

XI. HLUTI

Bananar

Bananeigirinn skal ná til þeirra afurða sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

SN-númer	Lýsing
08039010	Nýir bananar, að undanskildum mjölbanönum
08039090	Þurrkaðir bananar, að undanskildum mjölbanönum
úr 08129098	Bananar varðir skemmdum til bráðabirgða
úr 08135099	Blöndur sem innihalda þurrkaða banana
11063010	Mjöl, fin- eða grófmalað og duft úr þurrkuðum banönum
úr 20060099	Bananar varðir skemmdum með sykri
úr 20071099	Jafnblönduð framleiðsla úr banönum
úr 20079939	Sultur, hlaup, ávaxtamauk, mauk og deig úr banönum
úr 20079950	
úr 20079997	
úr 20089759	Blöndur sem innihalda banana, unna eða varða skemmdum á annan hátt, án viðbættis áfengis
úr 20089778	
úr 20089793	
úr 20089796	
úr 20089798	
úr 20089949	Bananar, unnir eða varðir skemmdum á annan hátt
úr 20089967	
úr 20089999	
úr 20098935	Banasafi
úr 20098938	
úr 20098979	
úr 20098986	
úr 20098989	
úr 20098999	

XII. HLUTI

Vín

Víngeirinn skal ná til þeirra afurða sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

SN-númer	Lýsing
a) 200961	Þrúgusafi (þ.m.t. þrúguþykkni)
200969	
22043092	
22043094	
22043096	
22043098	
b) úr 2204	Vín úr nýjum þrúgum, einnig vín blönduð vínanda; þrúguþykkni annað en í 2009, að undanskildu öðru þrúguþykkni í undirlitðum 22043092, 22043094, 22043096 og 22043098
c) 08061090	Ferskar þrúgur aðrar en vínber
22090011	Vínedik
22090019	

SN-númer	Lýsing
d) 22060010	Piquette-vín
23070011	Víndreggjar
23070019	
23080011	Þrúguhrat
23080019	

XIII. HLUTI

Lifandi tré og aðrar plöntur; blómlaukar, rætur og þess háttar; afskorin blóm og lauf til skrauts

Geiri lifandi plantna skal ná til allra afurðanna sem falla undir 6. kafla sameinuðu nafnaskrárinnar.

XIV. HLUTI

Tóbak

Tóbaksgeirinn skal ná til hrátóbaks eða óunnins tóbaks og tóbaksúrgangs sem fellur undir SN-númer 2401.

XV. HLUTI

Nauta- og kálfakjöt

Nauta- og kálfakjötsgeirinn skal ná til þeirra afurða sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

SN-númer	Lýsing
a) 01022905 til 01022999, 01023910 og 01029091	Lifandi dýr af nautgripakyni, önnur en hreinræktuð dýr til undaneldis
0201	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt
0202	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst
02061095	Þind og þindarvöðvi, ný eða kæld
02062991	Þind og þindarvöðvi, fryst
021020	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt
02109951	Þind og þindarvöðvi, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt
02109990	Ætt mjól, einnig fínmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum
16025010	Annað kjöt eða kjötinnmatur úr dýrum af nautgripakyni, unnið eða varið skemmdum, ósoðið; blöndur af soðnu kjöti eða sláturmat og ósoðnu kjöti eða sláturmat
16029061	Annað kjöt eða sláturmatur úr dýrum af nautgripakyni, sem inniheldur kjöt úr nautgripum, ósoðið; blöndur af soðnu kjöti eða sláturmat og ósoðnu kjöti eða sláturmat
b) 010221, 01023100 og 01029020	Lifandi hreinræktuð dýr af nautgripakyni til undaneldis
02061098	Ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni, að þind og þindarvöðva undanskildum, nýir eða kældir, annað en það sem er notað í framleiðslu á lyfjum
02062100 02062200 02062999	Ætur innmatur úr dýrum af nautgripakyni, að þind og þindarvöðva undanskildum, frystir, annað en það sem er notað í framleiðslu á lyfjum
02109959	Ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni, saltaðir, í saltlegi, þurrkaðir eða reyktir, annað en þind og þindarvöðvi

SN-númer	Lýsing
úr 15021090	Fita af dýrum af nautgripaætt, þó ekki vörur í 1503
16025031 og 16025095	Annað kjöt eða kjötinnmatur af dýrum af nautgripakyni, unninn eða varinn skemmdum, annað en ósoðið kjöt eða kjötinnmatur og blöndur af soðnu kjöti eða sláturmat og soðnu kjöti eða sláturmat
16029069	Annað kjöt, unnið eða varið skemmdum, sem inniheldur kjöt eða sláturmat úr dýrum af nautgripakyni, annað en ósoðið, og blöndur af soðnu kjöti eða sláturmat og ósoðnu kjöti eða sláturmat

XVI. HLUTI

Mjólk og mjólkurafurðir

Mjólkur- og mjólkurafurðageirinn skal ná til þeirra afurða sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

SN-númer	Lýsing
a) 0401	Mjólk og rjómi, þó ekki kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni
b) 0402	Mjólk og rjómi, kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni
c) 04031011 til 04031039 04039011 til 04039069	Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefir og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaóí
d) 0404	Mysa, einnig kjörnuð eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni; vörur úr náttúrulegum efnisþáttum mjólkur, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, ót.a.
e) úr 0405	Smjör og önnur fita og olía fengið úr mjólk; mjólkurviðbit með fituinnihald sem er meira en 75% en minna en 80%
f) 0406	Ostur og ystingur
g) 17021900	Laktósi og laktósasíróp sem innihalda hvorki bragðefni né litarefni, sem innihalda miðað við þyngd þurrefnis minna en 99% af laktósa, sem nefndur er vatnsfrír laktósi
h) 21069051	Laktósasíróp með bragðefnum eða litarefnum
i) úr 2309	Framleiðsla til dýraeldis:
úr 230910	– Hunda- eða kattafóður í smásöluumbúðum:
23091015	– – Inniheldur sterkju, glúkósa, glúkósasíróp, maltódestrín eða maltódestrínsíróp úr undirliðum 17023050, 17023090, 17024090, 17029050 og 21069055 eða mjólkurafurðir
23091019	
23091039	
23091059	
23091070	
úr 230990	– Annað:
23099035	– – Annað, þ.m.t. forblöndur:
23099039	– – Inniheldur sterkju, glúkósa, glúkósasíróp, maltódestrínsíróp úr undirliðum 17023050, 17023090, 17024090, 17029050 og 21069055 eða mjólkurafurðir
23099049	
23099059	
23099070	

XVII. HLUTI

Svínakjöt

Svínakjötsgeirinn skal ná til þeirra afurða sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

SN-númer	Lýsing
a) úr 0103	Lifandi svín sem teljast til húsdýra, önnur en hreinræktuð dýr til undaneldis
b) úr 0203	Svínakjöt, nýtt, kælt eða fryst
úr 0206	Ætir hlutar af alisvínunum, aðrir en þeir sem eru notaðir í framleiðslu á lyfjum, nýtt, kælt eða fryst
020910	Svínafiti, án magurs kjöts, ekki brædd eða úrdregin á annan hátt, ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt
úr 0210	Kjöt og ætir hlutar af alisvínunum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt
150110	Svínafeiti (þar með talin hreinsuð svínafeiti (lard))
150120	
c) 160100	Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti, hlutum af dýrum eða blóði; matvæli gerð aðallega úr þessum vörum
16021000	Jafnblönduð matvæli úr kjöti, kjötinnmat eða blóð
16022090	Unnar vörur eða tilreiddar úr lifur dýra, annarra en gæsa eða anda
16024110	Aðrar vörur, tilreiddar eða varðar skemmdum, sem innihalda kjöt eða sláturmat úr alisvínunum
16024210	
16024911 til	
16024950	
16029010	Framreiðsla úr hvers konar dýrablóði
16029051	Aðrar vörur, tilreiddar eða varðar skemmdum, sem innihalda kjöt eða sláturmat úr alisvínunum
19022030	Fyllt pasta, einnig soðin eða unnin á annan hátt, sem inniheldur meira en 20% miðað við þyngd af pylsum o.þ.h., af kjöti og kjötinnmat úr dýrum, þ.m.t. fita af hvaða tegund eða uppruna sem er

XVIII. HLUTI

Kindakjöt og geitakjöt

Kinda- og geitakjötsgeirinn skal ná til þeirra afurða sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu:

SN-númer	Lýsing
a) 01041030	Lömb (allt að eins árs)
01041080	Lifandi sauðfé annað en hreinræktuð dýr til undaneldis og lömb
01042090	Lifandi geitur aðrar en hreinræktuð dýr til undaneldis
0204	Kinda- eða geitakjöt, nýtt, kælt eða fryst
02109921	Kinda- eða geitakjöt, með beini, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt
02109929	Kinda- eða geitakjöt, beinlaust, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt
b) 01041010	Lifandi sauðfé — hreinræktuð dýr til undaneldis
Kýpur	μοσχάρι γάλακτος
Lettland	Teļa gaļa
Litáen	Veršiena
Lúxemborg	veau, viande de veau/Kalbfleisch
Ungverjaland	Borjúhús
Malta	Vitella
Holland	Kalfsvlees
Austurríki	Kalbfleisch
Pólland	Cielęcina
Portúgal	Vitela
Rúmenía	carne de vițel
Slóvenía	Teletina
Slóvakía	Tefacie mäso
Finnland	vaalea vasikanliha/ljust kalvkött
Svíþjóð	ljúst kalvkött
Bretland	Veal

B) Að því er varðar kjöt af nautgripum eldri en 8 mánaða en yngri en 12 mánaða (auðkennisstafur flokksins: Z):

Land þar sem kjötið er sett á markað	Vörulýsingar sem skal nota
Belgía	jeune bovin, viande de jeune bovin/jongrundvlees/Jungrindfleisch
Búlgaría	Телешко месо
Tékkland	hovězí maso z mladého skotu
Danmörk	Kalvekød
Þýskaland	Jungrindfleisch
Eistland	noorloomaliha
Írland	rosé veal
Grikkland	vealó μοσχάρι
Spánn	Ternera, carne de ternera
Frakkland	jeune bovin, viande de jeune bovin
Króatía	mlada junetina
Ítalía	vitellone, carne di vitellone
Kýpur	vealó μοσχάρι
Lettland	jaunlopa gaļa
Litáen	Jautiena
Lúxemborg	jeune bovin, viande de jeune bovin/Jungrindfleisch
Ungverjaland	Növendék marha húsa
Malta	Vitellun
Holland	rosé kalfsvlees
Austurríki	Jungrindfleisch
Pólland	młoda wołowina
Portúgal	Vitelão

Rúmenía	carne de tineret bovin
Slóvenía	meso težjih telet
Slóvakía	mäso z mladého dobytkä
Finnland	vasikanliha/kalvkött
Svíþjóð	Kalvkött
Bretland	Beef

- Við vörulýsinguna sem um getur í 1. mgr. má bæta tilgreiningu á heiti eða tákun kjötstykkianna eða innmatsins sem um er að ræða.
- Einungis skal nota vörulýsingarnar, sem eru tilgreindar fyrir flokk V í A-lið töflunnar í 1. mgr., og öll ný heiti sem eru dregin af þessum vörulýsingum, ef kröfurnar í þessum viðauka eru uppfylltar.

Einkum skal ekki nota hugtökin „veau“, „teleci“, „Kalb“, „μσχάρι“, „ternera“, „kalv“, „veal“, „vitello“, „vitella“, „kalf“, „vitela“ og „teletina“ í vörulýsingum eða tilgreina þau á merkingum kjöts af nautgripum eldri en 12 mánaða.

- Skilyrðin sem um getur í 1. mgr. gilda ekki um kjöt af nautgripum með upprunatákun eða landfræðilega merkingu sem nýtur verndar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1151/2012 og var skráð fyrir 29. júní 2007.

IV. Lögboðnar upplýsingar á merkimiða

- Með fyrirvara um tilskipun 2000/13/EB, reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 og 13., 14. og 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1760/2000 skulu rekstraraðilar, á hverju stigi framleiðslu og markaðssetningar, merkja kjöt nautgripa, yngri en 12 mánaða, með eftirfarandi upplýsingum:
 - vörulýsingunni í samræmi við III. lið þessa hluta,
 - aldur dýranna við slátrun, tilgreint, eftir atvikum, á miðanum:
 - „aldur við slátrun: yngri en 8 mánaða“,
 - „aldur við slátrun: eldri en 8 mánaða en yngri en 12 mánaða“.

Þrátt fyrir b-lið fyrstu undirgreinar geta rekstraraðilar sett tilgreiningu á flokknum í staðinn fyrir tilgreiningu á aldri við slátrun, eftir því sem við á: „flokkur V“ eða „flokkur Z“ á þeim stigum sem koma á undan afhendingu til lokaneytanda.

- Ef um er að ræða kjöt af nautgripum, yngri en 12 mánaða, sem er boðið lokaneytendum til sölu óinnpakkað á smásölu stað skulu aðildarríkin mæla fyrir um reglur um hvernig tilgreina skuli þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr.

V. Skráning

Rekstraraðilar skulu skrá eftirfarandi upplýsingar á hverju stigi framleiðslu og markaðssetningar:

- auðkennisnúmer og fæðingardagsetningu dýranna, einungis í sláturhúsinu,
- tilvísunarnúmer sem gerir kleift að koma á tengslum, annars vegar milli auðkenningar dýranna sem kjötið er fengið af og hins vegar vörulýsingarinnar, aldurs við slátrun og auðkennisstafs flokksins sem er gefinn upp á merkimiðanum fyrir kjötið,
- komudag dýranna og kjötsins á starfsstöðina og brottfarardag þeirra frá henni.

VI. Opinbert eftirlit

- Aðildarríkin skulu tilnefna lögbært yfirvald eða yfirvöld sem bera ábyrgð á opinberu eftirliti sem fer fram til að sannreyna beitingu þessa hluta og upplýsa framkvæmdastjórnina um það.

2. Opinbert eftirlit skal vera í höndum lögbærs yfirvalds eða yfirvalda í samræmi við þær almennu meginreglur sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 ⁽⁵⁰⁾.
3. Þegar þess er þörf skulu sérfræðingar Sambandsins, í samstarfi við hlutaðeigandi lögbær yfirvöld og, eftir atvikum, sérfræðinga aðildarríkjanna, framkvæma skyndiskoðanir til að sjá til þess að ákvæði þessa viðauka séu framkvæmd.
4. Aðildarríki sem hafa yfirráð yfir þeim svæðum þar sem skoðanir fara fram skulu veita framkvæmdastjórninni alla nauðsynlega aðstoð sem hún kann að þurfa til að geta sinnt verkefnum sínum.
5. Að því er varðar kjöt sem er flutt inn frá þriðju löndum skal lögbært yfirvald sem þriðja landið tilnefnir eða, eftir atvikum, sjálfstæður þriðji aðili, sjá til þess að kröfurnar í þessum hluta séu uppfylltar. Sjálfstæði aðilinn skal veita fulla tryggingu fyrir því að farið sé að skilyrðunum sem mælt er fyrir um í Evrópustaðli EN 45011 eða ISO/IEC-leiðbeiningum 65.

II. HLUTI

Flokkar vínræktarafurða

1) Vín

„Vín“ er afurð sem er fengin eingöngu með alkóhólgerjun, heildar- eða hlutgerjun, ferskra þrúgna, hvort sem þær eru kramdar eða ekki, eða þrúgumusts.

Vín skal:

- a) hafa, hvort sem vinnslan, sem er tilgreind í B-þætti I. hluta VIII. viðauka a hefur farið fram eða ekki, ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál en 8,5%, að því tilskildu að vínið hafi eingöngu verið framleitt úr þrúgum tándum á vínræktarsvæðum A og B, sem um getur í I. viðbæti við þennan viðauka, og ekki minni en 9% miðað við rúmmál á öðrum vínræktarsvæðum,
- b) hafa, þrátt fyrir gildandi lágmark um raunverulegan alkóhólstyrkleika, ef vínið er með verndaða upprunatakun eða verndaða, landfræðilega merkingu, einnig að lokinni beitingu vinnsluferlanna sem tilgreind eru í B-þætti I. hluta VIII. viðauka, ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 4,5% miðað við rúmmál,
- c) hafa ekki meiri heildaralkóhólstyrkleika en 15% miðað við rúmmál. Hinsvegar og þrátt fyrir þetta:
 - má hækka efri mörk fyrir heildaralkóhólstyrkleika upp í 20% miðað við rúmmál þegar um er að ræða vín frá tilteknum vínræktarsvæðum Sambandsins sem hafa verið framleidd án nokkurrar auðgunar, sem framkvæmdastjórnin ákvarðar með framseldum gerðum í samræmi við 2. mgr. 75. gr.,
 - mega efri mörk fyrir heildaralkóhólstyrkleika fara yfir 15% miðað við rúmmál þegar um er að ræða vín með verndaða upprunatakun sem hafa verið framleidd án auðgunar,
- d) hafa, með fyrirvara um undanþágur sem framkvæmdastjórnin kann að samþykkja með framseldum gerðum í samræmi við 2. mgr. 75. gr., heildarsýruinnihald, gefið upp sem vínsýra, sem er ekki minna en 3,5 grömm á lítra eða 46,6 millijafngildi á lítra.

„Retsina“ er vín sem er eingöngu framleitt á yfirráðasvæði Grikklands, úr þrúgumusti sem er meðhöndlað með resíni úr aleppófurum. Notkun resíns úr aleppófurum er einungis leyfð við gerð „retsina“-víns í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í viðeigandi grískum ákvæðum.

Þrátt fyrir b-lið annars undirliðar teljast „Tokaji eszencia“ og „Tokajská esencia“ vera vín.

Þó geta aðildarríkin heimilað notkun „vín“ ef:

- a) því fylgir, í samsettu heiti, heiti aldins til að markaðssetja afurðir fengnar með gerjun annarra aldina en þrúgna eða
- b) það er hluti af samsettu heiti.

Förðast skal að rugla því saman við afurðir sem samsvara vínflokkunum í þessum viðauka.

⁽⁵⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fæður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt (Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1).

2) Nýtt vín sem er enn í gerjun

„Nýtt vín, sem er enn í gerjun“ er afurð þar sem alkóhólgerjun er enn ekki lokið og dreggjarnar hafa ekki verið skildar frá.

3) Líkjörvín

„Líkjörvín“ er afurð:

a) sem hefur raunverulegan alkóhólstyrkleika sem er ekki minni en 15% og ekki meiri en 22% miðað við rúmmál,

b) sem hefur heildaralkóhólstyrkleika sem er ekki minni en 17,5% miðað við rúmmál, að undanskildum tilteknum líkjörvínnum með upprunatáknun eða landfræðilega merkingu sem er að finna í skrá sem framkvæmdastjórnin skal taka saman með framseldum gerðum í samræmi við 2. mgr. 75. gr.,

c) sem fæst úr:

— þrúgumusti í gerjun,

— víni,

— blöndu framangreindra afurða eða

— þrúgumusti eða blöndu þess og vins að því er varðar tiltekin líkjörvín með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu, sem framkvæmdastjórnin ákvarðar með framseldum gerðum í samræmi við 2. mgr. 75. gr.,

d) sem hefur upphaflegan styrk náttúrulegs alkóhóls sem er ekki minni en 12% miðað við rúmmál, að undanskildum tilteknum líkjörvínnum með verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu sem er að finna í skrá sem framkvæmdastjórnin skal taka saman með framseldum gerðum í samræmi við 2. mgr. 75. gr.,

e) sem eftirfarandi hefur verið bætt við:

i. einu sér eða í samsetningu:

— hreinum vínanda úr víni, þ.m.t. alkóhól framleitt með eimingu á þurrkuðum þrúgum, með ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 96% miðað við rúmmál,

— véneimi eða eimi úr þurrkuðum þrúgum, með ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 52% og ekki meiri en 86% miðað við rúmmál,

ii. ásamt einni eða fleiri af eftirfarandi afurðum, eftir því sem við á:

— þrúgumustsþykkni,

— samsetningu einnar af afurðunum, sem um getur í i. lið e-liðar, og þrúgumusts, sem um getur í fyrsta og fjórða undirlið c-liðar,

f) sem við hefur verið bætt, þrátt fyrir e-lið og svo fremi að um sé að ræða tiltekin líkjörvín með verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu sem er að finna í skrá sem framkvæmdastjórnin skal taka saman með framseldum gerðum í samræmi við 2. mgr. 75. gr.,

i. annarri hvorri afurðinni, sem er talin upp í i. lið e-liðar, einni sér eða í samsetningu, eða

ii. einni eða fleirum eftirfarandi afurðum:

— alkóhóli úr víni eða alkóhóli úr þurrkuðum þrúgum, með ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 95% og ekki meiri en 96%, miðað við rúmmál,

— brenndu víni eimuðu úr víni eða þrúguhrati, með ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 52% og ekki meiri en 86%, miðað við rúmmál,

— brenndu víni eimuðu úr þurrkuðum þrúgum, með ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 52% og ekki meiri en 94,5%, miðað við rúmmál og

iii. einni eða fleiri af eftirfarandi afurðum, eftir því sem við á:

- hlutgerjuðu þrúgumusti, fengnu úr léttþurrkuðum þrúgum,
- þrúgumustsþykkni, fengnu með beinni hitun, og sem er, að undanskilinni þessari aðgerð, í samræmi við skilgreininguna á þrúgumustsþykkni,
- þrúgumustsþykkni,
- samsetningu einnar af afurðunum, sem eru taldar upp í ii. lið f-liðar, og þrúgumusts, sem um getur í fyrsta og fjórða undirlið c-liðar.

4) Freyðivín

„Freyðivín“ er afurð:

- a) sem fæst við fyrstu eða aðra alkóhólgerjun:
 - ferskra þrúgna,
 - þrúgumusts eða
 - víns,
- b) sem koltvísýringur, sem stafar eingöngu af gerjun, losnar úr þegar ílátið er opnað,
- c) sem í er, vegna koltvísýrings í lausninni, umframþrýstingur sem er ekki undir 3 börum þegar vínið er geymt við 20 °C hita í lokuðum ílátum og
- d) þar sem heildaralkóhólstyrkleiki vínlagananna, sem ætlaðar eru til framleiðslu þeirra, skal ekki vera minni en 8,5% miðað við rúmmál.

5) Gæðafreyðivín

„Gæðafreyðivín“ er afurð:

- a) sem fæst við fyrstu eða aðra alkóhólgerjun:
 - ferskra þrúgna,
 - þrúgumusts eða
 - víns,
- b) sem koltvísýringur, sem stafar eingöngu af gerjun, losnar úr þegar ílátið er opnað,
- c) sem í er, vegna koltvísýrings í lausninni, umframþrýstingur sem er ekki undir 3,5 börum þegar vínið er geymt við 20 °C hita í lokuðum ílátum og
- d) þar sem heildaralkóhólstyrkleiki vínlagananna, sem ætlaðar eru til framleiðslu þeirra, skal ekki vera minni en 9% miðað við rúmmál.

6) Ilmrikt gæðafreyðivín

„Ilmrikt gæðafreyðivín“ er gæðafreyðivín:

- a) sem fæst með því að nota eingöngu, þegar vínögunin er blönduð, þrúgumust eða þrúgumust í gerjun, sem kemur úr tilteknum vínþrúguyrkjum sem er að finna í skrá sem framkvæmdastjórnin skal taka saman með framseldum gerðum í samræmi við 2. mgr. 75. gr.

Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um ilmrikt gæðafreyðivín, sem hefur er fyrir að framleiða með því að nota vín í vínögunina, með framseldum gerðum í samræmi við 2. mgr. 75. gr.,

- b) sem í er, vegna koltvísýrings í lausninni, umframþrýstingur sem er ekki undir 3 börum þegar vínið er geymt við 20 °C hita í lokuðum ílátum,
- c) þar sem raunverulegur alkóhólstyrkleiki má ekki vera minni en 6% miðað við rúmmál og
- d) þar sem heildaralkóhólstyrkleiki má ekki vera minni en 10% miðað við rúmmál.
- 7) Loftblandað freyðivín
- „Loftblandað freyðivín“ er afurð sem:
- a) er fengin úr víni sem er ekki með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu,
- b) koltvísýringur losnar úr þegar ílátíð er opnað, sem stafar, í heild eða að hluta til, af því að gasi hefur verið bætt í vínið og
- c) í er, vegna koltvísýrings í lausninni, umframþrýstingur sem er ekki undir 3 börum þegar vínið er geymt við 20 °C hita í lokuðum ílátum.
- 8) Hálfreyðandi vín
- „Hálfreyðandi vín“ er afurð sem:
- a) er fengin úr víni, nýju víni sem enn er í gerjun, þrúgumusti eða þrúgumusti sem er í gerjun að því tilskildu að heildaralkóhólstyrkleiki þessara afurða sé ekki minni en 9% miðað við rúmmál,
- b) hefur ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 7% miðað við rúmmál,
- c) hefur umframþrýsting, vegna eigin koltvísýrings í lausninni, sem er ekki undir 1 bari og ekki yfir 2,5 börum þegar vínið er geymt við 20 °C hita í lokuðum ílátum, og
- d) er sett í 60 lítra ílát eða minni.
- 9) Loftblandað, hálfreyðandi vín
- „Loftblandað, hálfreyðandi vín“ er afurð sem:
- a) er fengin úr víni, nýju víni sem enn er í gerjun, þrúgumusti eða þrúgumusti sem er í gerjun,
- b) hefur ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 7% miðað við rúmmál og ekki minni heildaralkóhólstyrkleika en 9% miðað við rúmmál,
- c) hefur umframþrýsting sem er ekki undir 1 bari og ekki yfir 2,5 börum þegar vínið er geymt við 20 °C hita í lokuðum ílátum, vegna koltvísýrings í lausninni sem hefur verið bætt við í heild eða að hluta og
- d) er sett í 60 lítra ílát eða minni.
- 10) Þrúgumust
- „Þrúgumust“ er fljótandi afurð, fengin úr ferskum þrúgum með náttúrulegum eða eðlisrænum aðferðum. Leyfilegur, raunverulegur alkóhólstyrkleiki þrúgumusts má vera allt að 1% miðað við rúmmál.
- 11) Hlutgerjað þrúgumust
- „Þrúgumust í gerjun“ er afurð fengin með gerjun þrúgumusts, sem hefur meira en 1% raunverulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál, en minna en þrjá fimmtu af heildaralkóhólstyrkleika miðað við rúmmál.
- 12) Hlutgerjað þrúgumust, fengið úr léttþurrkuðum þrúgum
- „Þrúgumust í gerjun, sem fengið er úr léttþurrkuðum þrúgum“ er afurð fengin með hlutgerjun þrúgumusts úr léttþurrkuðum þrúgum, með heildarsykurinnihald fyrir gerjun sem nemur a.m.k. 272 grömmum á lítra og náttúrulegan og raunverulegan alkóhólstyrkleika sem er ekki minni en 8% miðað við rúmmál. Þó teljast tiltekin vín, sem framkvæmdastjórnin ákveður með framseldum gerðum í samræmi við 2. mgr. 75. gr., sem uppfylla þessi skilyrði, ekki til þrúgumusts í gerjun sem fengið er úr léttþurrkuðum þrúgum.

13) Þrúgumustsþykkni

„Þrúgumustsþykkni“ er óbrennt þrúgumust sem fæst með því að vatnssneyða þrúgumust að hluta til með leyfilegri aðferð annarri en beinni hitun, þannig að ljósbrotsmælir, sem er notaður í samræmi við aðferð sem verður lýst í samræmi við fyrstu undirgrein 5. mgr. 80. gr. og d-lið fyrstu undirgreinar 91. gr., sýni við 20 °C ekki lægri tölu en 50,9%.

Leyfilegur, raunverulegur alkóhólstyrkleiki þrúgumustsþykknis má vera allt að 1% miðað við rúmmál.

14) Hreinsað þrúgumustsþykkni

„Hreinsað þrúgumustsþykkni“ er:

a) fljótandi, óbrennd afurð sem:

- i. er fengin með því að vatnssneyða þrúgumust að hluta til með leyfilegri aðferð annarri en beinni hitun, þannig að ljósbrotsmælir, sem er notaður í samræmi við aðferð sem verður lýst í samræmi við fyrstu undirgrein 5. mgr. 80. gr. og d-lið fyrstu undirgreinar 91. gr., sýni við 20 °C ekki lægri tölu en 61,7%,
- ii. hefur farið í gegnum leyfilega meðferð til afsýringar og fjarlægingar á öðrum innihaldsefnum en sykri,
- iii. hefur eftirfarandi einkenni:
 - pH-gildi er ekki yfir 5 við 25 Brix-gráður,
 - ljóspéttni er ekki yfir 0,100 í þrúgumusti sem er þykkt í 25 Brix-gráður við 425 nm og 1 cm þykkt,
 - súkrósainnihaldið er ógreinanlegt með greiningaraðferð sem verður skilgreind nánar,
 - Folin-Ciocalteu-tölu sem er ekki hærri en 6,00 við 25 Brix-gráður,
 - títranlegt sýruinnihald er ekki yfir 15 millijafngildum á kílógramm heildarsykurinnihalds,
 - innihald brennisteinsdíoxíðs er ekki yfir 25 milligrömmum á kílógramm heildarsykurinnihalds,
 - heildarinnihald plúsjóna er ekki yfir 8 millijafngildum á kílógramm heildarsykurinnihalds,
 - eðlisleiðni við 25 Brix-gráður og 20 °C er ekki hærri en 120 µS/cm,
 - hýdroxýmetýlfúrfúralinnihald er ekki yfir 25 milligrömmum á kílógramm heildarsykurinnihalds,
 - mesóínósítól er fyrir hendi.

b) föst, óbrennd afurð sem:

- i. er fengin með kristöllum fljótandi, hreinsaðs þrúgumustsþykknis án notkunar leysa,
- ii. hefur farið í gegnum leyfilega meðferð til afsýringar og fjarlægingar á öðrum innihaldsefnum en sykri,
- iii. hefur eftirfarandi einkenni eftir þynningu í lausn við 25 Brix-gráður:
 - pH-gildi er ekki yfir 7,5,
 - ljóspéttni við 425 nm er ekki yfir 0,100 við 1 cm þykkt,
 - súkrósainnihaldið er ógreinanlegt með greiningaraðferð sem verður skilgreind nánar,
 - Folin-Ciocalteu-tala er ekki hærri en 6,00,
 - títranlegt sýruinnihald er ekki yfir 15 millijafngildum á kílógramm heildarsykurinnihalds,
 - innihald brennisteinsdíoxíðs er ekki yfir 10 milligrömmum á kílógramm heildarsykurinnihalds,

- heildarinnihald plúsjóna er ekki yfir 8 millíjafngildum á kílógramm heildarsykurinnihalds,
- eðlisleiðni við 20 °C er ekki hærri en 120 µS/cm,
- hýdroxýmetylfúrfúralinnihald er ekki yfir 25 milligrömmum á kílógramm heildarsykurinnihalds,
- mesínósítól er fyrir hendi.

Leyfilegur, raunverulegur alkóhólstyrkleiki hreinsaðs þrúgumustsþykknis má vera allt að 1% miðað við rúmmál.

15) Vín úr léttþurrkuðum þrúgum

„Vín úr léttþurrkuðum þrúgum“ er afurð sem:

- a) er framleidd án auðgunar, úr þrúgum sem hafa verið látnar liggja í sól eða skugga til að vatnssneyða þær að hluta til,
- b) hefur a.m.k. 16% heildaralkóhólstyrkleika miðað við rúmmál og a.m.k. 9% raunverulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál og
- c) hefur a.m.k. 16% styrk náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál (eða 272 grömm af sykri á lítra).

16) Vín úr ofþroskuðum þrúgum

„Vín úr ofþroskuðum þrúgum“ er afurð sem:

- a) er framleidd án auðgunar,
- b) hefur náttúrulegan alkóhólstyrkleika sem er yfir 15% miðað við rúmmál,
- c) hefur heildaralkóhólstyrkleika sem er ekki minni en 15% miðað við rúmmál og raunverulegan alkóhólstyrkleika sem er ekki minni en 12% miðað við rúmmál.

Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um þroskunartíma fyrir þessa afurð.

17) Vínedik

„Vínedik“ er edik sem:

- a) er fengið eingöngu með ediksýrugerjun víns og
- b) hefur heildarinnihald síru sem er ekki undir 60 grömmum á lítra, gefið upp sem ediksýra.

III. HLUTI

Mjólk og mjólkurafurðir

1. „Mjólk“ á einungis við um eðlilega mjólkurseytingu sem fæst við einar eða fleiri mjaltir, án þess að nokkru sé bætt við né nokkuð fjarlæggt.

Þó má nota hugtakið „mjólk“:

- a) yfir mjólk sem hefur verið meðhöndluð, án þess að samsetningu hennar hafi verið breytt, og yfir mjólk með staðlað fituinnihald skv. IV. hluta,
 - b) ásamt öðru orði eða orðum til að tilgreina tegund, gæði, uppruna og/eða fyrirhugaða notkun mjólkurinnar eða til að lýsa eðlisfræðilegri meðhöndlun hennar eða breytingu á samsetningu hennar, að því tilskildu að sú breyting felist eingöngu í því að bæta við náttúruleg innihaldsefni mjólkurinnar og/eða fjarlægja þau.
2. Að því er varðar þennan hluta merkir hugtakið „mjólkurafurðir“ afurðir sem eru eingöngu unnar úr mjólk í þeim skilningi að bæta má við efnum sem eru nauðsynleg til framleiðslu afurðanna, svo fremi að þessi efni séu ekki notuð til að koma í heild sinni eða að hluta í staðinn fyrir innihaldsefni mjólkur.

Eftirfarandi á eingöngu við um mjólkurafurðir.

a) eftirfarandi heiti sem skulu notuð á öllum stigum setningar þeirra á markað:

- i. mysa,
- ii. rjómi,
- iii. smjör,
- iv. áfir,
- v. smjörolía,
- vi. kasein,
- vii. vatnsfrí mjólkurfita,
- viii. ostur,
- ix. jógúrt,
- x. kefir,
- xi. kúmis,
- xii. vili/fil,
- xiii. smetana,
- xiv. fil,
- xv. rjaženka,
- xvi. rūgušpiens,

b) heiti eða nöfn, í skilningi 5. gr. tilskipunar 2000/13/EB eða 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011, sem eru í raun notuð yfir mjólkurafurðir.

3. Hugtakið „mjólk“ og heitin, sem eru notuð yfir mjólkurafurðir, má einnig nota ásamt öðru orði eða orðum til að tilgreina samsettar afurðir, þ.e. afurðir þar sem enginn efnishluti kemur eða er ætlað að koma í stað innihaldsefna mjólkur og þar sem mjólk eða mjólkurvara er mikilvægur þáttur, annaðhvort að því er varðar magn eða einkenni afurðarinnar.
4. Að því er varðar mjólk skal taka fram úr hvaða dýrategund mjólkin kemur ef hún kemur ekki úr nautgripum.
5. Ekki má nota heitin sem um getur í 1., 2. og 3. lið fyrir aðrar afurðir en þær sem þar um getur.

Þó gildir þetta ákvæði ekki um heiti afurða sem nákvæmlega er vitað hvers eðlis eru vegna hefðbundinnar notkunar þeirra og/eða ef heitin eru greinilega notuð til að lýsa einkennandi eiginleikum afurðarinnar.

6. Að því er varðar afurðir, aðrar en þær sem lýst er í 1., 2. og 3. lið þessa hluta, má ekki nota merkimiða, viðskiptaskjöl, kynningarefni né annað form auglýsinga, eins og þær eru skilgreindar í 2. gr. tilskipunar ráðsins 2006/114/EB⁽⁵¹⁾, eða annað form kynningar þar sem fullt er eða látið að því liggja eða gefið í skyn að afurðin sé mjólkurafurð.

Þegar um er að ræða afurð sem inniheldur mjólk eða mjólkurafurðir er þó einungis heimilt að nota heitið „mjólk“ eða heitin, sem um getur í öðrum undirlið 2. liðar þessa hluta, til að lýsa grunnhræfnum og til að telja upp innihaldsefnið í samræmi við tilskipun 2000/13/EB. eða reglugerð (ESB) nr. 1169/2011.

⁽⁵¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/114/EB frá 12. desember 2006 um villandi auglýsingar og samanburðarauglýsingar (Stjtið. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 21).

IV. HLUTI

Mjólk til manndís sem fellur undir SN-númer 0401

I. Skilgreiningar

Í þessum hluta er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „mjólk“: afurð sem fæst með því að mjólka eina eða fleiri kýr,
- b) „neyslumjólk“: afurð sem um getur í III. lið og er ætluð til afhendingar til neytenda án frekari vinnslu,
- c) „fituinnihald“: mjólkurfituinnihald mjólkur sem massahlutfall í hundraðshlutum,
- d) „prótíninnihald“: prótíninnihald mjólkur sem massahlutfall í hundraðshlutum (fengið með því að margfalda heildarköfnunarefnisinnihald mjólkur, sem er gefið upp sem hundraðshluti af massa, með 6,38).

II. Afhending eða sala til lokaneytandans

1. Einungis má afhenda eða selja mjólk án vinnslu til neytenda, annaðhvort beint eða í gegnum milliliði sem eru veitingastaðir, sjúkrahús, mótuneyti eða önnur svipuð stóreldhús, ef mjólkinn uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um fyrir neyslumjólk.
2. Vörulýsingarnar, sem nota skal fyrir þessar afurðir, skulu vera þær sömu og eru tilgreindar í III. lið. Þær lýsingar skulu einungis notaðar fyrir afurðir sem um getur í þeim lið, án þess að það hafi áhrif á notkun þeirra í samsettum lýsingum.
3. Aðildarríkin skulu samþykkja ráðstafanir í því skyni að upplýsa neytendur um eðli og samsetningu viðkomandi afurða ef líklegt er að skortur á slíkum upplýsingum valdi ruglingi.

III. Neyslumjólk

1. Eftirfarandi afurðir skulu teljast til neyslumjólkur:
 - a) hrámmjólk: mjólk sem hefur ekki verið hituð í meira en 40 °C né fengið aðra meðferð sem hefur samsvarandi áhrif,
 - b) nýmmjólk: hitameðhöndluð mjólk sem uppfyllir eftirfarandi kröfur að því er varðar fituinnihald:
 - i. stöðluð nýmmjólk: mjólk með fituinnihaldi sem er a.m.k. 3,50% (massahlutfall). Þó geta aðildarríkin kveðið á um viðbótarflokk fyrir nýmmjólk með fituinnihaldi sem er a.m.k. 4,00% (massahlutfall),
 - ii. óstöðluð nýmmjólk: mjólk með fituinnihaldi sem hefur ekki verið breytt frá mjóltum með því að bæta mjólkurfitu við eða fjarlægja hana eða með blöndun við mjólk þar sem náttúrulegu fituinnihaldi hefur verið breytt. Þó má fituinnihaldið ekki vera lægra en 3,50% (massahlutfall),
 - c) léttmjólk: hitameðhöndluð mjólk með fituinnihaldi sem hefur verið lækkað niður í minnst 1,50% (massahlutfall) og mest 1,80% (massahlutfall),
 - d) undanrenna: hitameðhöndluð mjólk með fituinnihaldi sem hefur verið lækkað niður í mest 0,50% (massahlutfall).

Hitameðhöndluð mjólk, sem ekki uppfyllir kröfurnar um fituinnihald sem mælt er fyrir um í b, c, og d-lið fyrsta undirliðar, skal teljast til neyslumjólkur að því tilskildu að fituinnihald hennar sé greinilega tilgreint með einum tugastaf og sé auðlæsilegt á umbúðunum á forminu „... % fita“. Slíkri mjólk skal ekki lýst sem nýmmjólk, léttmjólk eða undanrennu.

2. Með fyrirvara um ii. lið b-liðar 1. mgr. skal einungis leyfilegt að gera eftirfarandi breytingar:
 - a) til að uppfylla kröfur varðandi fituinnihald neyslumjólkur: að breyta náttúrulegu fituinnihaldi með því að fjarlægja rjóma eða bæta honum við eða með því að bæta nýmmjólk, léttmjólk eða undanrennu við,

- b) að bæta mjólkurprótinum, ólífrænum söltum eða vítamínum við mjólkina, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 ⁽⁵²⁾,
- c) að skerða laktósainnihald með ummyndun í glúkósa og galaktósa.

Breytingarnar á samsetningu mjólkur, sem um getur í b- og c-lið, skulu því aðeins leyfðar að þær séu tilgreindar á umbúðum vörunnar með óafmáanlegu lettri sem er auðsjáanlegt og auðlæsilegt. Þó að slíkar upplýsingar séu tilgreindar veitir það ekki lausn undan skyldunni um næringarmerkingu sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 1169/2011. Ef prótínum er bætt við skal prótínnihald mjólkurinnar vera minnst 3,8% (massahlutfall).

Þó geta aðildarríkin takmarkað eða bannað breytingarnar á samsetningu mjólkur sem um getur í b- og c-lið.

3. Neyslumjólk skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

- a) frostmark hennar skal vera nálægt meðalfrostmarkinu sem er skráð fyrir hrámjólk á upprunasvæði mjólkurinnar sem safnað var,
- b) massi hennar skal ekki vera minni en 1028 grömm á hvern lítra af mjólk, sem inniheldur 3,5% (massahlutfall) af fitu við 20 °C, eða þyngd hennar skal jafngilda því á hvern lítra af mjólk með öðru fituinnihaldi,
- c) hún skal að lágmarki innihalda 2,9% (massahlutfall) af prótíni, þegar um er að ræða mjólk sem inniheldur 3,5% (massahlutfall) af fitu, eða prótínstyrkur hennar skal jafngilda því ef fituinnihald mjólkurinnar er annað.

V. HLUTI

Afurðir úr alifuglakjötsgeiranum

- I. Þessi hluti gildir í tengslum við setningu á markað í Sambandinu, með viðskiptum eða verslun, á tilteknum tegundum og framsetningum unnins alifuglakjöts eða unnins innmatar úr alifuglum og afurðum úr þeim, af eftirfarandi tegundum:

- *Gallus domesticus*,
- endur,
- gæsir,
- kalkúnar,
- perluhænsn.

Þessi ákvæði gilda einnig um alifuglakjöt í saltlegi sem fellur undir SN-númer 02109939.

II. Skilgreiningar

- 1) „alifuglakjöt“: alifuglakjöt sem hentar til manneldis og hefur ekki fengið aðra meðhöndlun en kuldameðhöndlun,
- 2) „nýtt alifuglakjöt“: alifuglakjöt sem hefur aldrei stífnað við kuldameðferð áður en það var geymt við hitastig sem er ekki lægra en –2 °C og ekki hærra en 4 °C. Þó geta aðildarríki mælt fyrir um lítilsháttar breyttar kröfur um hitastig fyrir þann lágmarkstíma sem þarf til að stykkja og meðhöndla nýtt alifuglakjöt í smásöluverslunum eða á athafnasvæðum við sölustaði þar sem stykkjun og geymsla tengjast eingöngu beinni afhendingu til neytenda á viðkomandi stað,
- 3) „fryst alifuglakjöt“: alifuglakjöt sem skal fryst eins fljótt og hefðbundið slátrunarferli leyfir og skal geymt við hitastig sem er aldrei hærra en –12 °C,
- 4) „hraðfryst alifuglakjöt“: alifuglakjöt sem skal geymt við hitastig sem er aldrei hærra en –18 °C, með þeim vikmörkum sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 89/108/EBE ⁽⁵³⁾,

⁽⁵²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 frá 20. desember 2006 um íblöndun vítamína og steinefna og tiltekinna annarra efna í matvæli (Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 26).

⁽⁵³⁾ Tilskipun ráðsins 89/108/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hraðfryst matvæli (Stjtið. EB L 40, 11.2.1999, bls. 34).

5) „unnið alifuglakjöt“: alifuglakjöt, þ.m.t. alifuglakjöt sem hefur verið bitað niður og sem matvælum, kryddi eða aukefnum hefur verið bætt í eða sem hefur verið sett í vinnslu sem nægir ekki til að breyta innri byggingu vöðvaþráða í kjötinu,

6) „nýtt, unnið alifuglakjöt“: unnið alifuglakjöt úr nýju alifuglakjöti.

Þó geta aðildarríki mælt fyrir um lítilsháttar breyttar kröfur um hitastig í þann lágmarkstíma sem þarf og einungis eftir því sem þurfa þykir til að auðvelda stykkjun og meðhöndlun í verksmiðjunni á meðan á framleiðslu á nýju, unnu alifuglakjöti stendur,

7) „alifuglakjötafurð“: kjötafurð eins og hún er skilgreind í lið 7.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og er unnin úr alifuglakjöti.

III. Alifuglakjöt og unnið alifuglakjöt skal sett á markað í einu af eftirfarandi ástandi:

- nýtt,
- fryst,
- hraðfryst.

VI. HLUTI

Egg hæna af tegundinni *Gallus gallus*

I. Gildissvið

1. Með fyrirvara um ákvæði 75. gr. um markaðsstaðla fyrir útungunaregg og unga alifugla í heimilsgörðum skal þessi hluti gilda í tengslum við setningu á markað í Sambandinu á eggjum sem eru framleidd í Sambandinu, innflutt frá þriðju löndum eða ætluð til útflutnings utan Sambandsins.

2. Aðildarríkin geta veitt undanþágu frá kröfunum sem kveðið er á um í þessum hluta, að undanskildum 3. lið III. liðar, fyrir egg sem framleiðandi selur beint til neytenda:

- a) á framleiðslustað eða
- b) á staðbundnum, almennum markaði eða við sölu við húsdyr eða í heimahúsum á framleiðslusvæði hlutaðeigandi aðildarríkis.

Þegar slík undanþága er veitt skal hver framleiðandi eiga kost á vali milli þess að nýta sér hana eður ei. Þegar þessi undanþága er nýtt má ekki nota neins konar gæða- og þyngdarflokkun.

Aðildarríki getur, í samræmi við eigin landslög, fastsett skilgreiningar á hugtökunum „staðbundinn, almennur markaður“, „sala við húsdyr og í heimahúsum“ og „framleiðslusvæði“.

II. Gæða- og þyngdarflokkun

1. Egg skulu flokkuð eftir gæðum á eftirfarandi hátt:

- a) A-flokkur eða „ný egg“,
- b) B-flokkur.

2. Egg í A-flokki skulu einnig flokkuð eftir þyngd. Þó skal ekki krafist flokkunar eftir þyngd þegar um er að ræða egg sem eru afhent fyrirtækjum í matvælaíðnaði eða öðrum iðnaði en matvælaíðnaðinum.

3. Egg í B-flokki skulu einungis afhent fyrirtækjum í matvælaíðnaði eða öðrum iðnaði en matvælaíðnaðinum.

III. Merking eggja

1. Egg í A-flokki skulu merkt með kóða framleiðanda.

Egg í B-flokki skulu merkt með kóða framleiðanda og/eða með öðrum upplýsingum.

Aðildarríkin mega undanþiggja egg í B-flokki þessari kröfu ef þau egg eru eingöngu sett á markað á þeirra eigin yfirráðasvæði.

2. Merking eggja í samræmi við 1. lið skal fara fram á framleiðslustað eða á fyrstu þökkunarstöðinni þar sem eggin eru afhent.
3. Egg, sem framleiðandi selur neytendum á staðbundnum, almennum markaði á framleiðslusvæði hlutaðeigandi aðildarríkis, skulu merkt í samræmi við 1. lið.

Þó getur aðildarríki undanþegið framleiðendur með allt að 50 varphænur þessari kröfu, að því tilskildu að nafn og heimilisfang framleiðandans sé gefið upp á sölustað.

VII. HLUTI

Smyrjanleg fita

I. Vörulýsing

Hvorki má afhenda né flytja afurðirnar, sem um getur í f-lið 1. mgr. 78. gr., óunnar til neytanda, hvort sem það er gert beint eða gegnum veitingastaði, sjúkrahús, mötuneyti eða svipaðar starfsstöðvar, nema afurðirnar uppfylli kröfurnar sem eru settar fram í II. viðbæti.

Vörulýsingar á þessum afurðum skulu vera þær sem eru tilgreindar í II. viðbæti, sbr. þó 2., 3. og 4. lið II. liðar.

Vörulýsingarnar í II. viðbæti eiga aðeins við um afurðirnar sem eru skilgreindar þar og bera eftirfarandi SN-númer og hafa a.m.k. 10% en þó innan við 90% fituinnihald miðað við þyngd:

- a) mjólkurfitu sem fellur undir SN-númer 0405 og úr 2106,
- b) fitu sem fellur undir SN-númer úr 1517,
- c) fitu úr afurðum úr jurta- og/eða dýraríkinu sem falla undir SN-númer úr 1517 og úr 2106.

Fituinnihald án salts skal a.m.k. vera tveir þriðju hlutar þurrefnis.

Þó skulu þessar vörulýsingar einungis gilda um afurðir sem eru í föstu formi við 20 °C og henta sem smurálegg.

Þessar skilgreiningar gilda ekki um:

- a) heiti afurða sem nákvæmlega er vítað hvers eðlis eru vegna hefðbundinnar notkunar þeirra og/eða ef heitin eru greinilega notuð til að lýsa einkennandi eiginleikum afurðarinnar,
- b) þykktar afurðir (smjör, smjörlíki, blöndur) með 90% fituinnihald eða meira.

II. Orðskýringar

1. Hugtakið „hefðbundið“ má nota ásamt heitinu „smjör“, sem kveðið er á um í 1. lið A-hluta II. viðbætis, ef afurðin er fengin beint úr mjólk eða rjóma.

Að því er varðar þennan lið merkir hugtakið „rjómi“ afurð sem er fengin úr mjólk í formi ýrulausnar, af þeirri gerð sem er olía í vatni, með a.m.k. 10% mjólkurfituinnihaldi.

2. Þegar um er að ræða afurðir sem um getur í II. viðbæti er bannað að nota önnur hugtök en þau sem um getur í þeim viðbæti til að tilgreina, láta í ljós eða gefa til kynna fituinnihald.
3. Þrátt fyrir ákvæði 2. liðar má þó nota eftirfarandi hugtök „fituskertur“ (e. *reduced-fat*) eða „léttur“ (e. *light*) yfir afurðir, sem um getur í II. viðbæti, með fituinnihaldi sem er ekki hærra en 62%.

Hugtakið „fituskertur“ og hugtakið „léttur“ mega þó koma í stað hugtakanna „þrír fjórðu feitur“ eða „hálffeitur“ sem eru notuð í II. viðbæti.

4. Nota má vörulýsinguna „mínarín“ eða „hálfarín“ fyrir afurðir sem um getur í 3. lið B-hluta II. viðbætis.

5. Hugtakið „grænmetis-“ má nota ásamt vörulýsingum úr B-hluta II. viðbætis, að því tilskildu að afurðin innihaldi einungis fitu úr jurtaríkinu en þó má dýrfafta vera allt að 2% af fituinnihaldinu. Þessi vikmörk gilda einnig þegar vísað er til tiltekinna grænmetistegunda.

VIII. HLUTI

Lýsingar og skilgreiningar á ólífuolíu og ólífuhratolíu

Skylt er að nota þær lýsingar og skilgreiningar á ólífuolíu og ólífuhratolíu sem settar eru fram í þessum hluta, við setningu viðkomandi afurða á markað í Sambandinu og einnig í viðskiptum við þriðju lönd, svo fremi sem þær samræmast alþjóðlegum, skyldubundnum reglum.

Einungis má setja olíur, sem um getur í a- og b-lið 1. liðar og 3. og 6. lið, á markað á smásölustigi.

1) JÓMFRÚARÓLÍFUOLÍA

„Jómfrúarólífuolía“: Olía sem er fengin úr aldinum ólífutrjáa, eingöngu með vélrænum aðferðum eða öðrum eðlisrænum aðferðum við skilyrði sem valda ekki breytingum á olíunni, og hefur ekki fengið aðra meðhöndlun en þvott, afhellingu, skiljun eða síun, að undanskilinni olíu sem er fengin með notkun leysiefna eða með hjálparefnum, sem hafa efnafræðilega eða lífefnafræðilega virkni, eða með enduresterun eða hvers kyns blöndun við annars konar olíur.

Jómfrúarólífuolía er eingöngu flokkuð og henni lýst eins og hér segir:

a) Hágæðajómfrúarólífuolía

„Hágæðajómfrúarólífuolía“: Jómfrúarólífuolía sem inniheldur óbundna sýru, gefin upp sem olíusýra, að hámarki 0,8 g á hver 100 g, og hefur aðra eiginleika sem eru í samræmi við þá sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um í samræmi við 2. mgr. 75. gr. fyrir þennan flokk.

b) Jómfrúarólífuolía

„Jómfrúarólífuolía“: Jómfrúarólífuolía sem inniheldur óbundna sýru, gefin upp sem olíusýra, að hámarki 2 g á hver 100 g, og hefur aðra eiginleika sem eru í samræmi við þá sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um í samræmi við 2. mgr. 75. gr. fyrir þennan flokk.

c) Bómolía

„Bómolía“: Jómfrúarólífuolía sem inniheldur óbundna sýru, gefin upp sem olíusýra, yfir 2 g á hver 100 g, og/ eða og hefur aðra eiginleika sem eru í samræmi við þá sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um í samræmi við 2. mgr. 75. gr. fyrir þennan flokk.

2) HREINSUÐ ÓLÍFUOLÍA

„Hreinsuð ólífuolía“: Ólífuolía sem er fengin með því að hreinsa jómfrúarólífuolíu og inniheldur óbundna sýru, gefin upp sem olíusýra, að hámarki 0,3 g á hver 100 g, og hefur aðra eiginleika sem eru í samræmi við þá sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um í samræmi við 2. mgr. 75. gr. fyrir þennan flokk.

3) ÓLÍFUOLÍA — SAMANSETT ÚR HREINSAÐRI ÓLÍFUOLÍU OG JÓMFRÚARÓLÍFUOLÍU

„Ólífuolía, samansett úr hreinsaðri ólífuolíu og jómfrúarólífuolíu“: Ólífuolía sem er fengin með því að blanda saman hreinsaðri ólífuolíu og jómfrúarólífuolíu, en þó ekki bómolíu, og inniheldur óbundna sýru, gefin upp sem olíusýra, að hámarki 1 g á hver 100 g, og hefur aðra eiginleika sem eru í samræmi við þá sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um í samræmi við 2. mgr. 75. gr. fyrir þennan flokk.

4) ÓUNNIN ÓLÍFUHRATOLÍA

„Óunnin ólífuhratolía“: Olía sem fæst úr ólífuhrati með meðhöndlun með leysiefnum eða með eðlisrænum aðferðum eða olía sem, að undanskildum tilteknum eiginleikum, samsvarar bómolíu, en þó ekki olíu sem er fengin með enduresterun og blöndun við aðrar tegundir af olíum, og hefur aðra eiginleika sem eru í samræmi við þá sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um í samræmi við 2. mgr. 75. gr. fyrir þennan flokk.

5) HREINSUÐ ÓLÍFUHRATOLÍA

„Hreinsuð ólífuhratolía“: Olía sem er fengin með því að hreinsa óunna ólífuhratolíu og inniheldur óbundna sýru, gefin upp sem olíusýra, að hámarki 0,3 g á hver 100 g, og hefur aðra eiginleika sem eru í samræmi við þá sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um í samræmi við 2. mgr. 75. gr. fyrir þennan flokk.

6) ÓLÍFUHRATOLÍA

„Ólífuhratolía“: Olía, sem er fengin með því að blanda saman hreinsaðri ólífuhratolíu og jómfrúarólífuolíu, en þó ekki bómolíu, og inniheldur óbundna sýru, gefin upp sem olíusýra, að hámarki 1 g á hver 100 g, og hefur aðra eiginleika sem eru í samræmi við þá sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um í samræmi við 2. mgr. 75. gr. fyrir þennan flokk.

*I. viðbætur***Vínræktarsvæði**

Vínræktarsvæðin eru eftirfarandi:

1) Vínræktarsvæði A nær yfir:

- a) í Þýskalandi: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað, önnur en þau sem getið er um í a-lið 2. liðar,
- b) í Lúxemborg: vínræktarhérað Lúxemborgar,
- c) Í Belgíu, Danmörku, Írlandi, Hollandi, Póllandi, Svíþjóð og Bretlandi: vínræktarsvæði þessara aðildarríkja,
- d) í Tékklandi: vínræktarhéraðið Čechy.

2) Vínræktarsvæði B nær yfir:

- a) í Þýskalandi: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í tilgreinda héraðinu Baden,
- b) í Frakklandi: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í þeim sýslum, sem ekki er getið í þessum viðauka, og í eftirfarandi sýslum:
 - í Alsace: Bas-Rhin, Haut-Rhin,
 - í Lorraine: Meurthe-et-Moselle, Meuse, Moselle, Vosges,
 - í Champagne: Aisne, Aube, Marne, Haute-Marne, Seine-et-Marne,
 - í Jura: Ain, Doubs, Jura, Haute-Saône,
 - í Savoie: Savoie, Haute-Savoie, Isère (commune de Chapareillan),
 - í Val de Loire: Cher, Deux-Sèvres, Indre, Indre-et-Loire, Loir-et-Cher, Loire-Atlantique, Loiret, Maine-et-Loire, Sarthe, Vendée, Vienne, og á svæðum þar sem vínvið hefur verið plantað í sýsluverfinu Cosne-sur-Loire í sýslunni Nièvre,
- c) í Austurríki: austurríska vínræktarsvæðið,
- d) Í Tékklandi: vínræktarhéraðið Morava og svæði þar sem vínvið hefur verið plantað sem ekki er getið um í d-lið 1. liðar,
- e) í Slóvakíu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í eftirfarandi héruðum: Malokarpatská vinohradnícka oblasť, Južnoslovenská vinohradnícka oblasť, Nitrianska vinohradnícka oblasť, Stredoslovenská vinohradnícka oblasť, Východoslovenská vinohradnícka oblasť og vínræktarsvæðin sem ekki er getið um í f-lið 3. liðar,
- f) í Slóveníu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í eftirfarandi héruðum:
 - í Podravje-héraði: Štajerska Slovenija, Prekmurje,
 - í Posavje-héraði: Bizeljsko Sremič, Dolenjska og Bela krajina, og svæði þar sem vínvið hefur verið plantað sem ekki er getið um í d-lið 4. liðar,
- g) í Rúmeníu: á svæðinu Podişul Transilvaniei,
- h) í Króatíu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað á eftirfarandi undirsvæðum: Moslavina, Prigorje-Bilogora, Plešivica, Pokuplje og Zagorje-Medimurje.

3) Vínræktarsvæði C I nær yfir:

- a) í Frakklandi: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað:
 - í eftirfarandi sýslum: Allier, Alpes-de-Haute-Provence, Hautes-Alpes, Alpes-Maritimes, Ariège, Aveyron, Cantal, Charente, Charente-Maritime, Corrèze, Côte-d'Or, Dordogne, Haute-Garonne, Gers, Gironde, Isère (að undanskildu sveitarfélaginu Chapareillan), Landes, Loire, Haute-Loire, Lot, Lot-et-Garonne, Lozère, Nièvre (að undanskildu sýsluverfinu Cosne-sur-Loire), Puy-de-Dôme, Pyrénées-Atlantiques, Hautes-Pyrénées, Rhône, Saône-et-Loire, Tarn, Tarn-et-Garonne, Haute-Vienne, Yonne,

- í sýsluhverfunum Valence og Die í Drôme-sýslu (að undanskildum kantónunum Dieulefit, Loriol, Marsanne og Montélimar),
 - í sýsluhverfinu Tournon, í kantónunum Antraigues, Burzet, Coucouron, Montpezat-sous-Bauzon, Privas, Saint-Etienne de Lugdarès, Saint-Pierreville, Valgorge og la Voulte-sur-Rhône í sýslunni Ardèche,
- b) á Ítalíu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað á Valle d'Aosta-svæðinu og í sýslunum Sondrio, Bolzano, Trento og Belluno,
- c) á Spáni: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í sýslunum A Coruña, Asturias, Cantabria, Guipúzcoa og Vizcaya,
- d) í Portúgal: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í þeim hluta héraðsins Norte sem svarar til hins tiltekna vínsvæðis „Vinho Verde“, einnig „Concelhos de Bombaral, Lourinhã, Mafra e Torres Vedras“ (að undanskildu „Freguesias da Carvoeira e Dois Portos“), sem tilheyrir „Região vitícola da Extremadura“,
- e) í Ungverjalandi: öll svæði þar sem vínvið hefur verið plantað,
- f) í Slóvakíu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í Tokajská vinohradnícka oblast',
- g) í Rúmeníu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað sem ekki er getið um í g-lið 2. liðar eða f-lið 4. liðar,
- h) í Króatíu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað á eftirfarandi undirsvæðum: Hrvatsko Podunavlje og Slavonija.
- 4) Vínræktarsvæði C II nær yfir:
- a) í Frakklandi: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað:
- í eftirfarandi sýslum: Aude, Bouches-du-Rhône, Gard, Hérault, Pyrénées-Orientales (að undanskildum kantónunum Olette og Arles-sur-Tech), Vaucluse,
 - í þeim hluta sýslunnar Var sem í suðri afmarkast af norðurmörkum sveitarfélaganna Evenos, Le Beausset, Solliès-Toucas, Cuers, Puget-Ville, Collobrières, La Garde-Freinet, Pland-de-la-Tour og Sainte-Maxime,
 - í sýsluhverfinu Nyons og kantónunni Loriol-sur-Drôme í sýslunni Drôme,
 - í þeim hlutum Ardèche-sýslunnar sem ekki eru taldir upp í a-lið 3. liðar,
- b) á Ítalíu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í eftirfarandi héruðum: Abruzzo, Campania, Emilia-Romagna, Friuli-Venezia Giulia, Lazio, Liguria, Lombardia (að undanskilinni sýslunni Sondrio), Marche, Molise, Piemonte, Toscana, Umbria, Veneto (að undanskilinni sýslunni Belluno), að meðöldum eyjunum sem tilheyra þessum landsvæðum, svo sem Elbu og öðrum eyjum í Toscana-eyjaklasanum, Ponziane-eyjar, Capri og Ischia,
- c) á Spáni: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í eftirfarandi sýslum:
- Lugo, Orense, Pontevedra,
 - Ávila (að undanskildum sveitarfélögum þar sem vín með upprunatáknunina „comarca“ frá Cebreros er framleitt), Burgos, León, Palencia, Salamanca, Segovia, Soria, Valladolid, Zamora,
 - La Rioja,
 - Álava,
 - Navarra,
 - Huesca,
 - Barcelona, Girona, Lleida,
 - í þeim hluta héraðsins Zaragoza sem liggur norðan árið Ebro,
 - í þeim sveitarfélögum héraðsins Tarragona þar sem upprunatáknunin Penedés á við,

- í þeim hluta héraðsins Tarragona þar sem vín með upprunátáknunina „comarca“ frá Conca de Barberá er framleitt,
- d) Í Slóveníu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í eftirfarandi héruðum: Brda eða Goriška Brda, Vipavska dolina eða Vipava, Kras og Slovenska Istra,
- e) í Búlgaríu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í eftirfarandi héruðum: Dunavska Ravnina (Дунавска равнина), Chernomorski Rayon (Черноморски район), Rozova Dolina (Розова долина),
- f) í Rúmeníu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í eftirfarandi héruðum:
- Dealurile Buzăului, Dealu Mare, Severinului og Plaiurile Drâncei, Colinele Dobrogei, Terasele Dunării, vínræktarsvæðið í suðurhluta landsins, þ.m.t. sandsvæði og önnur ákjósanleg svæði,
- g) í Króatíu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað á eftirfarandi undirsvæðum: Hrvatska Istra, Hrvatsko primorje, Dalmatinska zagora, Sjeverna Dalmacija og Srednja i Južna Dalmacija.
- 5) Vínræktarsvæði C III (a) nær yfir:
- a) í Grikklandi: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í eftirfarandi sýslum (nomoi): Florina, Imathia, Kilkis, Grevena, Larisa, Ioannina, Levkas, Akhaia, Messinia, Arkadia, Korinthia, Iraklio, Khania, Rethimni, Samos, Lasithi og eyjan Thira (Santorini),
- b) á Kýpur: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í yfir 600 metra hæð yfir sjávarmáli,
- c) í Búlgaríu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað sem ekki er getið um í e-lið 4. liðar,
- 6) Vínræktarsvæði C III (b) nær yfir:
- a) í Frakklandi: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað:
- í sýslum Korsíku,
- í þeim hluta sýslunnar Var sem nær frá hafi og að mörkum sveitarfélaganna (sem sjálf eru meðtalin) Evenos, Le Beausset, Solliès-Toucas, Cuers, Puget-Ville, Collobrières, La Garde-Freinet, Pland-de-la-Tour og Sainte-Maxime,
- í kantónunum Olette og Arles-sur-Tech í sýslunni Pyrénées-Orientales,
- b) á Ítalíu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í eftirfarandi héruðum: Calabria, Basilicata, Apulia, Sardinia og Síkiley að meðtöldum eyjum sem tilheyra þessum héruðum, svo sem Pantelleria og Lipari-, Egadi- og Pelagia-eyjaklasarnir,
- c) á Grikklandi: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað sem ekki eru talin upp í a-lið 5. liðar,
- d) á Spáni: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað sem ekki er getið um í c-lið 3. liðar eða c-lið 4. liðar,
- e) í Portúgal: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað sem ekki er getið um í d-lið 3. liðar,
- f) á Kýpur: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í minna en 600 metra hæð yfir sjávarmáli,
- g) á Möltu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað.
- 7) Afmörkun yfirráðasvæða, sem falla undir stjórnsýslueiningarnar, sem um getur í þessum viðauka, er í samræmi við landsbundin ákvæði, sem eru í gildi 15. desember 1981, og að því er varðar Spán, þarlend ákvæði, sem eru í gildi 1. mars 1986, og að því er varðar Portúgal, þarlend ákvæði sem eru í gildi 1. mars 1998.

II. viðbætur

Smyrjanleg fita

Fituefnaflokkur	Vörulýsing	Vöruflokkar
Skilgreiningar		Frekari lýsing á flokknum með tilgreiningu á fituinnihaldi í hundraðshlutum miðað við þyngd
A. MJÓLKURFITA Afurðir sem eru í formi fastrar, smyrjanlegrar ýrulausnar, aðallega af þeirri gerð sem er vatn í olíu, eru eingöngu unnar úr mjólk og/eða tilteknum mjólkurafurðum og fitan er mikilvægasta innihaldsefnið með tilliti til virðis. Þó er heimilt að bæta við öðrum efnum sem eru nauðsynleg til framleiðslu afurðanna, að því tilskildu að þessi efni séu ekki notuð í heild sinni eða að hluta í stað innihaldsefna mjólkur.	1. Smjör	Afurð með mjólkurfituinnihaldi sem er ekki minna en 80% en minna en 90%, vatnsinnihaldi sem er 16% að hámarki og fitulausu mjólkurþurrefni sem er að hámarki 2%.
	2. Þrír fjórðu feitt smjör (*)	Afurð með mjólkurfituinnihaldi sem er ekki minna en 60% en ekki meira en 62%.
	3. Hálffeit smjör (**)	Afurð með mjólkurfituinnihaldi sem er ekki minna en 39% en ekki meira en 41%.
	4. Mjólkurviðbit X%	Afurð með eftirfarandi mjólkurfituinnihaldi: — minna en 39%, — meira en 41% en minna en 60%, — meira en 62% en minna en 80%.
B. FITA Afurðir sem eru í formi fastrar, smyrjanlegrar ýrulausnar, aðallega af þeirri gerð sem er vatn í olíu, eru eingöngu unnar úr fastri og/eða fljótandi fitu úr jurta- og eða dýraríkinu, sem er hæf til manneldis, og mjólkurfituinnihald þeirra er ekki yfir 3% af fituinnihaldinu.	1. Smjörlíki	Afurð sem er unnin úr fitu úr jurta- og/eða dýraríkinu og með fituinnihaldi sem er ekki minna en 80% en minna en 90%.
	2. Þrír fjórðu feitt smjörlíki (***)	Afurð sem er unnin úr fitu úr jurta- og/eða dýraríkinu og með fituinnihaldi sem er ekki minna en 60% en ekki meira en 62%.
	3. Hálffeit smjörlíki (****)	Afurð sem er unnin úr fitu úr jurta- og/eða dýraríkinu og með fituinnihaldi sem er ekki minna en 39% en ekki meira en 41%.
	4. Smyrja X%	Afurð sem er unnin úr fitu úr jurta- og eða dýraríkinu og með eftirfarandi fituinnihaldi: — minna en 39%, — meira en 41% en minna en 60%, — meira en 62% en minna en 80%.
C. FITA ÚR PLÖNTU- OG/EÐA DÝRAAFURÐUM Afurðir sem eru í formi fastrar, smyrjanlegrar ýrulausnar, aðallega af þeirri gerð sem er vatn í olíu, eru eingöngu unnar úr fastri og/eða fljótandi fitu úr jurta- og/eða dýraríkinu, sem er hæf til manneldis, og mjólkurfituinnihald þeirra er á bilinu 10% til 80% af fituinnihaldinu.	1. Fitublanda	Afurð sem er unnin úr blöndu af fitu úr jurta- og/eða dýraríkinu og með fituinnihaldi sem er ekki minna en 80% en minna en 90%.
	2. Þrír fjórðu feit fitublanda (****)	Afurð sem er unnin úr blöndu af fitu úr jurta- og/eða dýraríkinu og með fituinnihaldi sem er ekki minna en 60% en ekki meira en 62%.
	3. Hálffeit fitublanda (*****)	Afurð sem er unnin úr blöndu af fitu úr jurta- og/eða dýraríkinu og með fituinnihaldi sem er ekki minna en 39% en ekki meira en 41%.

Fituefnaflokkur	Vörulýsing	Vöruflokkar
Skilgreiningar		Frekari lýsing á flokknum með tilgreiningu á fituinnihaldi í hundraðshlutum miðað við þyngd
	4. Blandað viðbit X%	Afurð sem er unnin úr blöndu af fitu úr jurta- og/eða dýraríkinu og með eftirfarandi fituinnihaldi: — minna en 39%, — meira en 41% en minna en 60%, — meira en 62% en minna en 80%.

(*) Samsvarar „smør 60“ á dönsku.

(**) Samsvarar „smør 40“ á dönsku.

(***) Samsvarar „margarine 60“ á dönsku.

(****) Samsvarar „margarine 40“ á dönsku.

(*****) Samsvarar „blandingsprodukt 60“ á dönsku.

(*****) Samsvarar „blandingsprodukt 40“ á dönsku.

VIII. VIÐAUKI

VÍNFRÆÐILEGAR VINNSLUADFERÐIR SEM UM GETUR Í 80. GR.

I. HLUTI

Auðgun, sýring og afsýring á tilteknum vínræktarsvæðum

A. Mörk auðgunar

1. Ef veðurfarsskilyrði gera það nauðsynlegt á tilteknum vínræktarsvæðum Sambandsins geta hlutaðeigandi aðildarríki leyft að styrkur náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál sé aukinn í ferskum þrúgum, þrúgumusti, þrúgumusti í gerjun, nýju víni sem er enn í gerjun og víni sem fengið er úr vínþrúguyrkjum sem unnt er að flokka skv. 81. gr.
